

Alþingi 1941.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1941, mánudaginn 13. okt., var hið fimm-tugasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fjórtánda aukabing í röðinni, en sjötugasta og þriðja samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.50 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 2. Séra Friðrik Hallgrímsson dómprófastur steig í stólinn og lagði út af Mark. 9,24.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
6. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
7. Einar Arnason, 2. þm. Eyf.
8. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
11. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
12. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
13. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
14. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
15. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
17. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
18. Hermann Jónasson, þm. Str.
19. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
20. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
21. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
22. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
23. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
24. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
25. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
26. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
27. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
28. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
29. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
30. Ólafur Thors, þm. G.-K.
31. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

32. Páll Zóphóniasson, 1. þm. N.-M.
33. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
34. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
35. Sigurður E. Hliðar, þm. Ak.
36. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
37. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
38. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
39. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
40. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
41. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
42. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
43. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi nema Bergur Jónsson, þm. Barð., sem hafði boðað veikindaförföll.

Ókomnir voru til þings:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
3. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
4. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
5. Thor Thors, þm. Snæf.

Ríkisstjóri setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér í sæti, kom ríkisstjóri inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 9. þ. m. var gefið út svo látandi opið bréf:

„Ríkisstjóri Íslands

gerir kunnugt: að ég samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 hef ákveðið, að Alþingi komi saman til aukafundar mánudaginn 13. október 1941, kl. 14.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, sem sæti eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gert í Reykjavík þ. 9. október 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

Ríkisstjóri setur þingið. — Kosning forseta og skrifara. — Kjörbréfanefnd. — Kosning fastanefnda.

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941.“

Samkvæmt því, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Er þetta 58. löggjafarþing og 14. aukarþing í röðinni, en 73. samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að risa úr sætum.

(Þingmenn risu úr sætum sínum, og aldursforseti, 2. þm. S.-M. (IngP) mælti: „Lifi Ísland!“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.)

Ríkisstjóri kvaddi nú elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings. Gekk ríkisstjóri síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og lýsti yfir því, að fundinum væri frestað til næsta dags.

Þriðjudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis, var fundur settur á ný.

Aldursforseti (IngP): Þá hefst fundur að nýju. En vegna þess að margir þingmenn hafa óskað þess að geta verið við minningarguðsþjónustu, sem fram á að fara í dómkirkjunni um skipverja þá, er fórust með e/s Heklu, verður fundi frestað til kl. 3.15 í dag.

Kl. 3.15 s. d. var fundinum fram haldið.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jörund Brynjólfsson, 1. þm. Árn., og Sigurð E. Hliðar, þm. Ak.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti (IngP): Ég vil gera það að tillögu minni, að ekki verði nú látin fram fara skrifleg kosning forseta sameinaðs Alþingis, heldur ákveðið, að forseti skuli vera hinn sami og á síðasta þingi. En til þess þarf afbrigði frá þingskópum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 29:3 atkv. og till. síðan samþ. með 29:2 atkv.

Samkvæmt þessari atkvgr. lýsti aldursforseti yfir því, að

Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.

tæki sæti forseta sameinaðs Alþingis.

Gekk þm. Seyðf. þá til forsetastóls og tók við fundarstjórninni.

Forseti (HG): Ég legg til, að sá háttur verði einnig hafður um kosningu annarra embættismanna sameinaðs þings, að ákveðið verði, að þeir skuli verða hinir sömu sem á síðasta þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um, að till. mætti koma til meðferðar, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 26 shlj. atkv.

Samkvæmt atkvgr. lýsti forseti yfir því, að sæti varaforseta og skrifara sameinaðs þings yrðu skipuð þannig:

Fyrri varaforseti:

Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Annar varaforseti:

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.

Skrifarar:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og

Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

Kjörbréfanefnd.

Forseti (HG): Þá liggur fyrir að kjósa kjörbréfanefnd, og vil ég gera það að tillögu minni, að ákveðið verði með afbrigðum frá þingskópum, að nefndin skuli skipuð sömu mönnum sem á síðasta aðalþingi, með þeirri breytingu, að Alþfl. eigi rétt á að tilnefna mann í nefndina í sæti þm. N.-Ísf. (VJ), sem lagt hefur niður þingmennsku.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 27:1 atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 28:1 atkv.

Samkv. þessari atkvgr. lýsti forseti yfir því, að þessir þingmenn tækju sæti í nefndinni:

Einar Árnason,

Gísli Sveinsson,

Þorsteinn Þorsteinsson,

Bergur Jónsson,

auk manns, sem Alþfl. kynni að tilnefna.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sp., 15. okt., var tekin til meðferðar

kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (HG): Ég geri að till. minni, að fastanefndir sameinaðs Alþingis verði skipaðar sömu mönnum og á síðasta aðalþingi. En til þess að sú tillaga megi koma til atkv., verður að veita afbrigði frá þingskópum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

1. Fjárveitinganefnd.

Till. forseta um kosningu í fjvñ. samþ. með 24:1 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að sæti tækju í nefndinni:

Jónas Jónsson,

Pétur Ottesen,

Bjarni Bjarnason,

Þorsteinn Þorsteinsson,

Emil Jónsson,

Sigurður E. Hliðar,

Helgi Jónasson,

Páll Hermannsson,

Sigurður Kristjánsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Till. forseta um kosningu aðalmanna samþ. með 28:1 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að nefndina skipuðu þessir alþm.:

Bergur Jónsson,

Magnús Jónsson,

Bjarni Ásgeirsson,

Jóhann Jósefsson,

Ásgeir Ásgeirsson,

Garðar Þorsteinsson,

Jónas Jónsson.

Till. forseta um kosningu varamanna samþ. með 25 shlj. atkv. Forseti lýsti yfir, að þessir alþm. væru kjörnir varamenn í utanríkismálanefnd:

Gísli Guðmundsson,
Ólafur Thors,
Páll Zóphóniasson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Haraldur Guðmundsson,
Árni Jónsson,
Pálmi Hannesson.

3. Allsherjarnefnd.

Till. forseta um kosningu í allshn. samþ. með 27 shlj. atkv. Lýsti forseti yfir, að samkv. því ættu sæti í nefndinni:

Einar Árnason,
Gísli Sveinsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Árni Jónsson,
Finnur Jónsson,
Þorsteinn Briem,
Páll Zóphóniasson.

Á 3. fundi í Sp., s. d., mælti

forseti (HG): Ég vil leyfa mér að tilkynna fastanefndum sameinaðs þings, að ef ekki verður tilkynnt annað fyrir föstudagskvöld, verður litið svo á, að skipan formanna og ritara fastanefnda verði hin sama og á síðasta þingi. Verði breyt. á þessu, óskast það tilkynnt fyrir áður greindan tíma.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Józefsson, þm. Vestm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóniasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru deildarmenn allir á fundi.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti (IngP): Ég vil biðja hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Hafnf. að gegna skrifarastörfum til bráðabirgða.

Ég vil gera það að tillögu minni, að vikið verði frá því ákvæði þingskapa að kjósa forseta deildarinnar skriflegri kosningu, heldur verði ákvæðið með atkvæðagreiðslu, að forseti skuli vera hinn sami sem á síðasta þingi. Til þess að sú tillaga megi koma til meðferðar þarf afbrigði frá þingskópum, og vil ég spyrja hæstv. stjórn hvort hún leyfi afbrigðin. — Afbrigðin eru leyfð, og mun ég þá bera undir deildina, hvort hún samþykki þau.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 11 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 13 shlj. atkv.

Aldursforseti (IngP): Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu tekur hv. 2. þm. Eyfirðinga, Einar Árnason, sæti forseta efri deildar.

Forseti (EÁrna): Ég geri það að tillögu minni, að kosning annarra embættismanna deildarinnar

fari fram með sama hætti sem forsetakosningin, þannig að ákvæðið verði, að varaforsetar og skrifarar skuli vera hinir sömu sem á síðasta þingi. Ég vil spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði frá þingskópum, að tillaga þessi megi koma til atkvæða. — Afbrigðin eru leyfð, og ber ég þá undir deildina, hvort hún samþykki þau.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 13 shlj. atkv. og till. síðan sjálf samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Með atkvgr. þessari er ákvæðið, að varaforsetar og skrifarar deildarinnar verði sem hér segir.

Fyrri varaforseti:

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

Annar varaforseti:

Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.

Skrifarar:

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. og

Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Forseti (EÁrna): Þá vil ég leggja til, að sætaskipun verði hin sama og var á síðasta aðalþingi. Til þess að sú tillaga megi koma til atkvæða, verður að veita afbrigði frá þingskópum, og vil ég spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði. — Afbrigðin eru leyfð, og ber ég þá undir hv. deild, hvort hún samþykki þau.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 12 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 12 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 15. okt., var tekin til meðferðar

kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (EÁrna): Ég geri það að tillögu minni, að fastanefndir Ed. verði skipaðar sömu mönnum og á síðasta aðalþingi. En til þess að bera megi þá till. undir atkv., verður að veita afbrigði frá þingskópum, og vil ég spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi afbrigðin. — Hæstv. stj. leyfir

afbrigðin, og ber ég þá undir deildina, hvort hún vill fallast á að samþykkja þau.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 12 shlj. atkv. Till. sjálf samþ. með 12 shlj. atkv.

Samkv. þessari atkvgr. lýsti forseti yfir, að fastanefndir deildarinnar yrðu þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:

Bernharð Stefánsson,
Magnús Jónsson,
Erlendur Þorsteinsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Bernharð Stefánsson,
Árni Jónsson,
Páll Zóphóniasson.

3. Landbúnaðarnefnd:

Páll Zóphóniasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Erlendur Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Ingvar Pálmason,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Páll Hermannsson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Erlendur Þorsteinsson.

6. Menntamálanefnd:

Jónas Jónsson,
Árni Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

7. Allsherjarnefnd:

Ingvar Pálmason,
Magnús Gíslason,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Forseti (EÁrna): Ég skal að lokum geta þess, að svo mun verða litið á, að formenn og fundaskrifrarar fastanefnda verði hinir sömu og á síðasta aðalþingi, ef skrifstofunni berast ekki bráðlega tilkynningar um annað.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, sem þar áttu sæti. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísaf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
7. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónsson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
19. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
20. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, þm. G.-K.
23. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
26. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
27. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
28. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
29. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
30. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
31. Thor Thors, þm. Snæf.
32. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema Ásgeir Ásgeirsson, Bjarni Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Ísleifur Högnason og Thor Thors, sem allir voru ókominir til þings, og að auk Bergur Jónsson, sem boðað hafði veikindaförföll.

Fjármálaráðherra, Jakob Möller, aldursforseti deildarinnar, setti fundinn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Kosning forseta og skrifara.

Þá skyldi gengið til forsetakosningar, og gerði aldursforseti það að tillögu sinni, að forsetakosning færi að þessu sinni fram með þeim hætti, að deildin ákvæði, að forseti skyldi vera hinn sami sem á síðasta þingi.

Afbrigði frá þingskópum um, að sú till. mætti koma til meðferðar, leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv. og till. síðan samþ. með 16 shlj. atkv.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu lýsti aldursforseti yfir, að

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
tæki sæti forseta deildarinnar.

1. þm. Árn. gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lagði hann til, að ákveðið yrði á sama hátt, að báðir varaforsetar og skrifarar deildarinnar yrðu hinir sömu og á síðasta þingi.

Afbrigði frá þingskópum um, að till. mætti koma til meðferðar, leyfð og samþ. með 16:1 atkv., og till. síðan samþ. með 16:1 atkv.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu lýsti forseti yfir, að þessir menn skipuðu sæti varaforseta og skrifara deildarinnar:

Fyrri varaforseti:

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.

Annar varaforseti:

Finnur Jónsson þm. Ísaf.

Skrifarar:

Emil Jónsson, 6. landsk. þm.,

Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.

Sætskipun.

Þessu næst skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingskópum. Fram kom till. um að láta sätaskipun haldast eins og hún var á síðasta þingi.

Afbrigði um þá till. og till. sjálf samþ. með 17 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 15. okt., var tekin til meðferðar

kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (JörB): Ég geri að tillögu minni, að fastanefndir deildarinnar verði skipaðar sömu mönnum og á síðasta Alþingi.

ATKVGR.

Afbrigði um till. forseta samþ. með 17 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Fastanefndir deildarinnar voru á síðasta þingi skipaðar þessum þm.:

Pálmi Hannesson,
Þorsteinn Briem,
Ásgeir Ásgeirsson.

1. Fjárhagsnefnd:

Sveinbjörn Högnason, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Skúli Guðmundsson,
Stefán Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Steingrímur Steinþórsson,
Gísli Sveinsson, formaður,
Sveinbjörn Högnason,
Eiríkur Einarsson,
Vilmundur Jónsson, fundaskrifari.

3. Landbúnaðarnefnd:

Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Steingrímur Steinþórsson,
Pétur Ottesen,
Ásgeir Ásgeirsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Gísli Guðmundsson,
Sigurður Kristjánsson,
Skúli Guðmundsson,
Sigurður E. Hlíðar, fundaskrifari,
Finnur Jónsson, formaður.

5. Iðnaðarnefnd:

Bjarni Ásgeirsson,
Eiríkur Einarsson,
Pálmi Hannesson,
Jóhann G. Möller, fundaskrifari,
Emil Jónsson, formaður.

6. Menntamálanefnd:

Bjarni Bjarnason, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,

7. Allsherjarnefnd:

Bergur Jónsson, formaður,
Garðar Þorsteinsson,
Gísli Guðmundsson,
Jóhann G. Möller,
Vilmundur Jónsson, fundaskrifari.

Gera má ráð fyrir, að einhverjar breytingar kunni að þurfa að gera á mannaskipun þessari. Við því er t. d. búizt, að í stað hv. þm. N.-Ísf. (VJ) muni Alþf. velja þm. í nefndir þær, sem hann sat í. Geti einhverjir aðrir þm. ekki mætt til nefndarstarfa, hefur komið fram ósk um það, að flokkur þeirra tilnefni fulltrúa til þeirra starfa í staðinn. Verði till. mín samþ. og komi ekki fram sérstök tilkynning um annað til skrifstofu Alþ., mun verða gengið að því visu, að formenn og skrifarar nefnda verði hinir sömu og á síðasta þingi.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi aðeins gera þá athugasemd við nefndarmannatal hæstv. forseta, að þar sem þess var getið, að ég hafi verið í sjúktv. á síðasta þingi, var það að visu svo í upphafi, en snemma á þinginu fór ég úr þeirri nefnd, en hv. þm. A.-Sk., Jón Ívarsson, tók þar sæti. Vænti ég þess, að þetta verði lagfært og hann, en ekki ég, taki sæti í nefndinni.

Forseti (JörB): Þetta er rétt, og mun þess verða gætt.

ATKVGR.

Till. samþ. með 17 slj. atkv., og lýsti forseti þá menn rétt kjörna í fastanefndir neðri deildar, sem um hafði verið rætt.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Vátryggingarfélag fyrir vélbáta.

Á 4. fundi í Sp., 18. okt., var útbýtt frá Ed:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 27. júní
1941, um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vá-
tryggingarfélag fyrir vélbáta (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til
1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til
sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2.
umr. (A. 3, n. 10).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Af-
brigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er bráða-
birgðalög, sem ríkisstj. leggur fyrir þingið til
samþykktar, gefin út 18. júlí s. l. Á síðasta þingi
voru samþ. breyt. á l. frá 1938 um vátryggingar-
félag vélbáta; m. a. fjölluðu þær um stríðsvá-
trygging báta og veiðarfæra. Ekki var ákveðið
sérstaklega, að breyt. gengju þegar í gildi, og
hefði það þá eigi orðið fyrr en 12 vikum eftir
birting þeirra í Stjórnartíðindum. Nú þótti nauð-
syn til þera, að þær gengju í gildi tafarlaust,
og má rétt vera, að einhverjir hafi þá þegar
viljað vátryggja báta sína skv. þeim. Því var það
ákveðið með þessum brbl. Hvernig sem um þetta
frv. fer, eru brbl. búin að gera sitt gagn og þýð-
ing þeirra öll um garð gengin. Einn nm. vantaði
í sjútvn., en þar sem svona stóð á, þótti okkur
það ekki næg ástæða til að fresta afgreiðslunni,
og leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til
3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér
hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 9. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til
1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til
sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til
2. umr. (A. 3, n. 31).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Frv. þetta er
samhljóða bráðabirgðal., sem gefin voru út í
sumar. Það er komið frá Ed. Sjútvn. hefur at-
hugað frv. og hefur ekkert við það að athuga
og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til
3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög
frá Alþingi (A. 38).

2. Húsaleiga.

Á 4. fundi í Sp., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept.
1941 um húsaleigu (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til
1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og
hæstv. Alþ. mun vera kunnugt, kom það berlega
í ljós, þegar leið að þessu hausti, að vandræði
mundu verða með húsnæði víða í bæjum og
þorpum landsins. Sérstaklega kom þetta í ljós
hér í Reykjavík við skýrslusöfnun þá, er fram-

kvæmd var um mánaðamótin ág. og sept. s. l. Þá kom í ljós, að fjölmargar fjölskyldur hér í bæ voru þá ýmist algerlega húsnæðislausar eða mundu verða það 1. okt. nú í haust. Bættust fleiri fjölskyldur í þann hóp um mánaðamótin sept. og okt., og var félagsmálaráðuneytinu kunnugt um, að ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur einnig í kaupstöðum úti um land, í Hafnarfirði, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum og á fleiri stöðum voru sams konar vandræði. Það þótti því nauðsyn til þera að gera einhverjar þær ráðstafanir, er bætt gætu úr þessum vandræðum, þó að til bráðabirgða væri, þar sem ekki væri unnt að ráðast þá í framkvæmdir, er hjörguðu fólki frá þessum vandræðum. Það voru því gefin út þau bráðabirgðal, sem hér liggja fyrir, þann 8. sept. s. l. Ráðuneytinu var ljóst, að þessi l. lögðu allþunga bagga á menn og mundu skapa að ýmsu leyti ýmis vandkvæði. En þar sem þörfin var svo brýn á einhverjum aðgerðum, er til bóta mættu verða, þó ekki gætu orðið nema til bráðabirgða, þótti einsýnt, að setja yrði slík l. sem þau, er hér ræðir um, frá 8. sept.

Eins og sjá má af frv., sem fyrir liggur, eru nokkur ný ákvæði í því, sem ekki voru í áður gildandi húsaleigul. Í fyrsta lagi, að óheimilt sé að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema leigusala sé brýn þörf á því til eigin íbúðar. Í öðru lagi, að uppsagnir á húsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku l., en ekki hafa komið til framkvæmdar, skyldu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigun., að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig. Það var sérstaklega þetta ákvæði í bráðabirgðal., um ógildingu uppsagnar á íbúðarhúsnæði, sem búast mátti við, að gæti orðið til þess eitthvað að halda í skefjum þeim vandræðum, sem yfirvofandi voru, þar sem vitanlegt var, að sagt var upp fjölda fólks íbúðarhúsnæði þess m. a. í því skyni, að húseigendur og aðrir höfðu hugsað sér að ráða yfir meira húsnæði en áður. En þar sem húsnæðisvandræðin voru mjög mikil, þótti alls ekki fært að leyfa slíkt.

Í þriðja lagi er sett ákvæði um, að óheimilt sé að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði. Þetta, sem á venjulegum tímum er mikið neyðararræði, þótti eðlilegt og sjálfsagt eins og á stöð, að koma í veg fyrir það, að aðvifandi menn mættu koma íbúum bæja og kaupúna út á götuna með því að setjast að í íbúðunum, heldur var álitid, að heimilisfastir innanhéraðsmenn ættu að sitja fyrir íbúðunum. En gert er ráð fyrir, að undanþágu megi veita frá þessu ákvæði l. um utanhéraðsmenn, þegar alveg sérstaklega stendur á, og var þá alveg sérstaklega hugsað um námsfólk utan af landi, út frá því, að það leitast að sjálfsögðu til Reykjavíkur, þar sem skólar eru flestir. Einnig var þar átt við þingmenn og aðra, sem utan af landi kæmu í opinberum erindagerðum til bæjarins og nauðsyn er, að dvelji hér í bænum, frá sjónarmiði þjóðfélagsins.

Þá er í fjórða lagi breytt ákvæðum áður gildandi l. um það, að ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, þá er hér með þessu frv. birt, frá því sem áður

var, á ákvæðunum um viðurlög við því, ef svo er gert. Því að reynslan sýndi, að hér í Reykjavík voru menn, sem höfðu fé undir höndum og brutu þetta ákvæði l. og greiddu tilteknar sektir fyrir það, að þeir breyttu íbúðarhúsum í verzlunarhús. Þeir, sem brutu þetta ákvæði l., fengu smávægilegar sektir. Þótti rétt, að viðurlög yrðu meiri, ef slík lagabrot væru framin, til þess að hindra þau, og í því skyni eru hér ákveðnar 100 kr. dagsektir fyrir slík brot.

Loks eru felld úr gildi ákvæði um, að einmenningsherbergi eða einstök herbergi séu ekki háð húsaleigul. yfirleitt, því að það kom í ljós, að ekki var síður hörgull á einstökum herbergjum en íbúðum; enda voru ákvæði um þau í upphafi óviturlega sett, og var ég á móti því ákvæði frá byrjun, enda þótt hæstv. Alþ. samþ. það á sínum tíma.

Að öðru leyti hygg ég, að ekki þurfi að skýra þetta frv. og brbl. Vil ég mega vænta þess, að þessi l. gangi hraðhyri gegnum þingið, því að það orkar ekki tvímælis, að nauðsyn var að gera þessar ráðstafanir, jafnvel þó að þær hafi komið illa niður á einstökum mönnum. En svo brýn nauðsyn var á aðgerðum í þessu efni vegna almenningsheillar, að tvímælalaust þótti rétt að setja þessi lög. Þessi brbl., sem ég gat um, hafa bætt talsvert úr ástandinu í húsnæðismálum í flestum kaupstöðum landsins. Utan Reykjavíkur held ég, að þessi l. hafi einnig náð sama árangri og hér í bænum, að fólk sé ekki algerlega húsnæðislaust lengur.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

*Sveinbjörn Högnason: Ég vildi ekki láta þessa umr. líða svo hjá að minnst ekki aðeins á nokkur atríði í sambandi við þá bráðabirgðalög-gjöf um húsnæði, sem sett hefur verið.

Mér sýnist hér vera tekið á þessum málum, húsnæðismálunum hér í Reykjavík, allt öðrum tókum heldur en tekið var á öðru máli, sem samþ. var á síðasta þingi, þegar samþ. voru l., þar sem heimilað var að taka íbúðarhúsnæði í sveit, samkomuhús, skólahús og annað, leigunámi til afnota fyrir fólk úr kaupstöðum. Það var ekki talað um, að það væri ósanngjarnt, heldur væri það sjálfsagt, að hvar sem húsnæði væri afgangi í sveit, væri heimilt að taka það leigunámi. Við þessu var ekkert amast. Þetta var og framkvæmt eins og l. gerðu ráð fyrir, en til stórbaga fyrir íbúa viðkomandi héraða á mörgum stöðum.

Nú eru Reykvíkingar í vandræðum með húsnæði fyrir sjálfa sig, og sýnist mér þá vera tekið allt öðrum tókum á málinu. Hvers vegna vill hæstv. ráðh. nú ekki fara sömu leiðina og farin var í sumar, t. d. að taka samkomuhús bæjarins leigunámi og óhæfilega stórar íbúðir einstakra manna, sem fjöldi manna hefur hér í bæ? Hvers vegna á að fletja Reykvíkinga burt úr bænum, t. d. austur á Þingvöll, og koma þeim fyrir þar í samkomuhúsi, en ekki að taka til íbúðar samkomuhúsi hér í bænum og húsnæði þar, sem menn hafa miklu meira húsnæði en þeim er nauðsynlegt að nota? Ég skil ekki þennan mismun á rétti manna um húsnæði í landinu. Mig

furðar á því, hvers vegna Reykvikingar hafa ekki beitt þessum sömu ákvæðum og í sumar til þess að leysa sín húsnæðisvandræði, heldur skuli þeir láta fólkið flýja úr bænum og upp í sveit, þannig að Reykvikingur er út úr húsnæðisvandræðum komið fyrir uppi í sveit.

Ég vil nú spyrjast fyrir um það og biðja hæstv. ríkisstj. að svara því, hvort það sé ekki ætlun þess ráðh., sem með þessi mál fer, að reyna að ráða bót á húsnæðisvandræðunum hér í Reykjavík á svipaðan hátt og húsnæðið í sveitinni var tekið leigunámi í sumar, skv. því, sem ég hef tækt um. Og ef ekki er hugsað sér að gera það, vil ég spyrjast fyrir um það, af hvaða sökum það er talið ófært hér í bænum, sem talið var fært í sumar að því er sveitirnar snertir.

Í öðru lagi finnst mér þessi brbl., sem gefin hafa verið út, stínga nokkuð í stúf við heimildarl. í sumar um leigunámið, að því er snertir það, að hér í Reykjavík er mönnum gert óheimilt að leigja fólki utan af landi. Um leið og tekið er leigunámi húsnæði úti í sveit til afnota fyrir Reykvikinga, þá er mönnum í Reykjavík gert óheimilt að leigja okkur sveitamönnum, þegar við komum til bæjarins, nema með sérstöku leyfi húsaleigunefndar. Hvers konar réttindi eða réttindaójöfnuður er þetta? Fjöldi fólks utan úr sveit, sem hefur ætlað að vera hér við nám, hefur farið heim aftur. Því að þó að það hafi verið hægt að fá leyfi til þess að leigja því hér í bænum, hafa húseigendur verið hikandi við að leigja því fólki, sem þurft hefur að fá leyfi til að mega leigja. Ég tel það mjög stóran galla á þessari löggjöf, að þar sem tekið er fram, að óheimilt sé að leigja utanbæjar mönnum, en þó má gera það þegar alveg sérstaklega stendur á, þá skuli það ekki vera skilgreint í l., í hvaða tilfellum stendur nógu sérstaklega á til þess, að leigja megi utanhéraðsmönnum, — t. d. mætti, finnst mér, nefna þar skólafólk, — heldur þurfi í hverju einstöku tilfelli að fá leyfi húsaleigunefndar.

Ég vil segja í þessum efnum, að „ólíkt höfumst vér að,“ þar sem af góðum hug var í sumar í sveitinni tekið á móti börnum og öðrum héðan úr Reykjavík, en svo þegar sveitafólkið kemur til Reykjavíkur með haustinu, þá er óheimilt að leigja því, nema þá með alveg sérstöku stjórnarráðsleyfi.

Ég held, að það séu svo laus tók höfð á þessu máli, að ekki sé nein furða, þótt það öngþveiti sé í bænum, sem nú er um þetta mál.

Þá vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort það sé ekki rétt, að það sé verk húsaleigunefndar skv. l. að gefa út úrskurði um það, innan ákveðins tíma, ef ágreiningur er um það, hvort maður eigi að flytja úr húsnæði, eða um það, hvort leiga sé hæfilega metin. Mér er kunnugt um eitt tilfelli, þar sem ágreiningur varð hér í haust um það, hvort maður ætti að flytja eða ekki. Það var ekki gefinn úrskurður í húsaleigunefnd fyrir en 3. október. Ég man ekki betur en að í l. sé, að húsaleigun. sé gert að skyldu að gefa úrskurði í slíkum málum innan hálf mánaðar. Ef enginn tími er tiltekinn um þetta, þá finnst mér ekki þýða að bera slíkt undir nefndina.

Þá vil ég spyrja um það, hvort húsaleigun. beri ekki skylda til að gefa sína úrskurði skv. því ástandi, sem er, þegar málið er lagt undir úrskurð hennar, eða hvort hún eigi að biða þangað til nýtt viðhorf hefur skapast. Mér er kunnugt um dæmi, þar sem maður krafðist þess, að leigjendur vikju úr húsnæði af því að hann þyrfti að taka það til eigin nota, þar sem hann hefði selt hús það, er hann notaði áður. Á fyrsta fundinum, þegar málið var tekið fyrir, vitnaðist það, að þetta var rangt; húsið var óselt. En húsaleigunefnd lét málið dragast á langinn í tvo mánuði, og þá hafði manninn tekið að selja húsið og þurfti sannanlega á húsnæðinu í hinu fyrrgreinda húsi að halda; var svo dæmt eftir því. Ef þetta er hægt, er það vitanlega í höndum húsaleigunefndar að misbeita sínu valdi herfilega. Ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því, hvort hann álitur leyfilegt, að á þennan hátt sé unnið í nefndinni.

Það eru ýmis fleiri atriði, sem ég gjarnan vildi minnst á, en þetta vildi ég benda á og óska, að yrði tekið til athugunar, áður en frv. fer til n. Um einstök önnur atriði mun ég ræða nánar, þegar frv. kemur frá n.

*Gardar Þorsteinsson: Ég verð að segja það, að ég varð mjög undrandi, þegar stj. gaf út bráðabirgðalögin, sem hér liggja fyrir, sama daginn og l. frá síðasta þingi um húsaleigu voru staðfest.

Því verður ekki neitað, að húseigendur eru þeir einu þegar þjóðfélagsins, sem bókstaflega virðist hafa verið keppzt um að svipta sem mestu af rétti sínum yfir sínum eigin eignum og rýra tekjur þeirra á allan hátt. Öll þau l., sem út hafa verið gefin um húsaleiguna síðan stríðið hófst, hafa gengið út á að halda dýrtíðinni niðri að þessu leyti. Þetta hlýtur að vera út úr vandræðum gert. Mér skilst líka, að þessi stefna sé orsök þess, að nú er komið sem komið er í húsnæðismálunum. Ég er sannfærður um, að húshyggingar hafa stöðvazt mikið til af þessum ástæðum. Enda munu heldur aldrei, sem betur fer, hafa verið eins mikil húsnæðisvandræði og einmitt nú í haust. Húshyggingar hafa á undanförunum árum verið með minnsta móti, sem er þeim afleiðing þess, hvernig löggjafinn hefur tekið á þessum málum frá upphafi.

Annars fæ ég ekki séð, hvað þessi brbl. fá bætt úr húsnæðisvandræðunum. Ég fæ ekki séð, að þau geri annað að verkum en það, að þeir, sem eru í húsnæði, geti setið þar áfram í trássi við eigendur húsansa og þrátt fyrir það, að aðrir, sem hafa meiri síðferðislegan rétt til húsnæðisins, verða að vera úti á götunni. Ég sé ekki eitt einasta atriði, sem bætir úr vandræðunum. Það hafa nokkur tilfelli komið fyrir dómstólana um það, hvernig afleiðingarnar hafa orðið út af þessu. Halda menn, að það bæti úr húsnæðisvandræðunum, svo ég taki dæmi, sem ég þekki til, að það er fjölskylda, sem fór í vor í sumar-bústað, húsnæði, sem hægt er að komast af með yfir sumarið, þegar bezt er tíðin. Þessi fjölskylda lánaði húsnæði, sem hún hafði leigt hér í bænum, en þegar hún ætlaði að flytja í það aftur,

komst hún ekki inn. Fólkið, sem þessi fjölskylda hjálpaði upp á, neitaði að fara og notar sér m. a. af þessum brbl., sem hér hafa verið sett. Ég get ekki séð þá bót, sem þetta veitir á húsnæðisvandráðunum. Í l. frá 1941 eru ákvæði um, að leigusala sé óheimilt að segja upp húsnæði, nema hann þurfi að halda á húsnæðinu sjálfur fyrir sig eða fjölskyldu sína. Nú er þessa breytt með brbl. á þann hátt, að leigusala er óheimilt að segja upp, nema honum sé þess brýn þörf til eigin íbúðar. M. ö. o., mér skilst, að þarna séu tvenn l., sem bæði eru í gildi og stangast algerlega. Í öðrum segir, að húsnæði megi ekki segja upp, nema húseigandi þurfi á því að halda fyrir sig eða vandamenn sína, en í hinum segir, að ekki megi segja upp, nema húseigandi hafi brýna þörf fyrir húsnæðið til eigin afnota. Ég veit ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefur hugsað sér að framkvæma þetta. Ég get ekki séð, að brbl. felli úr gildi það ákvæði eldri l., sem þetta brýtur í bága við. Nú er það svo, að húsaleigunefnd á að úrskurða um, hvort húseigandi þarf nauðsynlega sjálfur á húsnæðinu að halda. Ég verð að segja, að mér finnst það hart, að húseigendur skuli ekki hafa meiri umráðarétt yfir eignum sínum en þetta. Það er óneitanlega hart, að húseigandi skuli ekki geta valið, hverja hann hefur í húsum sínum, og þurfi að láta óviðkomandi menn sitja í húsnæði, sem hann hefur, jafnvel þótt einhver vandamaður hans hafi þörf fyrir það og hann vilji greiða fyrir honum. Ég verð líka að segja það, að mér finnst harla hart að setja ákvæði í brbl. um, að uppsagnir á húsnæði, sem áður voru lögmætar, skuli vera felldar úr gildi. Hverju eiga menn að treysta, ef ekki er hægt að treysta l., sem ekki eru samþ. fyrir lengri tíma en á síðasta Alþ.? Nei, það á nú ekki lengur að vera hægt. Mér finnst óryggi borgaranna vera orðið heldur lítið, ef þeir eiga ekki að geta treyst l., sem Alþ. setur, frá degi til dags. Ég skil ekki heldur, til hvers þetta ákvæði er sett. Úr hverja á það að bæta? — Svo er hér eitt enn, sem ég vildi benda á. Það er það, að maður, sem kaupir hús í þeim tilgangi að fá húsnæði sjálfur, hann getur ekki lengur fengið leigutaka burt fyrir sjálfan sig, ef húsið var ekki keypt fyrir gildistöku l. Mér er ekki alveg ljóst, hvað ríkisstjórnin hefur hugsað sér með þessu ákvæði. Hún hefur sennilega lítið svo á, að menn færu að kaupa hús til þess að koma leigutökum út með því að segjast þurfa sjálfir á húsnæðinu að halda. Þetta yrði þess valdandi, að fleiri húsasölur færu fram. Og þetta getur verið rétt. En hins vegar verð ég að segja, að eftir að búið er þessi ár, síðan upphaflegu l. voru sett, að halda niðri húsaleigunni með örlitilli hækkun, þá finnst mér hart, ef svo á þar á ofan að fara að banna mönnum að selja hús. Það er ekki vafi á því, að húsaleigulögin hafa gert það að verkum, að margir hafa átt erfitt með að halda húseignum sínum, en margir mundu vilja kaupa sér hús núna til þess að afla sér húsnæðis. Þessi ákvæði um bann gegn því, að kaupendur húsa megi segja upp leigjendum til þess að komast sjálfir í íbúðirnar, verkar þannig, að þeir, sem eru komnir í vandræði með húseignir sínar, vegna hinna ströngu ákvæða, sem gilt hafa um húsaleigu, þeir geta

ekki fengið kaupendur að þeim. Mér finnst það vera að bera í bakkafullan lækinn að ætla að halda áfram að niðast á þessari stétt manna. Ég skil heldur ekkert í því — nema ríkisstj. sé komin inn á algert héraðabann —, að bannað skuli vera að leigja öðrum húsnæði en heimilisföstum innanhéraðsmönnum. Það getur vel verið, að þetta sporni eitthvað við flutningi manna til bæjarins, en ég held, að það hefði verið viðkunnannlegra að setja almenn l. um það, en hinda þetta ekki við húsnæðið sérstaklega.

Ég hygg, að það sé fullkomin ástæða til þess fyrir Alþ. að athuga vel þessi húsnæðisvandamál, áður en þessi brbl. verða samþ. Ég hygg, að það „kaos“, sem hér er komið fram, hljóti að sannfæra menn um, að ekki hafi alls staðar verið haldið á spöðunum sem skyldi. Hvað sem því veldur, er þrátt fyrir allar lagasetningar varðandi húsnæðismálin, hafa húsnæðisvandræðin aldrei verið meiri en nú.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég skal aðeins með nokkrum orðum svara aths. frá 2 hv. þm.

Hv. 1. þm. Rang. lét í ljós undrun yfir því, að það væru mismunandi sjónarmið, sem fram kæmu í brbl. annars vegar og l., sem samþ. voru á síðasta þingi, um að heimila leigunám á skólahúsum og samkomuhúsum til handa fólki úr bæjunum til sumardvalar. Ég sé ekki, að hægt sé að gera samanburð á þessu tvennu. Eins og menn vita, er tilætlun löggjafarvaldsins sú með l. frá síðasta þingi að greiða fyrir því, að fólk, sem býr í þéttbýlinu og álitid var í mestri hættu, ef loftárásir bæri að höndum, gæti komizt út á land. Og ég held, að þessu hafi ekki verið illa tekið af þeim, sem í sveitunum búa. Sveitafólkinu mun hafa fundizt eðlilegt, að bæjarfólkið leitaði upp til sveitanna. Ég ætla líka, að það muni ekki hafa þrengt íbúðarkosti sveitanna, þó menn úr kaupstöðunum hafi fengið umráð yfir samkomu- og skólahúsum úti um land. Yfirleitt munu menn hafa skilið þennan tilgang löggjafarvaldsins, enda er mér óhætt að fullyrða, að engin vanhóknun var látin í ljós af hálfu sveitafólksins, þótt það gæti ekki notað skóla- og samkomuhús sín yfir sumarið. Ég álit, að hér gegni allt öðru máli með það frv., sem hér liggur fyrir. Enda voru þessi brbl. utanvegin sett til hófuðs sveitamönnum, þótt innanhéraðsmönnum yfirleitt sé ekki heimilt að taka á leigu húsnæði, ef innanhéraðsmenn vantar það. Þetta á ekki síður við flutning fólks á milli kaupstaða en fólk úr sveitunum. Og þó að ég hafi lýst því yfir á Alþ., að ég teldi héraðabönn ekki eðlileg, þá fannst mér ástandið í húsnæðismálunum vera á þá lund, að um skeið yrðu þeir, sem í bæjunum búa, að hafa forgangsrétt að því húsnæði, sem þar væri finnanlegt. Ég skal játa, að þetta er frá mínu sjónarmiði engin frambúðarráðstöfun, heldur var það neyðin, sem knúði fram þessa löggjöf. Mér heyrðist á hv. 1. þm. Rang., að þetta mundi aðallega vera gert fyrir Reykjavík. Þetta er ekki rétt. Brbl. voru sett með hliðsjón af ástandinu í mörgum kaupstöðum landsins, enda þótt vitað sé, að húsnæðisvandræðin eru mest í Reykjavík. Hv. 1. þm. Rang. spurði, hvort ekki

hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum með því að taka stórar íbúðir í því skyni, að þangað flytti húsnæðislaust fólk. Skólarnir í kaupstöðunum hafa víðast hvor í sumar og haust verið teknir fyrir húsnæðislaust fólk, og hafa af þeim orsökum margir ekki getað byrjað á venjulegum tíma, t. d. hygg ég, að gagnfræðaskólinn í Reykjavík muni hafa byrjað fyrst í gær, sem stafaði af því, að fjöldi húsnæðislauss fólks fékk þar inni meðan gerðar voru ráðstafanir til þess að koma því annars staðar fyrir. Mér er líka kunnugt um, að í Hafnarfirði hefur Flensborgarskólinn verið tekinn fyrir húsnæðislaust fólk, og er hann nýbyrjaður. Yfirleitt hefur verið gripið til þess ráðs að taka skólana í bili til þess að flytja þangað húsnæðislaust fólk, en ég er þeirrar skoðunar, að það væri neyðarráðstöfun að þurfa að taka skólakúsin yfir veturinn og hindra kennslu af þeim sökum. Sérstaklega á þetta við um Reykjavík, þar sem saman er komið fjölmennt setulið og ýmiss konar vandkvæði skapast af því og öðru með börnin. Ég held þess vegna, að það sé óhætt að segja, að skólarnir hafi verið notaðir eftir því, sem tiltækilegt þótti. Það er hins vegar rétt, að ekki var horfið að því ráði að skammta húsnæði. Get ég játað, að ég velti þeim möguleika mikið fyrir mér, en komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að vandkvæðin á því væru svo mikil, að reyna þyrfti fyrst aðrar leiðir. Því það er sannarlega hægra sagt en gert að setja löggjöf um skömmtun húsnæðis og í annan stað framkvæma þá skömmtun svo réttlátlega, að ekki komi upp misrétti og óánægja. Þar með vil ég ekki segja, að sú leið sé ekki réttmæt, ef upp á sker þer.

Hv. 1. Rang. sagði, að sér virtist lausatök á málinu og kenna misréttar í því. En ég ætla, að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt. Ég held, að með nýju húsaleigul. og l. um heimild til að taka skólahús út um sveitir fyrir konur og börn, gæti ekki neins misréttis né sé verið þar að ganga á nokkurn hátt á hluta dreifbýlisins, né verið sé að sýna þar stírfni eða ógestrisni, heldur séu hvor tveggja þessi l. byggð á fullkominni nauðsyn. Og ég vil endurtaka það, að ég er ekki yfirleitt hrifinn af því, að komið sé á héraðabönnum, og álit, að ekki sé verið að því hér, heldur sé, vegna neyðarástands, verið að reyna að tryggja, að íbúar viðkomandi kaupstaða hafi forgangsrétt að því húsnæði, sem fyrir hendi er á þessum stöðum.

Hvað það snertir, er hv. þm. var að tala um, að það væri til óþæginda fyrir utanhéradsfólk, námsfólk, þingmenn og aðra slíka, að þurfa að fá undanþágu til þess að fá húsnæði í bænum, þá ætla ég, að þetta hafi ekki komið að sök eða valdið óþægindum. Öllum húseigendum var það kunnugt, að það var ekki nema formið að fá leyfi til þess að mega leigja skólafólki, þó að það eigi ekki heima í bænum sjálfum. Á sama hátt hugsa ég, að mönnum sé það ljóst, að auðsætt er, að leigja megi þingmönnum, ef húsnæði er fyrir hendi til þess. Ég hef ekki orðið var við umkvartanir út af þessu atriði, enda hygg ég, að engin ástæða sé til þess, að slíkar umkvartanir kæmu fram.

Þá spurði hv. þm. að því, hvernig stæði á því, hvað lengi drægist hjá húsaleigun. að kveða upp úrskurði, og hvort ekki væri ákvæði í l. um það að fyrirskipa nefndinni að kveða upp slíka úrskurði innan ákveðins tíma. Um þetta er ákvæði í l. En eins og það er ákveðið í l., að dómáramur verði innan ákveðins tíma að kveða upp dóma í málum, þá ber oft við, að vegna anna hjá dómurinum er ekki hægt að fullnægja þessari kröfu l., að kveða upp dóma innan ákveðins tiltekna tíma. Því er eins farið með húsaleigunefnd, að að henni hafa steðjað svo mörg ágreiningsatriði á hverjum degi, að þrátt fyrir það, þó að hún hafi fellt marga úrskurði á dag, hefur henni á tímabili ekki verið unnt að hafa undan um að fella úrskurði nægilega fljótt eftir ákvæðum l. Af þessum ástæðum hefur hlotið að dragast í sumum tilfellum uppkvaðning úrskurða. Húsaleigun. mun afsaka þennan drátt með sínum miklu önnum, eins og dómáramur í þeim tilfellum, sem ég nefndi, og tel ég þær afsakanir réttmætar og gildar. Ég hef komið því til leiðar, að varaformaður í húsaleigunefnd hefur verið kvaddur til starfa í n., og starfar hann nú daglega með aðalformanni, sem er gert til þess að hraða uppkvaðningu úrskurða. Þannig starfa nú tveir formenn í þessari n. til þess að flýta sem allra mest fyrir afgreiðslu mála í n. að unnt er. Ég álit, að húsaleigunefnd hafi ekki að ástæðulausu dregið uppkvaðningu úrskurða, og ráðuneytið hefur gert það, sem í þess valdi hefur staðið, til þess, að ekki þyrfti að dragast að kveða upp slíka úrskurði.

Þá spurði hv. 1. þm. Rang. um það, hvort ekki ætti að miða við það ástand í uppkvaðningu úrskurða, sem væri, þegar ágreiningsmál væru send húsaleigunefnd til úrskurðar, fremur en það ástand, sem skapast hefur, þegar málin eru tekin til meðferðar og úrskurðar í n. Ég hef ekki tekið afstöðu til þessa atriðis. Húsaleigunefnd er ekki heldur bundin við alveg eins strangar reglur eins og dómstólarnir, en hún á að leysa málin út frá sem allra sanngjörnum sjonarmiði til þess að firra vandræðum. Og yfirleitt er mér ekki kunnugt um það, að húsaleigunefnd í Reykjavík hafi gert annað en að leysa málin með sanngirni; og hefur n. unnið mjög merkilegt, en bæði erfitt og vanþakkað starf, og með stakri samvirkusemi og komið mörgu góðu til leiðar og afstýrt vandkvæðum í óteljandi tilfellum. Húsaleigunefnd í Reykjavík og fasteignamatsnefndir í öðrum bæjum landsins hafa unnið að því að koma á sættum og laga allt í þessum efnun. En í Reykjavík hefur samt orðið óhjákvæmilegt að kveða upp marga úrskurði, og hlýtur svo að verða áfram, meðan l. þessi verða í gildi.

Út af fyrirsögn hv. 7. landsk. vil ég segja það, að ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að fara að taka upp umræður um húsaleigul. almennt. Það er langt síðan hæst. Alþ. gekk inn á þá braut að ákveða með l. takmarkað vald húseigenda yfir húseignum sínum. Ástæðan til þess, að húsaleigul. voru sett, voru húsnæðisvandræði, og einnig voru þau sett til þess að sporna við því, að dýrtið ykist í landinu. Og hv. 7. landsk. þm. hefur með atkv. sínu á undanförn-

um þingum stutt að því að lögleiða þessar meginreglur. Og á undanförunum árum hefur hann litid á þessi mál með fullkominni sanngirni og rétt-dæmi og stutt að því, að við gætum haft sem bezta húsaleigulöggjöf hér á landi, og ekki kvart- að yfir því, að það væri verið að takmarka um- ráð húseigenda yfir húseignum þeirra.

Þessi hv. þm. sagði, að húsaleigulöggjöfin hefði stöðvað húsbyggingar hér í Reykjavík. Ég ætla, að það sé hvergi nærri rétt. Ég hygg, að þessi ár, sem húsaleigul. hafa gilt, hafi húsbygg- ingar í Reykjavík verið í meðallagi á við það, sem hefur verið um mörg undanfarin ár, og að miklu meira hafi verið byggt í Reykjavík á þessu ári heldur en tvö undanfarin ár að meðal- tali. Gilda þó húsaleigul. ekki síður á þessu ári heldur en tvö undanfarin ár.

Pá spurði hv. 7. landsk. að því, hvað bráða- birgðal. hefðu gert til þess að bæta úr húsnæðis- vandræðunum, og hann sá ekki, að þau hefðu gert neitt til þess að bæta úr þeim. Ég vil í því sambandi benda á þrjú atriði. Þessi l. hafa hindr- að það, að menn hafi getað bætt við sig hús- næði að óþörfu, t. d. einstökum herbergjum. Og þau hafa hindrað það í stórum stíl, að menn hafi getað tekið miklu meira húsnæði til umráða en áður var; en rik tilhneiging hefur komið í ljós hjá mönnum, með vaxandi velmegun, að segja upp húsnæði til þess að bæta því við sig til eigin nota.

Í öðru lagi hafa l. þessi bægt utanhéraðsmönn- um frá því að flytja til bæjanna, sem svo hefur komið í veg fyrir, að utanhéraðsmenn gerðu hús- næðisvandræðin í bæjunum meiri.

Í þriðja lagi á eftir l. ekki að vera hægt að hreyta íbúðarhúsnæði í verzlunarhúsnæði með því að taka aðeins litla sekt á sig, ef brotið er í því efni.

Sami hv. þm. kvartaði undan því, að svo skjótt skipaðist veður í lofti, að sett hefðu verið bráða- birgðal. þann 8. sept. s. l., sama dag og eldri l. um sama efni voru staðfest. En það var aðeins staðfesting á kerfi eldri l., með því að setja ákvæði inn í l., sem afgreidd voru á síð- a ta þingi. En sjálf aðallögin frá síðasta þingi um þetta efni voru staðfest í júní s. l. En það kom í ljós skv. upplýsingum héðan úr Reykja- vík og frá öðrum bæjum, að húsnæðisvandræðin voru orðin meiri, þegar hrbl. voru sett, heldur en þegar aðallögin voru samþ. á síðasta þingi. Þess vegna þurfti að setja bráðabirgðal.

Hygg ég, að ekki þurfi fleiru að svara fyrir- spurnum og aths. hv. þm., og tel ég, að ég hafi nú svarað því helzta, sem máli skiptir.

Umr. frestað.

Á 4., 5., 6. og 7. fundi í Nd., 22., 24., 27. og 28. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var fram haldið l. umr. um frv.

*Einar Olgeirsson: Í sambandi við þessi hús- leigul. vil ég í fyrsta lagi bera fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. Í 2. gr. er svo kveðið á, að óheimilt sé að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og í næstu

málsgr. segir, að leigusamningar, sem gerðir hafi verið fyrir gildistöku þessara l., en óheimillir væru eftir ákvæði 1. málsgr., séu ógildir. Þetta ákvæði virðist mér vera sett til að tryggja, að eingöngu innanhéraðsmönnum verði leyft að taka á leigu húsnæði. En nú er vitanlegt, að milli 60 og 70 íbúðir eru leigðar setuliðsmönnum, sem verða ekki skoðaðir öðruvísi en sem utanhéraðs- menn. Ég vil spyrja, hvort það sé ekki á móti þessum l., að þessir menn haldi þessum íbúðum, og hvort þau nái ekki yfir þá húseigendur, sem hafa leigt þessum mönnum íbúðarhúsnæði. Eftir bókstaf l. getur maður ekki skilið það öðruvísi en svo, að leigusamningar, sem erlendir setu- liðsmenn gerðu, áður en þessi l. öðluðust gildi, séu úr gildi fallnir. Og hvernig stendur þá á því, að húseigendum skuli haldast uppi að brjóta þannig þessi l.? Ég kom með fyrirspurn um þetta í blaði því, er ég stjórna, þegar eftir útkomu þessara l., og ég hef líka talað um þetta við lög- fræðing, sem er vel inni í þessum málum, og hallaðist hann að minni skoðun, en blóðin hafa ekki fengizt til að kveða upp úr um skoðun á þessu. Ég vil því vona, að a. m. k. hér á Alþ. fá- ist svar við því, hvað stj. meinar með þessu, en eins og kunnugt er, er það a. m. k. ein af orsök- unum til húsnæðisvandræðanna hér í Reykjavík, hversu mikið húsnæði erlenda setuliðið hefur á leigu. Ég fer ekki út í það, sem er grundvallar- ástæðan til húsnæðisvandræðanna, sem er bók- staflega það, að síðustu 10—20 árin hefur ekki verið hirt um að hægja eins og hefur þurft, og svo rammt kveðið að því, að l., sem Alþ. setti fyrir 10—12 árum um að útrýma öllum kjallara- íbúðum í Reykjavík, hafa ekki verið framkvæmd betur en svo, að nú eru hér í Reykjavík þrisvar sinnum fleiri kjallaraíbúðir en þegar þessi l. gengu í gildi.

Af því að talsvert hefur verið talað um, hvers vegna stj. á síðasta augnabliki hafi farið að setja l. eins og þessi, þá vil ég minna á, að á síð- asta reglulegu Alþ. var vakið máls á því hér á þingi, hver nauðsyn væri á að setja l. til að bæta úr húsnæðisvandræðum þeim, sem auðsjáanlega væru fram undan. Þá flutti hv. 1. landsk. þm. frv. í Ed. um bráðabirgðarástafanir til þess að tryggja mönnum húsnæði. Þar var lagt til, að hægt væri að skammta húsnæði, þannig að þeir, sem hefðu óþarflega mikið húsnæði, væru skyld- ir til að láta nokkuð af því. Þar var enn fremur ákvæði um, að óheimilt væri erlendum setuliðs- mönnum að taka íbúðir á leigu. Um þetta var ekki hirt, en ef Alþ. hefði sýnt þá forsjálni að athuga þetta mál þá, hefði hæstv. stj. ekki þurft að grípa til þessara bráðabirgðal. nú. Þá hefði verið ráðið fram úr brýnustu augnabliksþörfun- um og a. m. k. á ekki óheppilegri hátt en gert er með þessum l.

Á það var minnzt við fyrri hl. þessarar umr., ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. Rang., að ólíkt hefði verið aðhafzt, þegar knúð var á dyr sveitafólksins af hálfu kaupstaðarbúa í vor, en nú væru bæjarbúar að útiloka utanhéraðsmenn frá að fá húsnæði hér í Reykjavík. Þessu með utanhéraðsmennina hefur nú verið svarað, en hitt vil ég minnast á, að það kom fram rödd í þinginu, reyndar ekki í þessari hv. d., í fyrra,

þegar verið var að ræða um að tryggja konum og börnum bæjanna húsnæði úti um sveitirnar, að vissar vistarverur, sérstaklega skólar, væru allt of góðar handa konum og börnum kaupstaðanna. Til allrar hamingju voru þessi rök ekki endurtekin í þessari d. og enginn maður hér, sem með þeim vildi standa. Hitt er sannleikur, að sams konar hugsunarháttur og er á bak við þetta hefur komið fram í kaupstöðunum af hálfu sumra þeirra, sem mest og flottast hafa húsnæðið. Það hefur verið staðið á móti því, að stórfbúðir auðmannaheimilanna væru skertar til þess að bæta úr stærstu vandræðunum, vegna þess að þessar íbúðir væru of finar fyrir alþýðuna. Í stað þess fær maður að upplifa það, að fram úr þessu sé ráðið á þann hátt, að konum sé kúldrað niður austur í Valhöll, en karlmönnum í sóttvarnarhúsið; sumir hafa komizt til kunningja sinna og láta þar fyrirberast án þess að geta haft nokkurt heimilislíf. Ég vil nú spyrja þá, sem réttilega gagnrýna þessa eigingirni auðmannanna í Reykjavík í sambandi við þetta mál: Hvernig stendur á því, að Framsfl. hefur aldrei komið fram með till. um að skammta húsnæði? Það er til lítils að tala fagurlega á móti eigingirni auðmannastéttarinnar og renna svo, þegar á hölm-inn er komið.

Ég held því, að það, sem þarf að gera við þessi brbl., sé að bæta inn í þau ákvæðum um skómmt-um húsnæðis. Ýmislegt fleira þarf þar að lagfæra, en þó sérstaklega þetta. Býst ég við, að við 2. umr. muni þm. Sósíalistafll. flytja brtt. í þá átt.

*Sigurður Kristjánsson: Ég ætla ekki að fara verulega inn á efni þessa frv. Ég geri ráð fyrir, að sú n., sem far þad til meðferðar, muni rann-saka málið. En ég get ekki annað en látið í ljós þá skoðun mína, að það er mesta vandræðamál að þurfa að taka að svona verulegu leyti af mönnum umráðaréttinn yfir eignum þeirra eins og gert er hér. Ég er hræddur um, að það sé rétt ályktað hjá einum hv. þm., sem talað hefur í þessu máli, að þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir byggingar í kaupstöðum. Það er ákaflega óalitlegt að fara að koma hér upp hús-um, eins dýrt og það er nú, og eiga svo vist að fá litlu eða engu að ráða um meðferð þessarar eignar sinnar, en ég ætla ekki að fara nánar út í það að þessu sinni. Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var það aðallega til þess að henda þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, á það, að ekkert yfirskot er til í þessum málum. Nú er það regla í Þjóðfélaginu, þar sem dæmt er um ágreining manna milli, að þá sé fleira en eitt stig dóma um það. Utan Reykjavíkur eru þessi mál fallin fasteignamatn., og þar er áreiðanlega víða ágreiningur, og getur það orðið mjög vanda-samt fyrir n. Er þá ótækt að geta ekki skotið málum sínum til neins yfirdóms. Nú væri það að ýmsu leyti vel til fallið, að ágreiningi í slík-um málum utan Reykjavíkur mætti skjóta til n. í Reykjavík, en mér skilst, að hún sé ákaflega hlaðin störfum, af því að ágreiningsmálin koma fyrir á tiltölulega stuttu tímabili, og þá hleðst svo mikið á n., að hún getur ekki afgr. málin nægilega fljótt. Ef eitthvert yfirskot á að vera,

verður líklega að setja einhverja yfirn., sem öll-um ágreiningi í og utan Reykjavíkur mætti skjóta til. Þetta vildi ég láta skoða fyrst og fremst sem bendingu til n., en ef hún sér ekki ástæðu til að gera breyt. í þessu efni, þá geri ég ráð fyrir, að ég komi með brtt. í þessa átt.

*Sveinbjörn Högnason: Þegar þetta mál var hér síðast til meðferðar, gerði ég nokkrar al-mennar aths. við það, sérstaklega um fram-kvæmd málanna eins og hún hefur verið hjá húsaleigunefnd. Hæstv. félmrh. taldi sig hafa svarað þessu að nokkru leyti síðast, en ég álit, að því hafi ekki verið svarað nema út í hött. Ég lagði fram spurningar, sem hann svaraði mjög óákvæðið. Ég benti á það misrétti, sem væri í þessari lagasetningu, sem hann hefur komið með sem brbl., þar sem bannað er að leigja ut-anhéraðsmönnum húsnæði, en á hinn bóginn var á síðasta reglulegu Alp. komið með l., sem heim-iluðu að taka leigunámi allt nothæft húsnæði í sveitum landsins til þess að koma Reykvik-ing-um og öðrum kaupstaðarbúum þar inn. Ég vil nú endurtaka þær spurningar, sem ég kom með til hæstv. félmrh. síðast, svo að þar fari ekkert milli mála og hann skilji rétt, hvað ég hef átt við í þessu efni.

Hæstv. ráðh. taldi, að það væri rétt hjá mér, að húsaleigun. væri settur ákveðinn frestur til þess að kveða upp úrskurði sína, það væru 14 dagar, en mér skildist, að hún væri ekki skyldug til að taka tillit til þess, hún gæti haft til þess ýmsar ástæður. Ég vil þá spyrja: Getur hún þá ekki skotið heilum atriðum hjá sér, lagt þau alveg til hliðar? Og mér skilst, að hún geri það að miklu leyti. Hæstv. ráðh. sagði, að n. væri heimilt að vikja frá settum reglum eftir vild. Mér skildist, að það skipti engu máli, þó að fresturinn væri framlengdur áfram og áfram, en þá eru þetta þersamlega gagnslaus l., ef á þannig að fara eftir heim eftir eigin geðþótta n. og hafa svo engan annan aðila til að skjóta málunum til, eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um, því að það virtist vera aðaláhugamál hans að fá ein-vern yfirdómstól.

Ég nefndi dæmi síðast um vinnubrögð hús-aleigun. og gæti nefnt mörg fleiri. Ég veit um mál, þar sem n. úrskurðaði út 3 fjölskyldur og gerði það ekki fyrr en 3. okt., tveimur dögum eftir flutningsdag. M. a. voru sjúklingar í húsinu. Þetta fólk varð að flytja í lélegan sumarhústað, og það varð úrskurðað út fyrir mann, sem hefur 3 hús til einkaumuráða. Eitt af þeim var þetta hús, og svo átti hann tvö önnur, annað þeirra uppi í Mosfellssveit., Til hvers er að setja l., ef þetta getur gengið? Til hvers er að setja l., ef á að framkvæma þau svona og svo enginn yfir-dómstóll til að áfrýja til? Við þessu vil ég fá svör, skýr og afdráttarlaus.

Þá spurði ég hæstv. félmrh., hvort n. væri ekki skyldug til að fylgja l. um að gefa út úr-skurðina innan ákveðins tíma. Hann svaraði því á mjög tvíræðan hátt. Í öðru lagi spurði ég, hvort n. ætti ekki að úrskurða eftir því ástandi, sem fyrir hendi var, þegar sagt var upp, eða eftir einhverju öðru ástandi, sem hægt er að skapa, meðan málið er dregið vikum saman. Við

Þessu fékk ég ekki heldur neitt svar. Það skilst mér, að sé ekkert lítið atriði, hvort húsaleigun. á að byggja á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru, þegar sagt er upp, eða hvort á að biða eftir því, að húseigandi skapi alveg nýjar ástæður. Við þessu fékk ég engin svör hjá þessum hæstv. ráðh., sem á að hafa yfirumsjón með eins stórfelldu atriði og þessu, hvernig á að framkvæma það. Til hvers á að leita, ef ráðherra getur ekki leyst úr spurningum?

Þá er eitt atriði enn í húsaleigul., sem ég verð að spyrja um. Mikið er um það hér í Reykjavík, að húseigendur leigja ekki notendum húsnæðisins beint, heldur einhverjum, sem fengið hefur húsnæðið á leigu og leigir síðan öðrum til notkunar, ýmist heila íbúð eða einstök herbergi út frá íbúð sinni. Er ekki heimilt, ef húseigandi óskar, að segja upp þessum milliliðum? Eða er það á hinn veginn, að óheimilt sé að segja upp milliliðunum, en þeir geti sagt upp hinum, sem þeir hafa framleigt? Þetta hefur orðið ágreiningsefni, og ég veit mörg alvarleg dæmi til þess. Ég vildi mjög gjarnan óska eftir greinilegum svörum eða þá, ef lagaákvæði skortir, að skýrar reglur yrðu settar um þetta á einhvern hátt, þar sem heimilað yrði að segja upp milliliðum, en hindrað, að milliliðirnir geti hrakið sjálfa leigjendurna úr húsnæði án saka. Það er óneitanlega hart, ef húseigandi og hinn eiginlegi leigjandi eiga ekki að fá að ráða málum sínum fyrir milliliðum. Ég tel nauðsynlegt, að það komi fram, áður en málið fer til n., hvort talið er, að þetta eigi að haldast eins og er eða reisa beri skorður við því.

Ég tel ýmislegt fleira við húsaleigul. mjög athugavert, en sé ekki ástæðu til að ræða það, fyrir en n. hefur fjallað um málið.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég hef ekki getað verið við allar þær umr., sem fram hafa farið. Mér skilst, að hv. 4. þm. Reykv. hafi spurt um skilning á 2. gr. frv., hvort ætlunin væri með henni að fyrirbyggja, að menn yrj erlendu setuliði gætu tekið húsnæði í bænum á leigu. Eftir orðalagi gr. og eins og þetta var hugsað í fyrstu, áttu l. að fyrirbyggja það. En íslenskir dómstólar eiga yfirleitt ekki lögsögu yfir því erlenda setuliði, sem hér hefur dvalizt um skeið. Á hinn bóginn fer þetta mjög eftir vilja húseigendanna. Ég veit til þess, að húseigendur hafa sagt upp setuliðsmönnum, sem viku síðan úr húsnæðinu á hinum tiltekna tíma, mótmæla laust. Ég veit líka, að til eru húseigendur, sem kjósa enga leigjendur fremur en setuliðsmennina í sínum húsum. Þá er ekki gott að sannreyna það, hvort þeir gera tilraun til þess sjálfir að losa íbúðir þessar handa húsnæðislausu innanbæjarfólki. Ég ætla, að flestir þeir einstaklingar úr brezka setuliðinu, sem tekið hafa herbergi á leigu, mundu vikja, ef heim væri sagt upp. Skiljanlegt er hitt, að þegar þeir veita húseigendum mikilsverð hlunnindi, t. d. ódýr kol eða jafnvel hita upp hús þeirra ókeypis, eins og sagt er, að eigi sér stað, vilji húseigendur ekki missa þá. Umrátt ákvæði 2. gr. er þá þeim húseigendum skjól, sem vilja losna við útlendingana úr húsum sínum, en getur tæplega neytt þá til að segja

heim upp, sem þegar eru þar komnir. Um þær íbúðir, sem setuliðsstjórnin sjálf tók á leigu, hefur hins vegar verið farin samningsleið, og flestar þeirra hafa þegar verið rýmdar, — undanteknir staðir, þar sem herfstjórnin var búin að setja upp sérstakar stöðvar, er vandkvæði þóttu á að flytja burt.

Ég heyrði ekki heldur ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem beint var til n., sem fjalla mun um málið. Hv. 1. þm. Rang. bar fram ýmsar fyrirspurnir, og hef ég áður svarað sumu, svo sem því, að gildar afsakanir geta verið fyrir því, að húsaleigunefnd getur ekki ætíð kveðið upp úrskurði sína innan 14 daga. Áðrir dómstólar eiga fulla afsökun í því, ef annir hlaðast svo á þá, að ógerlegt er að ljúka málum á tilsettum tíma, og yfirleitt er ekki hægt að skylda menn til neins, sem þeim er sannanlega ókleift að framkvæma á tilteknum tíma. Ég veit, að n. lagði á sig geysilega vinnu. Og því get ég bætt við, að ég kom því til leiðar, að varaformaður nefndarinnar, sem er lögfræðingur að menntun, gæti starfað stöðugt í n., til þess að úrskurðir hennar yrðu sem fyrst upp kveðnir.

Kvartað hefur verið um það í fleiri en einni ræðu, að í þessum málum skorti tilfinnanlega efsta stig dómstóla. En í venjulegum tilfellum er hægt að fá í þeim fógetaúrskurð. Ég veit ekki, hversu mörg slík mál kunna að hafa komið fyrir fógetarétt. Það kynni að vera, að sá réttur teldi úrskurði húsaleigunefndar bindandi fyrir sig og gæfi úrskurð samkvæmt því. Þetta er athugunarmál.

Mér skildist á hv. 1. þm. Rang., að hann hefði ærið margt út á framkvæmdir n. á l. að setja. Ég vildi biðja hann að skrá þessar umkvartanir og senda félmrh. bréfflega. Það skal verða athugað og sent nefndinni, svo að úr megi bæta. Annars hafa ráðuneytinu ekki horizt nema tiltölulega fáar kvartanir á við það, sem vænta mátti, einkum þegar höfð er í huga hin almenna reynsla manna, er fást við slík störf, að kvartanir verða þar ætíð margar, hversu góðir menn sem vinna þau og hvernig sem þau eru framkvæmd. Við lögfræðingar vitum, hve margir kvarta, ef þeir tapa máli sínu. Þá ítrekaði þm. fyrirspurnir sínar um það, hvort n. ætti að kveða upp úrskurði sína skv. því, sem fyrir lægi, þegar úrskurðar er beiðzt, eða skv. breyttu ástandi, sem síðar skapaðist. Húsaleigunefnd er ekki bundin við eins fastar reglur og dómstólar, sem bæði styðjast við ýtarleg lög og aldagamla „praksis“. Nefndin þarf ekki einungis að framfylgja bókstaf laganna, heldur um leið að haga úrskurðum sínum mjög eftir því í hvert sinn, hvernig mest og heppilegust not megi að húsnæðinu verða, og taka tillit til margs annars, sem of langt yrði að telja. Hlutverk n. er ekki aðeins að vera dómstóll, heldur reyna að bæta úr vandræðunum á hverjum tíma.

Loks spurði þm., hvort milliliðir, sem tækju húsnæði á leigu og framleigðu það, gætu haldið því, ef húseigandi vildi losna við þá. Húsaleigun. verður að úrskurða þetta eftir eðli málsins í hverju tilfelli. En það verð ég að segja, að sé um þess konar milliliði að ræða, sem framleigja í hagnaðarskyni fyrir sig, þá undrast ég, ef þeir

geta haldið rétti sínum til húsnæðisins getu vilja húseignenda.

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara ræðu hv. 1. þm. Rang.

***Gísli Sveinsson:** Ég skal ekki tefja lengi umr. og framkvæmd þessa máls, úr því sem komið er. Tvö sjónarmið, nokkuð andstæð, hafa komið fram, því að l. eru sett til að miðla málum milli tveggja aðila, sem hafa að nokkru leyti andstæðra hagsmuna að gæta. Hér er m. ö. o. verið að setja þvingunarl., sem báðir aðilar eiga að beygja sig fyrir, — og raunar hafa þau þegar gilt nokkra hrið, voru sett á þinginu 1940 og breytt á s. l. þingi og síðan seint í sumar með þeim brbl., sem nú liggja fyrir Alþ. til staðfestingar. Þvingunarl. eru báðum aðilum viðkvæm, þótt húsnæðismál séu yfirleitt viðkvæmari leigutaka en leigusala, og það orkar mjög tvímælis, hvort brbl. hafi orðið til bóta í húsnæðisvandráðunum eða verði það hér eftir. Það virðist tilgangur þeirra að herða svo á húsaleigul., að þau komi að meiri notum en áður. Í framkvæmdinni verður oft annað uppi á teningnum, áhrifin beinlínis neikvæð. Auðvitað eiga þeir, sem að l. stóðu, enga vísitandi sök á því. Þeim hefur fundizt, að þetta yrði að gera og það mundi bæta úr skák. Framkvæmdin á 2. gr. er þezta dæmið. Það hefur komið fram fyrirspurn um, hvort bannið við því að leigja utanhéraðsmönnum næði til erlendra hermanna, og kvað hæstv. félmrh. svo vera, gallinn aðeins sá, að þeir væru ekki undir íslenskum lögum, — þar á móti væru þeir, sem leigja þeim, undir íslenskum lögum. Svar ráðh. var því óþarflega tvírátt. Hann gat sagt það fullum stöfum, að þetta ákvæði 2. gr. er þarna máttlaust, þessu verður ekki kippt í lag. Sé svo ástátt í þjóðfélaginu, að hér sé hópur manna utan laga og réttar, þýðir ekki annað en játa það hispurklaust, — ekkert betra að þola það án þess að kannast við það. Ekki er hægt að ætlast til, að húseigendur, sem hafa e. t. v. hagnað af að halda einmitt í þessa erlendu leigjendur, fari að brjótast í því á eigin spýtur að koma þeim úr húsunum. Ég vil hvorki neita því eða játa, að húseigendur þyki betur borga sig að leigja enskum foringjum en öðrum, en hitt er mannlegt, þegar þeim líkar vel við leigjendurna, að þeim sé ekki kappsmál að losna við þá.

Á tvennan hátt geta erlendir menn verið hér undir lögum, sem ferðamenn og þá undir innlendum lögum eða sem hertökubjóð og þá undir herlögum. Í þriðja lagi munu teljast þeir hermenn, sem hafa tekið sér húsnæði á leigu í Reykjavík án tilllutunar herstjórnarinnar og án þess að vera ferðamenn. Þeir sitja þar í engum lögum, hvorki hers né heimabjóðar, og geta ekki á neinn veg sett sig móti vilja landsmanna nema í krafti ofbeldisins.

Í annan stað eru þess mörg dæmi, að þeir, sem mestan eiga réttinn og þörfina, fá ekki inni og eru hraktir úr sínum eigin húsum. Það hefur t. d. komið fyrir hér í Reykjavík, að fólk, sem fer í sumarhústað og ljær íbúð sína einhverjum öðrum á meðan, hefur ekki fengið að komast inn í íbúðir sínar, er það hefur komið aftur að haust-

inu. Þá er í millitíðinni komin húsaleigunefnd, sem úrskurðar, að það fólk skuli sitja áfram í íbúðunum, sem fyrir er. Slik framkoma er alveg frámunaleg.

En þetta tel ég ekki ágalla á l., heldur á framkvæmd þeirra. Mér er líka kunnugt um eitt dæmi úr kaupþúni utan Reykjavíkur, þar sem fólk flutti úr íbúð sinni og léði hana öðrum í 2 mánuði. Konan fór til foreldra sinna uppi í sveit með börnin, en maðurinn fór til sjós.

Þegar hjónin koma aftur, liggur fyrir úrskurður húsaleigunefndar á staðnum um, að tvær gamlar konur, sem fengu íbúðina leigða, skuli sitja, en konan verður að flýja til foreldra sinna aftur með börnin. — Þetta mál var borið undir mig, en ég stóð alveg þáðalaus og taldi réttast, að þau sneru sér til húsaleigunefndar að nýju eða til lögreglustjóra, en það kom þá í ljós, að hann var formaður húsaleigunefndar og því lítillar hjálpar að vænta úr þeirri átt.

Út úr þessum ógöngum sé ég aðeins eina leið. Framkvæmdum verður að haga hér á sama hátt og alls staðar annars staðar á sér stað, þar sem dæmandi nefndir starfa, að úrskurðum þeirra megi skjóta lengra áleiðis. Hér vantar yfirdóm, sem tekið geti við kærum yfir úrskurðum undirnefndanna. Því að þó að menn haldi, að ríkisstj. geti ráðið fram úr þessu, þá er því ekki þann veg farið, því að samkv. gildandi venjum getur hún það ekki, þar sem úrskurðarvaldið er falið öðrum. Og það er ekki heldur hægt að fara til dómstólanna, nema upplýst sé, að um beint lagaþrot sé að ræða. Ég vil því beina því til allshn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, — í þeirri von, að hún verði starfhaef, er þar að kemur, þótt nú sé að visu aðeins einn maður uppistandandi úr henni hér í deildinni, — að hún taki til athugunar, hvort ekki væri nauðsynlegt að koma hér á yfirdómi eða skipa yfirhúsaleigunefnd. — Mætti skipta því máli í tvennt eftir umfangi þess, t. d. í Reykjavík og utan Reykjavíkur. — Nú er það vitanlegt, að langflestir úrskurðir eru felldir hér í Reykjavík, og þótt í nefndinni séu ágætir menn, þar af tveir lögfræðingar, þá skilst mér, að ekki verði hjá því komizt að skipa yfirhúsaleigunefnd, er taki við málum þeirra, er ekki vilja hlíta úrskurði nefndarinnar.

Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Rang. vil ég geta þess, að við slíkar nefndir eða dóma fellur úrskurður eftir öllum málavöxtum, að svo miklu leyti sem þeir koma fram fyrir nefndina. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að nefndarmenn séu á hnotskóg eftir meira eða minna ábyggilegum upplýsingum. Aðilar verða sjálfir að færa fram fyrir nefndina öll sín gögn, og væri yfirhúsaleigunefnd, yrði á sama hátt að færa fram fyrir hana allt, sem fram hefði komið í málinu, og það, er síðar kynni að hafa komið fram. — Virðist sjálfsagt að skipa slíka yfirnefnd, og það því fremur sem þess má vænta, að lög þessi verði að gilda um nokkurt árabil, því hér virðist, að um viðvarandi ástand verði að ræða, eins og nú horfir.

***Sveinbjörn Högnason:** Það hefur komið greinilega í ljós af umræðum — og allir eru ásáttir um það —, að nauðsyn beri til að fá yfir-

dómstól í þessum málum. Þetta kom hvað greinilegast á ljós af svörum hæstv. félmrh., þar sem hann lýsti yfir því, að hann sé ekki fær um að skýra ýmis meginatriði í framkvæmd þessara l. Hér er því óneitanlega um harla lítið réttaröryggi að ræða fyrir þá, sem við þessi lög eiga að búa.

Hefur greinilega komið fram, að hæstv. félmrh. hefur færzt undan því að svara einni af spurningum mínum, sem hér skipta máli.

Hv. þm. V.-Sk. ætlaði að hjálpa hæstv. ráðh. um svör við einni fyrirspurn minni, en hann svarar eðlilega út frá venjulegum réttarfarsreglum, að við úrskurði eigi allar framkomnar upplýsingar að koma til greina. En það er ekki það, sem um var spurt, heldur þegar t. d. húseigandi segir upp húsnæði, þarf hann þá ekki að hafa fyrir hendi réttmætar ástæður fyrir uppsögninni þá þegar, eða er nóg fyrir hann að skapa sér þær ástæður síðar?

Til skýringar skal ég nefna dæmi: Húseigandi segir leigjanda upp húsnæði 1. júlí með þriggja mánaða fyrirvara, eða 1. okt. Hann ber það fyrir uppsögn sinni, að hann sé búinn að selja hús sitt, sem hann býr í, og þurfi að flytja í þetta hús. Nú upplýsist það fyrir húsaleigunefnd, að þetta er ósatt, hann er ekki búinn að selja. Þá frestar húsaleigunefnd málinu. Seinna selur húseigandi húsið, og þá vísar húsaleigunefnd leigjandanum út. Er þetta hægt? — Nú veit ég um eitt ákveðið dæmi. Mér skilst, að hvorki hæstv. ráðh., sem er lögfræðingur, né hv. þm. V.-Sk., sem er reyndur dómari, séu vel heima í þessu, — og hvað er þá um ólöglærða einstaklinga? Um þetta atriði virðist engin vanhörf á að fá ákvæði í lög. Sama er um það að segja, að mér virðist hæstv. ráðh. vera í vafa um öll atriðin, sem ég spurði um, nema eitt, það, að húsaleigunefnd væri heimilt að brjóta alveg skýr ákvæði laganna um frestinn. Ég var allshn., þegar l. voru fyrst til umr., og þá var talið nauðsynlegt að setja ákveðinn frest fyrir húsaleigunefnd. Nú upplýsir hæstv. ráðh., að þetta ákvæði sé einskis virði, að nefndarmenn megi hafa eins langan frest og þeir telji sig þurfa. Nú er mér kunnugt um, að húsaleigunefnd hefur oft ekki haft fundi nema einu sinni í viku. Ég verð að segja, að framkvæmdir af hálfu hins opinbera eru ófullnægjandi, ef slíkt starf er lagt á herðar þeirra manna, sem þegar eru störfum hlaðnir annars staðar og afsaka sig svo með önnum, þegar illa gengur. Slíkt er ófært. Eftir því að dæma gæti hver slík nefnd alltaf afsakað sig með því, að nefndarmenn hefðu ekki tíma til þess að sinna störfunum. Þegar mest var að gera fyrir 1. okt., var nauðsynlegt að hafa starfskrafta nefndarinnar óskipta. — Þegar l. voru sett, var 14 daga fresturinn álitinn nægilegur, enda skilst mér, að ekki eigi að vera hægt að kveða upp úrskurð eftir að flutningsdagur er liðinn.

Ég sé, að hæstv. forseti telur, að ég sé farinn að lengja tíma minn um of. Ég skal því ljúka máli mínu, enda hef ég tekið skýrt fram, hver nauðsyn er á, að hætt verði úr þeim misfellum, sem hér hafa á orðið í löggjöfinni. Það er og ekkert smáræði, sem í húfi er, að í n. veljist ágætir menn.

*Einar Olgeirsson: Ég vil þakka hæstv. félmrh. svar hans við fyrirspurn minni og þykir vænt um að heyra, að ríkisstj. leggur sama skilning í l. og ég.

Dó er eitt, sem ég vildi óska gleggri upplýsinga um. Hæstv. ráðh. sagði, að sér væri kunnugt um, að til væru þeir húseigendur, sem vildu ekki hina erlendu setuliðsmenn úr húsum sínum. En skv. l. er húseiganda óheimilt að leigja setuliðsmönnum húsnæði. Mér virðist því, að það sé húseigandi, sem ber að hegna, því að hann heyrir þó undir íslenska dómstóla. Það mun og erfitt fyrir setuliðsmennina að sitja áfram, ef þeim er sagt upp, því að hér mun vera um einkaíbúðir yfirmanna að ræða, sem herstjórnin hefur ekki tekið á leigu.

Frá leikmannssjóðarmíði eru sektarákvæðin í upprunalegu l. viðeigandi þarna. Ef svo væri, ættu íslenzkir dómstólar að geta dæmt þá húseigendur til sekta, sem ekki vilja segja setuliðsmönnum upp húsnæði. Hitt væri öðru máli að gegna, ef setuliðsmenn sætu í trássi við uppsögnina.

Mér þætti vænt um að fá skýringu á þessu atriði.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 1. þm. Rang. frekar en ég hef þegar gert, en út af almennum umr. um nauðsyn á yfirdómstigi vil ég taka fram, að ef menn álíta, að í því felist aukið réttaröryggi, er sjálfsagt að taka það til athugunar, þótt ég hins vegar áliti, að það sé vafasamt, að svo sé. Og ef menn kvarta nú undan því, að seint gangi með úrskurði hjá húsaleigunefnd, þá munu þeir dragast enn lengur hjá yfirdómstiginu.

Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. um, hvort ekki sé hægt að koma fram ábyrgð á hendur húseigendum, ef þeir gerðu ekki tilraun til þess að losa sig við setuliðsmenn, sem byggju í húsum þeirra, vil ég segja, að það má vel vera, að það sé hægt. Hins vegar óttast ég, að ef „samspil“ er á milli húseiganda og setuliðsmanna, væri auðvelt að koma því svo fyrir, að húseigandi yrði ekki refsiskyldur, þótt setuliðsmenn sætu áfram.

En sjálfsagt er að athuga, hvað unnt er að gera í því efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 37).

Of skammt var liðið frá úthýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Jóhann G. Möller): N. hefur athugað þetta frv. og kallað á sinn fund stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur og einnig húsaleigun. hér í bænum. Það virðist svo, að ekki ríki mikil hrifning í húsaleigun. út af þessum brbl. um húsaleigu, sem gefin voru út í haust, og má með sannri segja, að þau séu ill nauðsyn. Ákvæði þeirra eru mörg hörð og koma sérstaklega hart

niður á húseigendum. Ef til vill mætti mýkja þessi ákvæði eitthvað, og hefur n. athugað það, en samt hefur n. komið að þeirri niðurstöðu, að eigi beri að hrófla við l. að sinni, en aftur á móti sé sjálfsagt að nema þau úr gildi strax og þess er kostur, en n. álitur það ekki geta orðið fyrir en rýmkast um húsnæði í bænum, svo húsnæðisvandræðin réni að mestu leyti.

Eftir upplýsingum, sem n. hefur fengið um byggingar hér í bænum, þá eru þær allt að helmingi meiri en áður, og ætti þess vegna að rætast úr með húsnæði. N. leggur því til, að l. falli úr gildi eftir næsta flutningsdag, nánar tiltekið 15. júní 1942.

Ekki mun þó vera öruggt nema svipuð ákvæði þurfi að setja eftir þann tíma, en gera má ráð fyrir, að þau geti orðið miklum mun vægari.

Ég sé svo enga ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vil endurtaka, að n. álitur l. þessi illa nauðsyn og að þau beri að afnema strax og þess er kostur.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég verð að segja það, enda þótt ég sé ekki trúður á, að 15. júní n. k. verði svo komið, að hægt sé að nema þessi l. úr gildi, að þá er ég þó ekki mótfallinn því, að reynt verði eftir fremsta megni að fella þessi l. niður svo fljótt sem auðið er. Ég geri fastlega ráð fyrir, að þó þessi l. verði látin niður falla 15. júní 1942, þá muni menn samt sjá sig tilneydda að framlengja þau, og með það fyrir augum er ég með því, að hrbl. verði samþ. — Ég er á sama máli og hv. allshn., að þessi l. eru neyðarúrræði og koma hart niður á mörgu saklausu fólki, en þó er ég þess fullviss, að þau hafa einnig hjargað út úr ógöngunum í húsnæðismálunum. Ég vil benda á tvennt í húsaleigul. Annað er það, að þó l. séu felld úr gildi, þá beri þó ekki að afnema það ákvæði, sem bannar mönnum að breyta íbúðum í annað húsnæði, t. d. viðvikjandi iðnaði eða verzlun. Hiit er, að ég tel, að einstaklingsherbergi ættu að heyra undir l. Ég er því ekki mótfallinn, að hv. Alþ. lýsi yfir því, að l. beri að fella úr gildi strax og þess sé kostur, enda þótt ég geti ekki húzið við, að þau geti fallið niður á þeim tíma, er hér hefur verið rætt um.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Eftir því sem mér skilst, er það álit hv. allshn., að þessi l. séu of hörð gagnvart húseigendum og af þeim ástæðum sé það nauðsynlegt, að þau séu felld úr gildi sem allra fyrst. Ég vil nú segja, að mér finnst það nokkuð einkennileg tilfinningasemi hjá þeirri hv. n., ef hún hefur alls ekki munað eftir því, þegar hún fjallaði um þessi l., að ástandið í húsnæðismálunum hefur verið of hart, þannig að fjöldi fjölskyldna hefur ekkert húsnæði nú sem stendur. Hér í Reykjavík skiptir það tugum fjölskyldna, sem hefur orðið að leysa upp nú af þeim ástæðum. Sumar þeirra hefur orðið að senda burt úr bænum, t. d. austur á Þingvöll. Aðrar fjölskyldur hefur orðið að leysa þannig upp, að konunum og börnunum hefur orðið að koma fyrir hjá fjölskyldufólki, en fjölskyldufáririnn hefur svo getað fengið að hiraft einhvers staðar á öðrum stað. Þetta ástand er

hér í Reykjavík vegna þess að Sjálfstfl., gegnum meiri hluta bæjarstjórnar, hefur um síðasta áratugs skeið algerlega bannað að gera nokkurn tíma nokkurn skapáðan hlut í húsnæðismálum Reykjavíkur. Hann hefur haft hyert tækifærið af öðru til þess að byggja húsnæði fyrir íbúa þessa bæjar, en hann hefur heldur kosið að borga 300 þús. kr. á ári fyrir fólk, sem þarinn hefur orðið að sjá um, heldur en að koma upp viðunandi íbúðum fyrir þetta fólk. Ástandið hefur verið þannig, að l., sem þingið hefur sett fyrir 12 árum, hafa verið hverbrotin til þess að hægt væri að leigja út kjallaraholur, sem dæmdar hafa verið óhæfar til íbúðar, vegna þess að þær hafa verið í eign manna, sem fylgja Sjálfstfl. Ég álit þess vegna ekki, að hér hafi verið sett l., sem séu of hörð fyrir húseigendur. Og ef lagt er til að afnema þessi l. eftir ákveðinn tíma, áður en séð er fyrir, að ástandið hafi batnað í húsnæðismálunum, þá verður sú stefna til þess að viðhalda því ástandi í húsnæðismálunum, sem er alveg óþolandi fyrir Reykvikinga og aðra íbúa þessa lands. Ég get því ekki skilið, hvernig hv. allshn. hefur getað orðið sammála um að leggja til annað eins og þetta. Það, sem frekar hefði þurft, var, að komið hefðu till. fram frá n. til þess að ráða bót á húsnæðisvandræðunum. Ég held, að í fyrsta lagi hefði n. átt að tala við þá, sem sérstaklega hafa með það að gera að sjá þeim fyrir húsnæði, sem húsnæðislausir eru. Ég sé, að n. hefur kallað til viðræðna við sig húsaleigunefnd og stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en n. hefur ekki séð ástæðu til að rannsaka sjálf núverandi ástand í húsnæðismálum Reykjavíkur, það ástand, sem er hér í bænum á þessu sviði eftir 10 ára sleifarlag á stjórn þessara mála. Ég get skilið, að stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur hafi komið fram með þá hlið málsins, sem húseigendum og hagsmunum þeirra við kom. Ég get líka skilið, að hv. allshn. hafi e. t. v. komið að þessari niðurstöðu, sem í nál. getur um, að fella þessi ákvæði húsaleigul. úr gildi eftir ákveðinn tíma, við það að hlusta á húseigendur útmála það, hversu skelfilegt það sé að geta ekki notað þessar eignir betur en þeir geti eftir þessum l. En hv. allshn. hefði átt einnig að hlusta á þær fjölskyldur, sem ekkert þak eiga yfir höfuðið hér í bænum og er sundrað vegna þess að ómögulegt er að fá húsnæði handa þeim. Og n. hefði átt að skyggast eftir, hvernig stendur á þessu og hverjum þetta er að kenna. Ég get hugsað mér, að ef slík l. sem þessi héldust einhvern tíma, gerðu þeir, sem stjórnna eiga þessum málum hér í Reykjavík, eitthvað meira í húsnæðismálunum en raun hefur borðið vitni hingað til.

Ég hélt því fram við l. umr. þessa máls, að það, sem vantað hefði í sambandi við þetta mál, væri framkvæmd l. Þá var upplýst, að ég held, að það væru 64 íbúðir, sem brezka setuliðið hefði hér í bænum. Samkvæmt l. þessum er þeim bannað að hafa á leigu íbúðir í bænum. Og það var líka upplýst af hæstv. félmrh., að þessir menn, sem leigja setuliðinu, væru brotlegir við l. En engin gangskör var að því gerð að losa þessar íbúðir til afnota fyrir Íslendinga. Hvers vegna hefur n., sem tekið hefur þetta mál til

athugunar og að sjálfsgöðu vill hafa hugmynd um, hvernig ástandið sé í húsnæðismálunum, ekki spurt stjórn Fasteignaeigendafélagsins að því, þegar hún hafði tækifæri til að tala við hana, hvernig staði á þeim einkennilega þegnskap að hrjóta l. til þess að bola Íslendingum burt úr íbúðarhúsnæði bæjarins og leysa upp og flytja burt úr bænum heilar fjölskyldur svo tugum skiptir, til þess, svo sem kunnugt er, að leigja Bretum íbúðirnar í staðinn? Ég held, að þessi n. hefði átt að athuga ástandið í húsnæðismálunum hér og það, hvers vegna l., sem hér hafa verið sett um það efni, eru ekki framkvæmd. Nefndin kvartar ekki yfir því í nál sínu, að húsaleigulögin hafi ekki verið framkvæmd, heldur því, að þau leggi kvæðir á húseigendur. Það er ekkert tekið fram um það í nál., hvernig húseigendur hafi gegnt þessum kvöðum. Svo segir hv. frsm. allshn., hv. 6. þm. Reykv., að n. hafi komið að þeirri niðurstöðu, að líkandi mundu til þess, að 15. júní 1942 mundu húsnæðisvandræðin vera horfin að verulegu leyti. Hann sagði sem sé, að þau rénuðu að verulegu leyti, og lagði svo til, að l. yrðu numin úr gildi á þessum tíma. Ég get ekki séð, hvaða ástæðu n. hefur til þess að koma fram með slíka till. Á síðasta ári held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að hafi verið byggt minna í Reykjavík heldur en nokkurn tíma áður. Hvað hefur n. gengið út frá, að þyrfti að byggja margar íbúðir í ár? 400? Mig minnir, að um 200 íbúðir hafi verið byggðar á síðasta ári; vil þó ekki fara nákvæmlega út í tölur í því sambandi. En beztr væri að hafa tölur viðvíkjandi þessum. Ég held, að það hefði átt að rannsaka þetta. En þó að byggt væri í ár meira heldur en nokkru sinni áður, býst ég samt ekki við, að þessi tvö ár verði að meðaltali normal-ár í því efni. Það, sem byggt hefur verið á ári hverju, hefur aldrei bætt úr skortinum á húsnæði hér í Reykjavík með því að fullnægja þörfinni á auknu húsnæði, heldur hefur það orðið í hæsta lagi til þess, að skorturinn ykist ekki að verulegum mun. Ég hygg, að byggingarnar í ár og í fyrra geri ekki meira en að hamla á móti því, að ástandið versni í íbúðarmálunum í bænum, þannig að það sé eftir það jafnslæmt og það áður var. Enn fremur er setuliðið í sumum íbúðum bæjarins, og einnig er fólksstraumur til bæjarins meiri nú en nokkru sinni áður. Það er því talað alveg út í bláinn af hv. allshn., — því að hún hefur ekki heldur komið fram með neinara tölur —, að húsnæðisvandræðin, sem hér eru nú í Reykjavík, muni hafa rénað að verulegu leyti 15. júní 1942. Ég hygg, að það, sem við eigum fram undan á næstunni, sé erfiðari aðflutningar til landsins, og að það sé þess vegna afar tæpt að byggja á því, að eftir eitt og hálf missiri verði orðin breyt. á til bóta í húsnæðismálunum svo mikil, að hægt sé að fella úr gildi þessi l. Mér virtist hæstv. félmrb. ganga út frá þessu sama, að það sé ekki nema út í bláinn að vera að tiltaka einhvern vissan dag, þegar l. þessi eigi að falla úr gildi. Ég álit þess vegna þessa till., sem hv. allshn. ber hér fram, alveg ófæra.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því í sambandi við þetta, — þó að það kunní að fara svo,

að það verði ekki til neins, — að það virðist vera óþarfi að fella það úr íslenskum l., að ekki megi leigja erlendu setuliði. Nú kunna menn kannske að segja, að Bretarnir muni verða farnir burt af landinu um þetta leyti næsta ár, þó að menn viti það náttúrulega ekki, og ameríska setuliðið muni ekki sækjast eftir húsnæði hér í bænum. Herstjórnin ameríska hefur lýst yfir því, að ameríska setuliðið muni ekki sækjast eftir þessu húsnæði, en mun hafa gert það vegna húsnæðisvandræðanna. En ef rétt reynist, að 15. júní 1942 hafi vandræðin í þeim efnum rénað verulega, þá getur svo farið, að ameríska lúðforingjana langi til að hafa eigin íbúðir hér í bænum alveg eins og þá þrekk. Ég álit einnig þess vegna alveg óþarft að setja það í l., að það eigi að fella þau úr gildi eftir vissan tíma. Að-eins eitt gæti réttlætt slíkt, og það er það, ef hæstv. Alþ. sýndi í verkinu, að það gerði eitt-hvað til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum, t. d. með því að tryggja byggingarefni til þess að koma upp íbúðarhúsum. Hins vegar vitum við, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur haft á orði að byggja 100 bráðabirgðabúðir, en þegar til framkvæmdanna kemur, virðist ekki eiga að byggja nema helminginn af því. Þessar úrbætur virðast mjög gufa upp, þegar til framkvæmdanna kemur.

Hins vegar vil ég ítreka það, sem ég tók fram við l. umr. málsins, að hvað húseigendur snertir koma þessi l. kannske illa við smærri húseigendur. En gagnvart þeim húseigendum hér í bæ, sem eiga stærst hús og hafa beztr húsnæði fyrir sjálfa sig, eru þessi l. ekki ströng, enda eru þau ekki miðuð við þá. Það er ekki verið að neinu leyti að ganga á rétt þeirra manna hér í bænum, sem lengi hafa búið í stórum íbúðum, lúksusíbúðunum. Hins vegar hefur réttur þeirra húseigenda verið þó nokkuð þrengdur, sem yfirleitt hafa leigt út.

Ég tilkynnti við l. umr., að hv. 4. landsk. og ég mundum koma með brtt. viðvíkjandi þessum l. Nú hefur þetta mál komið hér inn í hv. d. með afbrigðum, þannig að mér hefur ekki unnið tími til að flytja brtt. áður. En brtt., sem ég vildi flytja, fer fram á að gefa bæjarstjórnnum landsins heimild til þess að skammta húsnæði, þannig að þar, sem eru yfir 20 gólfplatarmetrar á mann, sé leyfilegt að taka íbúðir handa húsnæðislausu fólki. Fyrir þá, sem talað hafa hér sérstaklega um það, að með þessum l. sé þrengt að rétti húseigenda, vil ég vekja athygli á því, að það er aðeins einn hluti þeirra, sem þrengt hefur verið að. En ef á að þrengja að þeim yfirleitt, ættu „villu“-eigendurnir alveg eins að geta þrengt að sér eins og aðrir húseigendur. Ég býst líka við, að afleiðingin af því að samþ. það ákvæði, sem ég gat um, að ég ætlaði að koma fram með till. um, mundi verða sú, að fjöldinn af þeim mönnum, sem sú málsg. mundi ná yfir, mundi af sjálfsdáðum leigja út það, sem þeir gætu misst af húsnæði, heldur en að láta bæjarstjórnirnar taka það húsnæði til ráðstöfunar handa húsnæðislausu fólki.

E. t. v. væri réttara að fresta brtt. mínum til 3. umr. Það kemur í sama stað niður, og er e. t. v. betra að hafa þær prentaðar. En ég vildi

minnast á þær um leið og við afgr. málið við þessa umr.

Það er engum blöðum um það að fletta, að á tímum eins og nú eru verður að þrængja að rétti manna á ýmsan hátt. Það er óhjákvæmilegt á styrjaldartímum að svipta menn að meira eða minna leyti umráðarétti yfir því, sem er þeirra eign; það getur orðið lífsskilyrði fyrir þjóðina, ef hún á að geta lifað. Og það eru ekki þungar húsifjar, sem efnaðir menn verða fyrir, þó að þeir séu knúðir til þess að stækka ekki við sig húsnæði, meðan annað eins neyðarástand ríkir í húsnæðismálum eins og nú er. Prinsipielt er það alveg rétt, að það er skerðing á eignarréttinum. En ég held, að það sé skerðing á eignarréttinum, sem þeir, sem fyrir verða, næstum megi þakka fyrir að sleppa með, eins og á stendur. Það er regla, sem verður að gilda í svona kringumstæðum, að einstaklingshagsmunirnir verði að vikja fyrir almenningseill. En það er eftirtektarverð tákennynd þess, hvað hagsmunir einstakra, fámennra stétta eiga öfluguga fulltrúa hér innan þingveggjanna, að slíkar till. koma fram eins og þær, sem hér koma fram frá hv. allshn., en um leið koma engar till. fram viðkomandi þessum l. til úrbóta fyrir þá, sem húsnæðislausir eru. Enginn efast um það, að þrengt er að kosti húseigenda. En þeim er um það að kenna, sem hafa hindrað það, að nægilegt húsnæði væri til t. d. hér í Reykjavík. Þegar stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur kvartar yfir þessum l. við þingn., þá ætti hún fyrst og fremst að snúa sér til bæjarstjórnar Reykjavíkur. En af hverju hefur sú bæjarstjórn ekki viljað byggja á undanförunum árum? Af því að hún hefur viljað hjálpa til með það að halda uppi húsaleigunni í Reykjavík. Þannig er keðjan í þessu máli öllu saman. Það er sjálfskapað viti, sem hér er um að ræða. Þeir, sem ráðið hafa mestu í Sjálfstfl., hafa gegnum fulltrúa sína í bæjarstj. getað hindrað það, að hér hafi verið farið eins að og í öðrum höfuðborgum Norðurlanda, að byggt sé fyrir fólkið. Og þegar svo styrjöld kemur og ekki er hægt að byggja um tíma, þá verður að gripa til þeirra óyndisúræða að svipta eigendur að nokkru leyti yfirráðarétti yfir sínum eigin íbúðum. Út úr þessum vitarbring er aðeins hægt að losna á þann hátt að byggja verulega mikið og losna þannig úr þeim húsnæðisvandráðum, sem hafa verið hér um áratugs skeið og jafnvel lengur. Ég held þess vegna, að sú till., sem hér liggur fyrir frá hv. allshn., stefni algerlega í ranga átt. Ég mun hins vegar freista þess að fá fram brtt. þá, sem ég lýsti áðan.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að mér þætti ekki vel séð fyrir framkvæmd þessara húsnæðismála með því að láta nefnd manna á hverjum stað á landinu hafa seinasta úrskurðarvald í þessum málum. Og ég óskaði eftir því, að n. sú, sem fjallaði um málið, tæki það til athugunar, hvort ekki bæri að hafa yfirnefnd fyrir landið allt, sem menn gætu skotið málum sínum til, þegar ágreiningur yrði út af úrskurðum viðvikjandi húsnæðismálum. Móti von minni hefur n. ekkert sinnt þessu.

Og ég veit því í raun og veru ekki, hvaða ástæður hún hefur talið til þess, að þetta væri ekki haganlegt. Ég mun þess vegna koma með brtt. í þessa átt við 3. umr. málsins. Ég hafði í raun og veru vænt þess, að hv. allshn. mundi koma fram með fleiri brtt. M. a. er í 1. gr. frv. þessa eða bráðabirgðal. Þröngdur mjög réttur húseigenda til þess að nota sitt eigið húsnæði. Manni virðist, að það sé, þó að nauðsyn kunni til að her, ákaflega hart, að þessir menn eru teknir út úr með sínar eignir og þeim meinað að njóta þeirrar arðhækkunar, sem flestir hafa nú hlótið við það stríðsástand, sem ríkir. Það er auðvitað nauðsyn almennings, sem heldur því, að þetta hefur orðið að gera. En ofan á það er mjög vafasamt, að bætandi sé óþarfri tilhlutun um yfirráðarétt manna yfir húsum sínum. Í 1. gr. frv. er fram tekið, að ekki megi segja neinum upp húsnæði, sem hann áður hefur haft. Ég geri ráð fyrir, að fyrir hæstv. ráðh. þeim, sem gaf þessi brbl. út, hafi vakað það, að menn gætu ekki skert íbúðarherbergjafjölda með því að taka herbergi til eigin þarfa annarra en íbúðar, né heldur tekið einstök herbergi, sem leigð hafa verið út, í sama skyni. Þetta er að sjálfsögðu tilgangurinn, og verður því ekki neitað, að þetta sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir, þó að húseigendum kunni að þykja það hart. En það er gengið lengra í því efni að skerða umráðarétt manna yfir húsum. Eftir l. frá síðasta aðalþingi var mönnum heimilt að taka húsnæði í sínum eigin húsum til eigin þarfa eða þarfa sinna venzlamanna. Nú hefði mönnum sýnt nóg, að reistar hefðu verið skordur við því, að húseigendur tækju herbergi, sem leigð hefðu verið til íbúðar, til eigin nota eða sinna venzlamanna, til þess að gerð væru úr þeim einhvers konar rekstrarherbergi, t. d. að herbergin væru notuð til veitinga eða verzlunar. Ég mun þess vegna að líkindum koma með brtt. við 3. umr. í þá átt, að húseigendum sé, eins og í l. frá reglulega þinginu 1941 var ákveðið, heimilt að segja upp húsnæði, ef þeir þurfi að nota það til íbúðar fyrir sig sjálfa eða sín skyldmenn. Því að það er alveg víst, að húsnæðið vex ekkert við það, þó að það sé Pétur, en ekki Páll, sem í því býr. En þegar mönnum er lagt á herðar að sjá fyrir sínum nánustu skyldmennum, foreldrum og börnum, þá er hart, að þeir fái ekki að sjá þeim fyrir húsnæði í sínu eigin húsi. Auk þess er hart, að menn megi ekki ráða því, hverjir í þeirra húsum búa, sérstaklega ef þeir búa sjálfir í húsinu, og að í stað þess að menn megi hafa foreldra sína eða börn eða systkini í húsum sínum, sem þeir búa í sjálfir, þá verði menn að hafa kannske eitthvert vandræðafólk, sem helzt enginn vill hafa, og slíkt fólk er til.

Húsnæðismálið almennt mun ég ekki ræða nú. Hv. 4. þm. Reykv. gerði það að almennu urnæðu- og ádeiluefni, að allshn. tók ekki húsnæðismálið almennt til athugunar. Ég álit, að n. hafi ekki komið það við sem þingnefnd, sem þessu máli var vísað til. Hennar verkefni var að athuga frv., sem fyrir liggur, og skal ég ekki blanda mér í það. En ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Reykv., að húsnæðismálin eru fyrir vaxandi bæi ákaflega mikil nauðsynjamál. Og ég

vil minna á, að áður en húsnæðisvandráðin sköpuðust, hef ég í opinberum umr. talið, og tel enn, að það beri að stefna að því, að hver maður eigi sitt eigið húsnæði, alveg eins og ég held því fram, að stefna beri að því, að hver maður, sem yrkir jörðina, eigi þá jörð, sem hann yrkir. Mætti ræða um þetta í sambandi við framtíðina. En nú er verið að ræða um ástandið, sem er í húsnæðismálunum, og annað liggur ekki fyrir.

***Sveinbjörn Högnason:** Við 1. umr. vakti ég athygli á nokkrum ágöllum, sem ég taldi vera á þessum bráðabirgðal, og þyrfti að lagfæra hjá n. N. hefur nú skilað álit, þar sem hún hefur talið ráðlegast að gera ekki verulegar breyt., sjálfsgat til að halda n. saman. Hins vegar segir það ekkert um það, hvort nm. hefðu talið breyt. æskilegar. Tel ég því rétt að leita þess í hv. d., hvort ekki er þar meiri hl. fyrir breyt. Get ég þar nefnt tvennt. Hv. 5. þm. Reykv. hefur minnzt á annað, sem sé að setja yfirdómstig í húsaleigumálum, því að það nær engri átt, að ekki sé hægt að áfrýja jafnvandasömum og viðkvæmum málum, og ég held, að hvergi þekkist jafnilla um hnútana húði og hér er að þessu leyti. Brtt. um þetta mun koma fram við 3. umr. málsins.

Þá er annað atriði, sem ég tel nauðsynlegt að lagfæra. Þegar lítið er á þessi brbl., þá sést, að þau ná einungis til íbúðarhúsnæðis, og þrengja þau þar mjög að húseigendum, en öllu öðru húsnæði virðist vera heimilt að segja upp. Sér hver maður, hvað af því getur leitt, ef það er látið vera svo, þar sem nú er sótt eftir hverri holu, sem hægt er að nota til að selja veitingar útlendum hermönnum, og svo verður kannske nauðsynlegur rekstur að vikja fyrir slíku, ef húsnæðinu er sagt upp með 3 mán. fyrirvara og húseigandi eða vandamenn hans vilja nota það. M. ö. o., það er hægt að segja upp öllu húsnæði nema íbúðum þrátt fyrir brbl., ef húseigandi sjálfur eða vandamenn hans vilja hafa þar einhvern atvinnurekstur. Gæti farið svo, að þetta ylli erfiðleikum á nauðsynlegri vörudreifingu í bænum. Ég þekki þess dæmi, að fara varð aðra hvora leiðina, sleppa húsnæðinu og láta nota það til einhvers, sem er miður nauðsynlegt, eins og veitingastofur fyrir erlenda hermenn, eða að borga í kyrrþey hærrí húsaleigu, sem þýðir aukna dýrtíð. Það er því óhjákvæmilegt að setja sams konar ákvæði einnig um þetta húsnæði, að ekki megi segja því upp, nema eigandi sjálfur ætli að nota það; annars er sjáanlegt, að til mestu örðugleika kemur um alla dreifingu á nauðsynjum bæjarbúa, bæði hér og annars staðar í þessu mikla kapphlaupi, sem nú er um hvern krók og kima. Ég mun því leyfa mér að bera nú fram skrifl. brtt. við frv. á þessa leir:

„Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: Upphaf 2. gr. sömu laga orðist svo: Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína.“

Með því er skapað öryggi fyrir þá, sem reka atvinnu í bænum, sem er ekkert, ef þessi breyt. fæst ekki samþ.

Ég skal fúslega játa, að með þessum l. er að mörgu leyti gengið á rétt vissra aðila, sem sé

húseigenda í bæjum, og það er að mörgu leyti gengið of langt í að banna þeim að hækka húsaleigu, meðan ekki eru sett tilsvarendi ákvæði um að banna hækkun á öðrum sviðum. Ég sé ekki mikinn mun á því mannréttindalega séð að banna mönnum að hækka leigu á eign sinni eða banna mönnum að hækka kaup sitt, sem fjöldi hv. þm. álitur ógerning, bæði að banna að hækka kaup og verð á afurðum. Og ég tel miklu skynsamlegra að leyfa jafnvel að hækka húsaleiguna upp að vissu marki heldur en að leyfa húseigendum að gera vissan atvinnurekstur ómögulegan með því að taka af honum húsnæði, kannske til þess að nota það í þágu erlendra hermanna, sem dvelja nú hér um stundarsakir. Ég veit til þess, að nú er víða byrjað á því, hvað sem l. segja, að hækka leigu fyrir húsnæði til atvinnurekstrar; það er borgað í kyrrþey á bak við, svo að menn geti haldizt þar við með nauðsynlegan atvinnurekstur. Ég vænti því, að hv. d. sjái, hver nauðsyn er á því, að þessi till. verði samþ. Ég hef rætt um þetta við hæstv. félmrh., og hefur hann tekið vel í till. og ýmsir fleiri hér í d., og vænti ég því, að það komi í ljós við atkvgr., að hún hafi mætt fullum skilningi.

Forseti (JörB): Mér hefur horizt brtt. frá hv. 1. þm. Rang., sem hann hefur nú lýst. Er hún skrifl. og of seint fram komin. Þarf því tvenus konar afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 43) leyfð og samþ. með 17 slj. atkv.

***Frsm. (Jóhann G. Möller):** Ég þarf ekki margt að segja út af því, sem fram hefur komið. Þó vil ég svara ýmsum aths. nokkurra hv. þm. út af þessu máli.

Ég gat þess í fyrri ræðu minni, að allshn. hefði haft til athugunar ýmsar till. til breyt. á l., sérstaklega á þessu frv. — bráðabirgðal. — og athugað þær, en komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri gott að hrófla við l., heldur væri sterktara að leggja áherzlu á, að l. væru numin úr gildi, undireins og þess væri nokkur kostur.

Ein af þessum till., sem n. hafði til athugunar, var, hvort ekki mætti rýmka ákvæði 1. gr., þar sem bannað er að segja upp húsnæði nema til eigin afnota, þar sem bráðabirgðal. breyta því ákvæði gömlu húsaleigul., sem heimilaði húseiganda að taka húsnæði til afnota fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína. Þetta er atriði, sem hefur sérstaklega komið fram hjá tveimur hv. þm., hv. 1. þm. Rang. og hv. 5. þm. Reykv. N. var ljóst, að þetta var nokkuð hart ákvæði, og ef til vill mætti mýkja þetta eitthvað og miða við skyldleika, þó að ekki væri notað það rúna orð „vandamenn“, eins og gert var í gömlu l., en skv. upplýsingum frá húsaleigum. mun talsvert hafa verið farið í kringum þessi l. einmitt vegna þessa ákvæðis um vandamenn, bæði síðasta vor og áður. Leigjendum var sagt upp, af því að húseigendur sögðust þurfa að fá húsnæðið handa vandamönnum sínum, en svo þegar nokkur tími var liðinn, voru þessir vandamenn

horfnir og allt annað fólk komið í staðinn. N. komst því að raun um, að ekki væri gott að breyta þessu frekar en öðrum ákvæðum í þessum 1., sem eru þó að mörgu leyti nokkuð hörð.

Annað atriði, sem þessir hv. þm. voru með, var það, að ekki væri neinn yfirdómstóll yfir húsaleigun. Ég býst við, að fram komi við 3. umr. till. um að skipa yfirhúsaleigun. N. hafði þetta til athugunar og taldi, að a. m. k. í Reykjavík mundi þetta torvelda meðferð mála og gera allt vafstursmeira en það er nú. Hins vegar er það ljóst, að eins og nú er er þessari n. fengið talsvert mikið vald í hendur, og varðar miklu, að því sé vel beitt, og er því fyllsta ástæða til, að framkvæmdavaldið fylgist vel með framkvæmd þessara 1. og gæti þess, að ákvæðum 1. sé beitt á sem mýkstan hátt, án þess þó að þeim sé ekki fullnægt.

Hv. 1. þm. Rang. hefur flutt hér skrifl. brtt. Vil ég mælast til þess, að hann tæki hana aftur til 3. umr., svo n. fái tækifæri til að athuga hana sérstaklega. Ég skil vel, að það, sem hann talar um í þessu sambandi, getur verið mjög bagalegt. Hins vegar held ég, að sú hættu, sem hv. þm. hefur hér sérstaklega í huga, að húsnæði fyrir nauðsynlegan atvinnurekstur sé sagt upp til þess að setja þar upp í þess stað ónauðsynlegan atvinnurekstur, eða a. m. k. þann, sem ekkert þjóðargildi hefur, sé ekki eins mikil og honum sýnist. Ég hygg, að hann eigi þar sérstaklega við Bretasjoppur, en ég held, að það sé heldur farið að draga úr fýsi manna til að koma þeim upp, svo að þessi hættu sé rénanandi. Ég vil þó, að athugað sé, hvort þessi till., eða einhver, sem gengur í svipaða átt, á ekki rétt á sér, og vil því mælast til, að hún verði tekin aftur til 3. umr.

Ég tel ekki þörf að svara hv. 4. þm. Reykv. mörgum orðum. Ég skil vel, að þessum hv. þm. finnist ekkert sérstaklega slæmt eða óviðunandi, þó að réttur fasteignaeigenda í bæjum sé skertur að verulegu leyti. Ég veit vel, að hann og hans flokkur telur eignarréttinn ekki svo mikils virði. Hins vegar er það alveg rangt hjá hv. þm., að till. n. í þessu efni séu fyrst og fremst til þess að þóknast fasteignaeigendum í Reykjavík, eins og hann vildi vera láta. Hann fór mörgum orðum um, að n. hefði kallað stjórn þess félags á fund sinn án þess að láta sig neinu skipta húsnæðisvandráðin í bænum og þó að fjölskyldur hefðu þar orðið mjög hart úti og jafnvel orðið að flytja úr bænum. Hv. þm. veit ekkert, hvað n. hefur kynnt sér í þessu efni. En eitt er honum í lófa lagið að kynna sér, og það er, hvað n. gekk langt í að verða við kröfum stjórnar Fasteignaeigendafélagsins. N. hefur bæði fyrir og síðar fengið kröfur frá þessum mönnum, sem voru þess valdandi, að n. kallaði stjórn þessa félags á sinn fund, sem var sjálfsagt, og ef hv. þm. kynnir sér þær kröfur, sem þar eru bornar fram, mun hann komast að raun um, að það, sem hefur gerzt í húsnæðismálunum, hefur ekki verið gert til þess að ganga til fulltingis við þessa menn og kröfur þeirra, enda vita allir, að þessi 1. hafa ekki komið fram til þess að bæta hlut þessara manna, heldur til þess að tryggja það, að menn eigi kost á að fá það húsnæði, sem til er, og

halda því, ef réttisýni er í því. Þetta er það, sem 1. ganga út á og n. er sammála um, að þau eigi að gera. Hitt er alveg skýrt, enda hefur það komið fram í d., að 1. ganga á réttindi þessara manna, og frá þeirra sjónarmiði, sem einhvers meta eignar- og umráðarétt manna og álíta hann einhvers virði, er ekki nema eðlilegt, að það komi skýrt fram, að þessi 1. eigi ekki frekar en aðrar stríðsráðstafanir að gilda nema meðan þeirra er brýn nauðsyn, og mér skildist hv. þm. líka komast að þeirri niðurstöðu. Hvort hægt verður að nema þessi 1. úr gildi 15. júní, skal ég ekki fullyrða, en ég veit, að nú fara byggingar ört vaxandi, og mun það mikið bæta úr. Ég get þó hugsað mér, að þeim muni ekki það langt komið, að húsnæðisvandráðin hafi rénað 15. júní það verulega, að 1. megi þá alveg falla úr gildi, enda stendur ekkert um það í till. n., að hún sé á þeirri skoðun, að 1. skuli falla úr gildi fyrir en húsnæðisvandráðunum linnir verulega. Má vera, að skakkt sé að binda það við 15. júní, en eins og hæstv. félmrh. minntist á, þá eiga þessi 1. ekki að gilda lengur en frekast er þörf, enda er þá sennilega hægur vandi að fá ný brbl. sett, ef brýn nauðsyn krefur, og mættu þau þá ef til vill vera eitthvað mýkri en þessi 1. Gæti það byggt á því, hvað mikið hefði rýmkað til um húsnæði, síðan þessi bráðabirgðal. voru sett.

Ég hirði ekki að svara þeirri ádeilu í raðu hv. þm., sem snerist um það, hverju það væri að kenna, hvað lítið hefur verið byggt í Reykjavík undanfarin ár. Hann vildi kenna það Sjálfstfl. Ég býst við, að hann geti fengið tækifæri til ádeilu út af þessu í bæjarstjórn Reykjavíkur, en ég vil þó aðeins upplýsa hann um það, að ég hygg, að hér í bæ hafi verið og verði byggt talsvert mikið á þessu ári. En það, sem hefur strandað á fyrst og fremst, er skortur á byggingarefni, og það er ábyggilegt, að það er ekki Sjálfstfl. að kenna, að byggingarefni hefur ekki fengið flutt inn undanfarin ár. Ástæðuna fyrir því hefur verið að finna einhvers staðar annars staðar.

Út af Bretaíbúðunum sé ég ekki ástæðu til að segja margt. Hæstv. félmrh. upplýsti við 1. umr., hvernig í því lagi, að enn þá væru margar íbúðir hér í bæ í höndum Breta. Það væri af þeirri einföldu ástæðu, að Bretar vildu ekki fara úr íbúðunum, og við höfum ekki getað rekið þá út. Okkar 1. ná ekki yfir þá nema að svo miklu leyti, sem þeir vilja sjálfir vera láta. Viðvíkjandi því, hvort við í n. hefðum spurt stj. Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, hvernig á því staði, að svo margar íbúðir væru í höndum Breta, þá vil ég vísa til þess, sem ég sagði um Bretahúsnæðið, en ég get víðurkennt, eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. við fyrri umr. þessa máls, að það eru til Íslendingar, sem vilja heldur leigja Bretum en Íslendingum, en ég get vel gengið inn á það hjá hv. þm., að þetta eru ekki þjóðhollir menn, en það er eins og hver sjái sjálfan sig með það, að þessum mönnum þjóðast kannske alls konar friðindi, sem eru kannske meira virði en sjálf leigan, t. d. í kolum og öðru slíku, og hægur vandi að komast í kringum það, að það séu ekki þeir, heldur Englendingar, sem vilja vera í íbúðunum. Æskilegt væri vitanlega að fá ráð til þess, að þessar íbúðir losnuðu, en ekki

mun vera auðvelt að koma auga á það. Allt hefur strandað á þessu eina einfalda, að Bretar eru sterkari en við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni, en vil aðeins endurtaka þá ósk mína, að hv. 1. þm. Rang. vildi taka till. sína aftur til 3. umr.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Hv. frsm. talaði um afstöðu mína til eignarréttar húseigenda og yfirráðaréttar þeirra yfir húsum, sem aðrir hafa á leigu til íbúðar. Í því sambandi vil ég benda honum á, að það þarf engan sérstakan „bolsa“ til að halda því fram, að yfirráð þeirra og eignarréttur, svo heilagur sem hann er, geti takmarkast af öðrum helgari rétti. Stjórnarskráin og öll okkar löggjöf ber því vitni, að tilverurétt fólksins ber meir að meta en eignarréttinn, hinn síðar nefndi er álitinn afleiðing, en ekki grundvöllur tilveruréttarins.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. í ræðu hans um þetta mál, að sérstaklega væri hart fyrir húseigendur að vera teknir út úr, þegar allir aðrir fengju að græða á eignum sínum. Það má segja, að þarna sé húseigendum óréttur ger á sama tíma sem t. d. eigendur togara græða geysilega, — það er óréttlæti innan eignastéttarinnar sjálftrar. Ef togaraeigendur ættu að kveða upp dóminn um þetta „mísrétti“, mundu þeir segja, að húseigendur hafi margir grætt vel þau árin, sem útgerðin var að tapa, og það geti ekki verið tilviljun, að enn keppast eignamennum um að binda fé sitt í húseignum. Hins vegar skal ég játa, að til eru húseigendur, sem verðskulda, að tekið sé nokkurt tillit til þeirra, þegar hamlað er móti gróðahyggju húseigenda almennt. Það eru þeir, sem eru að klífa þrítugan hamarinn til að eignast hús yfir sig og sína eða húspart, menn af hinni fátækari stétt, og búa e. t. v. í kjallara hússins eða á lofti undir súð, en leigja aðalhæð þess og helztu þægingi, þræla lengi ævi fyrir afborgunum og vöxtum þeirra okurkjara, sem þeir hafa orðið að ganga að við kaupin, — hver laus eyrir fer til þeirra, sem eru hinir raunverulegu eigendur, lánardrottinna. Það getur verið hart fyrir þessa menn að geta nú ekkert hagnast á góðærinu, nema þeir kysu að selja húsin, sem þeir hafa e. t. v. atlað eftirkomendum sínum, og standa síðan húsnæðislausir. Ef fram kæmi till., sem miðaði að einhverri uppbót til slíkra manna, gæti ég fylgt henni.

Einn hv. þm. minnstist á hækkan húsaleigu í þessu sambandi. Svo framarlega sem menn vilja vinna móti dýrtiðaraukningu, hljóta þeir að skilja, að styrkur til þeirra, sem þarna þykja græða hart úti, er miklu hollara ráð en almenn húsaleiguhækkun, sem gæfi þeim óþarfan gróða, sem græddu nægilega á húsum sínum undanfarinn áratug, og yrði þess utan upphaf að stórkostlegu húsabraski. Það er almennt viðurkennt, hve húsabrask er hættulegt hagsmunum alls almennings. Þegar húseignir hafa tvöfaldast í verði eða jafnvel miklu meira en það, eins og nú hlýti að verða, ef ýtt væri undir með nýrri húsaleiguhækkun, hlýtur afleiðingin að verða geysihá húsaleiga um langa framtíð — almenningsi blæðir fyrir braskarana — eða ægilegt hrun

hjá eigendum hinna dýrt keyptu húseigna. Styrkur til húseigenda þeirra, sem ég gat um, að þyrftu hans e. t. v., hefði ekki brask í för með sér, en húsaleiguhækkun til þess eins, að húseigendur geti grætt „eins og aðrir“, nær ekki neinni átt.

Hv. frsm. hélt ég vissi lítið um það allt, sem allshn. hefði gert. Hún segir frá því sjálf í þessu örstutta nál. sínu, — varla svo hæversk, að hún hefði ekki getið þess þar, ef starf hennar í málinu hefði verið meira, — og eftir eigin sögn hennar að dæma, finnst mér starfið smátt. Hann sér ekkert merki til þess í nál., að n. hafi verið veik fyrir vilja Fasteignaeigendafélagsins. Þar leggur n. þó til skv. vilja þess að fella úr gildi ekki aðeins smámuni, heldur alla þessa lagasmíð, sem hér liggur fyrir, mánuði eftir flutningsdag í vor. Eins og á stóð var erfitt fyrir n. að sýna stjórn þess félags fyllri hlýðni en þetta, þótt ég efist hins vegar ekki um, að félagið hafi orðað við hv. allshn. miklu meiri kröfur í málinu.

Hv. frsm. minnstist á, hvernig nýbyggingar í bænum hefðu verið hindraðar undanfarin ár. Ég vil taka undir það, en leið minna menn á þá ágætu samvinnu Sjálfstfl. og Framsfl., sem þessu olli. Sjálfstæðismenn tóku að sér að hindra framtak bæjarins, stöðva byggingar þar, sem hið opinbera átti hlut að máli, meðan hitt, að lama einkaframtakið í byggingum, var aðallega hlutverk Framsfl., jafnframt því að torvelda innflutning. S. l. 4 ár hefur þó alltaf verið hægt að fá byggingarefni innflutt, ef samkomulag hinna 3 þjóðstjórnarflokka hefði verið á annan veg en var. Alltaf kvað við í Alþfl., að fulltrúar hans væru reiðubúin til að gera allt til að knýja fram þennan innflutning. Ekki var minni áhuginn fyrir því hjá ýmsum helztu mönnum Sjálfstfl. — í muninum. Framsfl. einn stóð á móti, en var í minni hluta. En í samningum við þann flokk var þessum kröfum fórnað, m. a. fyrir skattfrelsi útgerðarinnar, og árlega látið fara í súginn milljónavirði í ónotuðu vinnuafli og e. t. v. enn meira virði í ónotuðum möguleikum á þessu sviði. Þetta var hin byrjandi þjóðstjórnarsamvinna.

Hv. frsm. varð mishermi um Bretaibúðirnar í bænum. Hæstv. félmrh. upplýsti í ræðu hér í d., að Bretar hefðu farið úr heim íbúðum, sem þeim var sagt upp af húseigendum. L. skylda húseigendur til að segja þeim upp og leggja sektir við, ef ekki er gert. (JGM: Það er ekki hægt að sekta Bretana.) Nei, en l. ber að beita við húseigendur, og þau segja eins og stendur í 2. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéradsmönnum íbúðarhúsnæði. Leigusamningar óheimilir eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.“ Upplýst er, að þetta nær til íbúða, sem Bretum eru leigðar, og hvers vegna hefur því þá ekki verið heitt gegn eigendum þeirra íbúða eins og gegn húseigendum, sem leigja öðrum aðkomumönnum? Hæstv. félmrh. afsakaði það með því, að hægðarleikur mundi vera að koma á samvinnu milli húseigenda og Breta, þannig að Bretar gerðu það fyrir húseigendur að neita að fara úr íbúðum, sem þeim yrði til málamynda skipað að fara úr. En þetta er ósannað mál, því

að það hefur ekki verið reynt. Hæstv. félmrh. lofaði, ef ég man rétt, að íhuga, hvernig ákvæði 1. yrðu þarna framkvæmd. Eflaust er það erfitt, ef orðrómurinn er sannur um þau hlunnindi, sem sumir húseigendur kvað njóta hjá hinum brezku leigjendum sínum, t. d. að fá svo og svo margar whiskyflöskur hjá þeim á mánuði. Hins vegar getum við ekki afsakað okkur með því, að Bretar séu sterkari en við. Þeir hafa ekki kosið að beita þarna ofbeldi, heldur vikið burt þaðan, sem þeim var sagt upp. Ef þeir tækju nú upp hina aðferðina og sætu þrátt fyrir uppsögn, er það gert af hvötum íslenzkra manna og þess vegna okkar Íslendinga að sjá ráð við því.

Jón Ívarsson: Herra forseti! Vegna þeirrar ádeilu, sem allshn. hefur orðið fyrir af hálfu hv. þm., vildi ég taka fram nokkur atriði. Frv. er borið fram til staðfestingar bráðabirgðal. frá 8. sept. s. l. og er því upphaflegt gildi þeirra miðað við næsta reglugl. Alp., sem átti auðvitað að vera seinni hluta þessa vetrar, og mátti þá vænta endurskoðunar á lögum um húsaleigu. Nú vildi svo til, að aukabjng þetta kom saman, og urðu því brbl. að koma fyrir það, ella að falla úr gildi, ef þau ná ekki staðfestingu á því, og yrðu þau þá skammvinnari en allir hafa reiknað með. Þess vegna álitur n., sem telur tjón að svo skyndilegu afnámi brbl., einsætt, að þau megi ekki með neinu móti verða óútrædd á þessu þingi. Af þeim orsökum verður að varna því, að margar og umdeildar brtt. komi fram, enda gætu slíkar tilraunir til að bæta um frv. ekki orðið nema gagnslítið hálfverk aukabjngs þessa. Það væri a. m. k. sízt til hagsbóta fyrir leigutaka að stefna til kappræðna nú um frv. og eiga með því á hættu að það yrði óútrætt.

Allshn. ber því ekki fram þar brtt. við frv., sem ella hefði verið ástæða til. Það biður aðalbjngs.

Allshn. kallaði á fund sinn húsaleigunefnd og stjórn Faseignaéigendafélags Reykjavíkur og ræddi við þá um málið. Því ber ekki að neita, að þessir aðilar eru málunum kunnugri en allir aðrir, sem hægt var að ná til.

Á aðalþingi síðar í vetur ætti að sjást betur en nú, hver von er um aukinn húsakost á vori komanda hér í bænum, og með hliðsjón af því, að húsaleigul. verði þá endurskoðuð, þótti rétt að takmarka gildistíma laganna, sem fyrir liggja. Ég vil mælalast til, að málið fái að ganga til næstu umr. án annarra breytinga en þeirra, sem nefndin leggur til.

Sveinbjörn Högnason: Hv. frsm. óskaði þess, að sú skrifl. brtt., sem ég bar fram við frv., yrði tekin aftur til 3. umr., svo að n. hefði tækifæri til að athuga hana. Þótt ég eigi nokkuð á hættu, þar sem ég hefði, ef hún félli nú, reynt við 3. umr. að koma fram annarri till. í sömu átt, vil ég gjarnan vinna þetta til samkomulags við n. og tek till. mína aftur, en áskil mér það, að n. geri mér aðvart til að ræða við sig um málið, ef hún getur ekki fallizt á hana í því formi, sem hún er.

Einar Olgeirsson: Ég vil vekja athygli á 11. gr. húsaleigul., þar sem segir, að þegar ekki

þyki lengur þörf fyrir l., megi fella þau úr gildi meðagl. úrskurði. Þetta gerir þá breyt. enn ónaúðsynlegri að ákveða, að þessi l., sem fyrir liggja, falli úr gildi 15. júní n. k., eins og hv. allshn. hefur borið fram.

ATKVGR.

Brtt. 43 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 37 samþ. með 15:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 45, 43, 46, 47, 48.)

***Frsm. (Jóhann G. Möller):** Ég ætla aðeins að segja fáein orð fyrir hönd allshn. Við 2. umr. bað ég um það sem frsm., að till. á þskj. 43 yrði frestað, til þess að n. gæti athugað hana fyrir 3. umr. Það vildi nú svo til, að n. gat ekki tekið till. fyrir á reglulegum fundi, en nm. hafa þó rætt hana sín á milli, og ég tel vist, að n. muni halda sér við álit sitt á þskj. 37, þó að einstakir nm. áskilji sér rétt til að fylgja eða hafna einstökum brtt. eftir atvikum. Þó að þessi brtt. kunni að vera til bóta í sjálfu sér, mun hún engu hreyta í reynd fyrr en um næsta flutningsdag, en þá er hægurinn hjá að breyta l., svo að ekki ætti að gera neitt til, þó að till. næði nú fram að ganga, og mun ég ekki leggjast á móti því, þar sem mér er áhugamáll að flýta málinu.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég flutti við 2. umr. brtt. á þskj. 43, og þó að ég léti það eftir hv. frsm. allshn. að geyma hana, vissi ég fyrir, að útkoman mundi verða sú, sem hann lýsti, að þeir í n. mundu ekki geta komið sér saman um hana. Hv. þm. sagði, að þó að till. kynni að vera til bóta, byggist hann ekki við, að hún gæti haft áhrif fyrr en um næsta flutningsdag, sem mun vera í vor. Þetta er mesti misskilningur. Hér er mikið húsnaði, sem er notað til annars en íbúðar og leigt út með þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem er ekki bundinn við flutningsdag. Þetta á við um flest það húsnaði, sem er notað til iðnaðar, verzlunar og þvilíkra hluta, og þar kemur flutningsdagur ekki málinu við. Það er ekki minni ástæða til, eins og ég sagði við 2. umr., að athuga, hvernig fer um þetta húsnaði, því að miklu af því er sagt upp til algerlega óþarfrar notkunar, t. d. í sambandi við brezka herliðið. Það er stundum svo, að mönnum er gert ómögulegt að halda slíku húsnaði nema því aðeins, að þeir greiði húseigendum stórfé að launum. Þetta á sér stað í stórum stíl hér í bæ. Það þarf að verða eins óheimilt að segja upp þessu húsnaði og öðru, nema það eigi að nota til eigin íbúðar. Ég vænti þess því, að hv. d. skilji, að þessi till. þarf að ná fram að ganga.

Þá er önnur brtt., sem ég er við riðinn ásamt hv. þm. V.-Sk. Hún er á þskj. 46. Hv. 1. flm., sem er þm. V.-Sk., ætlaði að mæla fyrir henni

sjálfur, en ég sé, að hann er ekki staddur hér í hv. d. Ég ætla því að segja nokkur orð um till., þó að hún þurfi ekki langra útskýringa við. Í till. er farið fram á það, að stofnað sé nýtt dómstig, það er yfirhúsaleigunefnd, en nú eru hinar venjulegu húsaleigun., eins og kunnugt er, algerlega einráðar. Eftir því sem hæstv. félmrh. lét hér orð falla, eru þær ekki einu sinni bundnar við l. t. d. um það, hvenær sagt skuli upp húsnæði. Þessar n. eru svo einvaldar, að ekki er við hlitandi, og verður því að telja hina mestu nauðsyn á því, að til sé dómstig yfir heim, þegar þess er gætt, að hér er um að ræða mál, sem snertir flesta borgara landsins. Þess vegna höfum við lagt til, að skipuð sé þessi yfirhúsaleigun. Við ætlumst til, að í henni eigi sæti fimm menn, og séu þrjú þeirra skipaðir af ríkisstj., en tveir af hæstarétti, og annar þeirra skal vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Ríkisstj. skal setja n. starfsreglur, og kostnaður skal greiddast úr ríkissjóði. Teljum við, að ekki beri að horfa í það, þótt þetta kosti nokkrar krónur.

*Einar Olgeirsson: Ég á till. á þskj. 47 ásamt hv. 4. landsk. Þarf ég ekki að ræða þessa till. mikið, því að málið var rætt ýtarlega við 2. umr. Við leggjum til, að heimilt sé að taka til afnota fyrir heimilislaust fólk það húsnæði, sem fjölskyldur hafa umfram 20 gólfplatarmetra fyrir hvern fjölskyldulim. Þessi skömmtun kæmi skv. þessu aðeins til greina, þegar um lúxusíbúðir væri að ræða, og er þetta ekki nema sanngjarnt, þegar þess er gætt, að aðrir húseigendur hafa einnig verið sviptir að nokkru leyti ráðum yfir húsnæði sínu. Enda ætti þeim auðvitað að vera það þægilegast af öllum, þar sem þeir hafa gnægð húsnæðis. Þessi brtt. okkar fer fram á það að bæta nokkuð verulega úr húsnæðisvand-ræðunum og líka hitt, að láta ráðstafanir gagnvart húseigendum koma réttlátar niður heldur en nú er.

Forseti (JörB): Brtt. á þskj. 48 var útbýtt á þessum fundi. Þarf því afbrigði fyrir henni, og vil ég leita þeirra.

ATKVGGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Sigurður Kristjánsson: Ég á hér brtt. á þskj. 48, þess efnis, að í fyrri mgr. 1. gr. frv. komi í stað orðanna „til eigin íbúðar“: til íbúðar fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, sem taldir eru í 2. málsg. 9. gr. laga nr. 87 19. júní 1933 (ábúðarlög). — Í húsaleigul. er eigendum áskilinn þessi réttur, en hann fellur burt með þeirri breyt., sem nú stendur til að verði gerð á l. Leiga á húsi til annarra er mjög hliðstætt mál við leigu jarða. Og í ábúðarl. er ákvæði í 9. gr. um það, hvenær jarðeigandi má segja upp jarðnæði, sem annars er í lífstíðarábúð. Það stendur hér í 9. gr. þeirra l., sem ég ætla að lesa upp — með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkja leiguliða hefur ábúðarrétt hans þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottinni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð

handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra til ábúðar, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi.“

Mér virðist þetta vera mjög hliðstætt, og það er a. m. k. áreiðanlegt, að sökum þess, að það eykur í raun og veru ekkert húsnæðið í bæjunum, þó að skipt sé um leigjanda, þá er eðlilegt, að húseiganda sé þó áskilinn sá réttur, að hann megi frekar velja nánustu vandamenn sína til þess að leigja þeim heldur en óviðkomandi mönnum. Hans réttur er í raun og veru nógu lítill, þó að honum sé veitt þetta. Þegar l. upphaflega voru sett, þótti þetta ákvæði eðlilegt, og þess vegna var mönnum þá heimilað að segja upp húsnæði til þess að leigja það vandamönnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Og sökum þess, að þessi breyt., ef brtt. mín væri samþ., raskar ekki neinu öðru í frv. en því, sem hún beinlínis er miðuð við, skv. því, sem ég hef tekið fram, vænti ég þess, að hv. d. samþ. hana.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins nokkur orð út af brtt. þeim, sem fran hafa komið við þetta frv.

Ég skal þá í fyrsta lag vika að brtt. á þskj. 48, frá hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann leggur til, að nokkuð verði rýmkað um ákvæði frv., er snerta umráðarétt húseiganda til þess að ráðstafa húseign sinni, þar sem sá hv. þm. leggur til, að í stað orðanna „til eigin íbúðar“ komi: til íbúðar fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, sem taldir eru í 2. málsg. 9. gr. l. nr. 87 19. júní 1933 (ábúðarlög). — Ef slík brtt. væri samþ., mundi það raska því fyrirkomulagi, sem vakti fyrir þeim mönnum, sem stóðu fyrir setningu þessarar löggjafar, því að þá yrði hægt fyrir húseigendur að fá til bæjanna vandafólk sitt, sem ætti heima utan kaupstaðanna, og láta það vera í sínu húsnæði. Og með því yrði rofin reglan um að láta húsnæðislausu innanhéraðsmenn sitja fyrir húsnæðinu í bæjunum, þegar um það er keppt af utanhéraðsmönnum gegn innanhéraðsmönnum. Af þessari ástæðu tel ég ekki rétt að leggja inn á þessa braut, sem hv. 5. þm. Reykv. ber fram brtt. um.

Út af brtt. hv. 1. þm. Rang. á þskj. 43 vil ég segja það, að ég hef fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, þótt sett séu skýr ákvæði um það, að það sé ekki einungis íbúðarhúsnæði, sem l. taki til, hvað snertir leigumálana, heldur sé þar líka um að ræða annað húsnæði, svo sem til verzlunar, iðnaðar og annars slíks. Ef menn telja, að þörf sé á að hafa sömu ákvæði um verzlunar- og iðnaðarhúsnæði eins og um venjulegt íbúðarhúsnæði, þá sé ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, að ákvæði séu sett um það í l. En það, sem vakti fyrir ríkisstj., þegar brhl. voru sett, var sérstaklega það að reyna að notfæra íbúðirnar, sem til voru í bæjunum, sem allra bezt fyrir húsnæðislausu innanhéraðsfólk.

Þá er brtt. á þskj. 46, frá hv. þm. V.-Sk. og hv. 1. þm. Rang., og var sú brtt. að nokkru leyti boðuð í ræðum þessara tveggja hv. þm. við hinar

fyrri umr. þessa máls. Þá lýsti ég því sama yfir sem ég lýsi yfir nú, að ég tel, að þetta, sem í brtt. er lagt til að samþ. verði, geti verið mjög vafasamt að setja í l., að settur sé upp einhver yfirdómstóll yfir húsaleigunefnd, sem gæti í mörgum tilfellum orðið til þess að seinka úrskurðum um ágreiningsmál, sem lögð væru fyrir þá nefnd, án þess þó, að því fólki, sem þar á hlut að máli, væri veitt nokkurt sérstakt aukid öryggi með því móti heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er á því, að húsaleigun. felli slíka úrskurði endanlega, og er þó undan því kvartað af hv. 1. þm. Rang., að seint komi þessir úrskurdir. Með þetta fyrir augum get ég fyrir mitt leyti ekki lagt með þessari brtt.

Þá er loks brtt. á þskj. 47, um heimild til þess að taka af þeim mönnum húsnaði til úhlutunar, sem hafa ákveðna stærð húsnaðis, reiknað eftir gólfplatarmetrum íbúðarherbergja. Ég lýsti því yfir við 1. umr. málsins, að þegar þessi mál komu til athugunar, fráði mér komið til hugar möguleikinn til að skammta húsnaðið í bænum. En við yfirvegum hef ég komið að þeirri niðurstöðu í málinu, að slíkt sé svo vandasamt verk, að ef út í það væri farið, væri hætt á því. að slíkt framkvæmd gengi ójafnt yfir gagnvart hús-eigendum, og ég gæti ekki lagt til, að farið yrði inn á þá braut að svo komnu máli. Og sérstaklega þótti mér rétt og sjálfsagt að fara þær leiðir einar fyrst, sem gert er ráð fyrir í brbl., og sjá, hverju mætti um þoka með því. Og nú held ég, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið úr Reykjavík, frá Ísafirði og úr Hafnarfirði, að brbl. þessi hafi beinlínis orðið til þess, að hægt var með nokkrum erfiðismunum að ná saman endunum í húsnaðismálunum í þessum bæjum. Það hafa að vísu skapast vandræði og óþægindi fyrir marga menn í sambandi við þessi mál, en slíkt ber alltaf að höndum, þegar skortur er á einhverjum nauðsynjum, eins og nú hefur verið á húsnaði. Mér er kunnugt um það hér í Reykjavík, að þetta hefur skapað nýgiftum hjónum ákaflega mikil vandræði. Þau hafa verið búin að tryggja sér húsnaði, og það hefur verið búið að segja upp fólki til þess að þau getu stofnað heimili; þetta hefur þannig komið mjög hart niður á fólki, sem hefur ætlað að stofna ný heimili. Ég tek þetta fram að gefnu tilefni í þessum umr., að það eru ekki aðeins eigendur húsanna, sem hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessara l. En samt sem áður hafa brbl. hjálpað mikið til þess að komast hjá þeim verstu vandræðum, sem yfir vofðu í mörgum bæjum landsins í þessum málum. Og þegar l. dugðu ekki ein út af fyrir sig hér í Reykjavík, þá var gripið til þess að reisa bráðabirgðabyggingar til þess að koma húsnaðislausu fólki undir þak. En ég hef nokkra von um það, að þegar þessi vetur er liðinn og ef ekki flyzt því fleira af fólki til Reykjavíkur, þá skáni svoltid ástandið í húsnaðismálum bæjarins og verstu vandræðunum í því efni verði þá afstýrt. En þó verður það því aðeins, að haldið verði rækilega áfram að byggja hentugt og gott húsnaði hér í bænum. Með verkamannabústöðum þeim, sem nú eru í smiðum hér í Reykjavík, á Ísafirði og í Hafnarfirði, ætla ég, að svoltid verði bætt úr vandræðunum í hús-

naðismálunum. En ef allt er með felldu, þá er það svo, þar sem bæir eru orðnir nokkuð stórir, að þótt ekki sé um aðflutt fólk til þeirra bæja að ræða, þá er alltaf þörf fyrir aukid húsnaði vegna margra nýrra heimila á ári hverju, sem stofnuð eru. Þess vegna er þörf á því í öllum þessum bæjum að gera ráðstafanir til þess að halda áfram sem mestum og beztum byggingum á nýjum verkamannabústöðum. Og ég álit það beinlínis skyldu yfirvaldanna á hverjum stað að greiða fyrir slíkum nýjum byggingum, eftir því sem unnt er, og stuðla að því, að bygging verkamannabústaða geti haldið áfram í bæjunum, og að þeir menn yfirleitt, sem treysta sér til að geta haldið áfram að byggja eins og þeir sjálfir kjósa, geti það, þannig að fyrir því verði greitt af hálfu viðkomandi bæjar og ríkis. Ég álit því, að það geti vel farið svo, ef hyggilega er á húsnaðismálunum haldið af ríkisvaldinu og yfirvöldum bæjanna, að ekki komi til aukinna vandræða frá því, sem nú er, heldur sé nokkur von til þess, að fram úr rætist um húsnaðismálin í þarjunum. en þó álit ég, að þetta verði því aðeins, að hinu opinbera sé ljós sú skylda að greiða fyrir þessu sem mest og bezt á hverjum stað. Vænti ég, að það verði í framtíðinni, og þá ætla ég, að ekki þurfi til þess neyðarúrreðis að gripa að skammta húsnaðið, sem mætti þó að vísu segja um, abstract skoðað, að ekki væri óréttlátt. En óneitælega yrði framkvæmd slíkra ráðstafana svo erfið, að ég treysti því naumlega, að hægt væri að framkvæma slíka skömmtun með saungirni þannig, að ekki mundi valda hinu mesta óngþveiti á þeim stöðum, þar sem hún færi fram. Mér eru mjög ljósir gallar á framkvæmd þess máls, og þess vegna vil ég ekki fara inn á þá leið fyrr en a. m. k. að ég sæi, að öll önnur sund til úrlausnar á húsnaðisvandræðum væru lokuð. En það er alls ekki svo í þessu efni, ef haldið verður áfram á sömu leið og nú er farin í byggingarmálum, að ástæða sé til að ætla, að öll önnur sund séu lokuð en þessi leið, að skammta húsnaðið.

*Sigurður Kristjánsson: Hæstv. félmrh. telur sig ekki geta mælt með brtt. minni á þskj. 48, sökum þess að með samþykkt hennar væri opnuð leið til þess að hús-eigendur söfnuðu í sín hús vandamönnum sínum, sem væru búsettir utan bæjar, og tækju þannig húsnaði frá mönnum, sem búsettir væru í bæjunum, sem þessum l. er ætlað að rýmka um húsnaði fyrir.

Sökum þess að þetta var eina ástæðan, sem hæstv. félmrh. færði fram fyrir því, að hann gæti ekki mælt með brtt. minni, og vegna þess að ég hygg, að þetta sé eina ástæðan fyrir því, þykir mér gott að geta upplýst það, að þessi afstada kemur bara af gleymsku hæstv. ráðh., því að í hans eigin brbl. og því frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt í 2. gr. girt fyrir þetta, því að sú gr. hefst með þessum orðum, — með leyfi hæstv. forseta:

„Hús-eiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnaði.“

Þetta er upphaf 2. gr. frv., en mín brtt. á við 1. mgr. 1. gr. og raskar á engan hátt 2. gr. frv.

Þess vegna geri ég ráð fyrir, að hæstv. ráðh. geti fallið á brtt. mína að þessu upplýstu.

Út af ummælum hæstv. félmrh. um brtt. á þskj. 46, frá hv. þm. V.-Sk. og hv. 1. þm. Rang., vildi ég segja það, að það er að sönnu alveg rétt, að slíkt fyrirkomulag mundi að einhverju leyti seinka úrskurðum. En það er engin leið að komast hjá því yfirleitt, að mál tefjist við það að fá rétta niðurstöðu. Og það er ekki næg ástæða til að vera á móti þessari brtt., að slík breyt. á l. kynni að tefja úrskurði og mundi gera það sennilega oft eitthvað lítils háttar. Hitt er aðalatriðið, að rétt niðurstaða fái st. Ég held, að það hafi verið ég, sem fyrst hreyfði því hér í hv. d., að nauðsynlegt væri, að hægt væri að áfrýja úrskurðum húsaleigun. Og ég get ekki séð, að það verði forsvarað í svona miklu hagsmunamáli, að vikið sé frá svo sjálfsgæri og algildri reglu að mega skjóta málum til annars úrskurðar, ef menn telja úrskurð rangan og skaða sig að verulegu leyti. Þar af leiðandi sé ég ekki, að það sé hægt fyrir hæstv. Alþ. að synja um þetta öryggi fyrir þá menn, sem þessi miklu hagsmunamál snerta. Og ég vildi vænta þess, að hv. þdm. sæju sér fært að vera einnig með þessari brtt.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég get verið hæstv. félmrh. þakklátur fyrir það, að hann getur fallið á þörf og framgang brtt. minnar á þskj. 43, og ætla ég því ekki að ræða hana.

Hins vegar telur hæstv. félmrh., að brtt. okkar hv. þm. V.-Sk. muni ekki koma að gagni eða hennar muni ekki þörf, en samþykkt hennar muni hafa í för með sér að seinka úrskurðum húsaleigun. Ég hygg, að þetta sé ekki á rökum byggt, vegna þess að það leiðir af sjálfu sér, að ef það er aðeins einn aðili, sem á að dæma í þessum mikilvægu málum og hafa þau þannig í hendi sér, að hann eigi einnig einn að úrskurða, hvað í þessum húsaleigul. felist, og þessi aðili hefur ekkert aðhald um nokkurt atriði viðkomandi skilningi á l. eða úrskurðum eftir þeim, þá á hann ekkert á hættu, sem getur aftur orðið til þess, sem ég veit dæmi um, að úrskurðir í þessum málum dragist vikum og mánuðum saman. Ef annað dómstig væri yfir húsaleigun. í þessum efnum, þá yrði það tekið til athugunar, hvort þessi dráttur hafi verið réttlátur eða réttmætur, og það væri ekki lítið aðhald fyrir n. til að hvetja hana til að hafa lokið úrskurðum sínum á réttum tíma. Ef ekkert yfirdómstig er yfir henni, hefur hún ekkert aðhald, hvorki um það að fella úrskurði á réttum tíma né heldur um það, hvernig úrskurðirnir eigi að vera. Og jafnvel þó að þetta ákvæði, sem ég legg til, að samþ. verði, yrði til þess að seinka úrskurðum í sumum tilfellum, þá yrði þessi breyt. þó mjög til bóta á því ástandi, sem nú er um framkvæmd húsaleigul., því ástandi, að menn fái úrskurðina oft bæði seint og ranga. Og ef ekki er nokkur vegur til þess að fá umbætur á húsaleigul. í þá átt að setja yfir n. yfirdómstig, sem skjóta megi úrskurðum n. til, þá viðhelzt sá háskalegi galli á þessum húsaleigul. að skapa húsaleigunefnd einræði í þessum málum. En þar, sem einræði skapast, kemur líka tilhneiging til handahófs. Og ef

þessi n. hefur ekkert ædra dómstig yfir sér, mun það leiða til handahófs. Þetta hefur mönnum skililzt á öðrum sviðum þjóðfélagsins, og það er sannarlega þörf á því, að mönnum skiljist þetta einnig hér, að þörf sé á yfirdómstigi í húsaleigumálunum yfir húsaleigun., því að á þessum tíma eru húsnaðismálin hin alviðkvæmustu mál, sem menn eiga mjög mikið undir, hvernig farið er með. Það er að mínu áliti engan veginn forsvaranlegt að setja ekki yfirdómstól yfir húsaleigun., jafnvel þó að það seinkaði dómum í sumum tilfellum. En ég álit, að slíkt yfirdómstig yrði aðhald fyrir n., sem yrði líka til þess að flýta úrskurðum, þegar n. veit, að hún hefur þann dómstól yfir sér, og meira aðhald og hvöt fyrir n. heldur en ef hún veit, að hún verði hvergi krafín reikningsskapar gerða sinna.

ATKVG.R.

Brtt. 48 felld með 11:8 atkv.

— 47 felld með 13:4 atkv.

— 46 samþ. með 11:6 atkv.

— 43 samþ. með 14:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJB, EOI, EystJ, FJ, GÐ, HG, HelgJ, ÍslH, JakM, JGM, JPálM, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, JörB.

nei: SK.

11 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, EE, EmJ, GG, GSv, HV, JÍv, ÖTh, ÞBr) fjarstaddir.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 50).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Og skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta frv. þarf ekki mikillar skýringar við. Á sínum tíma voru gefin út brbl. shlj. frv., sem lagt var fyrir hv. Nd. Húsnaðisvandræðin öllu því, að ríkisstj. fannst nauðsynlegt að gripa til óvenjulegra ráða. Brbl. voru út gefin eingöngu til þess að reyna að nota sem best það húsnaði, sem fyrir hendi var á hverjum stað, og þannig, að það væri fyrst og fremst fyrir íbúa staðanna. Það tókst að greiða úr verstu vandræðunum, eins og kunnugt er.

Ég skal geta þess, að í hv. Nd. komu inn í frv. þrjár breyt., í fyrsta lagi við 6. gr. frv., síðustu gr. þess, sem var 5. gr., um að við gr. þættist, að l. skyldu gilda til 15. júní 1942. Þegar sú brtt. var til umr. í Nd., lýsti ég yfir því, að ég álit ekkert athugasvert við það, þó að Alþ. undirstríkaði þann vilja sinn, að l. yrðu í gildi svo stutt sem hægt væri. En vel má svo fara í vor, að ekki verði hægt að afnema l. Ef Alþ. hefur ekki fyrir þann tíma framlengt þau, verður sú ríkisstj., sem þá situr, að rannsaka, hvort unnt sé að afnema þau. Komist hún að þeirri niðurstöðu, að ástandið hafi ekki batnað, er sjálfsgætt, að sú ríkisstj. framlengi brbl.

Þá var ný gr. sett inn í frv. í Nd., um yfirdómstól yfir húsaleigun. Ég lét þess getið í Nd., að ég gæti ekki mælt með þeirri till., því að hún

getur orðið til þess að seinka úrskurðum húsaleigu. Einkum mundu, þar sem yfirdómstóllinn ætti sæti í Rvík, úrskurðir fasteignanefnda utan Rvíkur dragast bagalega. Það var einu sinni talin góð lögræðileg regla, að betri væri fljótur vafasamur dómur en mikill dráttur. Ég vil spyrja hv. d., hvort hún vill ekki taka þetta atriði til athugunar.

Þar sem ástæða er til að ætla, að ekki sé eftir langur tími þings, vildi ég mælast til, að afgreiðsla frv. gengi sem fljótast. Ég vil ekki leggja til, að því verði vísað til n., en allshn. getur samt tekið það til athugunar.

Páll Zóphóníasson: Ég vil gera ráð fyrir, að hæstv. félmrh. hafi ekki beint á móti því, að málinu verði vísað til n., og vil því leggja til, að það fari til allshn. Ég vil biðja n. að athuga aðallega eitt atriði. Ákvæði 1. gr. ná aðeins til íbúðarhúsnæðis. En það er kunnugt, að sagt hefur verið upp íbúðum til að geta hækkað húsaleigu, og hér er mikið húsnæði fest sem skrifstofu-pláss til þess að reyna að komast undan ákvæðum 1. Stundum er um menn að ræða, sem þykjast reka sína starfsemi utan Rvíkur, til þess að komast undan útsvörum, en hafa húsnæði undir þann rekstur hér. Þá veit t. d., að heilt hús hér í bænum er fest undir slíkan rekstur. Vill ekki n. rannsaka, hvort ekki er hægt að þrengja að húsnæði manna, sem telja sig utanbæjarmenn. Ef n. óskar þess, skal ég nefna henni dæmi um slíka menn.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil taka það fram út af orðum hv. 1. þm. N.-M., að ég vil ekki hafa á móti því, að frv. fari til n., en ég vil óska, að n. hraði störfum sínum svo sem föng eru á.

En út af þeirri aths. hv. þm., að bann við að segja upp leigusamningum nái bara til íbúðarhúsa, skal ég geta þess, að við 5. gr. kom inn brtt. í Nd., sem átti að tryggja það, að tilgangi hv. 1. þm. N.-M. yrði náð: Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði o. s. frv.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 50, n. 58, 59, 60, 67).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er flutt af ríkisstj., hæstv. félmrh. Þetta eru brbl., útgefin 8. sept. s. l. Mál þetta kom fram í Nd. og hefur legið þar mestan hluta þess tíma, sem þingið hefur nú setið að störfum.

Um efni þessa frv. skal ég vera fáorður, en það dregur enginn í efa, að efni þess sé þess

eðlis, að brýna nauðsyn hafi borið til að setja þessi brbl. Og er ekki því að neita, að hið mikla vandræðaástand, sem skapast hafði, sérstaklega hér í Reykjavík, varð þess valdandi, að brbl. voru gefin út, þar sem ekki var langt síðan þingið hafði gengið frá breyt. á húsaleigul., sem reyndust ekki fullnægjandi til að bæta úr þörfinni.

Undir meðferð málsins í hv. Nd. tók frv. nokkrum breyt., en það voru aðallega 3 verulegar efnisbreyt., sem á því voru gerðar þar.

Allshn. þeirrar d. var sammála um að gera þá breyt., að l. skyldu gilda til 15. júní næsta árs, þ. e. a. s. brbl. Skilst mér, að þar hafi verið reynt að leiða saman ólík sjónarmið innan n. og þetta orðið niðurstaðan til samkomulags. En þótt þetta verði samþ., þá liggur það í hlutarins eðli, að ef l. verða samþ. nú, þá verða þau raunverulega að gilda til 1. okt. næsta árs í einhverri mynd.

Önnur veruleg efnisbreyt. komst inn fyrir tilstuðlan tveggja hv. þm., en hún er í því fólgin, að sett skuli á stofn yfirhúsaleigunefnd fyrir allt landið, 5 manna nefnd, eins og gr. hermir, en til þessarar n. á að vera hægt að vísa málum, sem húsaleigunefndir bæjanna hafa fjallað um. Hér er m. ö. o. gert ráð fyrir að stofna landsnefnd, sem eigi að vera nokkurs konar yfirdómstóll í þessum málum.

Þriðja breyt. er í því fólgin, að húsnæði, sem ekki er íbúðarhúsnæði, skuli ekki vera hægt að segja upp, nema eigandi þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig. Með þessu er gengið inn á nýja braut í þessum l., því að fram að þessu hafa l. fyrst og fremst fjallað um íbúðarhúsnæði, en með þessari breyt. er ætlað til, að l. nái til hvers konar húsnæðis, sem er til leigu. Mér skilst, að þessi till. hafi haft svo mikið fylgi í Nd., að það megi líta svo á, að sú d. sé nokkurn veginn á þeirri skoðun, að inn á þessa braut beri að halda.

Þegar málið kom hingað til d., var því beint til allshn. að hraða afgreiðslu þess sem mest. N. kom saman á skyndifund og var sammála um að mæla með þessari löggjöf yfirleitt. Þó skrifuðu 2 nm. undir nál. með fyrirvara, og flytja þeir brtt. á þskj. 59 og 60. Skal ég síðar gera grein fyrir minni brtt., en geri ekki brtt. á þskj. 60 að umtalsefni.

Eftir að þessi afstaða var tekin hjá n., kom hæstv. félmrh. að máli við okkur og taldi, að stefna mundi til öngþveitis, ef frv. gengi fram óbreytt. Mér er kunnugt um, að húsaleigunefndin hér telur sér ekki unnt að starfa, ef breyt., sem felst í 4. gr., verði samþ., en sú gr. gengur út frá, að öllum úrskurðum húsaleigunefndar megi áfrýja til yfirnefndar. Við nánari athugun á l. eins og þau eru frá síðasta þingi má sjá, að þskj. 6. gr. þeirra l. er það fyllilega tilætlun löggjafans, að úrskurðum húsaleigunefndar, sem snerta allt annað en mat á húsnæði, megi áfrýja til fótgaréttar og síðan til hæstaréttar, ef þurfa þykir. Ég held, að með þessu móti sé réttur almennings tryggður. Ef nú væri búið til 4. dómstigið í þessum málum, þ. e. þessi yfirhúsaleigunefnd. mundi það tefja svo fyrir öllum úrskurðum, að vandræði hlýttust af. N. tók þetta til at-

hugunar og ber fram brtt. á þskj. 67 bæði hvað snertir þessa gr. og 2. gr.

Skal ég þá vika að brtt. n. Eins og ég gat um, hefur í Nd. komið inn nýtt ákvæði í frv. við 5. g., en í 1. gr. er í raun og veru vikið að því sama. N. fannst betur fara á að samræma þetta í eina gr. og tekur þar undir till. Nd., að óheimilt sé að segja upp hvers konar húsnæði, nema leigusali hafi þess brýna þörf fyrir sig eða skyldmenni í beinni línu, þ. e. föður, móður, börn eða fösturbörn, og sé það lagt undir dóm húsaleigunefndar. Önnur brtt. n. við 4. gr. gerir ráð fyrir, að yfirhúsaleigunefnd verði skipuð eftir því, sem Nd. hefur gert ráð fyrir, en verksvið þeirrar n. sé aðeins að vera yfirmatsnefnd á mati húsaleigunefndar á húsnæði, þar sem 6. gr. 1. gerir ráð fyrir, að öðrum úrskurðum húsaleigun. megi áfrýja til fógetaréttar, eins og ég hef áður lýst.

Í samræmi við 1. brtt. leggjum við til, að 2. málsg. 5. gr. falli niður. Um þessar breyt. hefur allshn. orðið sammála, og ég skal taka fram, að hæstv. félmrh. hefur einnig fallið á þær, en hins vegar er mér allendis ókunnugt um, hvornig afgreiðslu málið kann að fá í Nd., ef þessar breyt. verða samþ. hér. Loks vil ég gela þess, að verði till. n. samþ., mun ég taka mína brtt. á þskj. 59 aftur, en verði till. n. felldar, óska ég eftir, að hún komi til atkv., og vænti því, að hún verði borin upp á eftir till. nefndarinnar.

Um till. á þskj. 60 skal ég ekki fjölyrða fyrr en ég hef heyrt hv. flm. gera grein fyrir henni, en mér er óhætt að segja, að meiri hl. n. er henni ekki samþykkur.

*Magnús Gíslason: Eins og hv. frsm. tók fram, var allshn. öll sammála um að leggja til, að þetta frv., eins og það kom frá Nd., næði samþykki þessarar d. með þeim breyt., sem n. leggur til á þskj. 67. En tveir mm. skrifuðu undir nál. með fyrirvara, og var ég annar þeirra. Enda þótt ég legði til, að frv. yrði samþ., þá get ég ekki sagt, að ég sé fyllilega ánægður með ýmis ákvæði frv. Sérstaklega er það eitt ákvæði, sem sett var inn í Nd., sem mér finnst, að orki tvímælis, hvort rétt sé að lögfesta eins og nú stendur. Þetta er ákvæðið um, að húsaleigul. skuli nú einnig ná til alls húsnæðis, án tillits til þess, hvort um íbúðarhúsnæði er að ræða. L. hafa frá byrjun verið takmörkuð við íbúðarhúsnæði, og mér er mikil spurn, hvort nokkur nauðsyn hafi verið að útvikka valdsvið 1. Að ég samt lagði til, að frv. væri samþ., stafar af því, að uppistaða frv. er hrbl., sem ríkisstj. gaf út og hafa verið framkvæmd um tveggja mánaða skeið og á grundvelli þeirra kveðnir upp fjölda margir úrskurðir. Ef hrbl. verða ekki samþ., eru þau fallin úr gildi. Yrði þá að taka upp nýja framkvæmd, sem kæmi í hága við það, sem gert hefur verið í tvo mánuði. Þetta mundi hins vegar skapa glundroða, sem ekki væri við unandi. Þess vegna tel ég sjálfsgagt, að frv. nái fram að ganga, jafnvel þótt nokkrir anmarkar séu á því.

Það er í rauninni aðeins ein efnisbreyt., sem n. hefur lagt til. Hitt eru meira breyt. til að laga formið.

Í húsaleigul. eru ákvæði, sem ekki verða skilin

öðruvísi en að úrskurðum húsaleigunefndar varðandi mat á húsaleigu verði ekki áfrýjað, en hins vegar er hægt að bera úrskurði húsaleigunefnda skv. 2. gr. húsaleigul. um það, hvort menn skuli vika úr húsnæði eða ekki, undir dómstólana. Nú álitum við, að ef gr. um yfirhúsaleigunefnd ætti að standa, þá yrði annaðhvort að fella þetta ákvæði niður eða gera þá breyt., sem við leggjum til, vegna þess að það getur ekki hafa verið meining Nd. að bæta hér við einum nýjum „instans“, því það er ekkert vit í að hafa þarna 4 „instansa“, fyrst undirhúsaleigunefnd, yfirhúsaleigunefnd og svo dómstólana, bæði undirrétt og hæstarétt. Við getum ekki skilið annað en það sé rétt að láta ákvæðið halda um, að það megi skjóta úrskurðum húsaleigunefndar undir dómstólana, enda ætti að vera enn þá meira öryggi í því en að skjóta því undir úrskurð þessa yfirmats. Þess vegna töldum við rétt, til að taka af tvímæli, að bæta inn í 4. gr. ákvæði um þetta, til þess að glöggst væri, hvað um væri að ræða, þ. e. a. s., að til þessa yfirmats yrði eingöngu skotið úrskurðum um mat á húsaleigu. Enda er þetta í samræmi við það, sem tíðkast í annarri löggjöf. Það þarf ekki annað en nefna eignarnám, þar sem metnar eru bætur fyrir eignarnám; það er ekki horið undir dómstólana, heldur aðeins réttmæti þess, að eignarnám megi fara fram. Hitt er komið undir mati, sem hvor aðili getur heimtað.

Vegna þess að þær brtt., sem n. ber fram, eru þess eðlis, að húast má við, að þær verði samþ., — en ef svo fer, þarf málið að fara aftur til Nd., — þá vildi ég freista að bera fram eina brtt. á þskj. 60. Ég vil hins vegar taka það fram, að ef svo færi, að þessar till. n. yrðu felldar, þá mun ég taka mína till. aftur.

Þessi till. er á þá leið, að ákvæði húsaleigul. yfirleitt, bæði þessa frv. og fyrri 1., skuli ekki taka til íbúðarhúsa, sem eru í smíðum, þegar 1. öðlast gildi, og síðar kunna að verða reist.

Ég skal skýra, hvað fyrir mér vakir með þessari till. Mér skilst, að tilgangur húsaleigul. sé aðallega tvenns konar, í fyrsta lagi að bæta úr húsnæðisvandræðunum og í öðru lagi að sporna við því, að húsaleigun sé sett óhæfilega hátt. En ef fyrri tilganginum verður náð, með því að bæta að fullu úr húsnæðisvandræðunum, þá má segja, að síðari tilganginum sé líka náð, því ef nægilegt húsnæði er í framboði, er augljóst, að húsaleigan leitir líka jafnvægis. Það er þess vegna ekki hætt á því, eftir að nægilegt húsnæði er fyrir hendi, að húsaleigunni verði ekki stíllt í hóf, en það stafar af því, að verðlag á húsnæði fylgir sama lögmáli og verðlag á öðrum verðmætum, það miðast við hlutfallið milli framboðs og eftirspurnar. Sé framboðið mikið, lækkar húsaleigan, en sé það lítið, hækkar húsaleigan. Þessi húsaleigul. voru sett vegna þess að menn óttuðust, að til slíks kynni að koma. En í húsaleigul. eru líka ákvæði, sem eiga að miða að því að bæta úr húsnæðiseklunni. Þessi fyrirmæli eru ekki sérstaklega merkileg, en þau hníga þó í þessa átt, þar á meðal eru ákvæði um, að ekki megi nota íbúðarhúsnæði til annars en íbúðar, enn fremur að húseigendur verði að takmarka húsnæði, sem þeir nota sjálfir, og loks að ef

húsnæði stendur autt, þá er heimilt að taka það fyrir íbúð, ef þörf krefur. Þetta munu vera aðal-ákvæði í húsaleigul, sem miða að því að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en önnur ákvæði þeirra, svo sem um mat á húsaleigu og um það, að ekki megi segja upp húsnæði, ganga í öfuga átt og miða að því að hindra, að úr húsnæðisvandræðunum verði bætt eins fljótt og annars væri kostur, því það er gefið, að l. hljóta að draga mjög úr áhuga manna til að leggja fé sitt í húsaþyggingar. Þetta er ekki nema eðlilegt, þar sem menn geta búizt við að fá ekki einu sinni vexti af peningum sínum, og svo þegar húsið er komið upp, þá hafa menn ekki einu sinni umráðarétt yfir því og geta ekki ráðstafað því sem sinni eign. Til þess að bæta úr þessum vandræðum eru ekki önnur ráð en auka byggingar að miklum mun. Við vitum allir, hvernig ástandið er. Það þarf ekki að lýsa því. Sérstaklega er ástandið vont hér í Reykjavík, þar sem bæjarstjórnin hefur orðið að gripa til þess ráðs að byggja bráðabirgðabúðir til þess að koma fólki í hútaskjól. Þessi hús kosta mikið og eru þar að auki óhentug, þar sem ekki er ætlað til, að þau standi nema skamma stund, og sú vinna, sem fer í byggingu þeirra, fer þar af leiðandi forgörðum, vegna þess að þau verða rifin aftur.

En nú skulum við athuga, hvaða áhrif það mundi hafa, ef gengið yrði inn á þá braut, sem mín till. gerir ráð fyrir. Fyrst er spurningin um það, hvort það sé forsvaranlegt á þessum tímum að verja fé til þess að setja í húsaþyggingar eða hvort löggjöfin eigi að stuðla að því, að slíkt verði gert. Við vitum, að það er mikið talað um það peningaflóð, sem nú streymi inn í landið, og þá hættu, sem menn telja, að geti stafað af því, að þetta fé sé ekki notað á réttan hátt, og hvaða ráð eigi að taka upp af hálfu ríkisvaldsins til þess að beina þessu fjármagni í réttan farveg. Það eru margar till. uppi um þetta. Sumir vilja hækka beina skatta og ná sem mestu af þessu fé í ríkissjóð, aðrir vilja koma á skyldusparnæði. Ég skal ekki fara út í umr. um þessi mál almennt, en skal geta þess, að ég er þeirrar skoðunar, að bezta og heppilegasta lausn þessa máls væri sú, ef hægt væri að nota þetta fé til þess að breyta því í arðbær verðmæti, sem gætu komið allri þjóðarheildinni að sem mestum notum. Á ég þar fyrst og fremst við, að þessir peningar yrðu notaðir til kaupa á ýmsum tækjum, sem gætu orðið til að tryggja atvinnurekstur landsmanna og til að auka ræktun, og hvers eins, sem gæti orðið til að tryggja betur lífsafkomu þjóðarinnar í framtíðinni. Þetta er það bezta. En í annarri röð tel ég hiklaust, að koma eigi húsaþyggingar. Okkur vantar hús, og það rekur fljótlega að því, að við þurfum að setja mikið fé í húsaþyggingar. Án þess að hafa sæmleg húsakynni getum við ekki lifað sómasamlegu lífi í framtíðinni. Þess vegna er það engin hættu, þótt þessu fjármagni verði heint inn á þá braut að leggja það í byggingar, en til þess að það verði gert, má löggjafarvaldið ekki gera sitt til þess að hindra það, að fjármagnið fái að streyma eftir þessum leiðum, en það er einmitt það, sem hefur verið gert með húsaleigul. Það má auðvitað benda á það, að húsaleigan yrði

eitthvað hærri í þessum húsum, ef það væri ekki háð eftirliti, en þó er líklegt, að það yrði ekki tilfinnanleg hækkun, þar sem nú er svo ákveðið, að húsaleigunefnd skuli, við mat á leigunni í nýjum húsum, taka nokkurt tillit til byggingarkostnaðarins. Hins vegar mun leigan lækka undirrens og húsum fjölgar og framboð eykst. En ég verð að segja, að ef á annað borð á að meina utanbæjarmönnum að setjast að í Reykjavík eða annars staðar en í þeirra sveit, þá þykir mér eiga miklu betur við að setja um það sérstök lög heldur en að nota húsaleigul. til að koma þessu fram.

Ég vil að endingu segja, að aðaltilgangurinn með húsaleigulöggjöfinni hlýtur að vera sá, að reyna að bæta úr húsnæðisvandræðunum, og það verður ekki gert með öðru en að auka húsaþyggingar. Og það er skylda löggjafans að stuðla að því, og það verður að styrkja einstaklinginn til framkvæmda í þessu skyni, í staðinn fyrir að leggja stein í götu manna eins og gert er með l. þessum.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég þarf ekki að tala langt mál um þetta frv. Ég get lýst yfir því, að ég er samþykkur brtt. á þskj. 67 og get í þessu sambandi látið mér nægja að visa til skýringa þeirra, sem fram hafa komið hjá allshnm. um till. hv. 2. og 11. landsk. En ég vil aðeins taka fram um 1. brtt. á þskj. 67 og ég tel það engum vafa undirorpið, að eins og l. um húsaleigu eru nú, er heimilt að skjóta til dómstólanna úrskurði húsaleigunefndar um ágreiningsatriði, sem hana varðar. Þetta er beinlínis tekið fram í niðurlagi 6. gr. húsaleigul., þar sem segir, að húsaleigunefnd úrskurði ágreiningsmál út af uppsögn á húsnæði og megi skjóta úrskurði hennar til dómstólanna. Mér er sagt, að því sé haldið fram, að fúgetaréttur teldi sig bundinn við úrskurð húsaleigunefndar, en ég get ekki séð, að það fái staðizt, og ég tel, að dómstóll geti úrskurðað um það eftir l. eins og þau liggja nú fyrir. Ég get ekki sagt með vissu, hvort dómur hafi gengið í hæstarétti um þetta atriði, en það virðist svo sem dómstólarnir geti breytt úrskurði húsaleigunefndar. Er því næsta einkennilegt að hafa í þessum málum 4 dómstig, í staðinn fyrir að dómstig í almennum málum eru aðeins tvö, undirréttur og hæstiréttur. En hér dæmir fyrst húsaleigunefnd, þá héraðsdómur, fúgetaréttur og loks hæstiréttur. Þó að þessi mál kunni að vera vandasöm, virðist undarlegt að hafa fleiri dómstig í þessum málum heldur en öðrum. Af þessum ástæðum er brtt. allshn. fullkomlega á rökum reist.

Ég get ekki verið sammála brtt. á þskj. 60, frá hv. 11. landsk. þm., og liggja til þess ýmsar ástæður. Ég tel óeðlilegt að taka nýbyggingar undir ákvæði hinna almennu húsaleigul. Í fyrsta lagi virðist engin ástæða til að láta utanhéraðsmenn sitja fyrir bæjarmönnum, þegar um ný hús er að ræða, meðan húsnæðisvandræðin eru svo mikil í bæjum og kaupstöðum. Í öðru lagi eru ákvæði húsaleigul. um að halda húsaleigunni niðri ein af þeim öryggisríku dýrtiðarráðstöfunum, sem gerðar hafa verið hér á landi. Ef þau væru ekki látin ná til nýbygginga, má búast við,

að leigan í þessum húsum fari upp úr öllu valdi, og þá væri næsta óeðlilegt, ef löggjöfin leyfði slíkt. Nú hafa margir menn miklar tekjur, og ef þeir í slíkum húsnæðisvandræðum ættu kost á nýjum húsum, mundu þeir í vandræðum sínum ekki sjá í skildinginn og gangast inn á að greiða háa húsaleigu, þar sem slík viðskipti væru ekki lögbundin.

Þá má í þriðja lagi benda á, að hægt væri í „spekulations“-augnamiði að láta ný hús standa að um langt skeið, án þess að nokkur geti að gert, og virðist það vera óeðlilegt, þegar fjöldi manns skortir húsnæði.

Í fjórða lagi: Þegar húið væri að koma upp slíkum íbúðum, mætti breyta þeim í búðir, ef umráð manna yfir þeim væru frjáls og óháð. Grundvallarástæða hv. 11. landsk. þm. fyrir þessari till. var sú, að húsaleigul. væru fjótur um fót einstakra manna til að byggja ný hús, og væri varla hægt að búast við byggingum, ef ný hús féllu undir ákvæði húsaleigulaganna. En reynslan sýnir, að þrátt fyrir gildandi ákvæði um húsaleigu, þá er byggt meira í Rvík nú heldur en nokkurn tíma áður hefur verið gert. Þetta sýnir, að menn eru óhræddir við að byggja, þó að húsaleigul. séu í gildi, enda hef ég ekki orðið var við nokkrar umkvartanir frá eigendum nýrra húsa út af leigumati húsaleigunefndar. Ég hygg, að n. sýni mikla sanngirni í þessum málum, og hafði ég í viðtali við hana fyrir ári síðan minnst á, að þess þyrfti að gæta, að eigendur nýrra húsa töpuðu ekki á þeim. Hefur þessa atriðis verið fullkomlega gætt af nefndinni. Fyrir þessar sakir hlýtt ég að mæla gegn brtt. hv. 11. landsk. þm., en með brtt. hv. allshn. á þskj. 67.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hygg, að hv. Nd. hafi vitað vel, hvað hún var að gera, þegar hún samþ. breyt. á brbl., sem felast í 4. gr. frv. eins og það er á þskj. 50. En þar segir, að skjóta megi úrskurði húsaleigunefndar til yfirhúsaleigunefndar. Ég held, að þær brtt. allshn., sem eru um þetta ákvæði, séu ekki til bóta. Það hefur komið fram ágreiningur um, hvernig skilja beri ákvæði 4. gr. húsaleigul., hvort skjóta megi til dómstólanna, þegar um er að ræða ágreining um uppsögn á húsnæði eða því um líkt og fógetaréttur hefur ekki talið sig hafa rétt til að breyta ákvæðum húsaleigunefndar. Skv. þessu ákvæði er mælt svo fyrir, að skjóta megi slíkum ágreiningi til dómstólanna, en hlíta verður honum, unz dómur er fallinn. M. ö. o.: úrskurður húsaleigunefndar á að gilda og honum verður að hlíta, þar til dómur er fallinn fyrir dómstóli hæstaréttar. Nú getur slíkur málarekstur orðið ærið tafsamur, og þegar dómur loks fellur, getur farið svo, að hann yrði litils virði fyrir þá, sem þar reka réttar síns. Þess vegna álit ég, að það sé nauðsynleg trygging, sem sett var inn í l. af hv. Nd., og mun því standa á móti brtt. hv. allshn. á þskj. 67.

***Magnús Gíslason:** Það voru aðeins nokkur orð um aths. hæstv. félmrh. út af brtt. minni. Hann hefur hent á það sem rök á móti þessari brtt., að nú sé mikið byggt í Rvík. Má vel vera, að

svo sé, en þó eru húsnæðisvandræðin svo mikil, að nú verður að grípa til þeirra ráða, sem ekki hefur verið gert síðan í síðasta stríði, að bærinn verður að koma upp bráðabirgðaskýlum í þessum tilgangi. Má vera, að meira sé byggt nú en venjulega. Menn, sem eru húsnæðislausir, reyna að koma upp húsnæði fyrir sig, en það er engin sönnun fyrir því, að ekki yrði meira byggt, ef lögin næðu ekki til nýbygginga. A. m. k. verður ekki takmarkinu náð með þessum l., nema byggingar verði stórum auknar.

Hæstv. félmrh. sagði ein fremur, að svo gæti farið, að þeir, sem byggðu slík hús, létu þau standa ónotuð í „spekulations“-augnamiði. Það er nú svo dýrt að byggja hús, að það væri einkennileg „spekulation“ að láta þau standa ónotuð. Ég er þess fullviss, að auknar nýbyggingar munu einar geta bætt húsnæðisvandræðin, og með till. minni eru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þeim tilgangi að leysa þessi vandamál sem fyrst.

ATKVGR.

Brtt. 67,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 59 tekin aftur.

— 67,2 samþ. með 11:2 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 67,3 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 60 felld með 9:4 atkv.

6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 73).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 26. fundi í Nd., 20. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði horizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Eins og hv. þm. er kunnugt, þá fór þetta mál um húsaleiguna til Ed. með ákvæðum í viðbót við brbl., er voru samþ. hér í hv. d., og var 4. gr. ný í frv. Þessi 4. gr. var um stofnun yfirstigs í húsaleigumati. Það var, eins og allshn. þekkir, skoðun meiri hluta þm. hér í d., að nauðsyn væri á yfirdómstól yfir húsaleigun. Þeim, sem eru í landinu, því l. væru svo úr garði gerð, að ekki mætti við hlíta, enda dæmi til, að gengið hafi í handaskolum hjá ýmsum n. um þessi mál. Þessi breyt. hafði svo verið sett í frv. hér í d. Þannig var málið vaxið, að ekki var ætlað til, að neitt yfirmat væri á húsaleigunni sjálfri, því utan Reykja-

vikur var þess engin þörf. Aðalatriðið var, að þær ákvarðanir, sem n. tóku í húsaleigumálunum, gátu orkað tvímælis og voru oft beinlínis ranglátar. Nú er, eins og l. verða skilin, ekki neinn dómstóll, sem gat hrundið ákvörðunum n., hversu óréttmætar sem þær voru.

Nú hefur Ed. þvert ofan í okkur, bætt inn í upphaf gr. ákvæðum, sem gera tilgang okkar í málinu alveg einskisverðan. Það er óhæft að láta húsaleigun. alveg einráðar í þessum efnun og setja mönnum reglur um, hvernig þeir eigi að lifa í landinu, þegar svo þar við bætist, að í mörgum n. úti um land hafa nm. enga lögfræðibekkingu. Hvernig á slíkt að geta staðizt til lengdar? Fyrir þessar sakir var þessi breyt. gerð, og ef það á að standa, sem Ed. hefur sett inn í frv., þá væri betra að fella gr. alveg niður. Nú hefur Ed. lokað fyrir sig og hyggst með því að stöðva aðgerðir Nd., en mér finnst ekki eiga að taka tillit til þess, því þetta þarf fram að ganga, og þess vegna höfum við komið hér með brtt., sem á að fella þau ákvæði, er Ed. hefur samþ.

Ég hugsa, að hæstv. félmrh. segi, að þá séu l. fallin, en það er mjög einfalt að gefa út brbl. aftur um þessi mál. En hvað um það, þá er það okkar eindregna ósk, að þessi hv. d. samþ. brtt., því ef það verður ekki gert, þá er verr farið en heima setið.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég tel ekki alls kostar rétt það, sem hv. þm. V.-Sk. sagði um, að eigi sé hægt að áfrýja úrskurði húsaleigunn., því í 6. gr. l. er tekið skýrt fram, að slíkum úrskurði megi skjóta til æðri dómstóla, enda er það stundum gert. Húsaleigun. hér í Reykjavík hefur í haust fellt um tvö hundruð úrskurði, þar af hefur þrjátíu verið áfrýjað, í flestum tilfellum til fógætaréttar, en tveimur úrskurðum hefur verið áfrýjað til þæjarþings Reykjavíkur, og þeir gengu út á það, að menn skyldu kyrrir vera. Annar þeirra er nú um það bil að fara fyrir hæstarétt. Dómstigin í þessum málum eru því þrjú. Í fyrsta lagi húsaleigun., í öðru lagi undirréttur og í þriðja lagi hæstiréttur. Skv. nágildandi l. eru dómstigin hér aðeins tvö, það er undirréttur og hæstiréttur, en í húsaleigumálunum eru þau þrjú. Þess vegna finnst mér algerlega óþarft það, sem hv. þm. V.-Sk. fer fram á, að bæta við fjórða dómstiginu, svo þau verði helmingi fleiri en venjulega. Ég held, að menn geti látið sér nægja að hafa þau einu fleira, því lokadómstóllinn í háðum tilfellunum verður sá sami, nefnilega hæstiréttur. Ég sé því enga ástæðu til að vera að koma með brtt. við þetta, þegar Ed. hefur verið lokað, því þetta breytir í rauninni engu, þar sem lokadómstóllinn er og verður ávallt sá sami.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég vissi alltaf, að hæstv. félmrh. mundi kveinka sér undan brtt. minni, og er það ekki nema von, þegar hann stendur að þessum brbl. En ræða hans var alveg byggð á misskilningi, því að þótt þess sé getið í húsaleigul., að áfrýja megi til æðri dómstóla, þá þýðir það engan veginn það, að dómstólarnir ákvarði neitt um það, sem húsaleigun. hafa gert. Það, sem þeir gera, er að rannsaka málavöxtu.

En það, sem húsaleigun. eða nefndir, sem úrskurða í húsaleigumálum, hafa ákveðið með sínum fullkomna löglega rétti um það, hvað fram skuli fara í einu eða öðru, það taka dómstólarnir yfirleitt ekki til meðferðar, heldur hitt, hvort þessar n. hafi farið löglega að. Og það er misskilningur hjá hæstv. félmrh., ef hann heldur, að það sé eingöngu kallað mat, sem ákveður um upphæð á húsaleigu. Svo er ekki, heldur er þar einnig átt við úrskurði um það, hvernig skuli fara með húsnæði, svo sem það, hver skuli hafa réttinn til að nota það, en einnig, hver leigumálinn skuli vera. En það síðast talda er það auðveldasta viðfangs af þeim málum, sem til úrskurðar geta komið, með því að í raun og veru er það lögfest, hver leigumálinn sé. Og þó að menn hafi komið þessum málum til dómstóla, þá er það um mat og ákvæði um upphæðina að segja, að í því sambandi úrskurða dómstólarnir aðeins um það, hvort löglega hafi verið að farið hjá þeim n., sem úrskurðina hafa fellt, og þeir leiðrétta því aðeins upphæðina, ef ekki hefur verið löglega að farið. En um allar aðrar ákvarðanir um húsnæði er það að segja, að þeim telja dómstólarnir sér ekki skylt að breyta, heldur samþ. þeir það, sem n. hafa gert, svo framfarlega að þær hafi farið löglega að. En yfirmatsnefnd hefði skyldu — ekki aðeins rétt, heldur skyldu — til þess að rannsaka allar aðfarir og ákvarðanir húsaleigun. og breyta þeim eftir vild. Hér er því ekki verið að skapa það dómstig, sem áður sé til. Hins vegar er sjálfgefinn rétturinn til að vísa þessum málum til dómstólanna, þó að það hafi verið minnst á þann rétt hér í þessum l., eins og til að milda það fyrirkomulag að hafa ekki það yfirdómstig, sem menn eiga fyllsta rétt á að hafa í þessum málum.

Í annan stað er þess að geta, sem hæstv. félmrh. þar fram, að hér í Reykjavík væri þessu vel fyrir komið. Ég tel það vel farið, að húsaleigun. hér er svo skipuð, að í henni eru menn með fullkomna lögfræðibekkingu, og þeir, sem í n. eru, eru vanir lögfræðilegum úrskurðum. En það var einmitt með þetta fyrir augum, að boðið var upp á, að þetta ákvæði um yfirmatsn. í þessu efni gildi aðeins um þær n. utan Reykjavíkur, sem færu með húsaleigumál, því að þar var framkvæmd þessara mála ábótavant. Það er svo, því miður, um landið þvert og endilangt, að þar eru þessar n. víða ekki skipaðar neinum manni með lögfræðibekkingu, og því er mjög hætt við því, þó að þetta séu annars góðir menn, að þeir verði fyrir ýtingi og áróðri, þar sem þeir hafa ekki löfgræðibekkingu að styðjast við. En yfirmatsn. í slíkum málum er ætlað að vera algerlega óháðum og þeim ekki ætlað að þurfa að taka tillit til neins annars á hverjum stað en þess, sem er sanngjarnt og löglegt.

Nú höfum við, sem berum fram þessa brtt. á þskj. 77, til þess að færa frv. til sama forms sem það hafði áður, ekki viljað fara lengra út í að breyta því, því að brtt. er fullnægjandi. Ef hún verður samþ., gildir sú lagabreyt. fyrir Reykjavík einnig, og það er enginn ágalli, þó að maður geti hins vegar sagt, að það sé ekki mest þörf á því að láta slíka breyt. gilda vegna Reykjavíkur. En hv. þingmenn vildu ekki gera

mun á Reykjavík og öðrum stöðum á landinu í l., þannig að þetta ákvæði, ef samþ. verður, gilti ekki fyrir Reykjavík.

En svo er þessu algerlega umhverft, því að nú á yfirmatið eftir frv. aðeins að gilda um það atriði, sem ekki þarf að hafa þetta yfirmat um, húsaleiguna, og enginn hefur óskað eftir ákvæði um yfirmat um, enda þótt hér í Reykjavík hafi verið áfrýjað úrskurðum húsaleigun. Húsaleigan sjálf er það atriði, sem minnst er um deilt, vegna þess að það vita allir, hver leigan á að vera, samkvæmt þeirri löggjöf, sem er í gildi þar um, og viðbótarákvæðum síðar, svo sem ákvæðum um hækkun eftir vísitölubreyt., og eg fullyrði, að við það munu allir setta sig að fara eftir þeim l. og viðbótarákvæðum. Það er ekki til neins að vera að elta það, þó að menn vilji ekki una því, sem verður eftir l. að standa. Og það er skiljanlegt um þá, sem verða fyrir barðinu á þessum l. að því leyti sem húsaleiguupp-hæðina snertir. En hér er aðeins verið að bera blak af þeim, sem verða fyrir úrskurðum n., en eiga að hafa húsnæðið. Þess vegna vil ég alvarlega skora á hv. þdm. að halda fast við það, sem þeir áður hafa samþ. og er það eina, sem að haldi kemur.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það getur vel verið, að mér takist ekki að sannfæra hv. þm. V.-Sk. En þó er ég alveg viss um það, að ef hann hefði ekki upphaflega í sig bitið þessar mjög svo hæpnu skýringar á löggjöfinni, þá mundi hann hljóta við rölega ihugun að komast að sömu niðurstöðu og ég. því að það verður engin önnur rétt niðurstaða í þessu máli fundin. Það er alveg skýrt eftir húsaleigul., að úrskurði húsaleigun. má skjóta til dómstólanna. Þar má sækja og verja þessi mál af beggja hálfu og koma með gögn og skýringar í málinu fyrir dómstólunum. Síðan fella dómstólarnir sína úrskurði, annaðhvort sem staðfestingu á gerðum húsaleigun. eða til þess að umturna þeim gerðum, vegna þess þá, að dómstólarnir sannfærast um, að þær hafi verið rangar. Dómstólarnir eiga að dæma eftir l., og ef eftir l. eru gerðir rangir úrskurðir, þá eiga dómstólar að fella þá úr gildi. Og sú hefur orðið raunin á, að 15% af þeim úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp af húsaleigun., hefur verið áfrýjað til dómstólanna, og einn þeirra hefur farið til hæstaréttar. Og í því máli, sem ég gat um, að hefði farið til hæstaréttar, var það svo, að húsaleigun. hafði úrskurðað eitt og héraðsdómur annað. En nú bíður það úrskurðar hæstaréttar, hvor hafi haft réttara fyrir sér, húsaleigun. eða héraðsdómurinn. Því verður ekki á móti mælt, að málum sé þannig fyrir komið. Og þó að einu nýju dómstigi sé bætt við, með því að skjóta því inn á milli, þá stendur sá almenni réttur laganna, sem orðaður er í 6. gr. l., að það er rétt alls staðar að fara fyrir reglulegan dómstól með málin. Og það er aðgætandi líka, þegar um er að ræða dómstig í þessu sambandi, að húsaleigun. er í sjálfu sér dómstóll, sem settur hefur verið á laggirnar í þessum málum, sem ber að fara eftir húsaleigul. og miða úrskurði sína við þau l. Og heimilt er skv. l. að koma á fót dómstól í kaup-

tunum úti um land, sem hafa yfir 300 íbúa, til þess að dæma í þessum málum, alveg eins og landamerkjadómur eftir sérstöku l., þar sem héraðsdómari er oddviti dómsins. En t. d. um húsaleigun. í Reykjavík, þar útnefdir hæstiréttur formann, sem skal vera lögfræðingur, og svo eiga að vera meðdómendur, sem geta verið leikmenn eða lögfræðingar. Og eins er um sjódom og verzlunardóm sem um landamerkjadóm, að formaður dómsins er viðkomandi héraðsdómari, en meðdómendur eru menn, sem geta unngengir slíkum málum, hvort sem þeir eru lögfræðingar eða ekki, og þessir tveir meðdómendur geta ráðið niðurstöðu sjó- og verzlunardóms.

Ég vil segja út af því, sem hv. þm. V.-Sk. tók fram, að hann hefði vel getað gert sig ánægðan með, að þetta ákvæði um yfirdómstig í húsaleigumálum hefði gilt aðeins utan Reykjavíkur, að ég er ekki eins viss um, að meðflm. hans að brtt. hefði gert sig ánægðan með það, eða að hann sé honum samdóma um það atriði. En það er á valdi ríkisstj. að setja með reglugerð aðra skipun á n. þessar í bæjum. Og ríkisstj. getur skipað húsaleigun. í öllum kaupstöðum landsins, ef hún álitur rétt. En það hefur ekki horizt frá neinum kaupstað á landinu ósk um það, að þetta væri gert af ráðuneytinu. En það mætti taka það til athugunar; ef t. d. hv. þm. V.-Sk. væri með því sérstaklega, þá vildi ég gjarnan taka til athugunar, hvort slíku fyrirkomulagi ætti að koma á í öllum bæjum utan Reykjavíkur eins og er í Reykjavík, að fastar húsaleigun. væru settar þar, og þá væri fullnægt hans óskum í þessu máli, að koma slíkum föstum n. á í öllum kaupstöðum landsins, utan Reykjavíkur líka, ef það þætti tryggara.

*Sveinbjörn Högnason: Ég vil aðeins benda á, að meðferð þessa máls hér á hæstv. Alþ., og þá ekki sízt nú upp á síðkastið, og baráttan fyrir einræði húsaleigun. í meðferð þessa máls ber ekki vott um góða samvizku. Því að ef menn eru hræddir við að láta aðra fjalla um það, sem þeir hafa gert, og vilja ekki láta taka þessi mál undan einræðisskipulagi, eins og á þessum málum er haft nú, og gefa mönnum tækifæri til að áfrýja þeim til rannsóknar og úrskurðar yfirdómstigs, eftir að húsaleigun. hefur fellt sína úrskurði, þá sýnir það, að það er óhreint mál í pokanum. Þess vegna vil ég benda hv. þm. á það, að það er því meiri ástæða til að láta þetta mál ekki fram hjá fara án þess að gera alvarleg átök um það að athuga, hversu þessi mál hafa verið framkvæmd undanfarið, og koma á yfirdómstigi til þess að hindra handahófsmeðferð á þessum málum svo sem verða má. Og það litla, sem ég hlustaði á ræðu hæstv. félmrh. nú, það sannfærði mig enn betur um það, hversu þessa væri mikil þörf, að láta frekari rannsókn komast barna að. Því að ég man ekki betur en að hann hefði ekkert á móti því, að sett væri yfirhúsaleigun., að öðru leyti en því, að það mundi tefja málið. En nú á að halda dauðahaldi í það af hæstv. félmrh., að hægt sé að áfrýja þessum málum til dómstólanna, sem hver maður veit, að er kannske hægt í orði kveðnu, en er þó í sjálfu sér rangt; því að það mun vera svo um úrskurði

húsaleigun. hér í bænum, að fógetaréttur telur sig ekki geta lagt annan dóm á þá úrskurði en að ákveða, hvort í þeim hafi verið rétt að farið eftir 1. eða ekki. Og við höfum nú yfirlýsingu frá hæstv. félmrh., þar sem það kom skýrt fram, að það yrði ekki öðruvísi með úrskurði húsaleigun. farið af dómstólunum heldur en á þennan eina veg. Og síðan er talið, að það sé hægt að hafa áfrýjunarrétt hjá þessum dómum. Mig furðar, að það skuli koma fram hjá manni, sem er löglærður, eins og hæstv. félmrh., þegar hann bendir til þess, að húsaleigun. sé ekki ósvipuð og landamerkjadómur og sjóréttur, og ætlar að færa það því til sönnunar, að hægt sé að áfrýja þessum úrskurðum til annars dómstigs. En það er ekki hægt að áfrýja frá landamerkjadómi nema um það, hvort löglega hafi verið að farið, og alls ekki til þess, að yfirdómstóll geti ákveðið önnur landamerki heldur en landamerkjadómur hefur þegar ákveðið.

Það, sem hæstv. félmrh. sagði líka, var, að 15% af úrskurðum húsaleigun. hafi verið áfrýjað til dómstólanna. En hvað sýnir þetta? Þetta sýnir, hversu mikil nauðsyn er á því að hafa yfirdómstól í þessu efni. En hæstv. félmrh. gleymdi bara að skýra okkur frá því, hve margir af þessum 15% hefðu fengið leiðrétting mála sinna eða hve mörg af þessum málum hefðu verið meðhöndluð af dómstólunum. Ætli það hafi ekki verið sama sagan og oft er, að ekki hafi verið tekið á þessum málum sem skyldi. Ég held mig því við það, sem ég hef haldið fram. Og ef þessir 15% hafa ekki fengið leiðrétting sinna mála, sýnir það, hvílikt greypilegt og óviðunandi réttarleysi menn eiga við að húa hér í bænum í þessu efni. Þetta margir telja sig svo mjög hafa verið órétti þeirra, að þeir hafa áfrýjað til dómstóla, og þetta margir geta ekki fengið úrskurð á því, hvort úrskurðir húsaleigun. hafi verið sanngjarnir, heldur aðeins, ef mál þeirra verða tekin fyrir eða hafa verið tekin fyrir, hvort úrskurðirnir hafi verið löglega felldir.

Meðferð þessa máls hér nú sýnir ljóslega, hvers menn telja í raun og veru við þurfa til þess að berja niður réttarkennd hv. alþm. líka, hreint og heint, að þeim er, með því, hvernig farið er að við afgreiðslu málsins, fyrirmunað að láta sína réttarmeðvitund koma fram; því að meðferð Alþ. á þessu máli er alveg eins dæmi, hvernig það hefur verið afgr. í Ed. með því að halda þingfund fram á miðja nótt og slíta svo deildinni sem allra fyrst, til þess að segja svo við hv. þm. Nd.: Það verður ekki breytt neinu í þessu frv. Þið verðið að hafa það, sem við höfum afgr. í þessu efni. — Hvers konar vinnubrögð eru þetta hér á hæstv. Alþ.? Ætlar hv. Nd. að láta þjóða sér þetta, sem er mikill meiri hluti hv. alþm.? Ég fyrir mitt leyti vildi miklu heldur eiga á hættu með það að láta þessi húsaleigul. falla og sigla sinn sjó og segja sem svo: Við skulum gera þá breyt. síðar, sem er í samræmi við það, sem við höfum gert hér í hv. Nd. Og ef í nauðir rekur, þá má gefa út brbl. um þetta, þar sem ráðh. verður að fara eftir því, sem er næst vilja Alþ. Og þá er ekkert um að villast um það, hvort sjónarmiðið á að koma upp, hvort það á að vera sjónarmið hv. Nd. með

33 þm. eða sjónarmið Ed. með aðeins 15 eða 16 hv. þm., — það er ekki neitt um það að villast. Ef á að fara fram svona barátta hér milli d. þingsins, þá má það koma í ljós, hver valdið hefur. — Ég vildi aðeins benda á þessa óvenjulegu meðferð, bæði frá hendi hæstv. félmrh., sem hefur nú snúizt kringum sjálfan sig og alveg étið ofan í sig það, sem hann sagði við 1. umr. málsins um þetta dómstig. Og enn fremur þá meðferð, sem þetta frv. hefur fengið í hv. Ed., sem hefur hlaupið hurt frá málinu, af því að hún telur það verk þannig, að hún vill ekki verða krafín reikningsskapar fyrir það. En ég vil, að hv. þdm. þessarar hv. d. láti ekki þjóða sér slíkt.

ATKVGR.

Brtt. 77 felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍsiH, JGM, JPálm, SK, StgrSt, SvBH, ÞBr, EE, GP, GSv, HelgJ.

nei: JakM, SEH, SkG, BJB, EOI, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, JörB.

9 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, HV, JÍv, ÓTh, PHann, PO, StSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Þar sem það er upplýst, að mál þetta nær ekki fram að ganga, ef brtt. þessi verður samþ., þá tel ég mér ekki fært að samþ. þessa brtt., þrátt fyrir það, þó að ég sé óánægður með þá breyt., sem hv. Ed. hefur gert á frv.; segi ég því nei.

Fr. samþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SkG, ÞBr, BJB, EOI, EE, EmJ, EystJ, FJ, GP, GG, HG, HelgJ, ÍsiH, JakM, JGM, JörB.

nei: SK, JPálm.

GSv, StgrSt, SvBH greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, HV, JÍv, ÓTh, PHann, PO, StSt) fjarstaddir.

Fr. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 78).

3. Krónuseðlar.

Á 8. fundi í Ed., 3. nóv., var útbýtt:

Fr. til 1. um útgáfu krónuseðla (þmfrv., A. 22).

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er svo einfalt, að ég þarf ekki að tala langt mál um það. Frv. er flutt skv. beiðni hæstv. fjmrh., og skv. því er ætlað til, að gefin verði út allt að ½ milljón í krónuseðlum, til þess að fullnægja eftirspurninni að því er snertir skiptimynt. Þessari eftirspurn er nú ekki hægt að fullnægja með því að slá málmmynt, og því er nú gripíð

til þess ráðs, sem kunnugt er frá síðasta stríði. Býst ég við, að fáir muni fagna þessum krónuseðlum, því að þeir voru aldrei vinsælir, en það verður fleira að gera en gott þykir, og ég geri ráð fyrir, að þessir seðlar verði innkallaðir strax og hægt er. Þarf ég svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, enda er hér hæstv. fjmrh. til andsvara, ef spurningar verða bornar fram. En ég vil geta þess, að farið hefur verið fram á það við hæstv. forseta, að hann hraði málinu sem mest frá þessari hv. d.

Forseti (EÁrna): Eins og hv. frsm. fjhn. sagði, hefi ég verið beðinn að hraða málinu sem mest. Mun ég því setja nýjan fund þegar að loknum þessum fundi til þess að ræða málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði horizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr. Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Eins og kunnugt er, hefur undanfarið verið nokkur skortur á skiptimynt í landinu, en þó hefur verið hægt að komast af með þá skiptimynt, sem fengið hefur frá Englandi. Nú á ríkisstj. von á talsverðum birgðum af skiptimynt, og er smærri myntin væntanleg mjög bráðlega, en stærri myntin í næsta mánuði.

Nú er í ráði að greiða Bandaríkjaherum kaup sitt í isl. mynt, um miðjan þennan mánuð, en þingað til hefur honum verið greitt í amerískri mynt. Er því nauðsynlegt að bæta úr skorti á skiptimynt með því að gefa út til bráðabirgða 1 kr. seðla. Hins vegar er ekki ætlunin, að þeir verði áframhaldandi í umferð, heldur verði þeir dregnir út jafnskjótt og unnt er að afla nægilegrar málmskiptimyntar.

Mál þetta er þannig vaxið, að ástæðulaust er að vísa því til n., og vænti ég, að því verði

hraðað áfram svo sem unnt er, og helst að það fái afgreiðslu í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 34).

4. Ábyrgð rekstrarláns fyrir Landsbankann.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:
Frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 51).

Á 16. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. d. hefur flutt frv. að ósk hæstv. fjmrh., og þar sem hann er hér á fundinum, tel ég réttara, að hann fylgi frv. úr hlaði.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. þm. er nú málinu eins kunnugur og ég. — Í sambandi við viðskiptasamninga á milli isl. ríkisstj. og Bandaríkstjórnar hefur orðið meiri dráttur en búizt var við. Það hefur dregið, að samningum lyki og kæmu til framkvæmda þau atriði, sem snerta umráð okkar yfir amerískum gjaldeyri. N. í Bandaríkjunum hefur því eindregið lagt til, að til bráðabirgða verði tekið lán, 2 millj. dollara, sem henni hefur verið gefinn kostur á úr svo nefndum Stabilization Fund, og n. leggur áherzlu á það, að þessi heimild verði veitt, þó að ekki sé þar með sagt, að mikið þurfi að nota af slíkum lánum. Það er gert ráð fyrir 1½% vöxtum á ári hverju af því, sem nota þarf af láninu. Ríkisstj. vill mæla með því við Alþ., að það veiti henni heimild til þess að ábyrgjast slík lán fyrir Landsbankann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti hraði þessu máli eins og unnt er.

Þetta mál er ákaflega einfalt. Það, sem um er að ræða, er heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands, allt að 2 milljónum Bandaríkjadollara. Þetta er skv. eindreginni till. samninganefndar þeirrar, sem er í Washington og hefur með höndum gerð samninga milli Íslands og Bandaríkjanna. Það er óvíst, að til þessa láns þurfi að taka, en það þykir óhjákvæmilegt að hafa heimild til þess að taka þetta lán, vegna þess, hversu dregizt hefur, að endanleg niðurstaða fengist í samningum þeim, sem ég nefndi. Lánskjörin eru hagstæð, aðeins 1½% vextir af því, sem stendur í skuld á hverjum tíma.

Ríkisstj. mælir eindregið með því, að þessi lánsheimild verði gefin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Af því að þessu frv. hefur ekki verið vísað til n. hér í hv. Nd., vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort hann telji ekki tryggt, ef þessi lánsheimild verður notuð nú, að lánið verði endurgreitt fljótlega af andvirði fyrir útfluttar vörur, þannig að þarna verði ekki um varanlegt lán að ræða, heldur lán-töku til stutts tíma.

Fjmrh. (Jakob Möller): Jú, ríkisstj. þykist þess fullviss, að ef til þess kemur, að lánsheimild þessi verði notuð, geti lánið orðið greitt innan skamms tíma.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 64).

5. Gagnfræðaskólar.

Á 17. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til 1. um breyt. á l. nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla (þmfrv., A. 36).

Á 18. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Á þingi 1940 lá fyrir frv. í Ed. um breyt. á gagnfræðaskólal. í þá átt, að Seyðisfjarðarþær yrði tekinn með í tölu þeirra bæja, sem rétt hefðu til að stofna gagnfræðaskóla. Málið mun hafa komizt í gegnum Ed. ágreiningslaust, en af einhverjum ástæðum dagaði það uppi í þessari hv. d.

Nú hefur menntmn. flutt þetta mál, eftir ósk hv. þm. Seyðf., og breytt því þannig frá því, sem áður var, að Akranes verði einnig tekið inn í frv. En sú breyt. er gerð samkvæmt ósk ráðamanna á Akranesi og hv. þm. Borgf.

Ég vil vænta þess, að málið megi ganga fljótlega í gegnum þessa hv. d. og verða að 1., því það mun eflaust vera vilji þingsins. En menntmn. mun ekki óska að gera neinar breyt. við það eins og það nú er.

*Eiríkur Einarsson: Ég ætla ekki að taka til umr. þetta frv., sem fyrir liggur. Ég hef ekkert um það að segja. Hins vegar vil ég nota tækifærið til þess að hafa orð á því, að mér þykir afgreiðsla skólamála hér á Alþ. vera orðin all-einkennileg.

Ég minnst þess, að það voru nokkur frv. borin hér fram á síðasta aðalþingi um þessi efni, en þá var þess eindregið óskað, að beðið yrði með afgreiðslu allra slíkra mála, þar sem skipa ætti millþn. til að rannsaka skólamálin í heild. Ég hef sérstaklega í huga eitt frv. í þessu sambandi, sem borið var fram hér í hv.

d. á síðasta þingi. En eftir því, sem ég hezt veit, mun þessi n. vera óskipuð enn þann dag í dag, og virðist mér helzt sem slegið hafi verið einhverju gervitjaldi yfir þessi mál.

Ég vil ekki vera að tefja hér umr. með því að orðlengja þetta meira, en ég verð að segja það, að mér þykir það koma dálítið einkennilega fyrir sjónir, að ýmist skuli vera óskað eftir, að ákvörðunum um þessi mál í heild sé frestað, eða að tekin séu út úr einstök frv., eins og hér er gert, og lagt til, að þau séu keyrð í gegn.

Mér þætti vænt um, ef hv. menntmn. gæti frætt mig um, hvernig á þessu stendur.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég tel nú ekki í mínum verkahring að svara fyrirspurn hv. þm. En ég held, að ég muni það rétt, að það mál, sem fyrir honum vakir í þessu sambandi, muni vera um stofnun búnaðarskóla á Suðurlands-undirlöndinu, og því máli mun hafa verið vísað frá með rökst. dagskrá og þar af leiðandi ekki viðkomandi menntmn. á þessu stigi. Ég get ekki upplýst um það, hvort ríkisstj. muni hafa skipað millþn. í skólamálu, eins og gert var ráð fyrir á síðasta þingi. Og því miður er sá ráðh. ekki viðstaddur, sem fer með menntamáli, en hugsanlegt væri, að þeir ráðh., sem nú eru hér staddir, vissu, hvort þessi n. hefur verið skipuð.

Ég vildi svo óska, að þetta mál fengi að ganga til 2. umr., jafnvel þó einstaka hv. þm. kunni að vera óánægður með afgreiðslu annarra mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., 12. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði horizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (EÁrna): Ég skal geta þess, að hv. menntmn. hefur samþ., að þetta frv. verði tekið á dagskrá, án þess að hún hafi skilað nál., og er óhætt að segja, að n. samþ. frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Frsm. er ekki hér, en ég vil undirstrika orð hæstv. forseta, að n. samþ. frv., enda var efni frv. á síðasta þingi flutt af menntmn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 65).

6. Vatnalög.

Á 9. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um vatnsveitu í Bolungavík (þmfrv., A. 13).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég er flm. að þessu frv. ásamt hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. Seyðf. Frv. er samið af hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu. En í grg., sem því fylgir, hafa misprentazt gæsalappir, sem ekki áttu að vera, enda eru þær nokkurs konar fölsun á grg. frv., þó meinlausar séu.

Um þetta mál þarf ekki annað að taka fram heldur en það, sem í grg. stendur. Er skiljanlegt, hversu mikla þýðingu vatnsveita mundi hafa á allt heilbrigðisástand bæjarbúa, þar sem engin vatnsból eru nema brunnar, að undanteknum litlum læk, sem ofast þornar á sumrum. Þorpsbúar telja sig varla hafa efni á að leggja vatnsveitu, enda er hún tvöfalt dýrari nú heldur en á venjulegum árum.

Meginatriði þessa frv. er að fá heimild til þess að leggja á nokkuð hærri vatnsskatt í Bolungavík en ákveðið er í vatnal., til byggingar vatnsveitu. Í staðinn fyrir þær takmarkanir í vatnal., að vatnsskatturinn sé ekki hærri en 6 af þúsundi af fasteignamatssverði húsa, er hér lagt til, að hann verði þrefalt hærri. Þar sem fasteignamat er mjög lágt í Bolungavík, mundi

vatnsskatturinn ekki nema árlega nema 1/3 af árlegum kostnaði.

En tryggingin í fyrirtækinu er ekki mikils virði, ef kostnaðurinn við vatnsveituna er tekinn aðeins með aukauðsvörum. Það verður því að byggja fyrirtækið svo upp, að lánveitendur telji sig eiga nokkra tryggingu í fyrirtækinu sjálfu. Talið hefur verið, að kostnaður af lánuinu verði hér um bil 9000 kr., og er ekki hægt að ætlast til, að það fé verði allt tekið með aukauðsvári.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um þetta. Ég vildi aðeins biðja hv. þd. að hraða málinu, svo að hægt sé að afgr. það á þessu þingi, því að nú þegar er búið að gera samninga um verkið og efni til þess, og eru því líkur til, að því geti orðið lokið fyrir slátt árið 1942, ef það nær afgreiðslu á þessu þingi.

Ég geri ráð fyrir, að málið ætti helzt að fara til hv. allshn., en hér eru nú mjög fáir staddir úr þeirri hv. n. Ef hv. þm. sýndist fært að láta málið fara til 2. umr. án þess, að því væri vísað til n., þá er ég því á engan hátt mótfallinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, 24).

*Pétur Ottesen: Ég á hér brtt. við þetta frv. á þskj. 24, þar sem farið er fram á sams konar frávikningu frá ákvæðum vatnal. að því er snertir hámark fyrir vatnsskatti í Akraneskaupstað eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. viðkomandi Bolungavík.

Þannig er ástatt á Akranesi, að þar er verið að koma á vatnsveitu nú, og er búið að vinna allmikið að því verki, þó því sé að visu ekki nærri lokið. En reynsla sú, sem fengin er um kostnaðinn við þá framkvæmd, sýnir, að kostnaðurinn við að koma þeirri vatnsveitu í framkvæmd er svo mikill, að það er ekki hægt að bera hann uppi með vatnsskattinum skv. ákvæðum vatnal. Þess vegna fer ég hér fram á, að Akranesi sé bætt inn í þetta frv., þannig að undantekningarákvæði frv. að því er snertir Bolungavík læt ég í brtt. minni gilda eins um Akraneskaupstað.

Í brtt. minni er lagt til að fella niður 2. gr. frv., því að það er óþarft að minna áliði að taka fram það, sem þar er sett í 2. gr. frv., að ákvæði vatnal. gildi að öðru leyti um vatnsveitu þá, sem um er að ræða, því að það segir sig sjálft, að þau ákvæði vatnal., sem ekki er lagt til, að breytt verði með þessu frv., gilda áfram, þó að frv. verði samþ. Hef ég gert þá brtt. í samráði við hv. 1. flm. frv., 5. þm. Reykv., þannig að fullt samkomulag er um þetta okkar á milli. Sömuleiðis er till. mín um að breyta orðalagi fyrri mgr. 1. gr. frv. gerð í samráði við sama hv. þm., 5. þm. Reykv.

Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á þessa

brtt. mína. Fyrir flutningi hennar að því er Akranes snertir er sama nauðsyn eins og fyrir flutningi frv. að því er snertir Bolungavík.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég hef fengið ósk um það frá oddvitanum í Borgarnesi að bera fram brtt. við þetta frv. og þar brtt., sem hér liggja fyrir við frv., þess efnis, að þar undanþágur frá vatnal., sem í frv. er farið fram á, að heimilaðar verði að því er snertir Bolungavík, og í brtt. að heimilaðar verði að því er Akranes snertir, nái einnig til Borgarneskaupþúns. Borgarnes hefur nú ráðizt í allmikla og dýra vatnsveitu, þar sem vatn til kaupþúnsins er tekið sunnan fyrir fjörð. Og þó að það hafi heppnast að fá setuliðið, sem nú hefur aðsetur í Borgarfirði, til þess að taka voreulegan þátt í kostnaðinum við þessa vatnsveitu, þá hefur þetta fyrirtæki samt orðið svo dýrt, að þeir, sem að því standa í Borgarnesi, sjá sér ekki fært að risa undir kostnaðinum af því með þeim vatnsskatti, sem heimilaður er skv. gildandi vatnal. Skv. þessu leyfi ég mér að bera fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 24, frá hv. þm. Borgf., sem er þannig -- með leyfi hæstv. forseta:

1. Í stað orðanna „og Bolungavík“ í 1. tölul. brtt. komi: í Bolungavík og í Borgarnesi.
2. Við 3. tölul. Liðurinn orðist svo:

Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um vatnsskatt á Akranesi, í Bolungavík og í Borgarnesi.

Ég leyfi mér að leggja þessa skrifl. brtt. hér fram og afhendi hana hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Mýr., sem hann hefur nú lýst og ég tel óþarft að lýsa frekar. Fyrir þessa brtt. þarf tvenns konar afbrigði; hún er of seint fram komin og þar að auki skrifl.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 29) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Steingrímur Steinþórsson: Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., þá var skv. ósk hv. 1. flm. þess meðferð málsins hagað þannig, að frv. var ekki vísað til n. Nú er svo komið, að komnar eru fram tvær brtt. við frv., önnur frá hv. þm. Borgf., um að sömu friðindi verði veitt Akraneskaupstað sem farið er fram á í frv. að veitist Bolungavík, og hin frá hv. þm. Mýr., um að sams konar friðindi gildi fyrir Borgarnes. Mér virðist því nú vera orðið hér um svo umfangsmikið mál að ræða, að ekki sé forsvaranlegt að láta það ganga svo í gegnum hv. d., að það sé ekki athugað í n. Ég veit, að ef þorpsbúar á Sauðárkróki vissu, hvað hér er á ferð, þá mundu koma filmæli þaðan um, að þeir fengju einnig að njóta sömu friðinda, því að þar er verið með undirbúning að vatnsveitu. Mér virðist það ekki geta komið til mála, ef farið er að bera fram brtt. í þá átt, sem hér er gert, viðkomandi svo og svo mörgum kaupstöðum eða kaupþúnum, að láta málið þá ganga nefndarlaust gegnum þingið. Geri ég það því að till. minni, að umr. um málið verði frestað og því vísað til n.

Á þessu stigi málsins ætla ég svo ekki að tala frekar um þetta.

***Pétur Ottesen:** Það er síður en svo, að ég sé á móti því, að málinu sé vísað til n. til athugunar. Að visu er það alveg hliðstætt því, sem í frv. felst, sem hér er farið fram á fyrir hönd þessara tveggja staða, sem brtt. eru um, og það er vitanlega alveg nauðsynlegt fyrir bæði Akranes og Borgarnes að fá þessi friðindi, sem fram á er farið, því að annars er ekki hægt fyrir þessa staði að bera uppi kostnaðinn við þessar vatnsveitur.

Það getur líka vel verið, að það væri þá alveg eins rétt, úr því sem komið er og með tilliti til þess, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Skagf., að vatnal. væri breytt að því er snertir þessi atriði, sem í frv. og brtt. greinir, því að sýnt er, að þegar reynslan er sú um vatnsveitur og kostnað við að koma þeim upp, sem nú er, þá geta slík ákvæði í l. ekki staðizt, sem hér er farið fram á að breyta. Rýmku þessa ákvæðis mundi alls ekki leiða til neins meiri kostnaðar við framkvæmdir vatnsveitanna heldur en nauðsyn krefur hvort sem er.

Ég tek því undir það, að málinu verði vísað til n., en vil einnig mælast til þess, að n. athugi málið einnig á þessum grundvelli, hvort ekki væri rétt að breyta vatnal. í þessu efni.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég heyrði ekki skrifl. brtt., en tel víst, að hún sé sams konar og brtt. hv. þm. Borgf., og hef ég ekki á móti því, að slík brtt. nái fram að ganga. Þetta er sjálfsagt ekki nema nauðsynjamál fyrir þessi þorp að fá þessu breytt, eins og það er nauðsynjamál fyrir Bolungavík.

Um till. hv. 2. þm. Skagf. um það, að n. athugi málið, vil ég taka fram, að ég hef ekkert á móti því í sjálfu sér, ef það tefur ekki málið svo, að það verði ekki samþ. á þessu aukabíngi. En mér datt í hug, hvort ekki mundi vera unnt að láta málið bara ganga til n. á milli 2. og 3. umr. Ef málinu verður vísað til n., sem þá líklega verður allshn., vil ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann sér sér ekki fært að hafa þá meðferð á málinu, sem ég nefndi.

Að síðustu vil ég, skv. ábendingu eins hv. þm., vekja athygli á því, að það mun vera prentvilla í brtt. á þskj. 24, síðari mgr. 1. gr.; þar stendur „hámark“, en mun eiga að vera lágmark. (PO: Já, það er rétt).

Forseti (JörB): Ég ætla, að þar sem brtt. liggja nú fyrir við frv., þá sé í alla staði hyggilegast að fresta umr. og vísa málinu til n., áður en gengið er til atkv. um brtt. Ber ég þá upp til atkvgr. þá uppástungu að vísa málinu til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 19 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., 11. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 13, 24, 29, n. 33).

Alþt. 1941. B. 158. Jöggjafarþing.

***Frsm. (Emil Jónsson):** Við 1. umr. var augljóst, að þetta mundi ekki fara til n., en við 2. umr. komu fram brtt., sem fara í þá átt, að fjölga þeim stöðum, er l. ná til. — Þar er lagt til, að auk Bolungavíkur komi einnig Akranes og Borgarnes. Enn fremur hafa komið tilmæli um, að frv. yrði fellt inn í vatnal. sem almenn, óstaðbundin heimild, svo ekki þurfi frekari lagasetningar við, ef um fleiri staði verður að ræða. Málinu var svo vísað til allshn. og umr. frestað.

N. hefur nú athugað málið og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá flm., þó með þeim breyt., að ekki skuli tilgreindir vissir staðir, heldur verði frv. fellt inn í vatnal. sem óstaðbundin heimild fyrir þá kaupstaði og kauptún, sem kynnu að vilja nota færa sér þetta, og sem afleiðing af þessu leggur n. til, að frv. heiti: Frv. til l. um breyt. á vatnal. — Breyt. á l. gr. er þannig: „Þó er bæjarstjórn heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að fengnu samþykki ráðh., að hækka gjald þetta allt að þrefaldri þeirri upphæð“ o. s. frv. — Þarna eru aðeins nefndar bæjarstjórnir, en ekki sveitarstjórnir, og er það vegna þess, að í 2. gr. vatnal. stendur, að sveitarstjórnum sé heimilt að fara eins að og bæjarstjórnir. Þetta er mikið nauðsynjamál, því að vitað er, að þetta er með fyrstu verklegu framkvæmdum, sem hver kaupstaður og kauptún gera. — Hins vegar er vitað, að vatnsveitulán hefur hækkað frá því fyrir stríð, en fasteignamat húsa er óbreytt, og verður því að taka það til greina. Með þessum breyt. leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 33,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv. — 24 og 29 komu ekki til atkv.

— 33,2 (2. gr. fellur burt) samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv. Brtt. 33,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv., með fyrirsögninni: Frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Á 21. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði horizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9:1 atkv.

Á 20. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 57).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta mál var flutt í Nd. upphaflega sem frv. til laga um vatnsveitu í Bolungavík, en að öðru leyti er efni þess sama og þess frv., sem hér liggur fyrir. Í Nd. kom fram brtt. við þetta frv., um að bæta inn í, að þessi ákvæði næðu einnig til vatnsveitu í Borgarnesi og á Akranesi. Allshn. Nd., sem hafði frv. til meðferðar, féllst á efni frv., en þótti betur viðeigandi, að frv. væri breyt. á vatnal., 22. gr., og var fyrirsögninni breytt í þá átt. Að öðru leyti breyttist frv. ekki neitt í Nd. Eins og frv. er nú, gildir sú breyt., sem með því er gerð á vatnal., fyrir allar vatnsveitur á landinu, og er þá heimilt að hækka frá því, sem ákveðið er í vatnal., væði vatnsskatt og vatnsgjöld af húsum. Virðist það vera eðlilegt, þar sem vatnal. eru nær 20 ára gömul og allt verðlag hefur breytt svo gersamlega, að annað tveggja verður að breyta þessu eða að ekki er hægt að láta vatnsveitur bæjanna bera sig. Allshn. hefur athugað málið og fallizt á þessa breyt. Leggur n. því til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 70).

7. Rithöfundaréttur og prentréttur.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til 1. um viðauka við 1. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt (þmfrv., A. 28).

Á 18. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Þetta frv. er flutt af menntmn. Nd. eftir ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í 1. um rithöfundarétt og prentrétt frá 20. okt. 1905 er gerð grein fyrir rétti höfunda. Þar er tekið fram um eignarétt, útgáfurétt og rétt til þess að prenta rit sín á hvern þann hátt, sem höfundurinn óskar. Sami réttur

nær og til málverka, stærðfræðiuppdráttu, landsuppdráttu og þess háttar. Höfuðatriði þessa frv. er það, að þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundarins, má ekki prenta rit hans, breytt að efni, málblæ og meðferð. Ef íslenzku fornritin eru gefin út, skal fylgt samræmdri, fornri stafsetningu, nema hvað handrit snertir, sem gefin skulu út stafrétt. Einnig er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sé köflum sleppt úr riti, þá skuli þess greinilega getið á forsiðu titilblaðs.

Þetta eru höfuðatriði þessa frv., og er ætlazt til, að það komi sem viðbót við 1. frá 1905 um rithöfundarétt og prentrétt. Tilefni þess, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur beðið menntmn. að flytja þetta frv., mun vera það, eftir því sem stendur í grg. frv., að í ráði er að gefa íslenzku fornritin út með nútímastafsetningu, jafnvel styt og umrituð. En þetta er talið bæði óviðeigandi og viðsjárvert, og skuli þau skv. þessu frv. aðeins gefin út á samræmdu fornu máli. Þó að menntmn. geti húizt við, að einstakir nm. geti fallizt á brtt., var n. fús til að flytja þetta frv. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra að sinni, en ég vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. Þar sem það kemur frá n., er óþarfi að vísa því aftur til. n.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ef maður væri í vandræðum með að víta, hvaðan þetta mál væri í raun og veru komið, þyrfti maður ekki annað en lesa 1. gr. frv. til þess að sjá fangamark höfundar. Eins og hv. frsm. tók fram, mun menntmn. ekki eiga sjálf upptökin að þessu frv. Og ekki mun það vera komið frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar sem dómsmrh. hefur ekki einu sinni haft svo mikið við að mæla með því. En ef maður les fyrri hlutann af 1. gr. að ugga má, að almennum menningarhagsmunum yrði tjón að," dettur manni í hug þáttill. ein, sem borin var fram fyrir skömmu síðan. Það er svo undarlega að orði komizt í þessu frv., að auðséd er, að sá maður, sem upptökin á að frv., vill láta gerræði ráða í þjóðfélaginu. Þarna er verið að kippa burtu öllum skynsamlegum grundvelli undan prentfrelsi, sem áður hefur verið ákveðið með 1. Hvers konar gerræði er hér verið að fremja? Hvað á þessi viðbót að þýða: „að ugga má, að almennum menningarhagsmunum yrði tjón að“? Hver treystir sér til að kveða hér upp dóm skv. þessum 1.? Ef þau eru sett af sérstökum pólitískum mönnum, sem ráða í landinu, geta þeir dæmt eftir þeim sínum flokksmönnum í vil og sagt, að rit þeirra séu ekki til tjóns fyrir menningarlega hagsmuni, hvernig sem þau væru úr garði gerð. Það er verið að koma þarna með gerræði, og ég get alls ekki skilið, hvernig menntmn. leyfir sér að bera slíkt fram.

Þá kemur spursmálið um útgáfu íslenzkra fornrita. Ég býst við, að flestir séu sammála um, að fornritin séu sá dýrmætasti arfur, sem Íslendingar hafa erfð, og þennan arf þyrftum við að vernda og gera hann að sameign allrar þjóðarinnar. En til þess þarf þjóðin að hafa aðgang að fornþókmenntunum; hún þarf að geta drukkið í sig anda þeirra, er þar ráða málum.

Það væri fullur fjandskapur við okkar fornrít, ef þau væru gerð að stofustássi svo innilokuðu, að meginið af þjóðinni hefði ekki aðgang að þeim. Ég býst við, að hjá sumum mönnum innan þjóðfélagsins sé tilhneiging til að torvelða þennan aðgang fólksins að fornrítunum. Ég geng líka út frá því, að sá andi, sem ríkir í þeim, eigi ekki upp á pallborðið hjá þeim mönnum í þjóðfélaginu, sem bæla niður allar þær tilfinningar, sem hvetja fólk til dáða og sjálfstæðis. Við þekkjum allir, hversu mikið er til í okkar fornbókmenntum af sönnum uppreisnarmönnum, sem brjóta í bág við okkar þjóðfélag, og það er því ekkert undarlegt, að sumir menn vilji halda þeim sem lengst burtu frá fólkinu. Hins vegar álit ég, að fyrir alla, sem vilja efla sjálfstæðistilfinningar þjóðarinnar og styrkja meðvitund einstaklingsins um hans eigin rétt, þá séu Íslendingasögurnar eitt af því dýrmætasta, sem við getum fengið til að hjálfa og skóla okkar uppvaxandi æskulýð í meðvitundinni um gildi sinnar persónu og þess, sem af honum er krafizt.

Nú er ekki efi á því, að gamla stafsetningin á fornrítum okkar gerir það erfiðara að fá æskulýðinn til að lesa þau. Er ekki til neins að neita þessu. Hins vegar er þessi stafsetning að mestu leyti hrein tilviljun, búin til af nokkrum mönnum, sem gefið hafa út sögurnar eftir handritunum og breytt þá stafsetningunni mikið frá því, sem á handritunum er. Það er því einungis geðþótti þeirra, sem ráðið hefur þessari stafsetningu, og auk þess er hún ekki einu sinni fyllilega samræmd. Og við reukum okkur jafnvel á, að mjög ólík stafsetning er á Íslendingasögnum annars vegar og Noregskonungasögum hins vegar. Auk þess er margt í þessari stafsetningu, sem veldur því, að menn fá rangar hugmyndir um framburð málsins á söguöldinni, svo að stafsetningin er einnig fjarri því að vera visindaleg.

Það mætti nú ætla, að það, hve mikið hefur verið gefið út af fornrítunum, væri góður mælikvarði á það, hve vel okkur hefur tekizt, með tilstilli þessarar gömlu stafsetningar, að gera þau að sameign þjóðarinnar, en upplög þeirra hér á landi hafa ekki verið mikil, eins og kunnugt er. Og menn vita, hvernig fór um Heimskringlu. Tvisvar átti að fara að gefa hana út, en í bæði skiptin var hætt við það.

Ég hef spurt marga unga menn í Reykjavík, hvort þeir hafi lesið Íslendingasögurnar, og mér virðist sem lesendur þeirra meðal æskulýðsins séu tiltölulega fáir miðað við það, sem var meðan ég var að vaxa upp. Þessu veldur margt, en eitt af því er áreiðanlega stafsetningin.

Nú vil ég spyrja, hvaða goðgá það geti verið að gefa Íslendingasögurnar út með nútímastafsetningu. Fyrir því hafa ekki verið færð nein frambærileg rök. En svo er hitt: Hvað væri unnið með því að fá sögurnar með nútímastafsetningu, fá öll orð þeirra og orðatiltæki í nútímabúningi? Það mundi reynast ákaflega mikil auðgun nútímamálsins, en það er svo með þessa gömlu stafsetningu, að mönnum finnst sem margt af því, sem með henni er skrásett, sé ekki lengur regluleg íslenska. Með því að gefa sög-

urnar út með nútímastafsetningu væri því íslenzkt mál auðgað stórlega á tímum, þegar þess er mikil þörf.

Hvernig stendur nú á því, að ekki hefur fyrr en þetta skapazt veruleg hreyfing í þá átt að koma Íslendingasögnum út til alþjóðar? Hér hefur nú lengi verið starfandi stofnun, sem kallar sig Menningarsjóð og innlimað hefur í sig Þjóðvinafélagið. Þessi stofnun hefur notið ótakmarkaðs fjárhagsstuðnings ríkissjóðs, og get ég ekki gert mér í hugarlund, hve mikið fé þessi stofnun hefur fengið frá ríkinu. En skyldi hún hafa gert nokkuð til þess að gera fornrítin að andlegri sameign þjóðarinnar? Í auglýsingum hefur verið skýrt frá því, að félagsskapur sá, sem kaupir bækur stofnunar þessarar, hafi 12000 menn innan vébanda sinna. Mér er kunnugt um, að gefið hefur verið út rit um Viktoriu Englandsdrottningu handa þessu fólki. Sagt er, að rit þetta sé þýtt á lélega íslenzku og lítt uppbyggilegt. En ég tel, að nær hefði verið fyrir slíkt fyrirtæki, sem segist hafa aðgang að öllum heimilum landsins, að reyna að koma dýrmætasta menningararfi okkar inn á hvert heimili. Þetta hefur ekki verið gert. En þegar hins vegar einn maður í fyrirtæki þessu heyrir, að nokkrir menningarfrömuðir landsins ætli að hefjast handa um að koma Íslendingasögnum inn á flest heimili landsins, þá ris hann upp og leggur til, að þetta verði bannað með l. Hverju sætir þessi fjandskapur við fornbókmenntirnar? Óttast sumir, að menn verði ekki eins auðsveipir og áður, ef þeir lesa mikið um Gísla Súrsson, Gretti Ásmundarson og slíka? Ég man ekki eftir neinu dæmi frá öðrum þjóðum um svipaða afturhaldssemi. Ég býst við því, að Englendingar líti á Shakespeare sem ágætasta höfund sinn, en ég veit ekki betur en rit Shakespeares hafi á 19. öldinni verið umskrifuð handa börnum af einum helzta rithöfundi þeirra. Hér er ekki um það að ræða, að þessar endursagnir eigi að koma í staðinn fyrir frumritin, heldur er tilgangurinn sá, að þær vekji áhuga upplýsinganna fyrir frumritunum. En að því er Íslendingasögurnar snertir, hefur aldrei komið til mála að breyta þar öðru en stafsetningunni. Þó tel ég vert, að hv. menntm. athugaði það viðvíkjandi ákvæðinu um, að ekki megi umskrifa rit, hvort þessi l. geta ekki, ef þau ná fram að ganga, komið í veg fyrir ýmislegt, sem gæti aukið andlega eign þjóðarinnar, því að stundum hefur, eins og kunnugt er, efni verið tekið úr sögunum og notað í skáldskap. Ég veit reyndar ekki, hvort slíkt yrði talin umskrifun skv. þessu frv. Oft hefur það líka komið fyrir, að rithöfundar hafa tekið ýmislegt hver eftir öðrum, og hefur þá stundum verið kveðið svo að orði, að einn hafi stolið frá öðrum. Shakespeare hefur t. d. verið kallaður „ræninginn mikli“ fyrir slíkar sakir. En ég er viss um, að erfitt hefði Shakespeare reynzt að starfa og skapa skáldverk sín í andrúmslofti, sem hv. þm. S.-Þ. hefði verið búinn að eitra með svona l.

Það má segja, að ekki sé verið að fara smásmugulega í hlutina. Ef einhvern mann uggrir, að hagsmunum hans stafi hætta af útgáfu einhvers rits, og sé hann nógu voldugur, getur

hann fengið því framgengt með öruggum hætti, að allt upplag ritsins sé eyðilagt. Það má ekki einu sinni halda eftir einu eintaki handa bóka-safni. Það eru bókabrennur sams konar og hjá Hitler, sem hér á að lögleiða. Er furðulegt, að slíkt skuli geta komið fram á Alþ. Vitanlegt er, að tilefnið er ekki annað en það, að einum manni er illa við annan mann, hv. þm. S.-Þ., Jónasi Jónssyni, er illa við helzta rithöfund Þjóðarinnar, Halldór Kiljan Laxness, og þegar J. J. heyrir, að H. K. L. ætlar að gefa út Lax-dælu með nútímastafsetningu, þá ásetur hann sér að koma í veg fyrir það. Fornbókmenntirnar mega ekki komast inn á heimilin, nema þá í túlkun J. J., eins og hún kemur fram í Íslands-sögu hans. Ég hef að visu ekki við höndina stafsetningu Jónasar á Íslendingasögnum, þá, sem hann notar í tilvitnunum sínum í Íslandssög- unni, en ég vona, að ég geti haft hana við næstu umr. Það yrði leiðinlegt, ef þá kæmi í ljós, að þá bók yrði að brenna, af því að höfð væri nútímastafsetning á tilvitnunum þessum.

Ég held, að bezt væri, að þetta frv. færi aftur til hv. menntm., til þess að hún gæti athugað betur, hvað hún er að samþ. Það hefur nú verið talað svo mikið um ábyrgð á þessu þingi. Gaman væri nú að vita, hver er ábyrgur fyrir frv. þessu. Hv. nm. lýsa yfir því, að þeir hafi óbundin atkv. um einstakar gr. frv. Hér hefur raunar enginn þeirra tekið til máls nema hv. frsm. n., en hann lét sem hann væri ekki hrifinn af frv. (BjB: Ég gaf hv. þm. ekkert tilefni til að segja þetta.) Mér virtist ræða hans benda til þess. En hvað sem því líður, legg ég til, að frv. fari aftur til hv. n.

***Pálmi Hannesson:** Hv. 4. þm. Reykv. ásakaði bókaútgáfu Menningarssjóðs og Þjóðvinafélagssins um að hafa gert lítið til þess að koma fornritunum inn á íslensk heimili. Ég get í því sambandi skýrt frá því, að þar sem fornritaútgáfa sú, sem nú er að koma út, hefur reynzt helzt til dýr, ef hún ætti að geta komið inn á flest heimili landsins, hefur stj. bókaútgáfunnar hafið samninga við útgáfustj. fornritanna um ráðstafanir til þess að koma fornritunum út með ódýrari hætti, svo að þau geti komið víðar, og tel ég líkur til, að takast muni að lækka verðvið eitthvað. Um Heimskringlu er það að segja, að samningar eru líka hafnir umað koma henni út í stærri og ódýrari útgáfu.

En um frv. það, sem hér er til umr., er það að segja, að aðalatriði þess eru tvö. Annars vegar eru ráðstafanir til að fyrirbyggja, að efni sé breytt í fornritunum og ritum eldri höfunda, hins vegar er ákvæði um stafsetningu. Fyrri atriðið er meginmálið. Ég geng þess ekki dulinn, að tilefni frv. er auglýsing, sem birtist fyrir nokkru í einu dagblaðinu hér, þar sem sagt var, að í ráði væri að gefa út Íslendingasögurnar á nútíðarmáli, en með slíku orðalagi er átt við það, að máli og setningaskipun sé breytt til þess, sem nú tíðkast í ræðu og riti. Hins vegar mun ekki verða deilt um, að ástæða sé til að sporna við því, að fornritunum sé breytt eftir tísku hvers tíma. Hitt atriðið, stafsetningin, er minna virði og í rauninni aðeins smekksatriði.

Mér virðist það ekki geta verið álitamál, og ég býst við, að hv. 4. þm. Reykv. sé mér sammála um það, að ekki sé rétt að breyta orðaskipun Íslendingasagna frá því, sem komið er frá hendi höfunda. Hitt getur verið álitamál, hvort fylgja skuli forni stafsetningu. Fornritin voru upphaflega með ýmiss konar stafsetningu, og hafa málfræðingar gert úr þessu svokallaða normalstafsetningu. Menn geta verið á ýmsu máli um þessa stafsetningu. Hins vegar er vitað, að ekki er lögboðin stafsetning nema á opinberum ritum, og tel ég, að stafað gæti nokkur ruglingur af því, ef farið væri að gefa út fornritin með þessari lögboðnu stafsetningu. Mér skildir á hv. 4. þm. Reykv., að fornritin yrðu aðgengilegri almenningi, ef þau væru gefin út með nútímastafsetningu. En ég veit ekki betur en íslensk börn geti lesið fornsögurnar viðstöðulaust, og ég hef ekki orðið var við, að í landinu sé að vaxa upp flokkur manna, sem getur ekki hagnýtt sér hina eldri stafsetningu. Þessi fornelga stafsetning gefur ritunum fornlegan blæ, sem að vissu leyti er rangt að breyta. Það gefur þeim alveg sérstakan blæ meðal allra íslenskra bókmennta, og þeim blæ tel ég, að verði að halda. Og mér barst hér í hendur áðan Timarit Máls og menningar, þar sem Halldór Kiljan Laxness ritar m. a. um stafsetningu, og í þeim þætti, sem hann ritar um það efni, er hann mjög inni á þeirri sömu hugsun og kemst þannig að orði seint í greininni — með leyfi hæstv. forseta: —

„Ný orð, ókunn, jafnvel óaðgengileg efni, framandi hugblær á bók, — allt slíkt vekur forvitni barnsins, eggjar það til að brjóta heilann og krefjast útskýringa, en jafnvel þær skýringar, sem eru því torskildar, miðla nýjum hugmyndum, opna fyrir nýjum útsýnum oft í margar áttir í senn; og þetta er leiðin til menntunar.“

Mér finnst höfundur þessarar greinar koma þarna að meginkjarna málsins. Það er sérstakur hugblær, sem fornritin hafa, sem mér finnst ekki mega missast við lestur fornritanna.

Ég skal geta þess, að mér virðist við lestur frv., að það mætti breyta til hins betra orðalagi 1. gr., t. d. finnst mér ekki heppilegt orðalag „almennir menningarhagsmunir“, og geri ég ráð fyrir, að það sé ekki hugsað á íslensku. Með því að segja bara „íslenskri menningu“ náðist það, sem hugsað er, og geri ég ráð fyrir, að þessu mætti breyta. Enn fremur hygg ég, að rétt mundi vera að hafa í l. undanþáguákvæði, þannig að gefa mætti út valda kafla úr fornritunum og a. n. l. endursagða þætti í sambandi við það fyrir börn og unglínga, og atti að vera séð um slíkt á hálfu fræðslumálastj. í landinu. Ég mun við 2. umr. málsins að líkindum bera fram brtt. í þessa átt.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Með því að það eru nokkur atriði snertandi þetta mál, sem mig langar til að ræða nokkuð frekar en enn er orðið, en hins vegar mun fundartími um það bil á enda, fresta ég því, sem ég vil segja í málinu, til síðari umr. um málið, í trausti þess, að umr. verði ekki lengdar nú.

*Einar Olgeirsson: Meðan ég er ekki alveg vonlaus um, að málið fari aftur til menntm., vil ég leggja sem frekast til þess er ég get.

Mér þykir vænt um þær undirtektir, sem ég hef fengið hjá einum hv. menntm., hv. 1. þm. Skagf. Það er þá í fyrsta lagi, að sá hv. þm. lýsti því yfir, að aðalatriði frv. þessa sé að finna í fyrri hluta 1. gr. Ég býst við, að það, sem hann eigi við, sé sá hlutinn, sem hugsaður var á íslenzku, sem sé, að þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, þurfi að vernda rétt höfundarins, eins og þess þurfti líka áður en þessi 50 ár voru liðin. En ég sé ekki, þó að íslenzkan væri bætt á síðari hlutanum, að þá verði komið hjá því, að það gæti komið fyrir, sem ég taldi hættu í þessu sambandi. Hvað tryggir það, að þessi 1. sé ekki hægt að misnota gagnvart rétti látinna höfunda með því að gefa rit þerra út eins og þeim pólitísku valdhöfum á einhverju ákveðnu tímabili, eftir að þessi 50 ár væru liðin, gæti þóknast? Meðan þetta ákvæði „að ugga má“ er í þessari málsgr., þá laumast þarna alltaf inn í möguleikinn fyrir gerræðinu. Að þessu ákvæði samþ. er það enginn algerður réttur, sem höfundurinn hefur. Mér finnst þess vegna, að þarna sé verið að tvístiga í raun og veru, það, sem fyrir höfundi þessarar greinar vaki, sé jafnvel aðeins eitt ákveðið tilfelli, sem frumvarpsgreinarhöfundurinn ætlar að koma í veg fyrir, og þess vegna sé svo erfitt að finna almenn lagaboð um slíkt, án þess að af því geti hlotizt meiri eða minni skaði viðvíkjandi öðrum mönnum eða málefnum. Þetta vill oft verða, þegar mönnum dettur slíkt í hug, að vilja fara að sporna við jafnvel framgangi góðra mála með einhverri almennri lagasetningu, eins og þarna er um að ræða.

Ég er sammála hv. 1. þm. Skagf. um, að það þurfi að breyta orðunum „almennum menningarhagsmunum“ og laga þetta „ugga má“, og að það þurfi að taka 1. gr. frv., sérstaklega fyrri hluta hennar, til athugunar. Hv. 1. þm. Skagf. minnst á, að það þurfti að leyfa þarna undantekningar frá 1. með því að leyfa að gefa út endursagða þætti úr fornrítnum fyrir börn og unglíng. Þarna finnst mér hv. 1. þm. Skagf. vera farinn að sveigja mjög mikið frá því, sem átti að vera tilgangurinn með þessari 1. gr. Ef slíkt undanþágúakvæði yrði samþ., hvernig yrði það þá í reyndinni? Það mætti t. d. gefa undanþágur þessar fræðslumálastjórn eða menntamálaráði. Nú skulum við segja, að það vildi svo til, að þeir, sem kannske eru bezt fallnir til slíks, t. d. rithöfundar, vildu fá að gefa slíka þætti út endursagða skv. þeim undanþáguheimildum, sem um hefur verið rætt. Hver mundi verða reyndin á því með því fyrirkomulagi, sem nú er? Líklega sú, að beztu rithöfundum þjóðarinnar væri meinað að gera slíkt, vegna þess „að ugga“ mætti, að þeir væru bolsévíkar, og börn og unglíngar mundu verða það af þessum þáttum vel endursögðum. Svo mundu aðrir, sem hlýðnir væru þeim viðkomandi yfirvöldum, en kannske ófærari um framkvæmd þessa verks, koma þar á annan hátt til greina — t. d. einhver gamall og góður vinur Thorsaranna ætti gamalt handrit af slíkri endursögn og vildi koma því á fram-

færi, á líkan hátt og þegar handritinu af „Viktoríu Englandsdrottningu“ var komið á framfæri við menntamálaráð og Menningarsjóður gaf út. Meðan við höfum það ástand, sem við höfum í okkar menningarmálum, meðan vart verður eins konar ofsókna hjá ákveðnum mönnum móti ýmsum helztu rithöfundum þjóðarinnar, þá held ég, að við séum bezt farnir með því að hafa sem minnst bönd viðvíkjandi okkar menningarmálum. Það, sem kynni að verða illa gert, dæmdi sagan áreiðanlega sjálf, og það mundi hverfa. En það, sem tækist með svona aðferðum, sem hér er gert ráð fyrir, mundi geta hindrað það, að við eignuðumst bókmenntalega gimsteina.

Viðvíkjandi 2. mgr. 1. gr., um stafsetninguna, sé ég ekki betur en að hv. 1. þm. Skagf. hafi að mjög miklu leyti gengið inn á það, sem ég var að tala um. Hann virðist sem sé ekki leggja verulega mikið upp úr stafsetningunni, heldur sé hún smekksatriði. Aðalatriðið sé, að orðaskipun sé ekki breytt. Og þar erum við samála. Það er orðaskipun Íslendingasagna, sem gefur þeim þann sérstaka málbla, sem mundi fyrst og fremst vekja áhuga barna og unglíngja fyrir því að hugsa um, hver meiningin í raun og veru væri með þessu. Það er áreiðanlega ekki það, hvort skrifað skuli „ek“ eða „ég“, sem mundi vekja barnið til þess að hugsa um Íslendingasögurnar, en það er orðaskipunin. Stafsetningin er, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, smekksatriði. Og einn hv. flm. þessa frv. hefur líka sagt, að a. m. k. að því er vakir fyrir honum, þá sé þetta frv. komið fram til þess að hindra það, að Íslendingasögnum verði að orðkrafti og innihaldi breytt. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkurn tíma staðið til að breyta Íslendingasögnum að efni eða orðkrafti eða svipta þær því, sem gefur þeim þeirra sérstaka gildi sem skáldrit og sögur. Hitt er skiljanlegt af mönnum, sem ekki geta þolað, að vissum mönnum sé eignaður heiður af því að gefa út vel endursagða þætti Íslendingasagna, að þeir sömu menn vilji koma fram þessu frv. Ef þetta var eini tilgangur frv., þá var það alveg óþarft að bera það fram. Og ég vildi líka skjóta því fram hér, að hafi tilefni þess, að þetta frv. var fram borið, verið það að koma í veg fyrir, að Laxdæla yrði gefin út endursögð og hindra Halldór Kiljan Laxness í því að gefa hana út, þá hygg ég, að það sé orðið of seint.

Svo er að athuga það, hvað er aðgengilegt fyrir almenning í þessu efni. Það er ekki allur fjöldi unglíngja, sem les Íslendingasögurnar með gömlu stafsetningunni. Ég hef reynt að fá stráka, 11 til 12 ára, til þess að lesa Íslendingasögurnar. Þeir hafa sumir gefizt upp við það, og þá helzt strandað á þessu tvennu, vísunum og stafsetningunni. Þessi stafsetning veldur þeim erfiðleikum. En til allrar hamingju eru margir þeirra, sem brjótast í gegnum þessa erfiðleika. En það eru þó nokkrir, sem þessi trafali veldur því hjá, að þeir lesa ekki Íslendingasögurnar, og það er illa farið. Ég veit ekki, hvort það hefur verið nokkurn tíma gerð tilraun með það að athuga, hve margir nemendur í menntaskólanum t. d. hafa lesið Íslendingasögurnar. E. t. v. getur hv. 1. þm. Skagf. frætt

okkur um það. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Og ef þær verða gefnar út, sem ég vonast til, að sé þegar byrjað á, með nútíma-stafsetningu, þætti mér gaman að vita, hvort það hjálpaði ekki til að gefa þeim þó nokkuð betri aðgang að þeim, sem ekki hafa áður lesið þær, sakir stafsetningarinnar.

Ég vil endurtaka þá ósk mína, að málinu verði vísað til hv. menntmn. aftur, þar sem hv. 1. þm. Skagf. er með brtt. við frv. Mig grunar, að hún muni endurbæta frv. að ýmsu leyti.

ATKVGR.

Fr. vísad til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 28, 55).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 55. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Þegar þetta mál var til fyrstu umr., var því vísað til 2. umr. með því samkomulagi, að menntmn. athugaði málið dálítið nánar með tilliti til hugsanlegra breytinga.

Aðeins 4 af menntmnm. þessarar hv. d. eru hér nú staddir, en við gátum ekki náð saman fundi nema 3, og erum við flm. þessara brtt. á þskj. 55, en fjórði nm., hv. þm. Dal., hefur nú séð till. og telur sig þeim samþykkan.

Um verulega breyt. á frv. er ekki að ræða aðra en þá, sem um getur í 2. gr., að íslenska ríkið eitt hafi rétt til að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400. Fyrstu grein frv. er að visu dálítið breytt að orðalagi, og 2. gr. er felld við í okkar brtt., og vænti ég þess, að hv. þdm. geti fallið á, að þetta fari betur saman. Við flm. þessara brtt. væntum þess enn fremur, að það þyki rétt að koma í veg fyrir, að einstakir menn taki fornritin okkar og gefi þau út í því formi, sem þeim sýnist. En með ákvæðinu í 2. gr., ef að l. verður, er loku fyrir það skotið, að einstakir menn geti tekið fornritin og gefið þau út á eigin kostnað og sjálfum sér til hagnaðar. Þó er gert ráð fyrir, að kennslumálarn. geti veitt leyfi til slíkrar útgáfu og enn fremur gert að skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornrita. Þá er og undantekning frá þeirri reglu, að hið ísl. ríki eitt hafi rétt til að gefa út ísl. rit, sem samín eru fyrir 1400. Hún er gerð gagnvart Hinu íslenska fornritafélagi, sem er nú, eins og kunnugt er, að gefa út Íslendingasögurnar og önnur fornrit. Nefndin taldi ekki rétt, að þetta félag þyrfti að sækja um leyfi til framhaldsútgáfu fornritanna né að skertur yrði að nokkru leyti sá réttur, sem það nú hefur.

Um brtt. sjálfar tel ég ekki ástæðu að fara fleiri orðum. Það getur vel verið, að eitthvað komi fram í umr. um þær, sem verða kunna á eftir, og má þá skýra þær nánar. Mér finnst hins vegar rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál í heild. Og vil ég þá fyrst segja það sem mína persónulega skoðun, að mér finnst

ástæða til að athuga, hvort látið skuli óátalið, að einstakir menn hafi það að féþúfu að taka fornritin okkar og gefa þau út. Í því felst auk þess sú mikla hætta, að þau verði þynnt út. Á það sjónarmið í uppeðismálum að ráða, sem vinnur að því að tryggja í æskuna? Væri ekki vænlegra að láta hana stæla krafta sína, andlega og líkamlega, á verkefnum, þar sem úrlausnin er árangur eigin snilli samfara eljusemi, hugviti eða skerpu? Hvert einasta barn getur stafsetningar vegna lesið Íslendingasögur. Það ætla ég að leyfa mér að fullyrða. Ég tel skömm að því að eyða tíma í að kenna börnum erlend mál, en letja þau samtímis þess að lesa forn-sögurnar á samræmdu máli, af því að sá lestur sé of erfiður. Þó skal ég geta þess, að ég tel ekki aðalatriðið, hvort þau eru gefin út með normaliseraðri eða lögboðinni stafsetningu á hverjum tíma.

Æskan les með minna móti nú. Það er ókyrrð í þjóðlífinu og á henni alið á margan hátt. Landið hefur á fáum árum opnast fyrir umheiminum. Þjóðin var óviðbúin og þurfti sinn tíma til að þroskast í hinu nýja umhverfi. Við þetta hætist hernámið og þær afleiðingar, sem af því hlýtur að leiða. Það er hættulegt nú að kappkosta að telja fólki trú um, að það eigi ekki að reyna á sig, það sé t. d. of mikill þrældómur að lesa forn-sögurnar með samræmdri stafsetningu. Mér þykir ekki ósennilegt, að unnið sé að því nú, að skólabörn verði látin heimta forn-sögurnar með nýju stafsetningunni.

Það er vitanlega ósannað mál, að almenningur vilji ekki lesa forn-sögurnar með fornri stafsetningu. Það sýnir fornritaútgáfan, þegar Alþ. hefur séð sóma sinn í því að stilla svo til, að hægt sé að selja bækurnar ódýrar. Nýlega búr-ust t. d. um 100 áskoranir úr einni sveit á Vest-fjörðum um það að selja bækurnar svo vægu verði, að fólk gæti keypt þær. Þeir menn, sem hafa áhrif á það, hvað fólk les, ættu að vinna að því að koma fornritunum inn á hvert heimili í landinu. Reynslan sker svo úr því, hvort þörf er á að reyna aðrar leiðir en nú eru farnar með fornritaútgáfunna.

Nýlega er kominn fram á sjónarsviðið nýr bókaútgefandi, kaupmaður hér í bænum, sem hefur auðgast mikið á að selja almenningi „margarine“. En vegna verðlagseftirlits gat hann ekki lengur auðgast á því. Hann fékk því í lið með sér sámléga vinnufæra menn, sem meta það mikils að fá erfiði sitt allvel borgað. Þeir fóru að gefa út bækur og völdu sér Íslendingasögur til þess, samkv. lýsingu, sem ég hef einhvers staðar lesið um fyrirhugað fyrirtæki í þessu sambandi. Þessir menn vinna nú aðeins á fyrsta stigi þess skemmdarverks að telja ungu fólki trú um, að það eigi ekki að lesa forn-málið, heldur þær bækur, sem birtar eru með þeirri stafsetningu, sem lögboðin er á hverjum tíma. Undantekningar megí þó gera, ef til séu móðins rithöfundar, þrátt fyrir það, að þeir afskræmi málið. Ég skal síðar koma að því, hvernig framhaldið verður.

Nútíma-stafsetning er góð og blessuð. En að einstakir menn hafi leyfi til að taka fornritin og verzla með þau, því mun ég leggja á móti.

Þrátt fyrir það, að liðnar séu 7 aldir síðan Íslendingasögur voru ritaðar, eru margar þeirra hrein sigild listaverk, bæði af efni og búningi, fagur og fágætur vottur fornrrar þjóðlegrar menningar, sem ástæða er til að miklast af. Mætti í þessu sambandi nefna sögur eins og Egilssögu, Njálssögu, Gunnlaugssögu orms tungu og síðast, en ekki sízt, Laxdælasögu. Sú bók er nú upp gengin hjá fornritaútgáfunni. Halldór Kiljan Laxness er fenginn til að snúa henni í form nútímastafsetningar. Bókin er komin á markaðinn, og er nú borin út í stórum stöflum sem gjafabók. Bókin átti að skreytast með myndum. Ég hygg, að Tryggvi Magnússon hafi átt að yrkja söguhetjurnar í myndum. En mikið lá við. Myndunum varð að fleygja, og að prentun var látið vinna nótt og dag, af ötta við, að Alb. gripi inn í og kæmi í veg fyrir braskið. Hví varð Laxdæla fyrir valinu? Að líkindum vegna þess, að hún var uppseld hjá fornritaútgáfunni, og þess vegna meiri líkur fyrir eftirspurn og þar með vitanlega hagnaði.

Ég get ekki stíllt mig um að geta þess, að ég hef á a. m. k. 2 stöðum heyrt talað um, að komin væri út ný skáldsaga eftir Halldór Kiljan Laxness, og þetta væri ástarsaga, þar sem bræður 2 hefðu þarizt um sömu konu. Þetta er dálitið ósennilegt, en á 2 stöðum hef ég orðið var við þetta. En þetta sýnir bara það, hversu fákunnandi margt fólk í Reykjavík er í Íslendingasögum. En ég geri mér ekki miklar vonir um, að þessi aðferð til að kenna fólki að lesa sögurnar verði svo farsæl, að hún nái því marki, sem útfendurnir hafa látið í ljós, að þeir ætluðu sér. Og þó skal ég enn einu sinni taka fram, að ég tel þessa útgáfu ekki þannig, að ástæða sé til að hefjast handa gegn henni. En þeir, sem renna grun í, hvernig framhaldið verður, hljóta að stöðva þetta.

Nú er því haldið fram, að þetta, að snúa Íslendingasögum á nútímastafsetningu, eigi að vera til þess að auðvelða fólki lestur þeirra og skýra sögurnar betur. Ég hef áður lýst skoðun minni á þessu og ætla ekki frekar út í það. En sami maðurinn, sem gefur út þessa sögu, segir svona í formálanum, með leyfi hæstv. forseta: „Er sem snillingurinn sé lengi að þreifa fyrir sér á hljómborðinu, og kemur niður á ýmis lög og lagabrot, sum rismikil, önnur dulúðug eða skopleg, en í lausu orsakasambandi innbyrðis, stundum jafnvel engu, en slær aðeins endrum og sinnum nokkra kontrapunktiska tóna höfuðtemans, sem ríkir þó leynilega yfir hug hans bak við öll önnur temu, unz það brýzt fram í seinni hluta verksins af óstöðvandi þunga og alhrifur höfund sinn.“ — Þetta stendur nú í formála þeirrar bókar, sem á að vera enn þá skiljanlegri fyrir þann hluta manna, sem mis-skilur fornritin á samræmdri stafsetningu. Þó þetta sé kannske ekki sérstaklega vitlaust, þá er það einkennilegt að vera að hruga þarna saman orðum, sem börn og unglingar vitanlega ekki skilja, fyrir utan það, að þetta er ekki íslenskt mál, sem þarna er flutt.

Þá ætla ég að koma að því, sem ég held, að verði nr. 2, en það er það, að farið verður að endursegja sögurnar. Það verður næsta stigið.

Og ég get sagt það hér með vissu, að Grettis saga hefur verið tekin og endursögð í því formi, að hún yrði aðgengilegri aflestrar fyrir börn og unglinga. En það var komið vitinu fyrir þá menn, sem að því stóðu, áður en bókin var prentuð, og þeim sagt, að það væri gott að fá þessa bók til þess að tæta hana svo í sundur, að það kæmi ekki fyrir aftur. En verði útgáfan frjáls, verður þetta næsta stigið. Og getur nokkrum manni fundizt mikið vit í því, að farið verði að gera Íslendingasögurnar aðgengilegri fyrir þá ódómbæru, sem ekki þekkja þær í sinni upprunalegu mynd, með því að færa þær í einhvern ævintýrabúning?

Þá hefur það verið boðað af þeim, sem að þessu standa, að þeir mundu fella niður ýmsa kafla úr bókinni og ættartölur. Það þarf enga bókfróða menn til þess að líta á þetta sem fjarstæðu. Þetta bjóða fornsögurnar ekki. Þær bjóða nafn söguhetjunnar ásamt með ættartölum, og það er mjög mikils virði, og á því illa við að sleppa ættartölum úr fornsögum. Það er og óhæft, að einstakir menn fái að fella úr kafla alveg eftir eigin geðþótta, og máli mínu til sönnunar vil ég lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, kafla úr formála Laxdælu eftir Halldór Kiljan Laxness. Hann segir á þessa leið: „Í þessari útgáfu, sem byggist á þeirri, er dr. Einar Ól. Sveinsson hefur gert á grundvelli handritasamburðar fyrir fornritafélagið, hefur verið sleppt nokkrum þeim þáttum og greinum, sem fjarstar standa höfuðyrkisefni verksins og því líklegastar að torvelða almennig ljósan skilning á bókinni og skemmtun af henni.“

Þarna er slegið föstu, að Halldór Kiljan geti ákveðið, hvað hann telji standa fjarst yrkisefninu, og er slíkt óþolandi, því að lesendurnir sjálfir geta fellt burtu þá kafla, sem þeim þykir ekki gaman að eða af þeirra dómi eru fjarstir yrkisefni bókarinnar. En að láta einstaka menn fá að ákveða slíkt, nær engri átt. Bollabætti er sleppt úr þessari nýju útgáfu, og þó það geri ekkert til eða litid, þá er þetta þó bessaleyfi.

Skemmdarverk nr. 3 verður þá að taka sögurnar og skrifa þær um eftir eigin geðþótta, og þá hef ég gefið yfirlit yfir úþynningu þá, sem er að hefjast. Í fyrsta lagi að breyta málinu, fella úr kafla og ætturtölur. Í öðru lagi að endursegja sögurnar í barnslegu formi, og í þriðja lagi að umskrifa þær í eigin formi þess, sem það gerir. Ég vil taka dæmi, sem að visu er fjar skylt þessu, en sýnir þó vel, hvað ég á við með úþynningu.

Fyrir hérumbil 100 árum var kennari á Bessastöðum Sveinbjörn Egilsson, viðurkenndur bókmenntafræðingur. Hann tókst á hendur að þýða Ódyseifskviðu á íslensku, bæði í bundnu og óbundnu máli. Þetta rit er víða til hér á landi og er viðurkennt af öllum sem listaverk. Ýmsir höfundar úti í heimi hafa haft svipað verk með höndum og Sveinbjörn, og má þar nefna danska skáldið Henrik Pontoppidan. Hann tók Ódyseifskviðu þó á annan hátt heldur en Sveinbjörn Egilsson, því að hann færði hana í ævintýrlegan búning og endursagði hana við hæfi barna og unglinga. Langar leiðir eru milli þessarar Ódyseifskviðu og þeirrar, er Sveinbjörn Egils-

son þýddi, og er varla hægt að hugsa sér Ódysseifskviðu í fullkomnara formi en hjá honum.

Nú er búið að þýða bók Pontoppidans á íslenzku, og er hún komin út. Sá, sem hefur þýtt hana, er Steinþór Guðmundsson kennari. Á titilblaði bókarinnar stendur: „Evíntýralegar frásagnir úr Ódysseifskviðu Hómers, endursagðar við hæfi barna og unglinga“, og neðar stendur: „Vikingsprent“. Ég vil nú til gamans bera saman ýmsa kafla í þessum tveimur bókum, Sveinbjarnar og Pontoppidans, og geri það til frekari skýringar á orðinu úþynning, og ég óttast, að þannig geti farið með Íslendingasögurnar í framtíðinni. Á bls. 272 hjá Sveinbirni Egilssyni stendur: „Skriður mikill var á skipinu, og renndi það á land upp mjög til háls, svo var því róið knálega.“ Hjá Steinþóri Guðmundssyni á bls. 152 lítur þetta þannig út: „Þangað stefndu þeir skipinu og réru því hálfu á þurrt land með því að skerpa dálítið róðurinn síðasta sprettinn.“ Á bls. 276 hjá Sveinbirni Egilssyni stendur svo: „Þó tregaði hann föðurland sitt og reikaði mjög harmþrunginn fram með strönd hins brimotta hafs.“ Hjá Steinþóri Guðmundssyni á bls. 153 er þessu snúið þannig: „Meðan hann var þannig að barma sér og gekk þungstígur um fjöruna.“ Hjá Sveinbirni Egilssyni á bls. 282 stendur á þessa leið: „Að því mæltu brá gyðjan burt hulunni, og sást þá landið. Þá gladdist hinn raunmæddi Ódysseifur og þótti vænt um að sjá föðurland sitt, hann kyssti hina kornfrjóu jörð.“ Hjá Steinþóri Guðmundssyni á bls. 155 er þetta þannig: „Meðan hún var að tala, dreifði hún þokunni, svo Ódysseifur þekkti landið sitt, laut til jarðar og kyssti jarðveginn.“

Ég tel, að með þessu sé að óþörfu verið að þrengja upp á æsku þjóðarinnar þvældri og afbakaðri þýðingu og vil spyrja: Á þetta lengi að halda svona áfram? Svo eru ýmsir menn, sbr. grein Arnórs Sigurjónssonar í Þjóðólfi um daginn, að segja, að þessir menn séu að frelsa þjóðina með útgáfu rita sem slíkra. Vel má vera, að þessir menn geti hrifið æsku landsins, en dettur nokkrum í hug, að þessum mönnum sjálfum komi til hugar, að þeim takist það á þennan hátt? Þó þeim takist að koma sögunum til lestrar, þá er þó ljótt til þess að hugsa, hvaða aðferð þeir beita.

Ég vona, að hv. þm. sjái, að hér þarf að taka í taumana, áður en lengra er farið, og láta ríkið framvegis ráða útgáfu og meðferð hinna íslenzku fornrita.

*Einar Olgeirsson: Ég sé, að hér liggur fyrir brtt. við þetta frv., og er ekki vanþörf á að sýna, að viðkunnaþregra sé að reyna að hugsa á íslenzku, því þegar þetta frv. var samið, þá var það augskýrlega hugsað á dönsku, a. m. k. 1. gr. þess. — Það er því að vissu leyti gott, að þetta hefur nú verið þýtt á þolanlega íslenzku. Ég vil nú fá hv. þm. til að athuga með mér, hvað menn eiga við, þegar þeir tala um vissa forna stafsetningu á Íslendingasögnum, því ég veit ekki betur en að handritin, sem Íslendingasögurnar eru ritaðar á, séu með stafsetningu þeirrar aldar, sem um ræðir í hvert skipti. Þegar svo fornritafræðingar gáfu þessi rit út síðar, þá

sköpuðu þeir stafsetningu, sem þeim hverjum um sig fannst eiga bezt við. Ég hef gluggað í Íslendingasögurnar og Noregskonungasögurnar og séð, að um mismunandi stafsetningu er þar að ræða, og próf. Sigurður Nordal hefur staðhæft, að þessi svokallaða gamla stafsetning sé útilokuð. Hvers konar stafsetning er þetta þá? Er það einhver sérstök stafsetning, sem á að túlka forn málið? Nei, það er hún ekki. Fyrir þá, sem nema forn málið, er villandi að gefa forn-sögurnar út á gamalli stafsetningu, með því að setja hánunum í stað honum, og svo mætti lengur telja. Þessi stafsetning er því ekki rétt, og hún villir okkur og er ekki samræmd í þeim útgáfum, sem gefnar hafa verið út.

Ég vil svo víkja að því, hvort það sé nokkur goðgá að gefa forn-sögurnar út með nútímastafsetningu. Þegar Njála var gefin út í fyrsta skipti hér á landi, í Viðeyjarklaustri árið 1844, þá var hún gefin út með stafsetningu þeirra tíma. Hún hefst þannig: „Mörður hét maður, er kallaður var Gígja, hann var son Sighvats hins Rauða, hann bjó á Velli á Rangárvöllum, hann var ríkur höfðingi og málafylgumaður mikill, og svo mikill lagamaður að aungvir þóttu lögligir dómár nema hann væri í“ — Á þessu sést, að þeim, sem gáfu út Njálu þá, fannst sjálfsagt að gefa hana út á þeirra tíma stafsetningu, og var þetta þó á dögum Fjölhnismanna, sem börðust fyrir verndun tungunnar. Enda er það rétt, því að það, sem þýðir hina fornu tungu, eru ýmis sérkennileg orð og málblærinn, og því þarf það að haldast.

Um 100 ár eru síðan þessi Njála var gefin út, og enginn hefur reynt að sýna fram á, að hún væri á nokkurn hátt skemmd á íslenzkum fornbókmenntum. Fyrir síðasta stríð voru og ýmsir menn fullir áhuga á að gefa forn-bókmenntirnar út á nútímastafsetningu. Eitt finnst mér líka mjög einkennilegt. Það er, að hv. menntm. Alþ. skuli ekki hafa snúið sér til neinna fræðimanna til að fá dóm þeirra um þetta frv. Árið 1939 kom fram frv. um að vernda nokkuð rétt íslenzkra rithöfunda, svo þeir væru ekki órétti beittir. — N. sendi þetta frv. til bókaútgefenda á landinu til að leita álits þeirra um þetta. — Bókaútgefendur voru till. n. mótfallnir, því þeir sáu, að ef Ísland gengi í Bernarsambandið, þá yrði þeirra hagnaður ekki sem áður. Þetta dæmi sýnir, að þarna var leitað álits manna, en nú er ekkert gert til að kynna sér álit fróðra manna á þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hvers konar frágangur er þetta? Er þetta vöndun á því, sem þjóðinni er helgast? Mér finnst nauðsyn á að leita álits fróðra manna um þetta, t. d. væri gaman að vita, hvað prófessor Sigurður Nordal segði um það.

Svo vil ég víkja nokkrum orðum að orðum hv. 2. þm. Árn. Hann sagði, að ekki væri þörf að tryggja Íslendingasögurnar í æsku þjóðarinnar, og það er alveg rétt. Það er röng aðferð að haga sér þannig, en samt veit ég um einn mann, sem hefur gert þetta. Það er Jónas Jónsson frá Hriflu. Hann hefur gefið út Íslandssögu, og þar er tuggið á svivirðilegasta hátt í æskuna. Sagan er ekki einungis endursögð, heldur er einnig vitnað í forn-sögurnar og það sett innan

gæsalappa, en orðalaginu víða breytt. Það er alveg rétt hjá menntm., að slíkt á ekki að láta líðast, en Íslandssaga Jónasar Jónssonar hefur verið kennd í skólum landsins um alllangt skeið, og menntm. hefur ekki reynt að laga þetta.

Hv. 2. þm. Árn. minntist á sem aðalatriði, að íslenska ríkið ætti eitt að hafa rétt til að gefa út fornritin. Finnst hv. þm., að íslenska ríkið hafi staðið sig svo vel við útgáfu fornritanna, að þetta beri að gera? Finnst hv. þm. betra að trúa ríkinu fyrir útgáfunum heldur en einstökum mönnum í þjóðfélaginu? Jónas Jónsson var einu sinni kennslumálaráðherra, og ég minnst þess ekki, að hann sýndi nokkurn vilja í að vernda fornritin eða auka þekkingu landsmanna á þeim. Ritið „Verkin tala“ var sent, og það gefins, til þjóðarinnar, en ekki fornritin, nema þessi undarlega útgáfa af þeim í ritum hans sjálfs. Meðan menn eiga yfir höfði sér, að svo-leiðis maður eigi að vera kennslumálaráðh., állt ég, að það sé ekki glæsilegt að eiga að einoka útgáfu fornritanna í höndum ríkisvaldsins.

Svo kom hv. 2. þm. Árn. með mjög svo „skemmtilega“ sögu um mann hér í bænum, sem farinn væri að fást við bókaútgáfu. Sumum mundi nú finnast ógæðfellt að vera með getsakir um menn, sem ekki eiga þess kost að svara fyrir sig, — sumir hv. þm., sem stökkva upp á nef sér jafnvel á lokuðum fundi út af slíku, af því að þeim þykir það ógæðfellt. Það er annars skemmtilegt, þegar staðhæfingar rekast svo gersamlega á eins og hjá hv. 2. þm. Árn. í ræðu hans áðan. Hann sagði, að maður þessi hefði ekki hagnast mjög á smjörliki, — en ég gæti nú samt hugsað mér, að það væri mjög góður gróðavegur og betri heldur en bókaútgáfa, — og það væri að þakka verðlagn, sem þó starfar að því að hækka verð á vörum. Ég veit ekki annað en að verðlagn. leyfi mönnum að leggja á vörur prósentvís, sem þýðir, að því dýrari sem hráefni verða í innkaupi, því meira mega þessir menn, sem nota þau til framleiðslu, leggja á þau. Þessi verðlagn. er því sköpuð til þess að gera mönnum, sem stunda slíka framleiðslu, mögulegt að leggja sífellt meira og meira á sína vöru. Sumir hafa viljað láta líta svo út sem þessi n. væri til þess sköpuð að lækka verð á vörum, en það er hreinasta hábilja. Þessi n. er gerð til þess að kúsa menn til að kaupa hráefnin þar, sem það er verst og dýrast, til þess að álagningin verði sem mest. Það stangast tvær fullyrðingar hjá þessum hv. þm. Svo talar hann um, að þessi maður, sem hann nefndi, hafi gefið út Laxdælu, og að hún sé borin út sem gjafabók í bænum, en í hinu orðinu, að það sé hagnaðarvonin, sem þessum manni gangi til með útgáfunni. Ég á bágst með að skilja, að þeir menn, sem vildu græða á bókaútgáfu, gerðu það með því að gefa mönnum stafla af þessum sömu bókum, sem þeir gefa út. Ég held, að menn ættu að vera ofurlitð meira í samræmi við sjálfa sig, þegar þeir deila á menn utan þings, sem ekki hafa tækifæri til að svara fyrir sig sjálfir, svo að þeir eyðileggi ekki hverja setningu, sem þeir tala.

Svo kom hv. 2. þm. Árn. inn á að tala um skemmdarverk, sem ætti að fara að vinna, og öll

þau mismunandi stig, sem þau væru á. Það undarlega í þessu sambandi var, að þessi hv. þm. varð að viðurkenna, að þessi útgáfa, sem hann nú sérstaklega ætti við og í raun og veru hefði gefið tilefnið til lagasetningar þessarar, væri þannig, að við hana væri í raun og veru ekkert sérstakt að athuga. Nútímastafsetningin var sem sé ekkert aðalatriði í sambandi við það. Og þar sem stytting var á sögunni í þessari útgáfu, þar var sleppt köflum, sem kannska var ekki svo mikil eftirsjón í. Nú skulum við athuga þetta skemmdarverkaspursmál út frá því, sem hv. 2. þm. Árn. var að segja, hvort það sé þörf á að koma Íslendingasögunum út til fólksins. Hann sagði okkur skemmtilega sögu um, að hann hefði heyrt, að talað hefði verið um það á tveimur stöðum í bænum, að Halldór Kiljan Laxness væri búinn að gefa út skemmtilega skáldsögu, þar sem tveir bræður væru að berjast um sömu konuna. Þegar það kemur fyrir á tveimur stöðum í bænum, sem hann þekkir til, að þar skuli ástandið vera þannig, að fólkíð hafi aldrei heyrt Laxdælu nefnda, og þegar hún kemur út, þá renni það ljós upp fyrir þessu fólkí, að þarna sé saga mjög spennandi um tvo bræður, sem berjast um sömu konu, en sér svo í formálanum, að þessi saga hefur gerzt fyrir 800—1000 árum, — getur ekki hv. 2. þm. Árn. þá séð, hvílíkt þarfaverk hér er verið að vinna með því að fá fólk til að byrja á að lesa forn-sögurnar, af því að það haldi, að þar séu nútímásögur?

Svo segir hv. 2. þm. Árn., að þessi Laxdæla sé ekki þannig, að rétt sé að setja löggjöf út af henni út af fyrir sig, en svo bætti hann við: „En þeir, sem renna grun í framhaldið“ Já, þar liggur nú hundurinn grafinn. Ástæðan til þess, að þetta frv. er komið hér fram, er ekki sú, að Njála var gefin út fyrir nærri 100 árum á nútímamáli. Ekki heldur sú, að hv. þm. S.-Þ. hefur gefið út Íslendingasögur, eins og það var nú gert, heldur þessi Laxdæla, sem þó er, úr því sem komið er, látin vera og ekki talin óhafandi, en þó sérstaklega þetta: Þeir, sem renna grun í framhaldið. Svo kemur hv. þm. að skemmdarverkum nr. 2, þegar farið verði að endursegja Íslendingasögurnar. Hann veit af því, að einhverjir menn hér í þjóðfélaginu muni hafa ætlað að fara að endursegja Grettissögu, og þegar það vitnast, er farið til þessara manna og þeim hótáð, að þessi Grettissaga, þegar hún komi út, skuli verða tekin svo fyrir, að ekki standi í henni steinn yfir steini. Hvernig stendur á því, að það var ekki þotið hér inn á hæst. Alþ., þegar þessi Grettissaga var á ferðinni, og sett l. um það, að það mætti ekki gefa hana út? Þá var treyst á það, að þegar væri farið að fara illa með Íslendingasögurnar, þá væru nægir menn til í þjóðfélaginu til þess að fordæma það svo gersamlega, að þær seldust ekki blátt áfram. Og þetta er það, sem ég álit, að eigi að gera. Og hv. 2. þm. Árn. hefur frætt okkur um, að þessi aðferð hafi reynzt góð, hún hafi komið í veg fyrir, að skemmdarverk nr. 2 hafi verið unnið, að endursegja Grettissögu. Og mér er ekki ljóst, af hverju þessi ágæta aðferð gæti ekki dugað áfram. Ég endurtek það því, sem ég

sagði við 1. umr., að ég álit, að gagnrýni okkar þjóðar á þeim endursögnum, sem kæmu út af Íslendingasögnum, og áhugi hennar fyrir þeim, mundi reynast næg vernd fyrir þær gagnvart þeim, sem vilja skemma þær með slæmri meðferð í endursögnum. Vonast ég því til þess, að hv. alþm. dragi af því réttar ályktanir, sem hv. 2. þm. Árn. hefur tekið hér fram viðvikjandi þessu atriði.

Ég vil benda á, að með þessari brtt., sem hér liggur fyrir, er alls ekki komið í veg fyrir skemmdarverk. Það stendur í niðurlagi 1. gr., eins og lagt er til í brtt., að hún verði orðuð, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.“ Það má þannig sleppa kafla eða köflum úr fornritunum, þegar þau eru gefin út, ef þess er greinilega getið í útgáfunni.

Svo kemur þessi hv. þm. að skemmdarverkum nr. 3, þegar farið er að skrifa sögurnar um. Það er einmitt það stig skemmdarverkanna, sem hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson frá Hriflu, gerði, og það er sannarlega nauðsynlegt að gera ráðstafanir gegn slíkum verknaði til þess að hann endurtaki sig ekki. En þær ráðstafanir er bezt að gera þannig, að slík verk séu gagnrýnd, þegar þau koma fyrir, svo mikið, að slíkt eigi sér ekki uppreisnar von. Frá mínu sjónarmiði er ekkert á móti því að setja l. í þá átt, að ekki megi nota til kennslu í barnaskólum skaðskemmdar og rangsnúnar útgáfur af Íslendingasögnum, þannig að menn geti ekki gefið út kennslubækur í hagnaðarskýni, eða láta gefa slíkt út á ríkisins kostnað til þess að „tyggja“ það í æskuna árum saman. Það þyrfti ekki meira til þess að koma í veg fyrir, að slíkar bókmenntir væru „tuggnar“ í æskuna en að kennslumálaráðuneytið væri dálítið vakandi.

Svo er eitt í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Árn. var að tala um, umskriftina á Íslendingasögnum og okkar fornritum yfirlétt. Nú langar mig til að spyrja þennan hv. þm.: Getur það ekki komið fyrir, að þeir menn, sem með framkvæmd l. þessara ættu að fara, væru svo þröngsýnir, að þeir létu þess háttar lagabókstaf ná út yfir það, sem alls ekki var upphaflega ætlazt til með því að setja þessi l., þannig að þau væru látin ná út yfir það, sem sum af okkar beztu skáldum hafa lagt í, að búa til ný listaverk, t. d. leikrit, með efni úr okkar fornsögnum sem uppistöðu listaverksins? Það væru kannske til þeir menn, sem mundu halda því fram, að það væri að umskrifa fornsögurnar. Við getum t. d. í því sambandi nefnt, að Jóhann Sigurjónsson hefur samið leikrit utan um sögulega viðburði og Matthías ort Grettisljóð. Yrkisefnin úr okkar sögum eru gullnáma fyrir okkar skáld. En það mætti kannske teygja bókstaf þe sara l. nógu langt til þess að ná út yfir að hanna að taka yrkisefni úr okkar sögum og halda því fram, að þar sé um að ræða umskrift á þeim. Það væri hins vegar algerlega rangt að hindra skáld í því að geta ausið af þeim brunni, sem okkar fornsögur eru sem yrkisefni, og ég býst ekki við, að sú hafi heldur verið meiningin með þessum l.

Hv. þm. vill ekki, að það sé verið að þrængja

skáldsögum upp á æskuna, en að sérstök útgáfa verði gefin út fyrir börn af fornritunum, og þá verði að gera þar algerðan greinarmun á sjálfum upprunalegu ritunum og þessum endursögnum.

Það nær ekki nokkurri átt að gera kröfu til máls og stíls og annars slíks neitt í líkingu og annars, þegar verið er að gefa fornrit út fyrir börn. Meiningin með útgáfu bóka fyrir börn, þegar þær eru umskrifðar fyrir þau, er sú að kynna börnunum efni þeirra, til þess að reyna að laða þau til að lesa þær síðar á upprunalega málinu, þegar þau vaxa upp. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé meining hv. þm. með útgáfu fornritanna fyrir börn. Og þetta hefur verið gert úti í heimi, t. d. um rit eftir Shakespeare. Hann hefur verið endursagður fyrir börn, og þykja þær endursagnir með afbrigðum góðar og eru taldar með betri bókmenntum á 19. öldinni. Og fjöldi enskra barna, sem mundi gefast upp á Shakespeare, ef þau ætluðu að lesa hann, lesa þessar endursagnir, sem þá verða eins konar dyr fyrir þau til þess að ganga um inn í þennan helgidóm.

En í sambandi við þessar endursagnir vil ég vekja athygli á því, að hv. 2. þm. Árn. minnst ekkert á þær leiðinlegu endursagnir af íslenzkum fornritum, sem ég kom að í míni ræðu.

Ég sé ekki neina þá hættu á ferð í okkar þjóðfélagi, sem geti réttlætt það, að slík lög-gjöf sem þessi er hér á ferðinni. Ég sé ekki betur en að það sé hins vegar full ástæða til þess að vernda rétt núlifandi rithöfunda, hætta ofsóknum gagnvart þeim og hætta því að láta vera hægt að nota rit þeirra að þeim fornspeidum, eins og nú á sér stað. Ég fæ ekki betur séð heldur en að einmitt það, sem hér hefur komið fram í umr. um þetta mál, staðfesti það, að okkar þjóð sé fyllilega fær um að vernda sín fornrit með heilbrigðri gagnrýni, þannig að barátta gegn þeim tilraunum, sem hefðu orðið til að spilla þeim, hefur komið í veg fyrir, að þeim hafi verið spilt með slæmum endursögnum. Og jafnvel þeir, sem halda með þessu frv., geta ekki annað en viðurkennt, að stafsetningin sé ekkert aðalatriði. Jafnvel hefur ekki verið reynt að halda því fram, að hin forna stafsetning sé visindaleg eða hentug að einhverju leyti, enda er hún hvorugt. Það er sem sé þannig, að ástæðan til þess, að þetta frv. hefur komið fram og er hér á ferðinni, er ekkert annað en firra og ákveðnir hleypidómar hjá ákveðnum manni. Og það væri hæstv. Alþ. ekki til sóma að fara að hlaupa eftir slíku.

ATKVGR.

Brtt. 55,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17:2 atkv.
— 55,2 (ný 2. gr.) samþ. með 17:2 atkv.
— 55,3 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, ÞBr, BJB, EmJ, EystJ, FJ, Gsv, HelgJ, JakM, JPálm, JörB.

nei: EOJ, ÍslH.

JGM greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, EE, GP, GG, HG, HV, JÍv)
fjarstaddir.

Á 23. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 61).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

*Einar Olgeirsson: Það er nú búið að ræða þetta mál þó nokkuð, og hafa samt, að því er virðist, undarlega fáir hv. þm. tekið til máls um það. Ég veit ekki, hvort þetta mál á kannske að skoðast sem eitt af þeim fáu málum, sem ekki eru ágreiningsefni hjá stjórnarflokkunum og að samþykkt þess eigi að vera einhvers konar sárabætur fyrir mann, sem illa hefur orðið úti í viðskiptum stjórnarflokkanna. En hvernig sem því er háttað, langar mig til að gera eina tilraun enn til þess að fá hv. þm. til að athuga, hvað þeir eru nú að gera. Nú er málið komið í það horf, að eftir frv., eins og það er nú orðið, er eitt einasta verk, sem bannað er að gera við fornritin, að gefa þau út nákvæmlega eins og þau eru að málblæ, efni og meðferð. Eins og þessi l. eru nú, má allt annað gera við þau, þannig að hver, sem vill, má endursegja Íslendingasögurnar eins og honum þóknast, og er þetta skv. l. gr., eins og hún er nú, því þar segir, — með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breyt. er svo hátt- að, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði til þjó af.“

M. ö. o., það má breyta þessum fornritum öllum saman, rétt eins og mönnum þóknast, svo framfarlega að sá, sem þeim hefur breytt, geti sannað það fyrir dómstólunum á eftir, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði ekki tjón af. Það má gefa þau út umskrifuð og endursögð, stýtt o. s. frv., bara ef hægt er að sanna fyrir dómstólum, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði ekki tjón af. T. d. með því að breyta þeim, ef málið er fyllilega eins gott eða jafnvel betra heldur en á sumum Íslendingasögum, þá yrði erfitt fyrir dómstólana að dæma þannig, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Það er ekki viðurkennt meðal stórþjóðanna, að það geti komið til mála að umskrifa rit beztu höfunda heimsins. En það er eftir þessu frv. fyllilega leyfilegt að umskrifa Íslendingasögurnar fyrir börn, því það verður erfitt að sanna það fyrir dómstólunum, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af því, og með þessu móti kemust þarna endursagnir af þeim til fjölda barna, sem þær hafa ekki náð til áður. Hv. 2. þm. Árn. var að tala um, hvíllk frábær mál- snilld Sveinbjörns Egilssonar væri. Ef t. d. Sveinbjörn Egilsson eða einhver slikur mál- snillingur annar hefði tekið sig til og endur- skrifað Íslendingasögurnar í þeim stíl og formi, að það hefði verið ljómandi fallett mál, þá get ég hugsað mér, að erfitt væri að sanna fyrir

dómstólum, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði þar tjón af. Það er aðeins eitt, sem ekki má þá gera við Íslendingasögurnar, að gefa þær út á máli Jónasar Hallgrímssonar og Jóns Sigurðssonar, þ. e. a. s. með nútímastafsetningu. Allt annað má gera við þær, ef hægt er að sanna fyrir dómstólum, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði ekki tjón af. Sjá nú hv. þm. ekki, hví- lika ófæru hv. þm. eru komnir út í út af einhverjum duttlungum eða reidíkasti manns, að koma með frv., sem er svo afkáralegt, að því verður að breyta til þess að vera frambærilegt hér á hæstv. Alp.? Svo hafa þeir orðið að viðurkenna, að stafsetningin sé ekkert aðalatriði. En samt sem áður er hún nú orðin eina atriðið, sem eftir er orðið í frv. Mér finnst, að hv. þm. ættu nú að sjá sóma sinn í því að láta þetta mál ekki fara lengra. Mér finnst, að nú við þessa 3. umr. málsins mætti gjarnan stöðva það. Það er nú búið að lofa því að komast það langt; og það er náttúrulega nokkur virðing, sem því hefur verið sýnd, þó að það hafi reyndar orðið að umskrifa það. Ég vona, að hæstv. Alp. geri sig ekki að þeim kjána fyrir duttlunga eins manns að samþ. annað eins og þetta. Ég vil því leggja til, að frv. verði felld.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafna- kalli, og sögðu

já: EmJ, FJ, GSv, HelgJ, JakM, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StgrSt, SvBH, ÞBr, BJB, JörB.

nei: EOL, HV, ÍslH.

JGM greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, EE, EystJ, GP, GG, HG, JÍv, JPálm, ÓTh, StSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði horizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Af- brigði leyfð og samþ. með 8:2 atkv. að við- höfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, EÁrna.

nei: BrB, JJós.

ÁJ, BSñ, ErlÞ, MG, MJ¹) greiddu ekki atkv. 1 þm. (ÞÞ) fjarstaddir.

*Magnús Jónsson: Mér finnst alveg ómogu- legt að láta mál, sem er svo mikils varðandi, að það getur varðað menningu okkar alla og tungu, fara svo hér um garð, að ekki sé einu sinni á það minnst. Ég verð að segja, að mér finnst í raun og veru, að þetta Alp., sem hefur nú setið hér í 6 vikur, hefði nú eiginlega átt að hafa nógan tíma til þess að afgreiða ýmis svona mál, sem lágu utan við það beint póli- tíska svið, og koma þeim þannig frá, að þau hefðu ekki annaðhvort þurft að tefja þingið

1) MJ: Í því trausti, að menning okkar og tunga sé ekki svo veik, að hún haldi ekki út til næsta þings, greiði ég ekki atkv.

eða vera afgr. órannsókuð, og mér sýndist sá svipur á þessu máli, þegar það kom fram, að ólíklegt væri, að það yrði afgr. á þessu þingi. og gaf ég málinu lítinn gaum og fylgdi því lítið eftir í Nd., en þaðan var það afgr. fyrir nokkrum mínútum. Ég var að lesa frv. yfir meðan atkvgr. fór fram um afbrigðin, til þess að sjá, hvernig það væri, og þótti mér rétt að sitja hjá, og ég verð að segja það, að mér sýnist málið þannig vaxið, að leiðinlegt væri, ef þetta Alp., sem ekki þykir athafnamikið, þó ég verði að játa, að seta þess er réttlætunleg af því, sem fyrir lá, nfl. erfiðleika um stjórnarmyndun —, að leiðinlegt væri, ef það léti það vera hér um bil sitt eina afrek að afgreiða löggjöf eins og þessa.

Alp. er ríkisins langvöldugasta stofnun. Fyrir mínum leikmannsaugum hefur það hér um bil ótakmarkað vald. Æðsta valdið liggur hjá þjóðinni, en hún felur Alp. að fara með þetta vald, sem er markað af stjórnarskránni, en einnig henni hefur Alþingi vald til að breyta, er þjóðin hefur látið vilja sinn í ljós við kosningar, og þess vegna ræður það yfir stjórnarskránni sjálfri.

Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég ætli að halda hér fræðilegan fyrirlestur, en vildi aðeins benda á það, að sú stofnun, sem hefur þetta vald, verður að geta þess, að þessu valdi fylgir ábyrgð. Ég vil segja það fyrir mitt leyti og skv. minni stefnu, — og ég hélt, að það væri líka stefna míns flokks —, að ég tel, að löggjöfin eigi ekki að seilast inn á fleiri svið en þörf er á. Ef á að setja löggjöf um slíkt mál sem þetta, mætti með sama rétti setja lög um að láta menn í gapastokkinn fyrir að fara ekki í kirkju. Alp. hefur áður flaskað á atriði svipuðu þessu, t. d. um mannanöfnin. Um slík mál á að deila í blöðum og á mannfundum. Þeir, sem heita sér fyrir málunum, eiga að koma þar fram. Einmitt löggjöf eins og þetta er vantraustsyfirlýsing á menningu þjóðarinnar. Meðan ekki er um að ræða, að verið sé að grafa undan þjóðskipulagi eða góðum siðum, á löggjöfin ekki að gripa inn á þetta svið. Það gætu þá komið 1. um, í hvaða formati ætti að gefa út fornrítin. Um það frv. sérstaklega, sem hér liggur fyrir, verð ég að segja, að ég viðurkenni þá hugsun, sem þar liggur á bak við, eins og ég á sínum tíma hefði kannske getað viðurkennt, að það bæri að setja menn í gapastokkinn fyrir að fara ekki í kirkju. En í frv. er allt svo óákveðið. Fornsögurnar mega ekki vera með þeim „málbla“, að menning og tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Hver á að dæma um þetta? Af hverju bíða menningin og tungan tjón?

Í hv. Nd. komst sú breyt. inn, að öllum er bannað að gefa út rit, sem samín eru fyrir 1400, nema til fáist sérstakt leyfi. En eins og háðsmerki kemur önnur málsgr., sem segir, að samt megi Hið isl. fornrítafélag gefa út fornrít. En gætu nú ekki komið fram á sjónarsviðið jafnindæl félög og Fornrítafélagið, t. d. Bókmenntafélagið eða Sögufélagið? Þau yrðu þá kannske að hætta við sínar útgáfur. Ef fornbrefasafnið væri ekki komið, yrði ríkið að taka í taumana. Bókmenntafélagið hefði ekki mátt gefa út Bisk-

upasögurnar á sínum tíma, og svona mætti lengi telja.

Mér er sagt, að ástæðan til þess, að frv. þetta er fram komið, sé, að um það fréttist, að það átti að fara að gefa út Laxdælu með breyttri stafsetningu, sem nú er komin út. Ég hef ekki séð þá útgáfu, en ég hef oft séð kafla úr Íslendingasögum í öðrum ritum og tilvitnanir færðar í nútímastafsetningu, og ég hef alltaf fyllt aðdáun á því, hvað málið er í raun og veru óbreytt. Maður getur næstum lesið langa kafla án þess að taka eftir því, að hér er komið hið forna mál. En það er einmitt hin forna stafsetning, sem hefur haldið við þeirri firru, að um tvö mál sé að ræða. Það má ekki fara með þetta eins og eiturlyf, sem bara er hægt að fá gegn sérstöku recepti. T. d. í Lesbókum fyrir skóla ætti að gefa út kafla úr fornrítum með okkar stafsetningu. Enginn maður skrifar nú eins meistaralegan stíl eins og er á okkar beztu fornrítum.

Ég hefði kosið að tala miklu meira um þetta mál, en það kom hingað í d. mér að óvörum. Mér datt satt að segja ekki í hug, að hv. Nd. mundi gera svo lítið úr sér að fara að afgreiða málið. Það mátti ræða það fram og aftur og láta það svo bíða. Ég held, að okkur takist ekki að vernda menningu okkar, ef hún er svo á heljarþróminni, að eitthvað ætti að geta komið fyrir til næsta þings, sem skemmdi hana til muna.

Ég get ekki fylgt þessu frv., í fyrsta lagi af því, að ég er því mótfallinn almennt, að þingið afgreiði slíka löggjöf um mál, sem á að réttu lagi að gera út um á frjálsum vettvangi, og í öðru lagi fæ ég ekki séð, að þetta sérstaka tilfelli, sem um er að ræða, sé svo hættulegt, að rétt sé þess vegna að einoka okkar bókmenntir. Ég álit hvert á móti rétt að gera tilraun sem þessa. Fornrítin eru lítið lesin nú, meðfram vegna stafsetningarinnar, sem á þeim er. Ég segi fyrir mig, að ég las ekki Íslendingasögur fyrr en ég var orðinn töluvert stálpaður, vegna stafsetningarinnar. Ég greiði atkv. á móti frv., enda er málið rekið áfram með ofurkappi með margföldum afbrigðum, mál, sem ekkert liggur á.

*Árni Jónsson: Ég hafði ekki ætlað að taka til máls við þessa umr. og er því óundirbúinn. Ég verð að taka undir það með síðasta ræðumanni, að málið er ekki svo úr garði gert, að gerlegt sé að afgreiða það. Það kann að vera hægt að breyta frv. til betri vegar, en nú er komið svo nærri þinglausnum, að það mun verða erfitt.

Það er tekið fram í grg. frv., hvert er tilefni þess, að það er fram komið. Þar segir svo: „Þar eð skýrt hefur verið opinberlega frá ráðagerð um að gefa fornrít vor út með nútímastafsetningu, stytt og jafnvel umrituð, en slíkt verður að teljast viðsjárvert, ef engar takmarkanir verða settar, þykir rétt, að sett verði lög, sem komi í veg fyrir, að þeim miklu bókmenntaverðmætum, sem þjóðin hefur tekið að arfi frá fyrri kynslóðum, verði þannig stefnt í voða.“

Tilefnið mun vera það, að í því blaði, sem ég er við riðinn, birtist sú fregn, að í ráði væri

að gefa út fornrítin með nútímastafsetningu og jafnframt umrituð. Ég skildi þetta svo, að umrita ætti fornsögurnar á nútíðarmál, og það varð til þess, að ég skrifaði grein og gerði ráð fyrir, að svo kynni að fara, að ef hin fræga setning Guðrúnar Ósvífursdóttur: „Þeim var ek verst, er ek unna mest,“ yrði þýdd á nútímalslenzku, gæti hún orðið svona: „Auðvitað kynntist ég mörgum agalega sætum strákum, þegar ég var ung, en til allrar hölvunar var ég langtíkarlegust við þann, sem mér þótti vænst um.“

Tilkynningin um útgáfu þessa hafði líka farið í taugarnar á hv. þm. S.-Þ., og það varð, sem sjaldan skeður, að við vorum „á sömu línu“, en hvorugur hafði haft skap til að lesa tilkynninguna til grunna. Það kom í ljós, að það var ekki eins mikill háski á ferðum og við höfðum ætlað. Ég held samt, að það hafi verið gott, að við skyldum misskilja þetta svo, því að ég er fullviss um, að greinar okkar hv. þm. S.-Þ. hafa orðið til þess, að enginn bókaútgefandi lætur sig henda þá ósvinnu í næstu 100 ár að fara að þýða fornþóknemntir okkar á nútímalslenzku. Við ættum að taka upp þykkjuna fyrir það, að frv. er fram komið, því að það er vantrausts-yfirlysing á okkur. Við höfum vakið kritik og skapað almenningsálit, sem hvort tveggja verður bezta stoðin til að vernda okkar fornu rit. Það er svo margt annað í sambandi við okkar bókaútgáfu, sem getur orðið menningu okkar að tjóni, að rétt væri að snúa sér að því fyrst. Það er nauðsynlegt að gefa út tímarit, sem heldur uppi hlutlausri kritik. Kritik er nú svo litlís virði, að menn eru hættrir að leggja neitt upp úr henni. Útgefendur sjálfir held ég jafnvel, að haldi uppi gagnrýni.

Það fyrsta, sem ég sá á prenti eftir hv. þm. S.-Þ., var kritik um svæsinn reyfara fyrir eitt-hvað 30 árum. Bókin hét: „Hinn óttalegi leyndardómur eða hrúðkaupsnóttin, sem enginn skildi.“ Það væri ekki síður nauðsynlegt nú að taka í gegn ýmislegt af hinum svo kölluðu bókmenntum.

Frv., sem hér liggur fyrir, hefur að vísu tekið ýmsum breyt. í Nd., en er samt æðigallað, eins og hv. síðasti ræðumaður henti á. Í 1. gr. er komiðt svo að orði, að ekki megí „birta rit hans (rithöfundar) breytt að efni, meðferð eða málhlae, ef breyt. er svo háttað, að menning og tunga þjóðarinnar bíði tjón af“. Hver á að dæma um það? Ég held, að það verði erfitt fyrir pólitíska ráðherra að þurfa að skera úr þessu. 1. gr. segir síðan: „Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.“ Má þá sleppa svo og svo miklu, ef þess er aðeins getið, að það sé gert?

Ég tel alveg ástæðulaust, að ríkið eitt fari að sjá um útgáfu rita, sem eru samín fyrir 1400, enda er strax gerð ein undantekning.

Ýmsir menn, þ. á m. hv. þm. S.-Þ., hafa tekið upp kafla úr fornsögum í sínar bækur, breytt þeim að stafsetningu og jafnvel að orðfæri. Hv. þm. S.-Þ. ætti því ekki að telja það höfuðglæp, þegar aðeins er um að ræða að breyta stafsetningunni. Ég hef blaðað í Laxdælu hinni nýju, og þegar maður er búinn að lesa eina eða tvær síður, fer maður að gá á kápuna, hvort rélt sé

skilið um stafsetninguna. Ef þetta gæti orðið til að hæna fólk að fornsögnum, held ég, að mjög vel sé farið.

Ég sé ekki, að við getum afgr. málið í því formi, sem það er. Hins vegar má kannske lappa eitthvað upp á þetta frv., en þá verður bara að hafa til þess tíma. Og ég vona, að hv. form. menntm., af sinni alkunnu sanngirni, sjái um, að við fáum að ræða út um málið, úr því að hv. Nd. hefur ekki getað afgr. það öðruvísi en að demba því í okkur á þessum síðustu dögum þingsins.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Það er í rauninni aðeins sem þm. í hv. Nd., sem mér fannst ég verða að kveðja mér hljóðs fyrir hönd d., vegna óviðurkvæmilegra orða hv. 1. þm. Reykv. út af afgreiðslu d. á þessu máli. Og því óviðurkvæmilegri voru þessi ummæli, að það virðist sem hv. þm. hafi ekki lesið frv., sem fyrir liggur.

Ég veit ekki til þess og sé ekki í þessu frv., að með því sé bannað að gefa út fornrítin með nútímastafsetningu. En mér skilst, að það sé út af þessu banni, sem þessi taugaóstyrkur hefur gripið hv. þm. þessarar d. Það, sem í frv. þessu stendur, er að vísu það, að ríkisstj. einni sé heimilt að gefa út islenzk fornrít eða veita öðrum leyfi til þess. En það stendur hvergi í þessu frv., að bannað sé að gefa fornrítin út með nútímastafsetningu.

Það er alveg rétt, sem hv. 9. landsk. sagði, að það, sem kemur þessu af stað, er fyrirhuguð útgáfa á Laxdælu, sem þessi ágæti þm. gerði að umtali og var kannske á misskilningi byggt, eins og hann sjálfur sagði. En það er ekki af ótta við, að þau verði gefin út á islenzku, heldur af því, að þau verði gefin út á „Laxnessku“, og það var einmitt það, sem þessi hv. þm. óttaðist, þegar hann skrifaði um þetta í „Vísí“.

Með þessu frv. er bara verið að girða fyrir að unskrifa fornrítin á eittvert mál annað en islenzku. Hvort þau eigi að vera með nútíma- eða fornri stafsetningu, sé ég ekki, að frv. sé um. Það heimilar ríkisstj. að setja það skilyrði, að á þeim sé samræmd stafsetning forn, en það er enginn áskilnaður um, að svo sé gert. En með þessu á að vera tryggt, að fornrítin verði ekki afbökud í gróðaskyni. Og það á ég hágt með að skilja, að ástæðan fyrir þessum ádeilum í garð hv. Nd. skuli vera sú, að hún er að reyna að koma í veg fyrir, að afbakanir á fornrítunum geti átt sér stað.

Ég held, við nánari athugun málsins, að það liggí opið fyrir, að hv. Ed. láti málið ganga þinglega áfram og sendi það til n. Ef ástæða er til að búa betur um það, þá er það að sjálfsögðu vel farið, og við skulum vona, að það takist.

Að lokum vil ég segja það, að Nd. hefur ekki dengt þessu máli yfir þessa hv. d., eins og hv. 1. þm. Reykv. vildi vera láta. Nd. afgreiddi málið eins fljótt og hún gat. Að það var á síðustu dögum þingsins, er ekki henni að kenna. Það atvikaðist bara þannig. Og það verður að fara eftir atvikum þessarar hv. d., hvort það verður afgr. áfram.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki tefja fyrir þessu máli með löngum umr. Ég vildi að eins standa upp til þess að láta í ljós ánægju mína yfir, að frv. þetta er fram komið, og vona, að það fái fljóta afgreiðslu og verði samþ. í þessari hv. d.

Það sýslufélag, sem ég er við riðinn, hefur nú orðið fyrir því óláni að fá meginsögu sína, Laxdælu, gefna út með nýmóðins stafsetningu, formála-, registurs- og skýringalaus og alla meira eða minna skrumskælda, og ég segi fyrir mig, að ég vil ekki óska öðrum héruðum að lenda í sama foraðinu, og tel því rétt að stemma nú þegar á að ósi.

Ég ætla ekki mikið að gagnrýna þessa útgáfu, sem nú mun hafa valdið því, að þetta frv. kom fram. En hitt get ég sagt, að mér virðist þar vera ýmsu sleppt, t. d. þegar sleppt er ættarsamböndum og bólfestu manna. Mér þykir það eiga illa við og tel, að ekki sé rétt að fara þannig með forn, sigild heimildarrit. Ég ætla samt ekki að taka þetta sérstaklega til umr. En þó að ágallar þessarar útgáfu séu afar miklir, þá vitum við aldrei nema einhver annar skjáhráfn gefi út enn lakari útgáfu. Þess vegna tel ég alveg sjálfsagt, að byggt sé fyrir, að forn-bókmenntum okkar, sem við með réttu höfum stært okkur af, verði misþyrmt á slíkan hátt. Það er húið að ráðast á sögu héraðs vors að þessu leyti, og ég vil ekki, þótt sumum kunni að þykja sætt sameiginlegt skipbrot, að þess háttar hendi aðra, en vil hins vegar forða öðrum héruðum frá slíku leiðindamáli.

Ég tel sjálfsagt að samþ. þetta frv. og afgr. það fljótt og vel.

***Magnús Jónsson:** Ég skal nú ekki tefja mikið afgreiðslu þessa nauðsynjamáls, sem þjóðin sjálfsagt mun dæma um, hvort hafi verið nægilegt afrek fyrir Alþ. að hafa afgr. eitt mála. En ég vonast til, að hæstv. fjmrh. fái tilbærilegar þakkir fyrir málsvörnina hér.

Ég man nú ekki, hvernig ummæli ég viðhafði um hv. Nd., en ég sagði víst eitthvað á þá leið, að mér þætti það vanvirða, hvernig hún afgr. þetta mál. Það var ekki meiningin að viðhafa neitt óþinglegt orð, en þetta er engan veginn í fyrsta skipti, sem Alþ. gerir sér vanvirðu með hreinni hégómalöggjöf.

Hæstv. fjmrh. taldi þennan dóm minn því ósanngjarnari sem ég hefði ekki lesið frv. En það stafar af þeirri þinglegu afgreiðslu, sem er þannig, að manni gefst ekki tími til að sjá málið. Annars er það eitt um þetta frv. að segja, að það er um mál, sem löggjöf á ekki að koma nálægt, fyrr en séð er, að slíkt sé brýn nauðsyn. (Fjmrh.: Það á að byrgja brunninn, þegar barnið er döttið ofan í!) Er nokkur ástæða til að byrgja brunn, sem ekki er til? Er nokkur hætta á, að menn detti ofan í nokkurn brunn? Þeir, sem því halda fram, eru bara að berjast við vindmyllur. Hvað er nú að ske í þessu máli svona ógurlegt? Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti að girða fyrir, að fornritin væru gefin út á öðru en íslenzku. Þau hafa nú verið gefin út á öðrum málum. Og ég sé enga synd í því. Ætti ekki að banna að þýða þau á dönsku og ensku? Það er

að skilja, að þau lifi aðeins á þessari fornu samræmdu stafsetningu. Það er ekki amalegt. Og það er um að gera að gefa þau út í þessum sama húningi. Annars er allt í voða. Þetta er það dæmalausasta vantraust á menningu okkar og tungu. Alþ. mundi sjálfsagt banna að gefa þau út á öðrum málum, ef það gæti það. En ég býst við, að aðrar þjóðir þykist hafa rétt til þess, og það er sennilega það eina, sem gerir það að verkum, að þau fást þýdd. Mér þykir meiri hörmung að sjá Íslendingasögurnar á dönsku en nútíma íslenzku. Ég er aftur á móti fullkomlega sammála hæstv. ráðh. um það, að ekki eigi að taka fornritin og þýða þau á nútímamál eins og „Laxnessku“. En ég er ósammála honum um, að setja eigi löggjöf um þetta mál. Er þjóðin þá orðin svo dómgreindarlaus, að það þýði ekki að skrifa um það og sannfæra hana? Ég álit, að þetta sé mál, sem eigi að afgr. á almennum vettvangi. Ég er samþykkuð því, sem hv. 9. landsk. sagði, að Alþ. gangist fyrir því, að gefið yrði út verulega gott bókmenntarit, sem yrði áhrifaríkt afl í landinu.

Ef maður þekkti ekki fornritafélagið og þá, sem að því standa, gæti maður helzt hugsað, að þetta væri runnið undan rifjum þeirra, sem hefðu hagsmuna að geta af að sitja ekki uppi með rit sín. En maður veit, að um það er ekki að ræða í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að þessu hefði ekki verið dengt yfir þessa hv. d. (Fjmrh.: Var það Nd., sem gerði það?) Nei, hv. Nd. var víst allenggi með þetta. Það hefur nú ekki verið „fartin“ á málinu hjá henni. (JJ: Það hefur nú verið rólega farið hér.) Það átti auðvitað að slíta Alþ. í dag. Það sat aðeins yfir því, að mynduð yrði ný ríkisstj., og þegar það var búið, átti að hætta þegar í stað. Það var hægðarleikur að afgr. þau fáu mál, sem fyrir lágu og nauðsynlega þurfti að ganga frá. En ef þetta mál á að fá þinglega meðferð, þá skilst mér, að Alþ. ætti að sitja hér upp undir viku, áður en það yrði afgr. Þá fyrst fengi málið sómasamlega meðferð. Fyrst hefðu átt að liða 2 nætur frá því málið var afgr. frá Nd., síðan hefði átt að vísa því til n. og n. að fá svo sem einn dag til að athuga málið. Svo átti að gefa þdm. tækifæri til að athuga nál. Þetta væri sú þinglega venja, og þá fyrst, ef hún væri viðhöfð, gæfist tækifæri til að athuga þetta mál. Og þá kæmi í ljós, hvort það væri þess vert að samþ. það. Ég verð að láta í ljós verulega hryggð yfir, að þetta mál skuli fá þessa meðferð. Og helzt átti það aldrei að koma fram. Að visu má segja, að það megi sýna ýmis mál, en Alþ. á að hafa dómgreind til að vísa því frá, sem ekki á erindi hingað.

Ég get því miður ekki huggað hv. 5. landsk. vegna Dalamanna. Ég veit ekki, hvort þeir spillast mikið á þessari útgáfu. — En hvernig er það? Ætli Dalamenn lifi mikið á Laxdælu? (ÞÞ: Yfirleitt lifa menn ekki beinlínis á pappír.) Það væri gaman, ef til væru einhverjar skýrslur um það, hvað forn-bókmenntirnar muni vera mikill partur af andlegri fæðu ungra manna á Íslandi. Mér sýnist þessi indæla nýja útgáfa fornritafélagsins fara upp í hillur, bæði lesin og ólesin, en það sýnir, að tæplega yrði neinn jarðskjálfti,

þó að fornritin væru gefin út öðruvísi en hingað til. Hvernig hefur þjóðin komið af á undanförunum öldum? Þessi rit hafa verið til í meira og minna ónákvæmum handritum. Hver öld hefur haft sína stafsetningu, og við höfum ekkert af frumstafsetningu þessara rita. En menn virðast ánægðir með, að á þeim sé stafsetning frá 15. öld, bara að það sé ekki okkar stafsetning. Og hvernig hafa svo þessi handrit verið? Oft ekki annað en lauslegir útdráttir. Og hvaða handrit má gefa út? Má gefa út nema eftir frumriti? Nú vitum við, að beztu handritin eru svo fjaraskýld. En þessi mismunur á handritunum stafar af því, að menn hirtu ekki alltaf um að skrifa þau nema til þess að fá við það efnid í sögurnar. Hvernig hefur annars þjóðin bjargast fram á þennan dag, ef menningin er öll í voða, þó gefa annað út vandaða útgáfu af fornritunum, en bara með stafsetningu vorra tíma? Ég veit ekki, hvernig Dalamenn hafa komið af með allra handa skrumskælingar.

Mér finnst þetta frv. vera þannig, að það eigi alls ekki að afgreiða það. Það er líka undarlegt, ef Alþ. fer nú að gera undantekningu til að koma þessu máli fram og gera það að lögum. Ég ætla að vona, að þessi hv. d. hafi, eins og svo oft áður, — með allri virðingu fyrir hv. Nd. —, vit fyrir henni í þessu efni.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get látið mér vel líka það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði til málsbóta frumhlaupi sínu í fyrri ræðu sinni, því þó hann segði, að þetta frv., eins og það kæmi frá hv. Nd., væri jafnógreindarlegt og fornritafélagið væri komið inn á þing, þá gæti hún látið sér það ámæli vel lynda, því að ég hygg, að þeir menn séu ekki taldir ógreindari en svo, að Nd. geti látið sér lynda það að vera líkt við þá. Og mér þykir gott, ef þessi hv. d. getur borið mjög af í framtíðinni.

Það er annars undarlegt, að þessi hv. þm. skuli enn vera að tala um efni frv., sem ekki er fyrir hendi. Hann veit bersýnilega ekki enn þá, hvað þetta frv. felur í sér. Hann sagði að vísu, að það væri ekki sér að kenna, þar eð hann hefði ekki haft tíma til að lesa frv., en mér finnst hann hefði þá getað geymt að tala um það, þangað til þessi umr. var hjá liðin. Þá hefði honum getað veitt tími til að fullvissa sig um, hvað í frv. fælist. Síðan hefðum við getað dæmt um það, hver ástæða var til að byrgja brunninn áður en barnið dytti ofan í. Hann vill endilega vera á eftir. Hann vill, að misjafnlega vandaðir bókaútfendur elti afvegaleiddan smekk almennings með því að elta hann alltaf niður á við. En það er einmitt þetta, sem hv. Nd. hefur viljað fyrirbyggja.

*Magnús Jónsson: Það er nú svo langur vegur frá, að ég ætli að fara að skattýrðast við hestv. fjmrh., en ég vildi bara leiðrétta það, sem hann hélt, að ég hefði sagt viðvikjandi fornritafélaginu, — að frv. væri jafnógreindarlegt og sjálft fornritafélagið væri komið inn á þing. Ég sagði eitthvað í þá átt, að málið bæri slíkan blæ, að það gætu verið einhver áhrif þaðan, sem kynnu að hafa komið hingað í Alþ. Og ég vil í lengstu

lög vona, að hv. alþm. afgreiði ekki slíkt frv. sem þetta.

Út af því, sem hestv. ráðh. talaði um, vil ég annars geta þess, að í 2. gr. frv. er gefið í skyn, að ekki eigi að gefa ritin út öðruvísi en með samræmdri stafsetningu fornri. En gefi ríkisstj. öðrum leyfi, getur hún gert það að skilyrði, að stafsetning sé forn. Og það er á því, sem ég byggji það, að það sé ekki meiningin, að hún verði öðruvísi. Annars get ég ekki hugsað mér, að nokkrum hv. þm. detti í hug, að það geti spillt fornritunum, að þau séu skrifuð á þá einu löghelguðu stafsetningu, sem til er. Það er ómögulegt, að nokkur maður hafi þá ótru á fornritunum, að þau þoli ekki nútímastafsetningu. — Að elta smekk fólksins? Er þá betra að ritin séu alls ekki lesin? Þá mundi ég hiklaust kjósa „Laxnessku“ — (Fjmrh.: Ekki ég.), því að ég hef þá trú á efni þessara rita, að það væri þó betra en ekki. Ég hef líka þá trú á dómgreind fólksins og leiðbeiningum, sem gefnar væru, að slíkt útgáfa mundi alls ekki verða lesin.

Það var einu sinni ágætur maður hér í Reykjavík, sem þorði ekki að láta ferma börnin sín, því að hann var hræddur um, að þau spilltust hjá prestinum. Það var talað um það við hann, hvað hann eiginlega héldi um börnin, sem væru innan um bölv og ragn á götunum, og hvort hann héldi, að þau spilltust aðeins í tímum hjá prestinum. Maðurinn varð alveg hvúsa við, og ég vil segja það sama. Spillist þá ekki þjóðin á alls konar útlendum reyfurum og innlendum sorpskrifum? — Nei. Það gerir ekkert til. En ef fornritin eru gefin út með nútímastafsetningu, og kannske einhverjum ættartölum sleppt, þá er allt í veldi.

Ég held, að það væri bezt að vísa þessu máli svo til ríkisstj., og ég held, að það væri bezt að finna einhverja aðila, sem segðu til um það, þegar þeim fyndist eitthvað ósæmilegt koma fram í sambandi við slíkar útgáfur. Það hafa verið gefnir út kaflar úr þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem aðeins hefur verið útdráttur úr verkinu sjálfu, og hefur enginn haft neitt út á það að setja á nokkurn hátt. En þannig má ekki fara að með fornritin!

Ég hef oft hugsað mér, að það væri mjög heppilegt að gefa Sturlungu út helmingi styttri en hún er, þannig að sleppt væri öllu því, sem óviðkomandi er, og held ég, að það væri mjög heppileg ráðstöfun til þess að fá fólkið til að lesa þessa merku bók. En þetta má ekki, þ. e. a. s., það má með leyfi eða nokkurs konar recepti. Hvers vegna nú að vera að hafa þetta svona, — hvers vegna ekki að láta slíkt koma út og láta svo okkar fornrit vera vernduð af rítdómurinum í blöðum?

Ég vonast til þess, að þetta frv. verði ekki afg. nú. Ef eitthvert gagn er í þessu, þá mun það vekja menn til umhugsunar, og er vonandi, að menn verði búnir að hugsa málið fyrir næsta þing. Ég get ekki hugsað mér, að þessi stutti tími, sem er til næsta þings, geti orðið neinn voði fyrir fornritin.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Hv. þm. heldur áfram að tala um það, sem ekki er í frv., og gefur það

ekki tilefni til þess að halda áfram umr. Það er hvergi bannað í frv. að gefa út útdrátt úr fornrítunum. Það, sem hér er verið að gera, er að eins það, að það á að koma í veg fyrir, að fornrítin verði afbökud, og það er bezt að segja það, að þessar till. koma frá mönnum, sem skoða fornrítin sem helgan dóm, sem ekki megi misbjóða með því að gera hann að skrifæðu. Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar, að ekki eigi að setja undir þennan leka og að það eigi að gefa öllum frjálf að fara með fornrítin eins og þeim sýnist, þá er það alveg vist, að menn mundu nota afvegaleiddan smekk fólksins til þess að græða peninga. — Fornritafélagið er húið að selja sína útgáfu upp, enda kostaði hún ekki nema 8 kr., en þessi kostar 14 kr., svo að þessi útgáfa þarf náttúrlega öflugri stuðning. Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess fyrir fornrítafélagið að hafa á móti þessari útgáfu vegna sins fyrirtækis, enda hef ég ekki orðið þess var, að komið hafi fram neinar áskoranir frá félaginu á hendur þessari útgáfu Laxdælu. Það er fullkomin ástæða til þess að leggja hömlur á það að leyfa útgáfu fornrítanna í þeirri mynd, sem birtist í hinni nýju Laxdælu. Ég veit ekki, hvernig mönnum líkadi það, að farið yrði að gefa út rit Páls postula á „Laxnessku“. Ég hygg, að mönnum félli það ekki. Hitt er ég einnig sannfærður um, að menn kynnu því afar illa, að farið yrði að gefa fornrítin út á einhverju allt öðru máli en islensku.

*Brynjólfur Bjarnason: Það er dálítið einkennilegt við þessa umr., að höfuðfrumkvöðull þessa máls, hv. þm. S.-Þ., skuli ekki gera grein fyrir málinu. Ég hefði þó gaman af að heyra röksemdir þær, sem þessi frumkvöðull málsins kynni að fara fram fyrir því. Hæstv. fjmrh. hefur hins vegar tekið að sér vörn fyrir málið, þó að það sé nú naumast hægt að skilja upp eða niður í þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. hélt til þess að skýra þetta mál. Mér virtist ómögulegt að skilja, hver er höfuðtilgangur þessa máls, — jú, höfuðtilgangurinn sagði hann að visu, að væri sá að koma í veg fyrir það, að fornrítin verði gefin út á einhverju afbökudu máli, t. d. „Laxnessku“ eða á öðru skríliskældu máli. Hins vegar álit ég ekki, að „Laxnesska“ sé neitt skríliskælt mál, — þvert á móti álit ég, að það sé bezt málið, sem nú er skrifað með okkar þjóð. Það getur því ekki verið tilgangur frv. fyrst og fremst að koma í veg fyrir notkun óvandaðs máls. Ég hef lesið frv. og enn fremur hlustað á ræðu hæstv. ráðh. og hvað annað í sambandi við þetta mál. Í 1. gr. frv. eru ákvæði um það, að ekki megi gefa út rit höfunda, þó að 50 ár séu liðin frá útgáfu þeirra, enn fremur að ekki megi breyta efni eða meðferð málsins, þannig að menningu og tungu þjóðarinnar geti stafað hætta af. Hver á að dæma um þetta? Þetta mál minnir mig dálítið á annað mál, sem hér lá fyrir Alþ. og miklar umr. urðu um. Það mál átti einnig rót sína að rekja til hv. þm. S.-Þ., og var það háltill. á þá leið, að það skyldi setja utan garðs í þjóðfélaginu menn, sem vítað væri um, að stæðu í sambandi við erlenda valdhafa. Hver átti að vita þetta? Það er ekki gott

að segja. Svona löguð löggjöf út af fyrir sig er hv. Alþ. til vanvirðu, eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur sýnt fram á.

Hvað 2. gr. frv. snertir, þá hefur ráðh. skýrt tilgang hennar. Þar segir, að rit, sem samin eru eða rituð fyrir árið 1400, skuli vera í höndum ríkisstj. eða þeirra félaga, sem ríkisstj. gefur leyfi til þess að gefa þau út. Um þetta atriði skal ég fara nokkrum orðum.

Það er höfuðatriði frv., að það sé rétt, að fornrít okkar séu eingöngu í höndum ríkisstj. eða félaga, sem stj. veitir sérleyfi til þess. Ég held, að það sé ákaflega óheppilegt; ég held, að það sé því betra, því meira sem gefið er út af fornrítum. Ég held, að þessi ráðstöfun geti ekki orðið til annars en að þrængja útgáfumöguleika fornrítanna. Svo er spurningin um það, hvort með þessu sé fengin nokkur trygging fyrir því, að ritin verði ekki gefin út á skríliskældu máli. Frá menningarlegu sjónarmiði er engin trygging fyrir því fengin, þó að málið sé í höndum ríkisstj. Ég álit, að það geti verið breint handahóft, hvaða félögum ríkisstj. gæfi slíkt sérleyfi. Ég álit t. d., að það geti eins vel komið til greina, að ríkisstj. fengi þetta mál í hendur mönnum, sem hafa mjög litla þekkingu á þessum málum. Hvað mundi t. d. hafa verið gert í því tilfalli, sem hér um ræðir, útgáfu Laxdælu, ef ríkisstj. hefði verið einráð um þá útgáfu? Það er ómögulegt að segja, hvaða afstöðu hún hefði tekið til þess máls. En ég álit verr farið en heima setið, ef farið yrði að banna slíka útgáfu á fornrítunum sem Laxdæla Halldórs Kiljans er, því að hún er útgengilegri og hefur selzt betur en nokkur önnur útgáfa fornrítanna. Það er sem sagt ákaflega óljóst, hver er tilgangurinn með þessu frv. Einokun á útgáfu fornrítanna handa einhverjum ákveðnum félögum er það, sem virðist liggja einna næst, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á. Ég held samt sem áður, að það sé önnur ástæða fyrir þessu. Tilfenið til þess, að þetta frv. kom fram, er Laxdæluútgáfan og það, að hv. þm. S.-Þ. fékk út af því eitt af sínum viðurkenndu köstum og skrifaði langa grein í Tímann um það að fara að gefa fornrítin út á því máli, sem talað væri af úrkasti þjóðarinnar. Ein ástæðan til þess, að hv. þm. fékk þetta kast, er sú, að honum er ákaflega illa við Halldór Kiljan Laxness, sem sá um útgáfu Laxdælu, og er það því ekkert undarlegt, þó að þetta frv. kæmi fram. Hitt er öllu undarleggra, að annað eins plagg og þetta skuli vera tekið alvarlega af þinginu, nema það eigi að vera eins konar sárabætur handa hv. þm. vegna þess, að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum í stærri málum hér á þinginu. Ég trúi því a. m. k. ekki, að þetta frv. fari í gegnum þingið nema stærri pólitískar orsakir liggja til. En hvað sem því líður, þá held ég, að hv. d. ætti að sjá sóma sinn í því að fella þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 68 og 69).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

*Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): N. hélt strax fund að aflokinni 1. umr. og komst að þeirri niðurstöðu, að hún ætti ekki öll samleið. Því að þar kom fram bæði meiri hl. og minni hl. Meiri hl. vildi samþ. frv. óbreytt, en minni hl. vildi gera tvær brtt.

Ég vildi gera hér stutta grein fyrir aðalatrið-um frv., því að ég tók ekki þátt í 1. umr.

1. gr. hefur það hlutverk að verja verk rithöfunda, þau sem lifa og eru gefin út, þegar liðin eru 50 ár eða meira frá dauða þeirra. Þetta hefur ekki verið til áður í islenzkum l., og er þetta tekið eftir norskum l. Hafa margir höfundar verið þess fýsandi, að þessu yrði komið á. Höfundum þætti það eflaust óskemmlileg tilhugsun, að hægt væri að gefa út rit þeirra að 50 árum liðnum frá dauða þeirra alla vega breytt. Mun flestum þykja sjálfsagt að verja höfundu fyrir slíku, og býst ég ekki við því, að þetta muni vekja deilur.

Um 2. gr., þar sem tekið er fram, að islenzka ríkið eitt hafi rétt til útgáfu rita, sem samin eru fyrir árið 1400, er aftur á móti það að segja, að hér er um óvanalegt ákvæði að ræða. En það er líka óvanalegt, að nútímaþjóðir eigi svo gamlar bókmenntir, sem eru raunveruleg listaverk. Annars er ekki líklegt, að menn hefðu farið að óska eftir slíkri lagasetningu, ef ekki hefði reynzt hætta á, að þessi rit yrðu misnotuð í gróðaskyni. Það er öllum kunnugt, að fornritin eru stolt þjóðarinnar. Við gerum kannske of mikið úr því stundum, einkum erlendis, hve mikið við finnum til þessarar eignar, en hún er okkur áreiðanlega mikils virði. Það var nú gefið í skyn hér í dag, að ekki skipti miklu máli, þó að farið væri hirðuleysislega með þessi rit, því að það hefði verið gert oft áður, lélegar afskriftir teknar af þeim o. s. frv. En þessi handrit hafa nú samt alltaf verið okkur kær, við höfum t. d. viljað fá heim til Íslands þau þeirra, sem niður eru komin erlendis, því að við höfum talið það rangt, að handrit þessi væru í höndum erlendra þjóðar.

Mér þótti undarlegt það, sem kom fram í ræðu eins hv. þm. hér í dag. Hann taldi það ákvæði óeðlilegt, að rétturinn til fornritaútgáfunnar skyldi vera í höndum ríkisins. Mér þótti þetta undarlegt, þar sem vitað er, að hann hefur verið manna skeleggastur í baráttunni fyrir því að fá handritin heim, sjálfan hinn dauða hlut. Ég hef verið samherji hans um þetta. En ef það er rétt að fá þennan dauða hlut heim, handritin sjálf, er þá ekki miklu sjálfsagðara að sjá vel fyrir lifandi anda ritanna með því að slá því föstu, að útgáfurétturinn skuli verið í höndum ríkisins? Þessi réttur hefur nú verið afhentur fornritafélaginu, sem hefur af miklum dugnaði og myndarskap tekið að sér að gefa ritin út. Það hefur verið álit þeirra, sem stóðu að þessari frumvarpsgerð, að þetta félag væri svo sérstakt og að því væri svo mikið að þakka fyrir ágæti þess og myndarskap, að það ætti að taka það fram, að þrátt fyrir ákvæði þessara l. hafi Hið islenzka forn-

ritafélag heimild til útgáfu fornrita. Má gera ráð fyrir, að engin ríkisstj. mundi neita um rétt til útgáfu eins og t. d. útgáfu Sigurðar Kristjánssonar af Íslendingasögunum, sem er eitthvert hið allra þjóðnýtasta verk, sem hér hefur verið unnið, þó að það fullnægi ekki tvímælaust þeim kröfum, sem gerðar eru eftir því, sem menn nú líta á málið. Það er álit eldri manna, að nálega engin vakning hafi komið yfir Íslendinga eins og sú, sem stafaði af þessari útgáfu af fornritunum, þegar þessi rit komust í hendur þjóðarinnar, sem voru að vísu ekki íburðarmikil, en bættu úr þörf þjóðarinnar í þessu efni, og það var farið af fullri virðingu með þessi verk.

Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem vilja gefa út þessi verk, skrifi stjórnarráðinu og það ákveði, hvort það leyfi útgáfuna eða ekki. Og ég geri ráð fyrir, að ráðuneytið veitti öllum leyfi til þess, sem sýndu, að þeir gerðu það í góðu skyni og með fullri virðingu fyrir þessum bókmenntum, og gerðu það sýnilega í því skyni að auka menningu og sjálfsvirðingu þjóðarinnar, og þeim einum neitað um það leyfi, sem sýnilegt væri, að ætluðu að misbrúka það.

Eins og hæstv. fjmrh. tók fram í dag, er það misskilningur hjá þeim, sem halda, að stjórnin megi ekki leyfa að gefa þessi rit út nema með fornri stafsetningu. Það er á valdi stj. og fer eftir því, hvornig sótt er um það, og því, sem ríkisstj. og hennar ráðunautar telja rétt og gott vera.

Ástaðan til þess, að farið var að hugsa um þetta efni nú, var það, sem hv. 9. landsk. þm. er a. m. k. kunnugt um, að í blaði, sem hann vinnur við, kom tilkynning frá einum duglegum iðnaðarforkólfi hér í bæ um, að hann ætlaði að gefa út Laxdælu. Þessi tilkynning gaf til kynna, að hann þýddi hana á eiginlega nýtt mál, og að vafasamt væri, að afturhaldssamt fólk sætti sig við þetta. Og það var eiginlega gefið í skyn, að það ætti að umskrifa Laxdælu á vissa tegund nútímamáls. Þá var það, sem hv. 9. landsk. skrifaði mjög skarpa grein í Vísi á móti þessu, og ég skrifaði aðra grein um málið um sama leyti í annað blað. Og þegar sú vitneskja kom fram, frá þessum heimildum öllum, fyrst með tilkynningu þessa úgefanda og síðan þessum báðum blaðagreinum, þá hafði það alveg óvenjuleg áhrif, vegna þess að það virtist eins og hér um bil allt fólk væri samdóma um, að þetta ætti ekki svona að vera, þetta ætti ekki svona til að ganga, því að þarna væri farið út á leið, sem særði þjóðartilfinningu og metnað manna. Við hv. 9. landsk. munum hvorugur telja okkur neitt sérstaklega snjalla út af þessum greinum. En eftir að þar voru skrifaðar, kom mótalda gegn þessu, þannig að fólk sagði: Við getum þó að kommúnistum eitt og annað, en bara ekki þetta. — Svo hefði náttúrulega verið eðlilegast, að norrænudeildin hefði gengizt fyrir löggjöf um þetta efni, sem hv. 9. landsk. vill nú gera breyt. um, að ætti að vera úrskurðaraðili í þessum efnum, sem ég tel ekki óeðlilegt. En ég vil benda á, að norrænudeildin hefur ekkert gert í þessu. Þegar hv. 9. landsk. vaknaði til umhugsunar í þessu máli og þegar ég vaknaði, sem

hvorum er af okkur sjálfum eða öðrum talinn vera stórmenntaður í íslenzku fræðum, þá var það einn aðili, norrænudeildin, sem ekkert gerði sem slikt. En einn af aðalmönnum norrænudeildarinnar átti einn aðalþáttinn í því, að menntamálaráð ásamt stjórn Þjóðvinafélagsins skoraði á stjórnina að láta flytja frv. um þetta. Ég vildi láta hv. 9. landsk. vita þetta, að einn maður úr þessari stofnun, þar sem hann er með öðrum en sínum stéttarbræðrum, ris upp á móti þessu af fullum krafti, en sjálf norrænudeildin gerir ekkert í því, þó að það væri hennar skylda að koma hér fram sem aðili. Þess vegna held ég, að það sé alveg óhætt að fella þessa brtt. hv. 9. landsk., af því að samþykkt hennar mundi bæði verða til þess, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, og í öðru lagi af þeim ástæðum, sem ég hef tekið fram.

Eftir að þessi almenni mótgangur kom á móti því að fara að þýða Laxdælu á það mál, sem mæti kalla „tíko“-mál, þ. e. lélegasta hrognamálið, sem talað er í okkar landi, þá breytti höfundurinn þessu. Því að það var vitað, að þjóðarmeðvitund Íslendinga mundi rísa upp á móti þessu, með því að þá hefði ekkert verið keypt af slíkrri bók, sem þýdd hefði verið á götumálið í Reykjavík. Þetta veit hv. 9. landsk. manna bezt, og hann hefur bent á það í Vísi, að þarna varð stefnubreyting, þegar vitað var, að þjóðin mundi ekki gera sér það að góðu, að Laxdæla yrði þýdd á götumál né skemmd á annan hátt. En þó að það tækist í þetta sinn að afstýra þessu, undir pressu almenningsálitsins, þá er enginn kominn til að segja, hversu lengi það helzt. Svo þegar þessi smjörlikisgrósseri, sem starfaði að þessari útgáfu, varð var við, að ríkisstj. var búin að biðja menntm. Nd. fyrir frv. um málið, þá breytir hann til, þannig að það er ekki gengið eins langt eins og í boðsbréfinu. Hins vegar hugsar hann nú að verða á undan þinginu — og varð það, með því að hann lét vaka nætur og daga til þess að hraða þessari útgáfu Laxdælu, og mun ég segja nokkuð um hans framgangsmáta í því efni. Í tilkynningu sinni segir hann, að þessi bók eigi að vera þryggt myndum eftir Gunnlaug Blöndal. En það var í þetta skipti eins og Ameríkumenn segja um það, þegar einhver maður fer hart, þá fari hann eins og þjófur fari í stolinni bifreið. Þannig var farið að um þessa útgáfu. Hún var prentuð á lélegan pappír, viðhafður lélegur prófarkalestur, — bókinni var hroðað af. Það var eins og þjófur væri á ferð í stolinni bifreið. Það mátti ekki biða eftir myndunum, því að það mátti til að komast á undan Alþ. með þetta. Myndunum var sleppt og sagt, að það mátti gefa þær út seinna, — og þá sennilega líma þær inn í þar, sem þær áttu að vera. En svo er ekki nóg með þetta, að þannig væri farið eins og þjófur væri í stolinni bifreið, því það var ekki minna eða mjórri en það, að Laxdælu var stolið. Það er ekki tekin til greina heimild fornritafélagsins, en viðurkennt, að hún er notuð. Og það er ekki annað en miskunn fornritafélagsins, ef það fer ekki í mál út af því, að tekin er þarna vinna fornritafélagsins, sem er afskapleg ófyrirleitni. Þessi bók er nú seld í kápu á 14 krónum,

en vönduð útgáfa fornritafélagsins af Laxdælu kostaði 9 kr. Jafnvel nýja útgáfan af Snorra er ódýrari en þetta og þó stærri bók. Það er auðséð á öllu, að það er eins konar ræningja- og menningarleysisaðferð í kringum allt þetta mál í öllum aðgerðum.

Hvernig er svo þessi útgáfa? Ég ætla ekki að þreyta hv. þd. seint á kvöldi með mörgum orðum um það. En í formálanum fyrir þýðingunni er talað um „kontrapunkta“ og „temu“. Ég get hugsað mér, að næst verði talað um, hvar kontrapunkturinn hafi verið í Guðrúnu Ósvifsdóttur eða Kjartani eða Bolla. En auk slettanna í formálanum er verið að gefa það í skyn, að Laxdæla sé skáldskapur. Það er hvorki meira né minna en að Laxdæla á öll að vera lygi. En við bókina er enginn efnislegur formáli, ekki sögu-legar skýringar eða orðaskýringar eða registur. Svo er fellt úr sögunni hér og þar það, sem útgefandanum þóknast. Samt sem áður er ómöglegt að neita því, að þó að útgáfan sé svona fengin, svona hiruðleysisla og vankunnandi, þá er útgáfa þessi ekki eins andstygileg eins og boðsbréfið gaf til kynna og hv. 9. landsk. mót-mælti fyrir sitt leyti, að gefin yrði út. Ég get látið vera þessa útgáfu. Þó að hún sé prentuð á lélegan pappír og ekki vandað sem skyldi til útgáfunnar að öðru leyti, geri ég ráð fyrir, að himinn og jörð forgangi ekki út af því. Það er svo mikið til af rusli, að ég held, að það geri hvorki til né frá.

Það, sem ég held, að hv. 1. þm. Reykv. sé ekki búinn að átta sig á, er, að meiri hl. þjóðarinnar og meiri hl. þingsins, eins og hann kom fram í hv. Nd., þar sem kommúnistar höfðu sömu afstöðu í þessu máli eins og hv. 1. þm. Reykv., er alvara með að láta ekki draga þá dýrgripi þjóðarinnar sem fornritin eru niður í saurinn. Ég ætla aðeins að benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að hann og ég og menn okkur snjallari hafa reynt að fá handrit að bókmenntum okkar flutt hingað heim frá Kaupmannahöfn. En hversu miklu fremur ættum við þá ekki að halda í heiðri anda bókmenntanna, sem fölginn er í þeim myndum, sem í fornritum okkar koma fyrir augu lesandans?

Það, sem hér liggur þá fyrir, er það, — og það er rétt að segja um það fáein orð, — að tilkynningin í Vísi var áreiðanlega alveg tákna-ræn og sannleikurinn um það, sem átti að gera þarna. Ég veit ekki, hvort allir hv. þdm. vita, að hér fyrir nokkru var lögboðin stafsetning að tilhlutun prófessors í íslenzku við Háskóla Íslands, sem hann og margir beztu menn þjóðarinnar hafa viljað hallast að, og það er sú stafsetning, sem þessi smjörlikiskarl tók svo upp, eftir því sem hann hafði vit á, í þessari Laxdælu. Það, sem átti að vinnast með þessari stafsetningu, var það að vera svona eins nærri eins og menn gætu hinum fyrri bókmenntum þjóðarinnar. En einum tveimur eða þremur árum eftir að þessi stafsetning var lögleidd, þá var farið að þrýsta á ríkisstj. og þá, sem með þetta höfðu að gera, um að slá undan í þessu efni og leyfa undanþágu fyrir barnaskóla landsins til að mega nota léttari stafsetningu, þó að börnin þurfi og eigi að læra hina erfiðari stafsetningu.

Þarna kom fram þessi flótti hjá nokkrum hluta kennarastéttarinnar frá hinni réttu stafsetningu og í þá átt að fá að nota þessa venjulegu, hversdagslegu stafsetningu, en það var undireins fallið frá því aftur að nota hana.

Hvað er nú um að ræða hér, þar sem eru þessar þýðingar á létta og lélegasta málið, sem talað er í landinu og hv. 9. landsk. hefur haft þá heppilegu líkingu um að kalla það „tikó“-mál, af því að orðið „tikó“ er eitt einkennilegasta kallarðið í þessu götumáli?

Ódysseifskviða hefur verið gefin út í hinni vönduðu þýðingu Sveinbjörns Egilssonar. Og hún er fánæg í bókaverzlunum hér í bænum fyrir 4 kr. eintakið. En smjörlikiskarlinum og kommúnistum þótti þetta ekki nóg, heldur fannst þeim, að þeir þyrftu að draga Ódysseifskviðu niður í saurinn. Það hefur verið tekin einhver dönsk grautargerð úr Ódysseifskviðu og þýdd á íslensku, og þetta er nú nýkomið út fyrir blessuð hörnin. Ef þessi útgáfa er borin saman við þýðingu Sveinbjörns Egilssonar, þá verður maður að segja tvennt. Maður fær enn meiri aðdáun fyrir þessum manni, sem hefur — sennilega í leku húsi — á Bessastöðum unnið að þessari þýðingu, en á hinn bóginn magna óbeit á þessu vinnulagi, sem nú á tímum er að búa til „slang“ hér og bókmenntir fyrir „slang“. Þessi Ódysseifskviða, þessi þýðing á dönsku grautargerðinni úr því ritverki, sem verður af kommúnistum vafalaust reynt að koma inn í barnaskólana til fyrirmyndar til þess að vera „tikó“-mál þar, er nýkomin á markaðinn, og menn hafa skemmt sér við að bera þetta hundamál saman við hina snjöllu þýðingu Sveinbjörns Egilssonar á Ódysseifskviðu, og þeir hugsa ekki blitt til þeirra, sem standa að þessu braski öllu saman. En náttúrlega var þetta ekki nóg fyrir þessa útgefendur. Þeir þyrftu líka að taka Íslendingasögurnar sjálfar, og það er það, sem hér er um að ræða.

Hv. 1. þm. Reykv. segist treysta því, að dómgreind manna verði nægileg til forsjár í þessum efnum. En ég vil spyrja þennan hv. þm.: Er nokkur sérstök ástæða til þess með þessar sérstöku bókmenntir, sem við erum stoltir af og höfum barizt harðri baráttu til að reyna að fá handritin að inn í landið, að fara að hjálpa til að gefa þær út á skrifmáli? Það er hægt fyrir þessa andlegu vesalinga, þem eru á því stigi að vilja skrifa á skrifmáli, að semja eitthvað sjálfir fyrir götulýðinni; en það íslenska mannfélag yfirleitt er alls ekki upplagt fyrir þess konar bókmenntir.

Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að öll hv. Nd. fylgdi þessu frv., að frádragnum kommúnistum. Og fylgi við anda frv. er enn meira utan þings heldur en í þinginu sjálfu. Ég þykist þess því fullviss, að þegar hv. 1. þm. Reykv. fer að átta sig, sjái hann, að hann geti ekki haft neinn ávinning af fylgi við þetta mál í kjör-dæmi sínu. Það er ekki skrifillinn í Reykjavík, sem fær honum þingsmannsætið. En skrifillinn skipar mann í eitt þingsæti hér á hæstv. Alp., sem er sæti hv. 1. landsk., og það er því hans skylda við sína kjósendur og sitt lífsstarf að gera það, sem hann gerir í þessu máli. En öðru

máli gegnir umi hv. 1. þm. Reykv. Hann passar illa þar.

Þær röksemdir, sem ég hef fært fram nú, og þær röksemdir, sem hv. 5. landsk. og hæstv. fjmrh. hafa fært hér fram í dag, tel ég algerlega nægja fyrir þessu máli. Það getur vel verið, að hv. þd. felli þetta frv. nú í kvöld eða nótt. Það er þá ekkert að segja við því. Þá hefur „tikó“-málið einhvern veginn ódörlilega mikið þingfylgi, miðað við fylgi þess utan þingsins. En ég geri ráð fyrir, að sá þingstyrkur mundi ekki endast lengi, vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. má vita það, að það er almenn fyrir-litning fyrir því. Og hann er fyrsti maðurinn, sem ég hef heyrt afsaka þetta framferði smjörlikiskarlsins og kommúnistanna.

*Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. menntm., þm. S.-Þ., hefur nú lokið máli sínu. Hann talaði um í ræðu sinni, að útgefandi, sem hann kallaði smjörlikiskarl og smjörlikisgróssera, hefði farið að eins og þjófur í bifreið, — held ég að hann hafi sagt (JJ: Þjófur í stolinni bifreið.), eins og þjófur í stolinni bifreið, þegar hann prentaði þessa bók og kom henni á markaðinn. En sá hraði, sem hér er hafður á afgreiðslu þessa máls nú, finnst mér ekki ósvipaður því, sem þjófur væri á ferðinni í stolinni bifreið. Og mér finnst, að þessi bilstjóri hafi geigað allviða í þessum seinasta akstri sínum.

Ég tel, að þó að verið sé að hafa hér hröpyrði um þessa útgáfu, þá beri nánast að skoða þau sem afleiðingu af gremju bókaútgefanda í samkeppni á bókamarkaðinum. Vil ég mega skrifa þessa gremju hv. þm. S.-Þ. á þennan reikning. Annars tel ég ekki hlutverk mitt að halda uppi vörn fyrir þennan bókaútgefanda, sem hér er um að ræða. Ég þekki ekki nema eina bók, sem það forlag hefur gefið út. Og af því að ég þýddi hana, tel ég, að það hafi verið mjög samileg bók. Og ég tel, að það, sem þessi „smjörlikiskarl“ hefur sent frá sér, hafi verið mjög samilegt að efni og öllum húnaði.

En út af því, sem barst í tal um það, að blað eitt hefði birt tilkynningu um þessa útgáfu, þá vil ég leiðrétta það. Þar var alls ekki um tilkynningu né auglýsingu frá útgefandanum að ræða, heldur bara venjulega blaðafregn, sem seinna sýndi sig, að var á misskilningi byggð. Og það er varla hugsanlegt, þó menn séu viðbragðsfljótir, að það hafi verið húið að breyta allri Laxdælu til nútímastafsetningar á þeim stutta tíma síðan við hv. þm. S.-Þ. hófum umr. um þetta mál.

Ég held, að okkur greini ekki á um það, að við viljum hvorugur láta draga fornbókmenntir okkar í svæðið, eins og hann nefnir það, en ef þessi útgáfa, sem hér um ræðir, er ekki annað og meira en það, að stafsetningin er færð til nútímamálvenju, sé ég ekki, að það sé stór-hættulegt, a. m. k. hafa ýmsir góðir menn ríðið þar á vaðið og ekki sízt þm. sjálfur. Ég hef hér fyrir framan mig grein eftir Arnór Sigur-jónsson, sem birtist í blaðinu Þjóðólfi, þar sem segir frá því, að þegar þessi hv. þm. var að gefa út kennslubækur sínar, tók hann einmitt kafla

úr þessari bók, Laxdælu, og breytti ekki aðeins að stafsetningu, heldur einnig að efni til nútímamálvenju. Tel ég lítt sitja á honum að segja, að aðrir dragi fornþómenntirnar í svaðið, þótt þeir fari líka leið og hann, og þó tæplega eins djarfa, í þessum sökum. Veit ég hv. þm. neitar ekki, að þetta muni satt vera, og hirði því ekki að lesa upp kaflann um það, hvernig hann fór með þessa kafla úr Laxdælu, en mun gera það, ef tilefni gefst til.

Það var ekki um neitt boðsbréf að ræða, aðeins venjulega blaðfrétt, en er sýnilegt var, að um missögn var að ræða, skrifaði ég grein um þetta mál, sem ég held, að hafi orðið til þess að vekja almenningsáhitið til meðvitundar um það, að ekki mætti draga fornþómenntir vorar í svaðið, og eins og á var bent þar, væri æskilegast, að ekki þyrfti að hafa löggjöf um efni sem þessi, heldur að ávallt mætti treysta því, að þeir menn væru á verði, sem gætu fyrirbyggt, að það kæmi fyrir, að fornþómenntir vorar væru í nokkurri hættu.

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í að svara því, sem hv. þm. sagði, og álit það tilgangslaust. Ég vil aðeins skýra stuttlega frá þeim brtt., sem ég ber hér fram.

Ef tími hefði unnizt til, hefði ég óskað að skrifa nál. um þetta mál, en þetta hefur borið svo brátt að og ég er staðráðinn í því að gera ekkert til þess að leggja stein í götu málsins, svo að ég verð að láta mér nægja að bera fram brtt.

Fyrri brtt. er við 1. gr. Þar stendur: „Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo háttáð, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af.“ Ég held, að hv. þdm. geti verið mér sammála um, að hér vanti aðila í. Hver á að dæma, hvort menning okkar og tunga bíði tjón? (JJ: Ríkisstj. og hennar ráðunautar.) Ríkisstj. og hennar ráðunautar, já. En ég tel nú, að úr því að við eigum því láni að fagna að eiga háskóla, og úr því við höfum norrændeildina með þeim ágætu mönnum, sem þar starfa, að það eigi að vera þeirra að visa okkur veginn um allt, sem við kemur málvernd og málvöndun, og hef þess vegna borið fram þessa brtt.

Ég get ekki fallið á það, að þó þessi brtt. yrði samþ. og síðari brtt. mín líka, sé málinu stefnt í hættu. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að við getum afgr. málið héðan út í kvöld og Nd. tekið það til einnar umr. á morgun, svo því ætti að vera fyllilega borgið. Það er því algerlega rangt með farið, að ég vilji leggja stein í götu málsins, þvert á móti vil ég koma því úr því flautursástandi, sem það er í, og gera það nokkurn veginn frambærilegt.

Hin brtt. er við 2. gr., sem er um það, að ríkið eigi réttinn til þess að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400, en geti að nokkru framselt þann rétt. Brtt. gengur út á það, að þessu sé þannig fyrir komið, að það þurfi leyfi kennslumálaráðuneytisins, enda skal ráðuneytið leita álits heimspekideildar háskólans áður en það veitir slíkt leyfi eða synjar um það.

Ég held, að þessu sé miklu eðlilegar fyrir

komid með því að þessi aðili, sem á að vera forvörður okkar í málverndun, heimspekideildin, hafi þetta með höndum, — eða vill hv. þm. bera brigður á það, að norrændeildin sé skipuð þeim mönnum, sem treystandi sé í þessu efni? Ég vil nefna Árna Pálsson, — ætli hann sé ekki sámilegur? Hvað segir hv. þm. um hann? — Hann vill ekki svara. Ég nefni Sigurð Nordal. Ætli hann sé ekki frambærilegur? (JJ: Þessi þm. vildi nú senda hann til Noregs.) Eða Alexander Jóhannesson? (JJ: Má ég skjóta inn í? Alþingi varð í vetur að leggja háskólanum til málfræðing, til þess að þaðan kæmu sámilega færir menn.) Ég þakka fyrir þetta innskot. Þarna hætist maður við, svo þetta ber allt að sama brunni. Mér skilst það ekki geta leikið á tveim tungum, að heimspekideild háskólans sé ólíkt færari um að sinna þessu hlutverki heldur en pólitískur ráðherra, hver sem hann er. Ég er ekki að kasta neinni rýrð á núverandi ráðherra, en það er ætíð hætta á, að pólitískur ráðherra geti fallið undir grunsemd um það, að hann sé ekki alls kostar hlutlaus, og þess vegna á þessi till., sem hér er fram borin, svo mikinn rétt á sér.

Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en er sannfærður um, að hv. þdm. muni, ef þeir vilja ekki aka eins og hjófur í stolnum bíl, fallast á þessar till. mínar, sem ég hef borið hér fram til breyt. og geri mér fyllstu vonir um, að verði samþykktar. Það er engin hætta á, að málið nái ekki fram að ganga fyrir því. Við getum gengið frá því í kvöld, og það tekur ekki nema stuttan tíma í hinni deildinni.

*Magnús Jónsson: Ég vil segja það fyrir mitt leyti, að ég er út af fyrir sig samþykkrur þeim breyt., sem hv. minni hl. hefur lagt til, að gerðar verði á þessu frv. Mér finnst, að þótt hér sé um að ræða mál, sem ég er á móti almennt, og alveg óvenju vitlaust mál, sé engin þörf á, að það sé eins álappalega samið eins og það er. Og 1. gr. eins og hv. Nd. hefur gengið frá henni er alveg óframbærileg. Þar segir: „Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingum er svo háttáð, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af.“

Það er alveg laukrétt, sem hv. minni hl. segir, að hér er ekkert sagt um það, hver á að skera úr um þetta mál. Meiri hl. segir, að það sé stjórnin og hennar ráðunautar. Þetta er hér ekki lagt á vald stj., og það er bókstaflega ekkert um það sagt, hver hafi þetta vald. Það gæti alveg eins verið, að mjólkursölunefnd eða hundahreinsunarmenn ættu að skera úr um þetta. Ef menning og tunga þjóðarinnar er að bíða tjón, þá má ekki minna vera en að vitað sé, hver á að segja til um það. Mér þykir undarlegt, ef þeir vilja ekki láta leiðréttta svona augljósan smíðagalla á frv. — ef þeir vilja ekki láta gera frv. þannig úr garði, að hægt sé að fara eftir því. Á að koma einhver stjórnarráðsúrskurður um þetta í hvert skipti og taka þá bókina inn aftur? Mér virðist þetta undarleg afstaða. Hitt er minna atriði, hvort það er heimspekideildin, norrændeildin eða einhver annar aðili, látum

það vera kennslumálaráðherra, aðeins að það sé ákveðið. Norrænudeildin stendur að visu þar næst, hvort sem hv. þm. vilja við það kannast eða ekki, og við verðum að minnast þess, að mennirnir fara, en lögin standa, og þeim mönnum, er við norrænudeildina eru, ætti að vera bezt treystandi til þess að dæma í þessu atriði.

Nei, ég álit ekki frv. þannig úr garði gert, að ég geti verið með því, en einmitt það, að setja þetta ákvæði, er að lagfæra augljósan smíðagalla á því.

Það er alltaf verið að tala um, að þetta taki til fornritanna. Mér sýnist, að þessi l. gr. taki til ákaflega margra rita. Hún tekur til allra þeirra rita, sem yfirleitt eru frjáls til útgáfu. Það verður ekkert smáræðis verk í þessu fyrir þá, sem eiga að hafa umsjón með því. Hvernig er það með úrvslsjóðin, sem hafa verið gefin út og hv. þm. S.-P. hefur verið við, mætti ekki segja, að þau væru valin þannig, að þau spilltu tungu þjóðarinnar? Það er afskaplega margt, sem kemur undir þetta.

Í 2. gr. er ákveðið að miða þetta við aldamótin 1400. Það er svo margt, sem gefið var út fyrir þann tíma. Eins og t. d. annálar Gústafs Stolpes, sem hann gaf út. Hvaða áhrif hefði það á smekk þjóðarinnar, með hvaða stafsetningu þeir væru gefnir út núna? Það er eins og menn álitu, að ekkert annað en fornritin hafi verið gefin út fyrir 1400. Eins og það hafi svo mikil áhrif, að það, sem gefið var út eftir 1400, hafi minni rétt á sér. Hvaða breyt. varð hér með svartadauda, sem gerði þetta að verkum? Mér finnst, að þeir, sem undirbjuggu þetta í Nd., hefðu átt að taka fram, hvaða rit hér væri um að ræða.

Ég vil henda á það, að með þessu er engan veginn girt fyrir hvers konar útgáfu sem er af svona ritum. Það þarf ekki annað en að fara til Færeyja og gefa þau út þar. Það er hægt að gefa þau út í Danmörku. Á venjulegum tímum er þetta afar auðvelt, og maður þekkir það alveg, hvernig t. d. Þjóðverjar hafa gefið út einhver lifandis ósköp af enskum bókum og látið flæða yfir enskan markað. Það verður að hætta því við, að ekki megi flytja slíkar bækur inn. Þó þessi l. verði samþykkt, er þetta ekki nokkur vandi. Ekkert annað en að fá einhvern lepp. Þeir spillast þá auðvitað ekki, prentararnir, af því að þurfa að setja bækurnar á þessu voðalega hrognamáli.

Nei, ef einhver alvara er í þessu, verður að undirbúa það betur. En það á auðvitað að hjarga heiðri þessa Alp., sem þykir hafa afrekað lítið, með þessari löggjöf.

Það hefur nú verið rætt allmikið um málið, og skal ég ekki fara út í það. Ég vil taka undir það, sem hv. minni hl. sagði um verndun forn- bókmenntanna, og erum við vist allir sammála um að gera allt, sem unnt er, ekki aðeins til að vernda þær, heldur til þess að sem flestir lesi þær. Ég hef verið að hugsa um, að það þyrfti að koma þeim í skólana, m. a. með því að gefa þær út með nútímastafsetningu. Ég get alveg sagt það frómt, að þetta er ekki af virðingarleysi fyrir forn- bókmenntunum, heldur finnst mér, að þessar forn- bókmenntir okkar standi

miklu framar öllu, sem við höfum afrekað, svo- leiddis að það er ekki hægt að bera okkur það á brún, sem erum á móti þessu frv., að við séum það af einhverju skeytingarleysi eða illvilja til okkar forn- bókmennta.

Ég vil játa það, að ég hef ekki getað kynnt mér þessa útgáfu Laxdælu, sem umræður hafa snúist hér um. Ég rétt sá hana og blaðaði í henni, og dæmalaust fannst mér málið fallett á henni. Já, ég vil bara segja það, að undarlegt væri, ef málsmekkur manna og öll menning spilltist við þessa Laxdælu. Og það er ég alveg sannfærður um, af því litla, sem ég leit í þessu bók, að ef einhverjir slæddust til þess að lesa þessa útgáfu, sem ekki læsu Laxdælu annars, þá er ekki til einskis verið að gefa hana út, og þá liggur ekki á að samþ. þetta frv. í nótt. Það er ekkert í þessari bók, sem hv. þm. S.-P. kallar „götumál Reykjavíkur“.

Annars fannst mér hans ræða götumál, þegar hann talaði um smjörlikisgrössera og smjör- líkiskarl. Þessi maður er dugnaðarmaður og stjórna smjörlikisverksmiðju. Smjörlikiskarlar geta verið ágætir. Það var eigandi smjörlikis- verksmiðju, sem gaf stóran sjóð til menningar- starfsemi í Danmörku, þann stærsta fyrir utan Carlsbergsjóðinn. Mér finnst óskammfeilið að hnýta í menn fyrir þá atvinnu, sem þeir stunda, og að uppnefna finnst mér ósæmilegt á Alþingi.

Hann á að hafa stolið frá fornritaútgáfunni. Ég skal ekki segja um það. Það mun vera sagt í formálanum, að fornritaútgáfunni sé fylgt. Þeirri útgáfu er fylgt í öllum bókum Sigurðar Kristjánssonar, sem hafa gert mest gagn hér á landi, og aldrei hefur nokkur maður hendlað hann við þjófnad í því sambandi. Ég veit ekki, hvað útgefandi Laxdælu á að gera annað en að fara einmitt eftir fornritaútgáfunni, slíkt er auðvitað algengt og á ekkert skylt við þjófnad. Mér finnst það bara góðra gjalda vert að taka reyndar og góðar heimildir.

Hv. þm. kom nú inn á svo margt, t. d. að Laxdæla ætti öll að vera lygi. Ég veit nú ekki, hvort það liggur fyrir að ræða, hvað mikið er satt af því, sem hv. þm. kallaði lygi. Sigurður Nordal hefur sýnt fram á, að Hrafnkels saga sé skáldsaga, og menn greinir á um það, hvað mikið af Íslendingasögunum sé skáldskapur og hvað raunverulegir atburðir. Það er mikið, að Englendingar skuli leppa öll þessi ósköp af lygi eftir Shakespeare, sem þá er allt saman lygi frá upphafi til enda. Þetta kemur náttúrlega ekkert málinu við. Ef þetta er sagt í formála þessarar bókar, þá er það sýnilega skoðun þessa útgef- anda, að Laxdæla sé að verulegu leyti skáldsaga. Og mér finnst nú einhvern veginn, að það ekki vera fjarri því, að hún muni vera það að nokkuð miklu leyti. Mér sýnist hún vera svo listræn að allri byggingu, að maður geti húizt við, að það geti verið með hana og ýmsar aðrar Íslendinga- sögur, að höfundarnir hendi ýmsa viðburði og persónur og skapi svo listaverk af. (BrB: Hann talar um hana bara sem listaverk.) Já, hann talar um hana sem listaverk.

Það er eitt, sem mér finnst svo einkennilegt, að menn skuli ekki hafa minnstu trú á, að fólkið muni um það dæma, hvernig þessi útgáfa er,

Það er eins og menn haldi, að menn geti gefið út Íslendingasögurnar á hvaða „tikó“-máli sem er og ekki sé mögulegt að leiðbeina þeim. Það getur vel verið, að menn vilji skipuleggja smekk fólksins, eins og þegar menn höfðu trú á því, að það væri hægt að gera menn trúaða með því að neyða þá með gapastokk til að fara í kirkju og hafa á sér ytra snið guðrækni. Mér finnst, þvert á móti, eiga eins í þessu efni eins og trúmálum að vinna með munnlegri og skriflegri prédíkun. Mundi þá smekkur fólksins dæma það norður og niður, sem óhæft væri, og auðvitað er öruggasta ráðið til þess, að það yrði ekki gefið út, að það yrði ekki keypt. Ég held, að þeir yfirleitt, sem lesa þess háttar bókmenntir, sem koma út á svo kölluðu „tikó“-máli, mundu ekki svo mjög lesa Íslendingasögurnar, heldur sögur eins og „Hinn óttalega leyndardóm“ og „Kapítólu“. Íslendingasögurnar eru þannig, að það er ekki gaman að þeim í þeim skilningi, að sá hluti þjóðarinnar, sem vill lesa „tikó“-bókmenntir, fari að lesa þær.

Það skaut því einhver að mér eftir 1. umr., hvort ég vildi láta fara svo með biblíuna að þýða hana á Laxnessku. Því er þar til að svara, að það hefur verið ákaflega mikið gert að því að færa biblíuna til nútímamáls í ýmsum löndum. Það var t. d. fyrir nokkru síðan, að danskur málfræðingur þýddi nýja-testamentið á það mál, sem var alveg eins og hann hugsaði sér, að rit þess mundu hafa verið, ef þau hefðu verið skrifuð upphaflega á dönsku á þeim tíma, sem hann gerði þýðinguna, — sem sagt nú í dag. Ég skal ekki segja, hvort einstaka íhaldssamur maður hafi kannske ekki eitthvað blakað við þessu. En þetta verk þótti stórmerkilegt. Og fjöldi manna fór að lesa nýja-testamentið í þessari meistaralegu þýðingu og svo út frá því að athuga hina þýðinguna. Englendingar hafa sína autoriseruðu þýðingu af biblíunni, sem þeir nota í sínum kirkjum. En svo er fjöldi annarra þýðinga til af biblíuritum hjá þeim. Einn prófessor enskur þýddi t. d. allt nýja-testamentið og skrifaði við það skýringar, á því máli, sem hann hugsaði sér, að það hefði verið skrifað, hefði það verið upphaflega skrifað á nútíma-ensku, og t. d. bréf Páls postula hefðu verið gersamlega nútímaritgerð. Og ég hef staðið undrandi yfir því. Maður stendur undrandi yfir þeirri rökfimi og krafti og hvernig maðurinn er að berjast fyrir áhugamáli, þegar maður les ritin eftir að búið er að þýða þau á þetta nútímamál. Nei, biblían hefur ekki farið varhluta af þessu. Og biblían gamla stendur enn óhöggð, og ég veit ekki til þess, að nokkur menningar-spillir hafi orðið að þessu. Alveg eins hafa verið gefnir út útdrættir úr biblíunni, biblíusögur og annað slíkt. Ef einhver áhugi er á því að fá bók lesna, þá er að minnu áliti ráðið að gefa út af henni slíkar útgáfur, eða eitthvað úr þeim, á þann hátt, sem hér hefur verið rætt um, á vönduðu nútímamáli. Og hér er ráðið til þess að láta fornbókmenntir vorar verða að gagni. En ég hef litla trú á svona stjórnarráðstöfunum, en meiri trú á einstaklingsframtakinu, og ég er mikið á móti því að vera að binda útgáfu fornritanna á þann hátt, sem hér er till. um.

Það var talað um það, að það ætti ekki að draga þessi rit, Íslendingasögurnar, niður í saurinn. Það liggur bara ekkert fyrir um, að það hafi átt að gera neina tilraun til þess né að nokkrum hafi dottið slíkt í hug. Hvers vegna hafa ekki þessi 1. verið sett fyrir löngu, löngu síðan? Mér finnst það bara hlægilegt óveður, sem skellur á út af þessari einu útgáfu, og sattu að segja allt of mikill heiður fyrir þetta verk, þó að einn útgefandi og eitt skáld taki sig saman um að gefa út eina Íslendingasögu, óbreytta nema að stafsetningu. Alp. Íslendinga hefur nú þotið upp til þess á næturfundi að fara að gera veður út af þessu. Þetta er allt of mikill heiður. Svo er þetta svo mikil auglýsing, að hókin selst náttúrlega upp á auga lifandi bragði fyrir þetta. Mér finnst á hinn bóginn, að við drögum Alp. þó nokkuð mikið niður á við með því að setja 1. eins og þetta, miklu meira heldur en Laxdæla er dregin niður með þessari útgáfu. Ég vil hafa fullt frelsi til að gefa út okkar rit á nútímastafsetningu. Hún er eins góð og þessi normalstafsetning. Ég álit, að hið opinbera eigi ekkert að gera í því máli annað en að styðja góðar útgáfur fornritanna, til þess að ekki komi slæmar útgáfur af þeim, og veita fé til þess, t. d. fornritaútgáfunni, og svo mikið, að hún geti selt bækurnar svo ódýrar, að fólkíð kaupir þær. En ég álit ekki, að það eigi að þjóta í að banna að gefa ritin út. Ef einhver alvara er í þessum mönnum, sem þykjast bera þessi mál svo mjög fyrir brjósti, þá mundu þeir að sjálfsgöðu veita riflegt fé til fornritaútgáfunnar. Nei, ekkert annað en að banna. Hér er engin alvara á ferð. Það má ekki hrófla við þessum dýrgrip, sem fornritin eru. En hvort fólkíð les þau eða ekki, — það er eins og þeim, sem skoða sig verndara þeirra, standi nokkuð á sama um það, því að til útgáfu þeirra er ekki veitt nema sultarframlag, sem gerir það að verkum, að bækurnar, sem út eru gefnar af fornritaútgáfunni, verða ákaflega dýrar.

Ég þakka hv. þm. S.-Þ. fyrir hans umhyggju fyrir mér út af því, hvað ég muni fá að heyra frá mínum kjósendum fyrir það, að ég er andvígur framgangi þessa máls. Ég veit ekki, hvernig almennigur snýst við þessum 1., sem hér á að setja. Ég get búist við því, að það verði nokkuð pólitískt mótað eins og svo margt annað. Ég sagði við einn mann, sem var með þessu, sem svo, hvort hann hefði litið svona á málið, ef Ísafoldarprentsmiðja og Árni Pálsson hefðu staðið fyrir útgáfunni. Mér fannst renna á hann tvær grimur um það, hvort honum hefði þá þótt það eins alvarlegt. Hæstv. Alp. á ekki að líta á svona pólitísk rök. En formálinn í Vísí fannst mér vera óheppilegur fyrir þetta málefni, því að í honum er bent lengra í áttina til þess, sem menn eru hér að mála á vegginn, heldur en rétt er og afsakanlegt. Og það væri leiðinlegt, ef ætti að fara að setja okkar fornrit á mál eitt hvað svipað því, með öllu listfengi Laxness. Hann hefur skapað sér sinn eigin óklassíska stíl, og væri leiðinlegt, ef fornritin væru sett á það mál. Ég býst líka við, að þau mundu ekki seljast á því máli.

Ég skal ekki miklu við þetta bæta. Ég sný

ekki aftur með það, að Alp. muni enga sæmd hafa af því að setja l. eins og hér er frv. um, og sízt af því að leggja svo mikið kapp á það að sitja að nátturlagi síðustu daga þingsins yfir löggjöf sem þessari. Ef þjóðin dæmir þetta þing hart fyrir athafnaleysi, þá er það að bæta gráu ofan á svart af þinginu, þegar það er búið að ljúka því verki, sem hélt því hér, að sitja yfir því að búa til eins hlægilega löggjöf eins og þessa, sem er ein hin lakasta og tilgangslausta löggjöf, sem hefur komið fram á hæstv. Alp. Ég get helzt líkt þessari löggjöf við manna-nafnalögin, sem þingið var ginnkeypt við á sínum tíma, en alltaf hefur verið til vanvirðu fyrir Alp. En ég þykist sjá, að það sé búið að búa svo sterklega um þetta mál, að það verði samþ. Og það stendur þá sem bautasteinn yfir þessu þingi.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Mér þykir hlýða að segja hér örfá orð frá mínu eigin brjósti, en ég tala þar ekki fyrir neinn flokk. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 68, og er, eins og sjá má á því nál., enginn rökstuðningur í því sjálfu.

Ég hef nú hlustað á þessar umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, bæði með og móti málinu. Og það hefur ekkert það komið fram í þeim umr., sem hefur breytt skoðun minni á þessu máli. Ég hafði þegar mótað mína skoðun á því strax og ég sá frv. þetta koma fram í hv. Nd. Og ég skal taka það fram, að ég var einn af þeim, sem vaknaði við vandan draum, þegar ég las í Visi þá frétt, að gefa ætti Laxdælu út eins og þar var til tekið, og sá, hvað var á ferðinni. Ég vil nú segja, að sú frétt, sem upphaflega kom í því blaði um þetta efni, hafi ekki verið alls kostar rétt, en hún var þó í þeim atriðum rétt. að ýmsir gróðabraskmenn ætluðu nú að fara að taka okkar dýrmætasta arf í okkar bókmennt-um, fornritin, og hafa þau sér að gróðalind og breyta þeim eftir geðþótta þeirra rithöfunda, sem hafa ekkert að gera annað en að gera sér það til dundurs að breyta þeim eins og þeim þóknast. Ég hef ekki séð þessa umtöluðu útgáfu af Laxdælu, heldur hef ég séð í því blaði, sem upphaflega gat um, að þessi útgáfa mundi koma, formálann fyrir hinni nýju Laxdælu. Og ég býst við, að það sé rétt, sem hér hefur komið fram, að það sé annar málblær á sögunni í þeim búningi, sem hún nú er, heldur en á formálanum. En ef sami eða svipaður málblær hefði verið á sögunni sjálfri eins og er á formálanum, þá kast-aði nú fyrst tólfunum.

Nú er það svo, eftir því sem ég bezt veit, að útgáfa fornritanna mun ekki vera löghelguð neinum, og hef ég þetta eftir mjög skýrum og greinagóðum lögfræðingi, sem stendur nú að þeirri útgáfu fornritanna, sem bezt er og glæsilegust, fornritaútgáfunni. Svo það mun í löfa lagið fyrir hvern mann, sem vill leggja sig í það, að taka okkar fornrit og gefa þau þannig út eins og hverjum meðalutlara dettur í hug að gera það á hverri stundu, og það í miklu ófull-komnari búningi heldur en þó þessi útgáfa Laxdælu er. Það er engin trygging fyrir því, að ekki komi einhver peningamatador og fari að gefa út fornritin breytt og fái svo daghlöðin til að

flytja skrumauglýsingar um þessa útgáfu, til þess að ginna fólk til að kaupa fornritin þannig meðfarin. Þetta er aðferð þeirra manna, sem kunna að bjóða sína vöru. Fólkkið hleypur eftir skrumi og kannske keyptum ritdómum, sem birtir eru til þess að mæla með bókum. Þess vegna er valt að treysta á dómgreind almennings um það, hvort verið er að bjóða því góða vöru eða svikna. Og hætt er við, að það verði ekki dómgreind almennings, sem ræður því, hvort það er holl eða óholl fæða, sem verið er að bjóða fólkinu.

Það, sem skeð hefur hér, er, að breytt hefur verið til nútímamáls íslenzkum fornögum. En hvernig hafa íslenzku ungmennin farið að, sem ekki hafa getað lesið fornritin á því máli, sem Laxdæla hefur verið gefin út á nú, nútímamálinu? Ég var ekki nema 8 ára, þegar ég byrjaði á því að lesa íslenzkar fornögur upphátt fyrir fólkkið, og mér varð engin skotaskuld úr því að lesa þær á því máli, sem Sigurður Kristjánsson gaf þær út á. Svo er talað um, að það séu ördugleikar á að lesa okkar fornrit, af því að menn geti ekki stautað sig fram úr málinu á þeim. En þetta er engin ástæða til þess að mæla með þessari breyt. Fyrir utan frásögunnar margar, þá er eins og standi einhver ljómi af þessum sögum, sem að mínu áliti gerir það að verkum, að það eigi ekki að gefa þær út á öðru máli en fornmalinu. Og það á að útiloka, að götu-„slang“ komist inn í málið á þeim, og að þær frægu sögur verði þýddar á eitthvert og eitthvert mál eftir því, sem sá, sem þýðir þær, vill vera láta, og eftir hans geðþótta. Þetta er höfuðástæðan fyrir því, að ég álit mjög nauðsynlegt, að hæstv. Alp. gripi nú þegar inn í í þessu efni og hið opinbera taki sér nú réttinn til þess að hafa yfirráðin yfir útgáfu fornritanna og til að geta útlutað þeim einum rétti til að gefa út fornritin, sem að dómi alþjóðar teljast verðugir til þess að hafa þann rétt. Og það er þegar tekið fram í þessu frv., að það skuli vera fornritaútgáfan, eins og nú standa sakir, sem hafi þennan rétt. Og ég hef ekki heyrt neinn mæla á móti því, að hjá fornritaútgáfunni sé mjög sómasamlegur frágangur á útgáfu fornritanna.

Það hefur komið hér fram í þessum umr., hve mikill hraði var settur á þessa útgáfu Laxdælu. Og ég veit, að dugnaður þessa manns er takmarkalaus til þess að koma áfram því verki, sem honum dettur í hug. Það mætti segja mér, að ef ekki væri tekið hér í taumna með þessari löggjöf, yrði ekki aðeins Laxdæla, sem kæmi út þannig þýdd fyrir 15. febr. n. k., heldur fleiri fornrit, eftir dugnaði þessa manns að dæma til þess að koma slíku í verk. Svo rísa hér upp menn á hæstv. Alp., sem maður álitur, að hafi verulegt vit á bóklegum fræðum, og mæla í gegn því, að komið skuli í veg fyrir slíkan verknað sem þetta, og ég verð að segja, að ég undrast það mjög. Mér eru mjög mikið undrunarefni þær ræður, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur haldið hér. Ég hef litnið á hann sem töluvert viðsýnan og formfastan bókmenntamann, sem ekki vildi láta leiða til verri vegar yfirleitt það, sem íslenzka þjóðin á bezt á þessu sviði. En hann hefur gengið hér fram fyrir skjöldu og reynt

að verja það, að slík útgáfa eins og hér er á ferðinni, skuli fá að flóa yfir landið takmarkalaust og draga úr því, að íslenzk alþýða eigi kost á ómengduðum Íslendingasögum með góðu og skaplegu verði. Sá hv. þm. minntist eitthvað á, að það hefði verið talað við sig um biblíuna í sambandi við svona útgáfur á bókum. Ég kannast við, að við áttum tal um þetta saman eftir fund, þegar þetta mál hafði verið til 1. umr., sem hér liggur fyrir nú. Og af því að hann er guðfræðingur og hann hefur ritað og prédikað það orð, bæði utan kirkju og innan, þá skaut ég því fram, sem ég minntist á um biblíuna. Ég býst við, að hvorki honum eða neinum, sem eru kristlega þenkjandi, þætti óskilegt, að biblían væri tekin og prentaðir svona kaflar úr henni, en sumu sleppt úr, sem ekki þætti eins viðeigandi að gefa út. (ÁJ: Þetta er gert með biblíusögunum.) Það er dálítið annað mál, þegar talið er um þær, heldur en þegar tekið er heilt ritverk undir þessa meðferð, t. d. ef nýja-testamentið væri tekið og prentað, en sleppt úr því kafla eins og t. d. fjallræðunni, ef útgafandanum þætti ekki viðeigandi að gefa út fjallræðuna. Nú er mér sagt, eða a. m. k. kemur það fram í formála Laxdælu, að það sé sleppt úr henni, en hvað það er, veit ég ekki. Eins býst ég við, að bók bókkanna yrði meðfarin, ef hún væri gefin út á „nútimamáli“. Hitt er rétt, að það hafa verið gefnir út kaflar úr biblíunni, en ekki í gróðaskyni. En eins og biblían er heilög bók kristnum mönnum, eins eru fornsögurnar heilög rit mörgum Íslendingum, og útgáfa þeirra á ekki að verða að gróðafyrirtæki einstakra manna. Þess vegna hef ég gengið með þessu frv. eins og það liggur fyrir, því að ég sé ekki, að í frv. felist neitt, sem geti orðið til tjóns viðkomandi útgáfu fornritanna eða í vegi fyrir því að halda þeim yfirleitt í heiðri.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði um, að ekki megi afbaka verk rithöfunda. Mér finnst enginn geti haft á móti því. En um 2. gr. stendur deilan. Og ég hef gert grein fyrir því, hvers vegna ég tel rétt, að hæstv. Alþ. gangi inn á þá braut, sem hér er lagt til í frv.

Það er ekki okkar sök hér í Ed., að málið hefur tafizt í Nd. Og fleiri málum er eftir að ljúka hér. Og úr því að ekki er búið að koma þessu máli fyrr en þetta til hv. Ed., þá tel ég sjálf-sagt, að d. ljúki ekki störfum fyrr en búið er að afgr. annað eins þrifamál eins og þetta.

Þó að það hafi verið nokkuð dregið í efa hér, dettur mér ekki í hug að draga það í efa, að hver sá, sem fer með menntamál í ríkisstj., bæði nú og framvegis, muni leita ráða til hinna beztu manna á sviði íslenzkrar tungu, þegar um það verður að ræða að veita leyfi til að gefa út íslenzk fornrit. Ég vona, að í ráðherrasæti veljist aldrei sá maður, sem ekki hefði fullkomna dómgreind til þess að leita slíkra ráða hjá þessum menntamönnum. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að í flestum slíkum tilfellum verði á hverjum tíma leitað til prófessora háskólans í norrænum fræðum. Það er ekki ástæða til að setja málið í þá hættu að bæta inn í frv. ákvæði um, að leitað skuli álitis heimspekideildar háskólans, áður en gefin eru út rit, sem samin eru fyrir

1400. Ef reynslan sýnir, að slíks þurfi við, má endurskoða þessi l. eins og önnur l. Mér þykir kenna mikils andvaraleysis hjá heimspekideildinni, að hún skyldi ekki fyrst allra bregða við og benda á þá hættu, sem hér var á ferðum. Það gerði hv. 9. landsk. þm., og því er mér óskiljanlegt, að hann skuli á elleftu stundu vilja bregða fæti fyrir málið. Ef brtt. hans verða ekki samþ., ætlar hann að vera á móti málinu.

Ég segi, að það sé heiður Alþ., en ekki vanvirða, að bregðast nú vel við og vernda okkar dýrmæta arf frá skemmdum.

*Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Það kom í ljós hjá síðasta ræðumanni, hvað þetta hefur allt gengið með bilhraða, og hann var á slíkri ferð eins og hann væri í stolna bílnum. Hann sagði, að engin trygging væri fyrir því, að ekki væri hægt að gefa út þessi helgu verðmæti á alls konar hrognamáli. Það er svo fjarri því, að minar till. miði að því að draga úr slíkri tryggingu. Í frv. er gert ráð fyrir, að málið sé háð hinu pólitíska valdi á hverjum tíma, en með till. mínum er það tryggt, að valdið sé falið fullkomlega hlutlausri og vísindalegri stofnun.

Hv. þm. virðist mjög hafa misskilið hina nýju útgáfu Laxdælu, þar sem hann talar um, að verið sé að breyta sögunni til nútímamáls. Það er ekki um það að ræða, heldur er breyt. aðeins stafsetningarlegs eðlis. Ég þykir sjá, að menn komi hér með fyrirfram sannfæringu og vilji engum rökum taka. Það vill oft fara svo, en ég held fast við það, að málinu er ekki stofnað í neina hættu. Það hljóta allir að fallast á, að frv. er ekki frambærilegt í þess núverandi mynd, og það er fjarri því, þó að ég sé í minni hl. í n., að ég vildi nokkuð tefja málið, þar sem ég í stað þess að skila rökstuddu nál. þar aðeins fram brtt. í trausti þess, að málinu yrði ekki flaustrað af að ófyrirsynju, heldur drengilega á málum tekið.

ATKVGR.

Brtt. 69,1 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BSn, BrB, ErlD, JJós, MG, MJ.

nei: BSt, Herm^J), IngP, JJ, PHerm, SÁÓ, ÞP, EÁrna.

1 þm. (PZ) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 69,2 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, MG, MJ, ÁJ, BSn, BrB.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, SÁÓ, ÞP, BSt, EÁrna.

ErlD greiddi ekki atkv.

1 þm. (PZ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 9:3 atkv.

3.—5. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frsv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

1) Forsrh.: Með því að ráðuneytið leitar að sjálf sögðu til sérfróðra manna í þessum efnum, segi ég nei.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.

*Magnús Jónsson: Ég vil fara fram á, að þessu máli verði frestað og það tekið fyrir á morgun, því að ég vil spyrjast fyrir um það hjá n., hvort hún hefur lesið l. um rithöfundarétt og prentarétt frá 1905 og gengið úr skugga um, að ekkert sé í afgreiðslu málsins nú, sem rekst illilega á l. Ef n. hefur ekki gert það, vil ég biðja um frest.

*Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): N. hafði ekki tækifæri til að taka gömlu l. til meðferðar, en ég vil segja hv. þm., að það er því síður ástæða til að gera það, þar sem frv. er flutt af menntmn. Nd., eftir tilmælu frá stjórnarráðinu og 2—3 heztu lögfræðingar innan stjórnarráðsins og utan hafa unnið að samningu þess. Svo að hv. l. þm. Reykv. er óhætt að sofa rólega.

Magnús Jónsson: Úr því að n. hefur vanrækt þetta, vil ég biðja um frest til morguns.

Forseti (EÁrna): Það hefur ekkert komið fram, sem sýnir, að neinn slíkur ágalli sé á frv., sem geri það nauðsynlegt að stöðva málið. En ég vil héra það undir hv. d., hvort hún vill fallast á, að málið sé tekið af dagskrá.

*Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Gerir hæstv. forseti ekki ráð fyrir, að d. hætti störfum í nótt? (Forseti: Ég mundi telja það heppilegast.) Úr því að búid er að samþ. afbrigði, er ekki hægt að fella frv. nema með atkv. dm. við síðustu atkvgr.

ATKVGGR.

Till. um að taka málið af dagskrá felld með 9:3 atkv.

*Magnús Jónsson: Þó að tilætlunin hafi verið að ljúka störfum deildarinnar í nótt, mætti hún lifa til morguns, þegar um slíkt stórmál er að ræða. En hvað snertir það, að færustu lögfræðingar hafi fjallað um þetta mál, vil ég minna á, að í stjfrv. koma hvað eftir annað fyrir villur um ártöl o. fl. Það er algengt. Og ég vil minna á, að í framlengingu á lögum um tekju- og eignarskatt kom fram, að það var aðeins tekjuskatturinn, sem var framlengdur, en ekki eignarskatturinn. Ég get alveg eins trúað, að þeir, sem sömdu þetta frv., hafi alls ekki lesið l. þau, sem frv. á að vera viðauki við. En það verður að fara eins og fara vill, — málið skal fram.

En nú langar mig að spyrjast fyrir um það, hvernig eigi að skilja l. gr. frv. Ég vil fyrst spyrja: Hvaða form er þetta á l.? Þetta er víst viðauki við l. Er meiningin að prenta hann á eftir l. um rithöfundarétt? En þetta er ekki stilað þannig. Hvar á viðaukinn að koma? Aftan við þau, — eða hvar?

Eins vil ég spyrja um það út af l. gr., hvort það sé meiningin, að hvert rit, sem er eldra en 50 ára og ekki er hirt stafrétt, sé sent stjórnar-

A)pt. 1941. B. (58. löggjafarþing).

ráðinu áður en það er gefið út, og sé eitthvert slíkt rit gefið út án þess að það sé horið undir stjórnarráðið, þá geti það sektað menn um 100 til 10000 kr. Það virðist sem hér sé ekki aðeins um fornritin að ræða, heldur öll rit eldri en 50 ára. Þau koma öll undir l. gr. Þá vil ég segja það, að í l. gr. stendur ekkert um það, hver dæma eigi um, hvort menning eða tunga þjóðarinnar biða tjón af birthingu þessara rita, og vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann muni gera ráðstafanir til þess, að allt verði sent til stjórnarráðsins, sem þannig á að gefa út og er að einhverju leyti breytt.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Frv. þetta er undirbúið í stjórnarráðinu, eins og tekið er fram í grg., og það voru áhugamenn, sem sendu ríkisstj. beiðni um það. Skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins hefur undirbúið frv. ásamt 2 lögfræðingum utan stjórnarráðsins, sem ég hygg, að séu fyllilega til þess færir. (MJ: Sömdu þeir l. gr. svona?) Ég kem að því síðar. Þeir eru árcíðanlega meðal færustu lögfræðinga í þessum bæ.

Ég sé satt að segja ekkert að athuga við þetta form á frv., að gefinn sé út viðauki við l. Þessi hv. þm., sem finnur að því, hefur verið lengur á þingi en ég, og honum er sjálfsgat mjög vel kunnugt, að það er ekki óvenjulegt á þingi, að gefnir séu út viðaukar við l., heldur er það mjög algengt. Og við, sem höfum þurft á því að halda að fletta upp í lagabókum, erum ekki heldur óvanir því, enda héra lögbækur það greinilega með sér, sem ná yfir þau l., er gilda fram til 1930. Það er öllum kunnugt, að þetta er form, sem ekki er óvenjulegt. Stundum er það meira að segja nauðsynlegt vegna þess, að það getur verið erfitt — og það á einmitt við um þetta efni — að fella það inn í sjálf l. Ég sé þess vegna ekkert að athuga við þetta atriði.

Um l. gr. frv. er það annars að segja, að að sjálfsgöðu verður að leita til stjórnarráðsins um útgáfu þeirra rita, sem greinin tekur til. Og ég sé ekki heldur neitt athugavert við það, — síður en svo. Og það hefur því miður komið fyrir með atriði, sem l. gr. nær yfir, að það hefur verið misnotað hér á landi. Það er ekki langt síðan eyðileggja varð hér útgáfu á merku riti fyrir það, að afbökun voru eldri ljóð, þar sem rithöfundarnir voru látnir menn, og sýnt var fram á, að ekki var sémilegt, hvernig frá var gengið. Það hefði verið hægt að fyrirbyggja þetta þá, ef þessi l. hefðu verið til staðar. Þetta ákvæði l. gr. er því ekki síður nauðsynlegt en þau önnur ákvæði, sem í frv. eru. Og ef menn vilja gefa út þau rit, sem l. gr. nær yfir, þá er það ekki mikil fyrirhöfn að gera ráðuneytinu grein fyrir, að það sé gert með þeim hætti, sem l. gera ráð fyrir.

Það hefur verið minnt á við þessa umr., að í þessum l. séu engin ákvæði um, hvernig eigi að framfylgja þeim. En það stendur skýrum stöfum í 4. gr. þessara l., að með mál út af broti á l. skuli fara sem almenn lögreglumál. Það liggur þess vegna í augum uppi, að ráðuneytinu er skylt að sjá um, að l. þessum sé framfylgt.

Þá hefur komið hér fram brtt. um, að heimspekideild háskólans ætti að vera sá dómari, sem skæri úr um, hvort ákvæðum 1. gr. væri fylgt. Út af þessu vil ég segja það, að það liggur auðvitað í hlutarins eðli, að skrifstofustjórnarnir í stjórnarráðinu liggja ekki yfir að lesa þessi rit, heldur verður leitað til sérfróðra manna um það, og þá líklegast til heimspekideildar háskólans. Þetta verður framkvæmdaratriði, sem mér finnst leiða af hlutarins eðli, og af þeirri ástæðu taldi ég ekki þörf á að greiða þeirri till. atkv., sem fram kom um þetta. Hins vegar gæti vel farið svo, að í þessu landi risi upp stofnun, sem væri eins far til þess að dæma um þetta og heimspekideildin. Við skulum taka sem dæmi, að hér væri félag rithöfunda, sem hefði sérstökum mönnum á að skipa. Það væri vel hugsanlegt, að einnig yrði leitað til þess unDIR vandasömu kringumstæðum.

Ég sé ekki betur en þessi l. séu þannig úr garði gerð, að vansalaust sé fyrir þessa hv. d. að samþ. þau eins og þau liggja fyrir.

*Magnús Jónsson: Hæstv. ráðh. nefndi að visu ekki það rit, sem var brennt. (Forsrh.: Það var sálmað.) Og þá er það algerlega rangt, sem hann sagði um það, því að öll reiðin var út af sálum núlifandi skálda, en ekki út af því, sem prentað var eftir eldri skáld. Í þessu riti var mikill sægur af sálum, sem var breytt, og það var ekki hægt annað, ef átti að nota það. En reiðin þá var aðallega út af ýmsum núlifandi skáldum, og skulum við ekki ræða það mál náran, því að það kemur ekki þessu frv. við. (Forsrh.: Því fremur er ástæða til að gæta réttar þeirra látnu, þegar þannig er farið með lifandi skáld.) En það kemur bara ekki þessu máli við, sem við erum að tala um hér.

Í frv. er talað um, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið eigi að hafa eftirlit með, að l. verði fylgt. En hæstv. ráðh. og hv. frsm. meiri hl. töluðu um það í sínum ræðum, að kennslumálaráðuneytið ætti að gera þetta. Nú vitum við, að skipting milli ráðuneyta er alltaf að breytast. Það væri því næsta einkennilegt, ef annar maður færi með kennslumál heldur en dóms- og kirkjumál, að þá skyldi þetta samt heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Ég hélt þess vegna, að stj. væri horfin frá sínu eigin frv. í þessu efni.

Mér þykir hæstv. ráðh. spámannlega vaxinn, ef hann veit, hvað öllum dómismálaráðherrum kann að detta í hug. Ráðh. hefur dottið svo margt í hug, að þeim gæti alveg eins dottið í hug að spyrja mjólkursölunefnd eða hundahreinsunarnefnd um þetta. Það hefur sýnt sig, að ráðh. hafa fundið upp á fráleitustu firrum. Þegar t. d. lagt er til eftir háskólal. að hafa samkeppnispróf, þá dettur ráðh. fyrst í hug að neita að hafa samkeppnispróf, og síðan að veita embættið þvert ofan í það, sem prófið sýndi. Það er því vandi að vita, hvað dómismálaráðherra dettur í hug.

Ég vil bara segja það, að það verður bóka-lestur í stjórnarráðinu, ef á að senda þangað öll rit, sem snerta þetta frv. Og það væri meiri töfin, ef heimspekideildin ætti að lesa allt yfir.

og þetta eru menn störfum hlaðnir. Það tekur vitanlega geysitíma, ef á að senda þeim mörg stór verk, sem þeir ættu að athuga, hvort ekki sé stafrókur í, er mundi geta spilt smekk þjóðarinnar. Það er hvorki meira né minna en að með þessum l. á að innleiða svona hroðalegan „censur“ á þessi rit.

Mér þykir það leiðinlegt fyrir skrifstofustjórnun í dómismálaráðuneytinu, ef hann hefur gengið svona hraksmálarlega frá þessu frv., því að það er ákaflega illa samið. Við skulum taka til dæmis það, þar sem talað er um, að ekki megi hirta rit „breytt að efni, meðferð eða málbla, ef ugga má, að almennum menningarhagsmunum yrði tjón að“. En þarna er ekkert um það, að dómi hvers. Ég held, að enginn skrifstofustjóri ráðuneytisins hafi komið nálægt þessu.

Ég er búinn að fá svar við því, sem ég spurði um, og það er ákaflega líkt því, sem ég hugsaði mér, að það yrði.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hef hugsað mér að segja dálítið í þessu máli, en þar sem forsvarsmenn frv. hlauða út, á meðan umr. um það standa yfir, er ekki hægt að koma við neinum rökræðum.

En ég ætla að nota tækifærið, af því að hæstv. forsrh. er hér viðstaddur, til að gera dálitla fyrirspurn. — Það var víst hv. 2. landsk., sem var hræddur um það, að þau ósköp gætu komið fyrir, að Njála yrði gefin út á svipaðan hátt og Laxdæla, ef þessi l. yrðu ekki afgr. áður en þessu þingi væri sliðið. — Nú vil ég spyrja: Ef þessu útgáfufyrirtæki, sem hefur gefið út Laxdælu, dytti í hug að gefa út Njálu og fengi Halldór Kiljan Laxness til að sjá um útgáfuna, mundi þá kennslumálaráðuneytið leita álits heimspekideildar háskólans og fara eftir því, ef till. heimspekideildar væru með því, að þessi útgáfa yrði leyfð, sem ég efa ekki að yrði? Nú skulum við segja, að hv. þm. S.-D. fengi kast og kannske taugaáfall. Hvað mundi hæstv. kennslumálaráðh. gera við hann? Ætli hann mundi ekki stinga upp í hann sykurmola og banna útgáfuna, þó að heimspekideild háskólans mælti með henni.

Við skulum taka annað dæmi. Ef hv. þm. S.-D. hefur í hyggju að gefa út nýtt ljóðaúrval eins af okkar höfuðskáldum, eins og hann hefur gert undanfarið, — en til þess að gefa út slikt úrval geri ég ráð fyrir, að skv. þessum l. þyrfti að koma leyfi kennslumálaráðh., til þess að koma í veg fyrir, ef um væri að ræða rit höfuðskálda, sem eru dáiN fyrir meira en 50 árum, að rit hans væru gefin út að efni og málbla þannig, að telja mætti, að menning og tunga þjóðarinnar byði tjón af —, en heimspekideild háskólans liti þannig á, að ekki væri rétt að leyfa þessa útgáfu, einmitt vegna þess, að efni og meðferð útgáfunnar væri á þá leið, að hún teldi, að menning og tunga byði tjón af. Og ég er nú helzt á því, að sum af þessum úrvalsritum, sem þessi hv. þm. hefur verið að gefa út, séu einmitt þess eðlis, að það sé frekar tjón að því en hitt. Ef heimspekideildin kæmist að þessari niðurstöðu, hvað mundi þá hæstv. kennslumálaráðh. gera?

Rithöfundaréttur og prentaréttur. — Lántaka fyrir sildarverksmiðjur ríkisins.

Mundi hann vilja eiga það á hættu, að þessi flokksbróðir hans fengi taugaáfall út af málinu?

Ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. svari þessum fyrirspurnum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Fyrirspurnirnar eru þannig fram bornar, að ég sé ekki ástæðu til að svara þeim, og það getur ekki heldur verið ætlað til þess.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 76).

8. Lántaka fyrir sildarverksmiðjur ríkisins.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til I. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1933, um að reisa sildarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, og l. nr. 42 12. febr. 1940, um breyt. á þeim I. (þmfrv., A. 11).

Á 6. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsn. (Magnús Jónsson):** Eins og grg. þessa frv. sýnir, er það flutt eftir ósk hæstv. fjmrh., og ef menn óska frekari upplýsinga um málið á þessu stigi, þá mun ég vísa til þess hæstv. ráðh. um það, því að fjhn. tók málið til flutnings af honum, og það án þess að málið væri nokkuð rétt út í æsar.

Mér skilst mál þetta ekki vera margbrotið. Í þe sum tvennum l., sem vitnað er til bæði í fyrirsögn og í 1. gr. frv., er talað um lántökuheimildir fyrir ríkisstj., í öðrum l. um 1500000 kr. og í hinum 1700000 kr. lántökuheimlid í því skyni, sem hér um ræðir, til byggingar og aukningar sildarverksmiðja ríkisins. Og sú eina breyt., sem farið er fram á með þessu frv., er, að þessar lántökuheimildir eru færðar frá ríkisstj. og yfir á sildarverksmiðjurnar sjálfar. Þetta er gert vegna þess, að það þótti eðlilegt, að stjórn sildarverksmiðjanna annaðist þessar lántökur. Ábyrgð ríkisins er alveg eins á þessum lántökum, þó að þeim sé hagað þannig. En það þótti eðlilegra, að stjórn sildarverksmiðja ríkisins annaðist að taka þetta lán og að lánsheimildin væri færð í eitt, sem nemur þá samtals 3200000 kr., og enn fremur, að lánið kæmi þá á reikningum sildarverksmiðja ríkisins, en ekki á ríkisreikningnum.

Fjhn. tók ekki málefnislega afstöðu til þessa. En ég hygg, að hvorki nefndarmenn né heldur neimír aðrir hv. þdm. sjái neitt athugasvert við það í sjálfu sér, þótt þessar lántökuheimildir séu þannig færðar til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsn. (Magnús Jónsson): Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá nú. Það eru nokkrar upplýsingar, sem æskilegt væri að fá í málinu, en einkum fer ég þó fram á þetta vegna þess, að líklega þarf að bera fram brtt. við frv., og þá væri hentugra að gera það áður en málið er afgr. héðan úr d., heldur en hætta á, að málið þurfi að fara á milli deilda.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 11, 27).

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Hv. 1. þm. Reykv., sem er frsm. fjhn. í málinu, er ekki staddur hér í hv. d., og þykir mér því rétt að skýra nokkuð frá brtt. okkar á þskj. 27. Í a-lið I. brtt. er lagt til, að orðin „eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri“ séu niður felld úr 1. gr. frv. Okkur þykir þetta óþarft, þar sem lánið mun tekið hjá Landsbanka Íslands og bóúð mun vera að nota mikið af þessu láni nú þegar. — Í b-lið sömu brtt. er lagt til, að við 1. gr. frv. þætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Gera skal mönnum kost á þátttöku í láni þessu í bönkum landsins og útibúum þeirra, svo og í sparisjóðum í öllum héruðum landsins.“ Gert er ráð fyrir, að lánið verði boðið út sem önnur lán, og þótti því rétt að hafa þetta ákvæði, svo að mönnum þeim, sem það vildu, gæfist kostur á að kaupa þessi skuldabréf.

Þá er II. brtt. okkar, að fyrirsögn frv. verði eins og á 27. þskj. segir.

Ég skal geta þess, að þessar brtt. eru gerðar í samráði við hæstv. fjmrh.

ATKVGR.

Brtt. 27.I.a. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 27.I.b. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 27.II. samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til I. um heimild til lántöku fyrir sildarverksmiðjur ríkisins.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 30).

Á 18. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál þeina þeirri fyrirspurn til hæstv.

atvnrh., hvernig á því standi, að nú sé hætt að birta reikninga sildarverksmiðjanna með ríkisreikningnum. Þeir voru ekki birtir með reikningnum fyrir árið 1939 og ekki heldur í B-deild Stjtið., sem þó á að gera skv. 1. ríkisverksmiðjanna. Það væri æskilegt, að þm. gæfist kostur á að kynna sér reikningana, og væri ef til vill hægt að fá þá í stjórnarráðinu, en hitt væri aðgengilegast, að fá þá prentaða, eins og á að gera, með ríkisreikningnum. Má ekki vænta þess, að svo verði eftirleiðis?

ATKVGFR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 66).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var flutt af fjhn. Ed. eftir ósk fjmrh., og hefur það verið athugað af fjhn. þessarar d. Mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sildarverksmiðjum ríkisins sé heimilt að taka lán, allt að 3 millj. og 200 þús. kr., til aukningar sildarverksmiðjunum á Raufarhöfn og Siglufirði, og ríkissjóður ábyrgist greiðslur téðra lána. Í 2. gr. frv. er lagt til, að ákvæði eldri l. um lán-tökur ríkissjóðs í þessu skyni falli niður. Ég vil geta þess, að fjhn. barst bréf frá einu fyrirtæki hér í bænum, „Kauphöllinni“, meðan n. hafði frv. til athugunar. Í bréfi þessa fyrirtækis var farið fram á það, að breyt. yrði gerð á 2. málsg. 1. gr. frv., þannig að auk þess, sem menn ættu kost á þátttöku í láninu í bönkum landsins, úti-húum þeirra og sparisjóðum, ættu þeir einnig kost á að fá keypt skuldabréf hjá kauphöllinni í Reykjavík. N. var kunnugt um ýmis fleiri fyrirtæki, sem fást við kaup og sölu verðbréfa, og sá hún því ekki ástæðu til þess að taka óskir eins fyrirtækis til greina. N. litur þannig á, að eins og gr. er orðuð muni hæði verðbréfasalar og aðrir geta komizt í samband við banka landsins og fengið þar þessi væntanlegu skuldabréf ríkisverksmiðjanna. Samkvæmt því er hvorki kauphöllin né aðrir verðbréfakaupmenn útilok-aðir frá því að ná þessum bréfum, þó að engin breyt. sé gerð á frv. —

Við 1. umr. þessa máls beindi ég fyrirspurn til hæstv. atvnrh. um það, hvernig á því stæði, að reikningar sildarverksmiðjanna hefðu ekki verið birtir í ríkisreikningunum og stjórnar-tiðindum eins og lög gera ráð fyrir. Hæstv. atvnrh. var þá ekki við og er það ekki enn, en ég vildi heina þeirri ósk til hæstv. fjmrh., sem er viðstaddur á fundinum og hefur óskað eftir því, að þetta frv. væri flutt, að hann hlutaðist til um það, að þessir reikningar yrðu birtir eins og ákvæðið er í l., að eigi að gera. Ég fékk frá stjórnarráðinu til athugunar reikninga verk-smiðjanna fyrir árið 1939, en hins vegar fékk ég þær upplýsingar þar, að ekki væri enn húið að

gera upp reikningana fyrir árið 1940. Verð ég að telja, að það sé óhæfilegur dráttur á reikn-ingsskilum hjá þessum fyrirtækjum, þar sem nú er komið fram í nóv. og reikningar fyrir árið 1940 enn ekki fullgerðir. Ég athugaði nokkuð þessa síðustu reikninga fyrir árið 1939, og þeir sýndu, að það hefur orðið töluverður tekjuaf-gangur hjá verksmiðjunum á því ári. Reikning-arnir sýndu einnig, að af þessum hagnaði hefur verið lagt í svo nefndan eftirlaunasjóð 50 þús. kr. Nú veit ég ekki, eftir hvaða heimildum þetta er gert, að stofna slíkan sjóð hjá sildarverk-smiðjunum. Lög um sildarverksmiðjur, nr. 1 5. jan. 1938, kveða á um það, hvaða sjóði þar eigi að mynda, og í hvaða sjóði eigi að leggja fé. Í 11. gr. þeirra l. er tekið fram, hvaða kostnað skuli draga frá söluverði sildarafurða. Þar er ákvæðið, að draga skuli frá söluverðinu stjórnar-kostnað og annan venjulegan rekstrarkostnað, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, enn fremur afborganir af stofnkostnaði verksmiðj-anna, fyrningargjald af mannvirkjum, húsum, vélum og áhöldum. Sömuleiðis ákvæðið gjald í varasjóð. Þar er ekkert ákvæðið um það, að það eigi að greiða neitt í eftirlaunasjóð eða aðra slíka sjóði; ekki hef ég heldur annars staðar í þessum l. séð nein ákvæði um slíkan sjóð. Nú er ég ekki með þessu að kveða upp neinn dóm um það, hvort rétt geti verið að stofna slíka sjóði, það kemur ekki þessu máli við, en hinu vil ég halda fram, að þar sem með l. er ákvæðið, hvernig eigi að haga rekstri sildarverksmiðj-anna, eigi að fara eftir þeim l. Ég sé því enga heimild til þess að taka af þeim hagnaði, sem þar kann að verða á einu ári, og leggja í eftir-launasjóð eða aðra sjóði, sem ekkert er ákvæðið um í l., að eigi að stofna hjá þessum fyrir-tækjum. Ég tel það illt, að yfirmaður verksmiðj-anna, hæstv. atvnrh., skuli ekki vera hér á fundi, þegar þetta mál er til umr. En eins og ég gat um, er þetta frv. flutt eftir ósk hæstv. fjmrh., og ef til vill getur hann einhverjar upplýs-ingar gefið um það, hvernig á þessari sjóð-stofnun stendur. Ef svo er ekki, vil ég þó eigi að síður heina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh., að hann hlutist til um það, að á þessu verði gerð leiðrétting, þegar reikningar verksmiðjanna fyrir árið 1940 verða gerðir upp. Ég get ekki betur séð en að þessi ráðstöfun á fé verksmiðj-anna sé gerð án þess að nokkur heimild sé til þess, og liggur í augum uppi, að þetta þarf að leiðrétta og færa þessa upphæð til baka.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég skal fyrst taka það fram, að þetta frv. er horið fram skv. ósk fjmrn. Í því er í rauninni ekki annað en það að leita heimildar til þess að mega taka lán handa verksmiðjunum. Það kann að vera, að annar maður hefði átt að standa fyrir flutningi máls-ins, en þetta varð þannig fyrir þá sök, að hæstv. atvnrh. hefur ekki talið sig þurfa að hafa af-skípti af meðferð þessa máls í þinginu. Við-vikjandi fyrirspurnum hv. frsm. get ég upplýst það, hvað snertir reikninga verksmiðjanna fyrir árið 1940, að það, að þeir eru ekki komnir út enn þá, stafar af því, að það mun vera óupp-gert enn þá milli ríkisins og verksmiðjanna í

sambandi við sölu á mjöli til bænda, sem ríkisverksmiðjurnar ætlast til að verði bætt upp. Annars er hér maður úr stjórn verksmiðjanna, sem kynni að geta gefið frekari upplýsingar um þetta mál. —

Hvað viðvíkur eftirlaunasjóðnum verð ég að jata, að mér er ókunnugt um það mál, en skal fúslega verða við tilmælum hv. frsm. um að koma áleiðis skilaboðum til rétttra hlutaðeigenda. Annars kunna einhverjir aðrir af þeim, sem hér eru viðstaddir, að geta gefið upplýsingar um það mál.

***Finnur Jónsson:** Út af aths., sem hv. þm. V.-Húnv. gerði við verksmiðjureikningana 1939, hvort það lægju fyrir lagaheimildir til þess að stofna eftirlaunasjóð, vil ég segja það, að ég skal ekkert um það dæma, enda var ég ekki viðstaddur, þegar þessar aths. voru gerðar. En ég vil benda hv. þm. V.-Húnv. á það, að það var ákaflega lítið af sildinni 1939 lagt til vinnslu, heldur selt verksmiðjunum föstu verði. Ef þessi eftirlaunasjóður hefur verið tekinn af rekstri verksmiðjanna, þá mundi það því vera óheimilt gagnvart þeim, sem létu sildina til vinnslu. Ef hins vegar þetta fé hefur verið tekið af ágóða af þeirri sild, sem seld var föstu verði, þá verður ekki séð, að það komi að neinu leyti í bága við verksmiðjulögin. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er alveg ákveðið í L., hvað það er, sem á að draga frá áður en sildin er lögð upp til vinnslu, en hvort það eru réttlátar ráðstafanir gagnvart þeim, sem hafa lagt upp sild, fer eftir því, hvort þetta fé hefur verið tekið af þeim eða ekki. Nú get ég ekki sagt um þetta með vissu, þar sem ég hef ekki séð reikningana, og vil ég taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að þeir verði birtir í stjórnartíðindunum og landsreikningnum, eins og verið hefur.

Í sambandi við reikningana fyrir árið 1940 get ég upplýst það, að fram á árið 1941 var mjög mikið óselt af lýsi verksmiðjanna, en var þá selt skv. sérstökum samningi við Breta í gegnum viðskiptan., en þeir reikningar hafa ekki fengizt gerðir upp enn þá. Svo að það er beinlínis vegna þess, hve seint gengur að fá gert upp það, sem selt hefur verið frá verksmiðjunum, að ekki hefur verið hægt að loka reikningunum fyrir árið 1940. Viðskiptan. sú, sem hefur þessi mál með höndum, hefur af einhverjum ástæðum ekki getað fengið þetta í lag, og af þeim ástæðum eru reikningarnir fyrir árið 1940 ekki gerðir upp enn þá. Þetta er ákaflega leiðinlegur dráttur, og mér er kunnugt um það, að frá verksmiðjanna hálfu hafa reikningarnir verið gerðir upp að svo miklu leyti sem hægt hefur verið að gera þá upp.

Fskj. hafa verið borin fram og endurskoðuð, en aðeins er eftir að loka reikningunum, af því að ekki hafa enn þá fengizt fullnaðarskil fyrir seldar vörur árið 1940.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir, að hann vill sjá um, að það atriði, er ég minntist á, verði tekið til athugunar af ríkisstj.

Þá vil ég vika að eftirlaunasjóði. Hv. þm. Ísaf. viðurkennir, að þetta framlag sé tekið af þeim, er leggjja inn sild til vinnslu í verksmiðjunum. Ég tel, að verksmiðjurnar hafi ekki heimild til að taka af hagnaðinum í slíkan sjóð, því það skiptir miklu máli fyrir verksmiðjurnar, hvort fé þeirra er lagt í varasjóð eða eftirlaunasjóð. Ég veit ekki, hvernig reglum er háttað um þennan sjóð, en mér þykir ólíklegt, að allir viðskiptamenn verksmiðjanna fái að njóta hans. Ég býst við, að fyrst og fremst beri að nota hann til að greiða eftirlaun föstum starfsmönnum verksmiðjanna.

Viðvíkjandi því, hve seint reikningum sildarverksmiðjanna er lokið, hefur komið skýring frá hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ísaf. Um það atriði vil ég segja það, að oft kemur fyrir hjá stórum fyrirtækjum, að eitthvað af framleiðslunni sé óselt um áramót, og ef lengi dregst að fá ákveðið verðlag fyrir afurðirnar, þá er það venja að áætla það, til þess að hægt sé að ljúka reikningunum. Þetta hefur áður verið gert hjá sildarverksmiðjum ríkisins, og svo kemur í reikningum næsta árs niðurstaðan af sölnunni. Ég veit því ekki, hvort ástæða hefur verið til að draga svona lengi uppgerð reikninganna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölýrða um þetta frekar, en vænti þess, að það atriði, er ég nefndi, verði tekið til athugunar hjá ríkisstjórninni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 79).

Önnur mál.

I. Lausnarbeiðni ríkisstjórnarinnar og stjórnarmyndun af nýju.

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Ég hef tilkynningu að flytja. Og ég hygg, að það komi greinilegast fram, sem ég tel, að komast verði til vitundar Alþingis, ef ég les eftirrit fundargerðar ríkisráðsfundar, sem haldinn var í dag, en þar í er fært bréf, er ég ritaði hæstv. ríkisstjóra í gær, og eftirrit fundargerðar ráðherrafundar í gær, sem einnig er fært inn í þessa fundargerð:

„Árið 1941, miðvikudaginn 22. október, var haldinn fundur í ríkisráðinu í móttökuherbergjum ríkisstjóra í Alþingishúsinu.

Forsæti ríkisráðsins, ríkisstjóri Sveinn Björnsson, stýrði fundinum, sem hófst kl. 11.55.

Fundinn sátu og ráðherrarnir Hermann Jónasson, forsæti-, dóms- og kirkjumálaráðherra, Ólafur Thors, atvinnu- og samgöngumálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, félagsmála- og utanríkisráðherra, Eysteinn Jónsson, viðskiptamálaráðherra, og Jakob Möller, fjármálaráðherra.

Vígfús Einarsson var ritari fundarins.

Ríkisstjóri setti fundinn og las síðan upp bréf frá forsætisráðherra, dags. í gær, svo hljóðandi:

„Ég sendi yður hér með, hæstv. ríkisstjóri, afrit af fundargerð ráðherrafundar, er haldinn var í dag.

Með tilvisun til fundargerðarinnar leyfi ég mér að beiðast lausnar fyrir allt ráðuneytið.“

Fundargerð sú, sem bréfinu fylgdi, hljóðaði þannig:

„Ár 1941, þriðjudaginn 21. október, var haldinn ráðherrafundur í fundarherbergi ríkisstjórnarinnar í stjórnarráðshúsinu. Allir ráðherrar mættir. Eysteinn Jónsson, viðskiptamálaráðherra, lagði fram frumvarp um dýrtíðarmálin og óskaði eftir, að frumvarpið yrði gert að stjórnarfrumvarpi. Ráðherrar Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins lýstu yfir því, að þeir gætu ekki fallizt á að gera frumvarpið að stjórnarfrumvarpi. Sérstaklega tók ráðherra Alþýðuflokksins fram, að hann væri algerlega ósamþykkur lögfestingu kaupgjalds.

Með því að ríkisstjórnin hefur ekki náð neinni

sameiginlegri lausn í dýrtíðarmálunum, verður ekki hjá því komizt, að ríkisstjórnin beiðist lausnar.“

(Undirskrift ráðherranna).

Eftir að ríkisstjóri hafði lesið upp bréf forsætisráðherra, mælti hann á þessa leið:

„Vegna þess, hve alvarlegir tímar eru nú, óska ég þess að taka stuttan frest áður en ég fellst á þessa lausnarbeiðni, en frestinn mun ég nota til þess að kynna mér viðhorf Alþingis í þessu máli og mun ég gera það tafarlaust.

Ef hæstv. virtur forsætisráðherra eða aðrir ráðherrar vilja gera athugasemdir við þessa afgreiðslu, óska ég þess, að þær komi fram.“

Þar sem engar athugasemdir komu fram og önnur mál lágu ekki fyrir, sagði ríkisstjóri fundinum slitið kl. 12.20 e. m.

Sveinn Björnsson.

Vígfús Einarsson.“

Þetta vildi ég tilkynna hv. Alþingi.

Á 13. fundi í Sp., 18. nóv., mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil tilkynna hér á Alþingi, að gengið var endanlega frá stjórnarmyndun að nýju á ríkisráðsfundi kl. 5½ e. h. í dag.

Það mun ekki þykja óviðeigandi, að ég geri nokkra grein fyrir því, frá sjónarmiði mínu og flokks míns, af hvaða ástæðum ég hef tekið að mér að mynda stjórn á ný.

Áður en ég vík að því, vil ég rekja í stuttu máli aðdraganda þess, að ég baðst lausnar fyrir ráðuneytið.

Um það er ekki og hefur ekki verið neinn ágreiningur, að hin vaxandi dýrtíð í landinu sé eitt stærsta innanlandsmálið og mesta vandamálið, sem þjóðstjórnin hefur haft til meðferðar. Svo er þessu og háttáð meðal annarra þjóða, þótt eigi sé nákvæmlega með sama hætti. Vaxandi dýrtíð er víðast mikið vandamál.

Að undanfögnu, og einkum á þessu ári, hefur ekki verið um annað meira ritað í blöð stjórnmalaflokkanna en nauðsyn þess að ráða bót á dýrtíðinni. Blöð allra þeirra flokka, er studdu ríkisstjórnina, drógu af þessu þá eðlilegu ályktun, í margendurteknum skrifum um málið, að ef ágreiningur yrði um framkvæmd slíks stór-

máls, þá mundi það og ætti að leiða til stjórnarskipta, — því að þá væri grundvöllur þjóðstjórnarinnar hrúninn.

Í hugleiðingum sínum um síðustu áramót tók formaður Sjálfstæðisfl., Ólafur Thors atvinnu- málaráðherra, það fram, að ef stjórnin gæti ekki með sameiginlegu átaki leyst dýrtíðarmálin og alvarlegur ágreiningur yrði um leiðir í þeim málum, yrði ríkisstjórnin að segja af sér, og að dýrtíðarmálið væri einna líklegast til þess að verða henni að falli. Yrði stjórnin að sjálfsögðu að vika fyrir annarri stjórn, sem starfhæfari kynni að reynast í slíku stórmáli. Við umræðurnar um dýrtíðarlögin í efri deild á síðasta þingi tók ég það sérstaklega fram, að gefnu til- efni, að ef leiðir ráðherranna og flokkanna skildu um framkvæmd dýrtíðarlaganna, gæti svo farið, að þing yrði að kveðja saman á ný, og að afleiðing þess gæti orðið sú, að stjórnin yrði að segja af sér.

Það er því dálítið einkennilegt eftir allt þetta, sem um málið hefur verið sagt, að sum flokks- blaðanna, og það jafnvel þau, sem mest hafa haldið því á lofti, að ríkisstjórnin yrði að segja af sér, ef sameiginleg lausn myndist eigi í dýrtíðarmálunum, skuli nú vera þeirrar skoðunar, að forsætisráðherra hefði ekki átt að biðjast lausnar fyrir stjórnina, og að samstarfið hefði átt að halda áfram órofið, þrátt fyrir það, að leiðir skildu í þessu aðalvandamáli.

Af opinberum umræðum, sem fram hafa farið, er mönnum í aðalatriðum kunnugt, hvað það er, sem samvinnuslitunum olli. Annars vegar var leið framsóknarmanna, að stöðva verðbólguna með lögum, hins vegar hin svokallaða „frjálsa leið“, sem að minnu álit og míns flokks er þýðingarlaus eins og á stendur og táknar ekki annað en uppjöf og úrræðaleysi í því mikla vandamáli, sem fyrir liggur.

Ég vil nota tækifærið til þess að minna á það, að einmitt þessa dagana berast fréttir um það, að svipað viðhorf sé að skapast í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þar vex verðbólgan mjög ört. Það er vitanlega hægt að fara þar, eins og hér, hina frjálsu leið, þ. e. að biðja verkalýðsfélögin að hækka ekki kaupgjaldið, en leyfa þeim hins vegar að gera það, ef þau vilja. En það er líka hægt að fara lögbindingarleiðina, og stjórn Bandaríkjanna virðist ráðin í því að fara þá leið, þótt það kosti mikil átök.

Við, sem viljum fara lögbindingarleiðina, teljum, að svo mikill munur sé á henni og „frjálsu leiðinni“, að raunverulega sé hér um andstæður að ræða. Þegar sýnt var, að meiri hluti þings mundi taka fram fyrir hendur okkar og fara aðra leið en við álitum rétta, ákváðum við að afsala okkur því umboði, sem Alþingi hafði falið okkur í stjórn landsins.

Eins og þarna var málum komið, var mér sem forsætisráðherra þingræðislega rétt og skylt að leiðast lausnar, og það er stórfurðulegt fyrir- brigið í íslenskum stjórnámum, að því skuli vera haldið fram í rökræðum um þetta mál, sem eiga að vera alvarlegs eðlis, að forsætisráðherra hafi hefði átt að brjóta þingræðisreglur, og að það skuli þeim línið vera gert að áráðsarefni á forsætisráðherra, að hann skyldi ekki brjóta þær.

Þingræðið byggist á því, að ráðherrarnir, og þá ekki sízt forsætisráðherra, framkvæmi vilja meiri hluta Alþingis og beri ábyrgð á gerðum sínum gagnvart því. Ef forsætisráðherra eða aðrir ráðherrar eru ósamþykkir þeim vilja þingsins, er ræður í stórum málum, hafa þeir ekkert annað úrræði en segja af sér og losa sig við pólitíska ábyrgð af framkvæmdunum. Geri þeir það ekki, samþykkja þeir stefnu þingsins með því að þeir gangast undir að framkvæma hana og bera þá pólitíska ábyrgð á stefnunni samkvæmt því. En það tiltæki hjá forsætisráðherra að brjóta þingræðisreglur, neita að bera ábyrgð á stefnu Alþingis í stórmáli, en sitja samt áfram við völd, mundi leiða til þess, að þegar aðfinnslur kæmu fram í þinginu, mundi ráðherra, í stað hinna venjulega vinnubrögða, geta sagt sem svo, að hann hefði einatt verið andvígur þeirri stefnu, sem tekin hefði verið, og bæri því enga ábyrgð á framkvæmdum samkvæmt henni.

Ég vænti þess, að menn sjái það fljótt, í hverjar ógöngur það mundi leiða, ef slíkur háttur væri upp tekinn.

Það var vitanlega óumdeilanleg þingræðis- regla og skylda eins og á stóð, að ríkisstjórnin segði af sér og afhenti Alþingi umboð sitt. Ráðherrarinnir í ríkisstjórninni gátu með engu móti komið sér saman um lausn á þýðingarmiklu máli, og ráðherrasarfinn áttu þá að vera laus, til þess að unnt væri að mynda stjórn um þá stefnu, sem meiri hluti ríkisstjórnarinnar, með meiri hluta Alþingis að baki, hafði aðhyllt gagnstætt vilja forsætisráðherra og viðskipta- málaráðherra og stuðningsflokks þeirra.

Eftir að ríkisstjórnin hafði sagt af sér, átti ríkisstjóri viðuræður við formenn flokkanna og forseta Alþingis. Þegar þær viðuræður höfðu varað allengi, leitaði ríkisstjóri til allra flokka og spurðist fyrir um það, hvort þeir vildu gera tilraun til þess að mynda samsteyrustjórn. Þetta mun hafa verið hinn 7. nóvember. — Afstaða Framsóknarflokksins kemur glögg og ljós með því að hirta hér orðsendingu, er flokkurinn sendi ríkisstjóra sem svar við þessari fyrirspurn hinn 8. þ. m.:

„Framsóknarflokkurinn lítur svo á, að samkvæmt þingræðisreglum beri þeim þingmeiri- hluta að mynda stjórn, sem stóð að því að fella það mál, sem varð þess valdandi, að ríkisstjórnin baðst lausnar. Framsóknarflokkurinn telur hins vegar, að kosningar eigi ekki að fara fram að vetrarlagi, og mun því, ef sá möguleiki ekki er fyrir hendi, að þingmeirihlutinn, sem felldi dýrtíðarfrumvarpið, myndi stjórn, taka til velviljaðrar athugunar myndun samstjórnar þeirra flokka, sem stóð að fráfarandi ríkisstjórn, þó með nánar tilteknum skilyrðum.“

Eftir að hafa mótttekið svar flokkanna, átti ríkisstjóri enn tal við flokksformennina og spurðist fyrir um það, hvort flokkarnir vildu hver um sig velja tvo menn úr sínum hópi til þess að ræða um myndun samstjórnar.

Þessari ósk ríkisstjóra svaraði Framsóknarflokkurinn með orðsendingu, dags. 10. þ. m., sem afhent var ríkisstjóra kl. 10½ f. h. sama dag, svo hljóðandi:

„Eins og fram er tekið í svari Framsóknar-

flokksins í gær, lítur flokkurinn svo á, að samkvæmt þingræðisreglum beri þeim þingmeirihluta að mynda stjórn, sem stóð að því að fella það mál, sem varð þess valdandi, að stjórnin bæðst lausnar.

Ef það liggur opinberlega fyrir, að þessi þingmeirihluti geti ekki myndað stjórn, er Framsóknarflokkurinn reiðubúinn til að verða við þeirri ósk ríkisstjóra að kjósa tvo fulltrúa frá flokknum í sameiginlega nefnd til að ræða um samstjórn þeirra flokka, er stóðu að fráfarandi ríkisstjórn.

En kl. 12 á hádegis sama dag móttók formaður Framsóknarflokksins svofellda yfirlýsingu frá ríkisstjóra:

„Að gefnu tilefni hefur ríkisstjóri í dag átt tal við formann Alþýðuflokksins og formann Sjálfstæðisflokksins, hvorn í sínu lagi.

Lýstu þeir því báðir yfir greinilega, að flokkar þeirra vildu ekki mynda stjórn með þeim þingmeirihluta, sem stóð að því að fella mál það, sem varð þess valdandi, að ríkisstjórnin bæðst lausnar.

Formaður Alþýðuflokksins bætti því við, að hans flokkur teldi sér ekki skylt að mynda slíka stjórn.“

Eins og af skjölum þessum sést, hefur það gerzt, að sá stóri þingmeirihluti, sem tók fram fyrir hendur Framsóknarflokksins og ráðherra hans í þessu máli, hefur neitað að mynda stjórn. Hér vil ég taka það fram, að þótt slík flokksstjórn hefði verið mynduð, taldi Framsóknarflokkurinn það alveg sjálfsagt, að samstarf milli flokkanna héldi áfram um öll utanríkismál og mál, er sneru að herjum þeim, sem hér dvelja. Það samstarf hafði farið fram í utanríkismálanefnd, þar sem allir stjórnarflokkarnir eiga fulltrúa, og er hugsuð sem eins konar varanleg þjóðstjórn um þessi mál.

Í stjórnarskrá Íslands er hvergi ákveðið, að sá meiri hluti þings, sem fellir stórmál fyrir ríkisstjórn, sé skyldur til að mynda stjórn. Eigi að síður ber slíkum þingmeirihluta þó, að minu áliti, siðferðisleg skylda til stjórnarmyndunar, og samkvæmt eðli þingræðisins ber honum einnig þingræðisleg skylda til þess. Menn verða að gera sér ljóst, að ef það tíðkast, að þessi regla sé brotin, þá er stjórnskipulag vort í verulegri hættu. Setjum nú svo, að við byggjum ekki norður við íshaf og gætum því haft vetrarkosningar. Setjum svo, að kosningar gætu þegar farið fram og að Framsóknarflokkurinn fengi næstum því hreinan meiri hluta við kosningar, vantaði 1—2 þingsæti til þess. Eða að Sjálfstæðisflokkurinn fengi slíka aðstöðu. Hugsunum okkur, að annar hvor þessara flokka bæri svo fram á Alþingi tillögur um ákveðna lausn í dýrtíðarmálinu og hinir flokkarnir sameinuðust gegn henni og felldu hana. Slíkt mundi ekki leiða til neins nema nýrra kosninga, sem mundu leiða til þess, að þingið yrði skipað á svipaðan eða sama hátt og áður o. s. frv. Þetta er það sama og kom fyrir í Frakklandi, Þýskalandi og á Ítalíu, — þingmeirihlutinn í þessum löndum sameinaðist gegn lausn ákveðinna mála, sem ríkisstjórnirnar vildu framkvæma. En vinnubrögð þessara þingmeirihluta voru ábyrgðarlaus og neikvæð. Þessi afstaða leiddi til endurtekinnna

kosninga og síðast til dauða þingræðisins í þessum löndum. — Hér á Alþingi Íslendinga kemur nú hið sama í ljós. Þingmeirihluti fellir ákveðna lausn máls, en vill ekki með nokkru móti taka ábyrga afstöðu til þess að leysa málið sjálfur og stjórnna samkvæmt því. Það er í mínum augum tvímælaust óhjákvæmilegt, þegar stjórnarskrá Íslands verður endurskoðuð, að þetta fyrirbrígið sé fyrirbygggt með víðeigandi ákvæðum.

Eftir að útilokuð var sú eðlilega lausn, að flokkarnir, sem felldu dýrtíðarfrumvarpið, mynduðu stjórn, voru samkvæmt atkvæðamagni því, sem flokkarnir hafa á Alþingi, eftirfarandi hugsanlegir möguleikar fyrir hendi: Að Framsfl. og Sjálfstfl. mynduðu saman stjórn. En það var útilokað, þegar af þeirri ástæðu, að Sjálfstfl. hafði fellt frumvarp Framsfl. um lausn í dýrtíðarmálinu. En Framsfl. hafði, eins og áður hefur verið frá skýrt, ætlað sér að mynda stjórn með sjálfstæðismönnum, ef þeir hefðu fylgt frumvarpinu, svo sem gengið var út frá, er þing var kallað saman, og þar sem augljóst var, að Alþfl. mundi skerast úr leik. Þá gat komið til athugunar, að Framsóknar- og Alþýðuflokkurinn mynduðu stjórn. En Alþfl. hafði einnig fellt frv. framsóknarmanna; var að visu sá munur á, að sá flokkur taldi sig fúsan til að framkvæma suma aðra þætti málsins, en þó voru á þessu erfiðleikar.

En að frágengnum þessum möguleikum var ekki annað fyrir hendi en vetrarkosningar, sem framsóknarmenn hafa einatt barizt gegn, og beittu sér gegn nú, — eða þá að reynt yrði, þrátt fyrir hálefnagreininginn, að mynda samstjórn til þess að vinna að öðrum málum þil næsta þings.

Það, sem ég vil sérstaklega taka fram í sambandi við myndun þessarar stjórnar, er það, að með lausnarbeiðni minni höfum við ráðherra Framsfl. lýst yfir því í eitt skipti fyrir öll, að við tökum ekki ábyrgð á þeirri stefnu, sem meiri hluti Alþingis hefur tekið í dýrtíðarmálinu, enda munum við og flokkur okkar, utan ríkisstj. og innan hennar, vinna að því til hins ýtrasta að afla stefnu okkar fylgis meðal þjóðarinnar.

Ég hef sýnt fram á, að við gátum ekki annað en beðizt lausnar. Við gátum ekki, eins og á stóð, hæði setið í ríkisstjórn og þó neitað að herá ábyrgð á stefnu stjórnarinnar, því að það var brot á reglum þingræðisins. Nú hefur Alþingi sjálft, þrátt fyrir það, að því er kunnugt um fullkomna andstöðu okkar við skoðun meiri hluta þingsins í dýrtíðarmálinum, og það, að við neitum að herá ábyrgð á þeirri stefnu, sem þingið hefur kosið að fylgja, óskað eftir því að vikja frá þessari þingræðislegu venju. Alþingi sjálft getur vissulega leyft sér slíkt, en þingið eitt getur það. Hitt kemur vitanlega ekki til mála, að umboðsmenn Alþingis í ríkisstjórn geri sig að dómurum í því, hvenær slíkt ástand sé fyrir hendi, að réttlætalegt sé að bregða út af þingræðisreglum. Framsfl. tekur þátt í þessari stjórnarmyndun, þótt sameiginleg lausn á dýrtíðarmálinum sé ekki fyrir hendi, vegna þess, að kosningar geta ekki skorið úr ágreiningsmálunum að svo stöddu.

Við ráðherra Framsfl. töldum af ýmsum ástæðum eðlilegt, að aðrir menn hefðu nú tekið

sæti í ríkisstjórn af hálfu Framsfl. Þess vegna höfum við horið fram þá ósk við þingflokk okkar og miðstjórn flokksins, að við yrðum leystir frá því að takast þetta á hendur. En fyrir eindregnar áskoranir þessara aðila beggja höfum við þó fallið á að taka þátt í stjórn að nýju. Þessar áskoranir munu stafa af því, að flokkurinn vill, með því að óska þess að við verðum í stjórn áfram, undirstrika, að hann heldur fast við stefnu sína í dýrtíðarmálinu, og vill með því fyrirbyggja með öllu, að nokkur misskilningur geti átt sér stað í því efni, enda þótt hann taki þátt í stjórnarmyndun eins og sakir standa.

Ég hef því ekki viljað skorast undan þessum vanda. Vel er það farið, ef samstarfsflokkar okkar sveigja til í málunum til samkomulags, en ég hef þá jafnframt það tækifæri, sem mér er e. t. v., eins og á stendur eftir kosningafrestunina, skyldast að hafa, það er valdið til að leggja umboð mitt í hendur þjóðarinnar, þegar hún hefur, vegna árstíðar, beztu aðstöðu til þess að láta vilja sinn í ljós.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að ég hef tekið að mér að mynda stjórn á ný. Vil ég, að það komi greinilega fram, bæði í þingtiðindunum og annars staðar, og að þær verði kunnar alþjóð.

Um starf þessarar ríkisstjórnar er þetta samið:

- (1) Stjórnin er mynduð af sömu flokkum og áður.
- (2) Tala ráðherra, sem hver flokkur hefur í ríkisstjórn, haldist óbreytt.
- (3) Verkskipting milli ráðherranna sé óbreytt.
- (4) Alþingi afgreiði ekki ágreiningsmálin nú, og gert er ráð fyrir, að aukþingið hætti störfum næstu daga.
- (5) Stjórnin reyni að ná samkomulagi um ágreiningsmálin fyrir næsta þing, sem verður sett eigi síðar en 15. febrúar n. k.
- (6) Framsóknarflokkurinn leggur til, að dýrtíðinni sé til næsta þings haldið niðri í október-vísitölu, með því að nota heimild gildandi laga. Hinir flokkarnir tjá sig í meginatriðum samþykka þessu og að þeir vilji gera það, sem unnt er, í þessu skyni.

Samkvæmt þessu hafa flokkarnir tilnefnt í stjórn sömu menn og áður.

Um síðasta liðinn er það að segja, að þar er aðeins um það að ræða, hvað meirihlutavald þingsins er fánlegt til að gera í dýrtíðarmálinu, og Framsfl. telur þetta að gert sé en ekki neitt. En því fer fjarri, að flokkurinn telji þessar aðgerðir fullnægjandi lausn.

Um kosningafrestunina, sem ágreiningur hefur risið um, hversu framkvæma skuli, um skattamálin, sem liggja fyrir þessu þingi og virðast valda ágreiningi, og önnur mál hefur ekkert verið samið, svo sem yfirlýsing þessi her með sér.

Meðal höfuðverkefna ríkisstjórnarinnar verður: 1) að fást við og fá lokið þeim samningum, sem enn standa yfir og hafa staðið lengur en æskilegt hefði verið um verzlunarmál okkar og fleira við Bandaríkin og Bretland, 2) að vinna að því, að líf þjóðarinnar geti orðið sem sæmlegast í sambúðinni við hið erlenda herlið, og 3) að atvinnulíf landsmanna gangi ekki saman

Alþ. 1941. B. (58. löggjafarþing).

vegna vöntunar á vinnuafli, auk hinna daglegu vandamála, sem bera hlýtur að höndum þeirrar ríkisstjórnar, er með völd fer á þessum tímum.

Seta Alþingis að þessu sinni mun sennilega vekja litla ánægju landsmanna — og er það að nokkru leyti að vonum.

Gæta skyldu þó landsmenn þess, að hjá því varð ekki komið að kalla þingið samantil fundu. Ríkisstjórnin hafði orðið ósammála um framkvæmd dýrtíðarlaganna, sem síðasta Alþingi afgreiddi og fól stjórninni að framkvæma. Það var því skylt og alveg óhjákvæmilegt að kalla Alþingi saman og gera því grein fyrir þessu. — Úrslitin í málinu hafa hins vegar orðið önnur en menn hefðu vænt.

Ríkisstjórnin hefur á þessu þingi gefið alþingismönnum mjög ýtarlega skýrslu um utanríkis málin — þau, sem afgreidd eru, og um þá mjög mikilsverðu samninga, sem nú standa yfir og miklu skiptir, hvernig ljúkast — og verði lokið sem fyrst. Þótt þetta væri nauðsyn, er ekki líklegt, að Alþingi hefði verið kvatt til fundu til að ræða utanríkis málin eins og enn standa sakir, ef dýrtíðarmálin hefðu ekki komið til.

Atvrmh. (Ólafur Thors): Ég hef ekki átt kost að kynna mér ræðu hæstv. forsrh. fyrir en hann flutti hana nú hér á Alþingi. Hún er því ekki flutt fyrir hönd ríkisstj. né á hennar ábyrgð.

Ég tel rétt að lýsa yfir því, að ég er um sumt það, er hæstv. forsrh. sagði, honum ósammála. Hins vegar tel ég ekki viðeigandi að gagnrýna ræðu hans í einstökum atriðum.

Að öðru leyti vil ég fyrir hönd Sjálfstfl. taka þetta fram:

Þegar Sjálfstfl. gekk til samvinnu við Alþfl. og Framsfl. um myndun ríkisstj., var það sakir þess, að hann taldi þjóðarnauðsyn að sameina kraftana til átaka um lausn vandamála.

Sjálfstfl. telur þessa nauðsyn enn ríkari eins og nú er málum komið. Hefði flokkurinn helzt kosið, að eigi hefði komið til samvinnuslita, og telur, að hægt hefði verið að komast hjá þeim.

Frá því stjórnin baðst lausnar, hefur Sjálfstfl. þá ekki heldur haft jákvæða afstöðu til myndunar annarrar stjórnar en samsteypstjórnar þessara sömu þriggja þingflokka.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, baðst ríkisstjórnin lausnar 22. okt. s.l. og fékk lausn 7. nóv. og hefur til þessa tíma gegnt störfum að beiðni hæstvirts ríkisstjóra.

Timinn mun leiða í ljós, hvernig þessi tilraun tekst, og á næsta Alþ. mun betur fást úr því skorið. Og því má ekki heldur gleyma, að kjósendur landsins eiga rétt á að láta í ljós álit sitt með kosningum, og er þá fullt tilefni til þess, ef samvinna þessi rofnar eða reynist í framkvæmdinni ógerleg til lausnar á aðsteðjandi vandamálum.

Ég sé aðeins ástæðu til að taka þetta fram af hálfu Alþfl. í sambandi við hina nýju stjórnarmyndun, en vísa að öðru leyti til þess kafla í ræðu hæstv. forsrh., þar sem greint var frá samkomulagsatriðum flokkanna út af stjórnarmynduninni.

II. Fyrirspurnir um stjórnarfrankvæmdir o. fl.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., utan dagskrár, mælti

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vil vekja eftirtekt hv. d. og hæstv. ríkisstj. á því, að eitt af helztu stuðningsblöðum ríkisstj., málgagn hæstv. atvnrh., Morgunblaðið, hefur birt frásögn af því, sem hér hefur gerzt á lokuðum fundi. Þetta er þess vert, að hv. þm. veiti því athygli, því að í fyrsta lagi er með þessari frásögn rofinn sá trúnaður, sem þm. er lagður á herðar, þegar haldnir eru lokaðir fundir, og í öðru lagi er skýrt svo frá málunum eins og bezt hentar frá sjónarmiði hæstv. atvnrh. og stuðningsmanna hans. En frá sjónarmiði annarra þm. er frásögnin villandi. Það er vikið þar að afstöðu míns flokks og um hana gefnar rangar hugmyndir. Ég vil því áskilja mér, ef ekki verða þegar í dag gerðar ráðstafanir út af þessu trúnaðarbroti, að fá að skrifa um afstöðu okkar flokks, og ég skil það svo, að hæstv. Alb. hafi ekkert við það að athuga, ef það gerir ekki í dag neinar ráðstafanir út af umkvörtun minni.

***Útanríkisrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Mér þótti leitt að sjá frásögn Morgunblaðsins af hinum lokaða fundi, því að það er vissulega alveg óviðeigandi og gagnstætt því, sem til er ætlað, að birta opinberlega frásagnir af lokuðum fundum þingsins. Hins vegar finnst mér slíkt vera til viðvörunar, en ekki til eftirbreytni.

***Einar Olgeirsson:** Það er óþolandi frá sjónarmiði flokka á þingi, að það geti verið mögulegt fyrir einn flokk að fremja slíkt trúnaðarbrot og nota gegn málstað annarra flokka, enda vitti blað hæstv. utanríkisrh. slíka framkomu. Ég vil taka það fram, að það, sem ég mundi skrifa væri ekki bein frásögn af fundinum, heldur mundi ég aðeins lýsa afstöðu okkar réttilega. Það er hart að geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er rétt, að það á ekki að segja frá því, sem gerist á lokuðum fundi. En ég vil taka undir með hæstv. utanríkisrh., að slíkt sé til viðvörunar, en ekki til eftirbreytni, því að ef gengið væri langt í slíku, yrði það til þess, að þingið gæti ekki starfað á lokuðum fundum. Ég vil því skora á þá, sem hlut eiga að máli, að þeir reyni að koma fram sínum sjónarmiðum á annan hátt og forðist að ganga lengra en bráðnauðsynlegt er til að leiðrétta misskilning.

***Sveinbjörn Högnason:** Það hefur komið fyrir nokkrum sinnum áður, að horizt hefur út það, sem hefur gerzt á lokuðum fundi, en ekki hygg ég, að áður hafi verið gengið jafnlangt og nú. Mér virðist sjálfsgagt, að Alb. biðji ríkisstjórnina að heimta af blaðinu upplýsingar um, hvern sé heimildarmaður þess, ekki sízt þar sem grunnur er á, að hann sé einn úr ríkisstj. Það væri alvarlegt mál, ef satt reyndist. Ég tel því tvi-málalaust, að Alb. eigi að fela ríkisstj. að fá skýlausa vitneskju um þetta hjá blaðinu.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., utan dagskrár, mælti

***Finnur Jónsson:** Ég hef flutt á þskj. 6 till. til þál. um fiskisölusamninginn við Breta.

Ég vildi spyrjast fyrir hjá hæstv. forseta, hvort hann hygðist ekki mundu geta tekið þessa þáttill. til meðferðar nú mjög bráðlega, og ég hef sérstaka ástæðu til að óska þess, að afgreiðslu þessa máls sé nokkuð hraðað, vegna þess að í blaði einu hér í þennum hafa birt ummæli m. a. um afstöðu mína til þessa samnings út af lokuðum fundi hér í hæstv. Alp., sem ég tel ekki að öllu leyti rétt með farið.

Í sambandi við þetta vildi ég spyrjast fyrir hjá hæstv. ríkisstj., hvað hún hugsar sér að gera út af því trúnaðarbroti, sem hér virðist hafa verið framið af einhverjum hv. þm., þar sem fluttar hafa verið fréttir af lokuðum fundum Alp. og þar með verið látið fylgja, að það væru sannar sagnir, sem þar væri farið með, þannig að útlit er fyrir, að það blað, sem hefur gert sig sekt í sambandi við þetta trúnaðarbrot, þykist hafa haft heimildir sínar eftir einhverjum þm. Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. telur það sér og sóma Alp. sambodid, að farið sé með slík ummæli um það, sem hæstv. ríkisstj. sjálf hefur óskað eftir, að væri haldið leyndu. En fari svo, að hæstv. ríkisstj. telji, að hún geti ekki neitt aðhafzt í þessu máli, vildi ég hér með óska þess, að ég a. m. k. yrði þá leystur frá þeirri þagnarskyldu, sem hæstv. Alp. hefur lagt mér á herðar, því að ég tel ekki rétt, að einstökum hv. þm. sé látið haldast uppi að fara með hálfyrði og hálfar sagnir af því, sem gerist á lokuðum fundum Alp., en að öðrum þm. sé lagt það á herðar að halda að öllu leyti þann trúnað, sem þeir sjálfir hafa á sig lagt.

Ég vil þess vegna spyrjast fyrir hjá hæstv. ríkisstj., í fyrsta lagi: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að aðhafast út af því trúnaðarbroti, sem hér hefur verið framið? Og í öðru lagi: Ef hæstv. ríkisstj. vill ekki gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru út af þessu trúnaðarbroti, þá vil ég óska þess a. m. k., að ég sé leystur undan því þagnarheiti, sem á mig hefur verið lagt sem þm.

***Útanríkisrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég get að visu ekki svarað fyrirspurn hv. þm. Ísaf. um það, hvað ríkisstj. muni gera út af því, sem komið hefur fyrir, að eitt aðalblað þessa þæjar hefur skýrt frá því, sem gerzt hefur á lokuðum fundi í sameinuðu Alp., því að ríkisstj. hefur ekki um það rætt sín á milli. En þegar þetta kom hér til umr. í þessari hv. d. utan dagskrár, þá lýsti ég yfir því af minni hálfu, að ég teidi mjög miður farið, vægast sagt, að slíkt hefði komið fyrir. En um leið gat ég þess, að slíkt ætti að vera til aðvörunar, en ekki til eftirbreytni. Nú sé ég, að búið er að útbýta hér í hv. d. á þskj. 12 till. til þál. vegna trúnaðarbrotis á Alp., og er flm. þeirrar till. hv. 1. þm. Rang. Ég geri ráð fyrir því, að þetta mál komi á dagskrá í sameinuðu Alp., og þá gefst frekara tækifæri til þess að ræða um málið.

Ég hef ekki heldur leyfi til þess að leysa hv. þm. undan þeim trúnaði, sem hann stendur í um þetta mál, þar sem gefin hefur verið skýrsla

Fyrirspurnir um stjórnarfrankvæmdir o. fl. — Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

á lokuðum fundi sameinaðs Alþ., sem ríkisstj. óskar eftir, að ekki verði opinber, þó að misbrestur hafi orðið á því, að allir hv. þm. hafi reynt trúir um að halda því máli leyndu. Því að ætla má, að Morgunblaðið hafi fengið fregn sína af fundinum frá einhverjum hv. þm. Hvað gert verður í þessu máli, kemur ekki síst til kasta Alþ., úr því að þessi þáttill. er fram komin.

*Finnur Jónsson: Ég vil mjög itreka það við hæstv. ríkisstj., að hún láti ekki við svo húið sitja í þessu máli. Því að það er vitanlegt, að í raun og sannleika væri Alþ. algerlega óstarfhæft til þess að fara með utanríkismál þjóðarinnar, ef sú regla yrði upp tekin, að einstökum þm. yrði leyft átölulaust að fremja trúnaðarbrót við hæstv. Alþ. Hér á vitanlega ekkert mat einstakra hv. þm. að koma til greina; því að sumir hv. þm. kunna að líta svo á, að það sé ástæðulaust að þegja yfir hlutum. En aðrir hv. þm. álíta það kannske mikilsvert að segja frá því, sem gerzt hefur. En ef á annað borð er húið að gera samþykkt um þessi mál, þá hlýtur það að verða krafa hæstv. Alþ., að sú samþykkt um þögn um mál sé haldin. Það var verið hér í gær að skýra frá dómi, sem gengið hefði yfir einn ritstjóra hér í bænum fyrir það, að hann hefði talað óvarlega í utanríkismálum. Og maður verður að álíta, að slíkir dómur séu í raun og veru ekki annað en skripaleikur, ef Alþ. sjálfu eða þm. á að haldast uppi óátalið að skýra frá þeim gerðum, sem Alþ. hefur ákveðið, að halda skuli leyndum.

Nú vil ég einnig itreka það við hæstv. ríkisstj., að hún leysi mig frá því þagnarheiti, sem á mig hefur verið lagt í þessu máli, með því að farið er að skýra frá þessu máli. En ef hæstv. ríkisstj. hins vegar telur sér það ekki fært, að hún gefi þá yfirlýsingu um afstöðu í þessu máli, sem sé þannig, að hún beri með sér þann þingvilja, sem í ljós kann að hafa verið látinn á lokuðu fundinum, en gefi ekki þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið, þann blæ, að þær séu allar með því úr lagi færðar.

Forseti (JörB): Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Ísaf. út af þáttill. hans, sem hann gat um, vil ég geta þess, að ég hef ekki tekið hana á dagskrá enn sem komið er vegna þess, að ég bjóst við miklum umr. um þessi dagskrármál, sem eru á dagskrá. En þegar um hægir, mun hún verða tekin til meðferðar.

Á 4. fundi í Sp., 16. okt., las forseti eftir farandi símskeyti frá 4. landsk. þm. (ÍsIH), dags. samdægurs í Vestmannaeyjum:

„Forseti sameinaðs þings, Alþingi, Rvík.

Með skírskotun til símskeyta, sem hafa farið milli mín og herra ríkisstjóra Íslands undan farna daga vegna þess, að hlutaðeigandi ráðuneyti hefur vanrækt að kveðja mig til þingsetu á þingi því, sem nú situr, leyfi ég mér að óska þess, að þér, herra forseti, tilkynnið háttvirtum alþingismönnum, að ég hafi enn enga kvaðningu fengið um að sitja þetta þing, ef vera kynni, að þeim þætti ástæða til nokkurra að-

gerða. Jafnframt óska ég, að þér, herra forseti, tilkynnið háttvirtum alþingismönnum, að ég áskil mér og hverjum öðrum íslenskum ríkisborgara rétt til mótmæla hverra þeirra laga-setninga, sem þing þetta kann að afgreiða, með því að því hefur eigi verið saman stefnt samkvæmt stjórnskipunarlögum.

Virðingarfyllst

Ísleifur Högnason.“

Kvaðst forseti mundu beiðast bréflegrar umsagnar forsætisráðherra út af orðsendingu þessari.

Á 6. fundi í Sp., 21. okt., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt svo hljóðandi umsögn frá forsætisráðherra út af símskeyti 4. landsk. þm., dags. 20. okt.:

„Mér hefur borizt bréf yðar, herra forseti, dags. 16. þ. m., þar sem óskað er umsagnar minnar um símskeyti 4. landskjörins þingmanns, Ísleifs Högnasonar, er eigi kveðst að þessu sinni hafa verið boðaður til þingsetu samkvæmt stjórnskipunarlögum og áskilur sér og öðrum rétt til þess að mótmæla á þeim grundvelli lagasetningum yfirstandandi aukabings.

Í þessu sambandi vil ég taka fram eftirfarandi:

Hið opna bréf ríkisstjóra, er stefnir Alþingi saman til aukafundar mánudaginn 13. október, er gefið út 9. s. m. og birt í Lögbirtingablaðinu næsta dag. Auk þess að birta hið opna bréf hefur verið venja að tilkynna þingmönnum utan Reykjavíkur með símskeyti, hvenær Alþingi eigi að koma saman. En þetta hefur öll þau ár, sem ég hef verið forsætisráðherra, verið framkvæmt án sérstakra fyriræla frá mér. Vegna þess, að undan farna daga höfðu alþingismenn setið flokksfundi í Reykjavík, áleit ráðuneytið, að þeir mundu allir komnir til bæjarins, og gætti þess því eigi að boða þá til þings á annan hátt en gert var með hinu opna bréfi.

Í símtali, sem 4. landskjörinn átti við hlutaðeigandi skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, skýrði skrifstofustjórinn frá því, að hér væri um leiðinlega yfirsjón að ræða, sem stafaði af framangreindri ástæðu.

Hermann Jónsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Reykjavík.“

III. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 13. fundi í Ed., 7. nóv., utan dagskrár, mælti

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi aðeins segja örfá orð utan dagskrár.

Svo er mál vaxið, að 6. þingmálið (frv. um breyt. á l. um stimpilgjald) var lagt fyrir þessa hv. d. nú fyrir meira en hálfum mánuði síðan, og var því þá vísað til hv. fjhn. En hv. fjhn. hefur enn ekki skilað áliti um málið, og veit ég ekki, hvernig á því stendur. Ég sé þó ekki, eftir því, sem fyrir liggur, að hún sé svo störf-

um hlaðin, að það ætti að hefja fyrir því, að hún afgr. frá sér þetta áminnzta mál, því að ekki hefur komið eitt einasta nál. frá þeirri hv. n. Að vísu er einn nm. þeirrar n. ekki við, en ég geri ráð fyrir, að sá flokkur, sem sá nm. tilheyrir, gæti látið mann í þessa n., sem þyrfti að vera. Óska ég þess, að hæstv. forseti sjái um það, og að n. þessi skili nál. um þetta mál sem allra fyrst, — ef hún sér sér það fært vegna annríkis.

Forseti (EÁrna): Ég vil aðeins vekja athygli hv. fjhn. á þessum tilmælum hv. 5. landsk. þm.

Á 15. fundi í Sp., 20. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (HG): Ég vil levfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að á dagskrá eru 4 mál, all-umfangsmikil, og mun þurfa að nota tímann vel, ef þau á að afgreiða á fundinum. Í því sambandi þykir mér rétt að tilkynna þm., að þinglausnir eru fyrirhugaðar kl. 11 á morgun.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hjó eftir því hjá hæstv. forseta, að tilactunin væri að slíta Alp. fyrir hádegi á morgun. Ef ljúka skal afgreiðslu þeirra mála, sem eru á dagskrá, mun það taka alllangan tíma. Nú er mér kunnugt um það, að allmargir utanbæjarþingmenn hyggja til ferðar á morgun, og má gera ráð fyrir, að þeir eigi ekki hægt um vik að sitja nú lengi á fundi. Enn er það, að þótt þessi mál fengjust afgreidd, eru ýmis mál, sem margir meðal þm. bera fyrir brjósti, og mun þeim þykja sinn hlutur nokkuð skertur, ef þessum málum og eigi fleirum verður lokið á þinginu. Mætti þá sýnast bezt fara á hinu, að gera þar hlut allra jafnan. Allmargir þm., sem önnur eru kafnir undir burtför sína, hljóta nú að verða fjarverandi í kvöld, en þá geta úrslit málanna oltið á nokkurri tilviljun. Af þessum ástæðum öllum sýnist mér ekki hyggilegt að taka fyrir þau mál, sem á dagskrá eru, til afgreiðslu í kvöld. Mun ég gera það að till. miðni við hæstv. forseta, að hann athugi, hvort eigi muni rétt að taka þau öll af dagskrá og eitt sé látið yfir alla ganga, — eftir því sem atvik standa nú til.

Ég býst ekki við, að hæstv. forseti geti á þessa till. fallið nema bera hana undir atkv. og fá fram vilja Alp. um hana. En ég vona, að hv. þm. sé ljóst, hve sterkar ástæður mæla með till., og gjaldi henni jáyrði.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég stend upp aðeins til þess að lýsa yfir því, að ég styð till. hv. 1. þm. Árn. Ég tel rétt, að hæstv. forseti taki hana til meðferðar og leiti með atkvgr. þingviljans um það, hvort eigi beri að taka af dagskrá öll þau mál, sem fyrir liggja.

ATKVGR.

Till. 1. þm. Árn. samþ. með 26:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, Gsv, HelgJ, HermJ, HV, JakM, JJós, JGM, JPálm, JJ, JörB, MG, PO, SEH, SK, StSt, ÞBr, ÞP.

nei: BrB, EOl, ErlÞ, IngP, ÍslH, PHerm, PZ, PHann, SkG, StgrSt, SvBH, SÁÓ.

HG, ÓTh greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁÁ, BJ, EE, GP, GG, Jfv, MJ) fjarstaddir.

8 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Finnur Jónsson: Það eru að vísu á dagskrá á þessum fundi nokkur mál, sem allmikils er um vert, sérstaklega 1. málið, trúnaðarbrot við Alp. En þar sem telja má, að upplýst sé við umr. hér á þinginu, hver hinn seki er, og þar sem augljóst má vera af því nál., sem fyrir liggur í málinu, að þingvilji er fyrir því að víta þetta brot, þá segi ég fyrir mig, eftir að hv. 1. þm. Árn. hefur horið fram till. sína og fært nokkur rök fyrir því, að þm. sé nauðsyn að hverfa héðan skjótlega á brott, að ég legg ekki kapp á frekari umr. um málið, — ekki sízt þar sem áminning sú, sem hinn seki hefur fengið í nál., ætti að vera honum nokkur viðvörðun framvegis, ef hann á eftir nokkra tilfinning fyrir sóma og virðingu Alþingis, — og segi því já.

Ingvar Pálmason: Ég mun vera elztur þingmanna og eiga lengsta leiðina heim og eiga allra þm. óvissastan farkost. Þrátt fyrir það tel ég, að sum af þeim málum, sem liggja hér fyrir og ví a á frá, séu svo mikilsverð, að ekki dytti mér í hug annað en leggja það á mig að dveljast hér einni nótt lengur á þinginu og freista þess, að þau fái afgreiðslu. Ég skal lýsa yfir því, að margt hefur fram farið á þessu þingi, sem hefur ekki gefið mér alls kostar ánægjulegar minningar. En eigi það nú að verða síðasta verk Alp. að svikjast undan skyldu sinni að afgreiða þessi mál, félli mér þessi minningin þyngst — og segi nei.

Jónas Jónsson: Ég var í nokkrum vafa um, hvornig ég ætti að greiða atkv. um þessa till. hv. 1. þm. Árn., en eftir ræðu hv. þm. Ísaf. er ég sannfærður um réttmæti hennar. Það segi ég sem flokksmaður, þegar ég sé, að hér á að vekja upp nýtt „kollumál“, að ég vil kveða það niður. Framsfl. varð fyrir því óvænta happi á sínum tíma að græða stórkostlega á kollumálinu, og ég sé enga ástæðu til að gefa nú öðrum flokki nýtt „kollumál“ til að græða á og segi já.

Jörundur Brynjólfsson: Út af því, sem fram hefur komið um nál. allshn. um trúnaðarbrot við Alp., vil ég taka fram, að í það má ekki lesa neinn annan skilning en orðalag þess ber beinlínis með sér, — tel ekki þurfa að ræða það frekar og segi já.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég hafði stefnt nokkurri ádeilu að hæstv. forseta fyrir það, að hann hefði gefið meiri vitneskju en æskilegt má telja um atriði, er fram hefur farið hér á Alp. Ég býst varla við, að ummáli hv. þm. Ísaf. áðan hafi verið undirtektir hans í þá átt að víta þetta trúnaðarbrot samflokksmanns hans, og ég ætlaði ekki að beina neinum frekari örvum að hæstv. forseta í því tilefni en ég hef gert.

En sé dylgjum og digurmælum þessa alþekktu

Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl. — Þingmaður leggur niður þingmennsku. — Minning látinna manna.

hv. þm. beint að mér, hefði mér þótt mannlegra af honum að neita að fylgja því, að málin séu lögð til hliðar, reyna að standa fyrir svörum í þessu ófrægleiga álygamáli sínu, í stað þess að læðast svona aftan að í litilmennsku sinni. Hefði ég gert ráð fyrir slíkri bardagaaðferð, hefði ég krafizt þess af forseta að taka málið fyrir og ganga til atkv. að því búnu, sjá hvort þessi þm. stendur einn eða fleiri kera sig um að vera í tygi með honum.

Ég skora á hæstv. forseta að taka málin ekki út af dagskrá. Ég er ekki skyldugur til að liggja undir rógi og álygum, og ég á heimtingu á, að skýrt sé frá þessu máli gengið. En vilji Alb. ekki koma nálægt málinu, þá getur það aðvitað komizt hjá því á þennan hátt.

Vegna þeirra orða, sem beint hefur verið að mér hér, ætla ég mér ekki að greiða atkv. — Þar verða atkv. annarra þm. að ráða úrslitum.

Pálmi Hannesson: Um leið og ég lýsi undrun minni yfir þeirri meðferð, sem stórmál eru látin sæta hér á þingi, segi ég nei.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil taka undir ummæli hv. 2. þm. S.-M. Að sönnu er máli þessu vísað frá, ef till. er samþ., en af því að meiri hluti þeirra mála, sem á dagskrá eru, eru ekki annars verð, segi ég já.

Sveinbjörn Högnason: Enda þótt till., sem hér er fyrst á dagskrá, snerti mig allverulega, þar sem ég er flm. hennar, hefði ég viljað sætta mig við þá afgreiðslu, sem felst í nál. allshn., því að þar kemur fram augljós þingvilji að víta slíkt framferði, sem till. greinir frá.

Ég verð samt að segja, að þar sem hér hefur komið fram mikill misskilningur á eðli málsins hjá þeim hæstv. atvnrh. og hv. þm. S.-P., tel ég að athuga verði þetta mál miklu nánar, og einkum með tilvisun til þess, sem hv. þm. S.-P. sagði, að hér væri nýtt mál í uppsiglingu, eins konar „kollumál“, tel ég því fjarstæðara að slíta þingfundum svo skjótt. Ég tel því sjálfsgagt, að Alp. gefist tækifæri til að athuga betur bæði þetta mál og það mál, sem hv. þm. S.-P. hefur boðað.

Það skiptir engu máli, hverju einn nauðaómerkilegur ráðh. heldur fram í þessu efni. Ég segi nei.

Forseti (HG): Út af ummælum hæstv. atvnrh. vil ég taka fram, að í því skyni er leitað álits þm., að eftir því sé farið. Ef meiri hluti hv. þm. samþykkir að taka málin út af dagskrá, verður það að ske.

Forseti greiðir ekki atkv.

IV. Þingmaður leggur niður þingmennsku.

Á 7. fundi í Sp., 23. okt., mælti

forseti (HG): Mér hefur borizt svo hljóðandi símskeyti frá þm. Snæf., Thor Thors:

„Þar sem ég nú hef verið útnefndur sendiherra Íslands í Washington og þar sem ég állt, að slík staða samrýmist ekki þátttöku í stjórn-málum og gerir þingsetu ókleifa, er ég af þessum ástæðum til knúður að æskja þess, að nafn mitt verði numið úr tölu alþingismanna. Megi gifta fylgja störfum Alþingis og vernda það um alla framtíð.“

Thor Thors.“

V. Minning látinna manna.

Á 9. fundi í Sp., 31. okt., mælti

forseti (HG): Áður en gengið er til dagskrár vil ég minnst látins þingmanns.

Í gærkvöld andaðist hér í bænum, 73 ára að aldri, forstöðukona Kvennaskólans í Reykjavík, Ingibjörg H. Bjarnason, sem fyrst íslenskra kvenna átti sæti á Alþingi.

Ingibjörg H. Bjarnason var fædd 14. des. 1868 á Þingeyri við Dýrafjörð, dóttir Hákonar Bjarnasonar kaupmanns þar, síðar á Bíldudal, og konu hans, Jóhönnu Þorleifsdóttur, prófests í Hvammi Jónssonar. Hún útskrifaðist úr Kvennaskólanum í Reykjavík 1882, sigldi tveim árum síðar og stundaði nám erlendis á árunum 1884—1893. Eftir heimkomu sína hafði hún á hendi ýmiss konar kennslustörf í Reykjavík á árunum 1893—1901, en þá fór hún aftur utan og dvaldi erlendis til 1903. Í þeirri ferð kynnti hún sér skólamál í Þýskalandi og Sviss. Síðan hvarf hún heim aftur og gerðist kennari við Kvennaskólann og barnaskólann í Reykjavík til 1906, en það ár varð hún forstöðukona Kvennaskólans og hélt því starfi til dauðadags eða í full 35 ár. Er það almælt, að hún hafi rækt skólastjór-störfin af miklum dugnaði og áhuga. Við landskosningarnar 1922 kom fram sérstakur kvennalisti. Var Ingibjörg Bjarnason efst á þeim lista og náði kosningu. Átti hún síðan sæti á 8 þingum, 1923—1930.

Á þingi lét hún einkum til sín taka menntamál kvenna og ýmis mannúðar- og félagsmál, svo sem landsspítalamálið, sem henni var mjög hjartfólgið. Hún var og ein af frumkvöðlum að almennum samskotum til stofnunar spítalans, og formaður landsspítalásjóðsins var hún frá upphafi til dauðadags. Í byggingarnefnd spítalans átti hún og sæti. Áhuga hennar og atorku í öllu því starfi er við brugðið. Af öðrum málum, er hún beittist fyrir, má sérstaklega nefna frumvarp, er hún flutti á þinginu 1929 og þá þegar gekk fram, um að banna í kaupstöðum og kaup-túnum kjallaraíbúðir, sem hættulegar teljast heilsu manna. Hún átti öll þingár sín sæti í fjárveitinganefnd efri deildar og lengst af í menntamálanefnd. Í menntamálaráð Íslands var hún kosin á þinginu 1928, þá er það var sett á stofn, og átti þar sæti í næstu 6 ár, til 1934 (var endurkosin á aukathingunum 1931 og 1933).

Ingibjörg Bjarnason var kona aðsöpmikil, einröð og fylgin sér, hélt fast á þeim málum, er hún tók að sér, og gekk að öllu með dugnaði. Hún mun jafnan verða talin í fremstu röð þeirra kvenna, er tóku að sinna almennum þjóðmálum

með fullum réttindum eftir stjórnarskrárbreytinguna 1915, þá er konum var veittur kosningaréttur.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu þessarar merkiskonu, fyrstu konunnar, sem sæti hefur átt á Alþingi Íslendinga, virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingmenn risu úr sætum.]

Á 10. fundi í Sp., 3. nóv., mælti

forseti (HG): Áður en tekið verður til fundarstarfa, vil ég minnast nokkrum orðum nýlátins fyrrv. þingmanns, Lárusar Helgasonar, sem andaðist að heimili sínu, Kirkjubæjarklaustri, aðfaranótt síðast liðins laugardags, 1. þ. m., 68 ára að aldri.

Lárus Helgason fæddist að Fossi á Síðu 3. ágúst 1873, sonur Helga Bergssonar bónda þar og konu hans, Höllu Lárusdóttur bónda í Mörtingu Stefánssonar. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum og naut ekki annarrar skólavistar en lítills háttar farkennslu um fermingaraldur. Árið 1901 reisti hann húsi á Múlakoti á Síðu og bjó þar til 1905, en þá flúttist hann búferlum að Kirkjubæjarklaustri og bjó þar til dauðadags, eða alls 36 ár. Snemma hlóðust á hann margvisleg trúnaðarstörf í héraðinu. Á fyrstu búskaparárum sínum í Múlakoti varð hann hreppsnefndaroddiviti og sýslunefndarmaður Hörgslandshrepps og gegndi þeim störfum þar til hann flúttist úr hreppnum. Tveim árum síðar, 1907, var hann kosinn í hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps og sýslunefndarmaður sama hrepps 1910, en oddviti hreppsnefndar 1913. Þessum störfum gegndi hann óslitið síðan. Formaður stjórnar Kaupfélags Skafftellinga var hann frá 1911 og í stjórn Sláturfélags Suðurlands frá 1916, en eftirlitsmaður þess félags frá 1911—1918, er hann tók að sér stjórn útibús félagsins í Vik í Mýrdal. Þá var hann og formaður í stjórn hlutafélagsins „Skafftellings“ alla tíð frá stofnun þess, 1917, til þess er félaginu var slitnið í fyrri. Þingmaður Vestur-Skafftellinga var hann 1922—1923 og 1928—1933 og sat alls á 9 þingum.

Lárus Helgason var héraðshöfðingi, gildur bóndi og rausnarmaður í hvívetna, karlmenni í sjón og raun og hó hið mesta ljúfmenni, enda átti hann almennum vinsældum að fagna, bæði í héraði og á þingi. Hann var meðal forgöngumanna um flest þau mál, er horfðu til framfara í sveit hans og sýslu, og var bæði laginn og atorkusamur að koma þeim fram. Má þar einkum nefna stórfelldar framfarir, er orðið hafa á sviði samgöngumála í héraðinu og hann átti hlut að. Heimili hans að Kirkjubæjarklaustri hefur ekki eingöngu verið miðstöð sveitarinnar og eitt hið mesta höfuðból héraðsins, heldur og fjölsótt at-hvarf ferðamanna, innlendra og erlendra, og mjög rómað fyrir gestrisni og myndarbrag á öllu.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu þessa látna hændahöfðingja virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingmenn risu úr sætum.]

VI. Kosning þingfararkaupsnefndar.

Á 14. fundi í Sp., 19. nóv., var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina þessir alpm.:

Páll Zóphóniasson,
Steingrímur Steinþórsson,
Sigurður Kristjánsson,
Sigurður E. Hliðar,
Finnur Jónsson.

VII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir starfsmenn þingsins af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Svanhildur Þorsteinsdóttir, Björgvin Magnússon, Halla Briem.

Skjalavazla og afgreiðsla:

Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalgæzla:

Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:

Tekin strax: Ólafur Tryggvason, Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Svanhildur Ólafsdóttir, Birgir Thorlacius, Kristján Thorlacius, Björn Franzson, Björn Sigfússon.

Tekin síðar eftir þörfum: Auðbjörg Tryggvadóttir, Róbert Bjarnason, Sigrún Pálsdóttir, Ársæll Júlíusson, Aðalheiður Sæmundsdóttir, Guðjón Kristinsson.

Dyra- og pallavazla:

Jakob Jónsson (yfirvörður), Jón Bjarnason, Jens Magnússon, Gunnar Bergmann, Einar Ólafsson, Bragi Kristjánsson, Benjamin Sigvaldason.

Þingsveinastörf:

Haukur Heiðar, Stefán Valdimarsson, Stefán Ásbjörnsson, Gunnar Guðmannsson, Haukur Haraldsson, Baldur Tryggvason.

Símavazla:

Katrín Pálsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir.

Fatagæzla:

Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir, Sigurður Brynjólfsson.

Þingfréttamaður í útvarpi:

Helgi Hjörvar.

17. nóv. var Rannveig Þorsteinsdóttir ráðin innanþingsskrifari í stað Birgis Thorlacius. — Nokkrir þingsveinar hættu störfum, og voru í þeirra stað ráðnir: $\frac{1}{10}$ Gunnar Egilson, $\frac{2}{10}$

Friðrik Guðnason og Ragnar Guðmundsson, ^{2%} Kristján Hjartarson. — Dagbjört Jónsdóttir símavörður hvarf frá starfi 7. nóv.

Forseti (JörB): Ég vil þakka hv. þm. V.-Sk. einkar hlýleg orð í minn garð og endurtek árnáðaróskir mínar til þdm. og segi fundi slitið.

VIII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 24. fundi í Ed., 20. nóv., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (EÁrna): Þetta er síðasti fundur deildarinnar að þessu sinni. Með því að ekki hefur unnizt tími til að ganga frá fundargerðum síðustu funda, vænti ég, að mér ásamt skrifara verði falið að undirskrifa þær, þegar þær liggja fyrir, utan fundar, og mun líta svo á, að deildin fallizt á það, ef enginn mælir því í gegn.

Um leið og ég slít þessum fundi, þakka ég öllum hv. dm. samstarfið á þessu þingi, sem hefur verið mér, eins og fyrrum, mjög ánægjulegt. Ég óska þess, að þeir hv. dm., sem búa utan Reykjavíkur, fái góða ferð heim og heimkomu. Ég óska þess einnig, að við mættum hér allir heilir hittast á næsta þingi.

Magnús Jónsson: Ég vil fyrir mína hönd og sennilega d. allrar þakka hæstv. forseta fyrir þessi hlýlegu orð í garð dm. og óskir hans. Ég vil einnig fara fram þakklæti d. nú eins og fyrrum til hans fyrir lipurð og góða fundarstjórn. Það má kannske segja, að það hafi reynt öllu minna á hana nú en oft áður, þar sem störfín hafa ekki verið þau, að skorizt hafi í odda. Við þökkjum það hins vegar vel, hve hæstv. forseti er laginn að milda, þegar slíkt kemur fyrir, og laga störfum þannig, að ekki verði meiri árekstrar en nauðsynlegt er.

Ég vil svo óska hæstv. forseta góðrar ferðar heim og góðrar heimkomu.

[Deildarmenn tóku undir ummæli 1. þm. Reykv. með því að rísa úr sætum sínum.]

Forseti (EÁrna): Ég þakka hv. dm. og segi svo þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

b. Í neðri deild.

Á 27. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JörB): Þessi mun vera síðastur fundur deildarinnar á þessu þingi. — Ég vil fara fram á það við hv. þdm., að þeir feli mér og skrifara að undirskrifa gerðabók, og skoða eg það samþ., ef enginn mælir á móti því.

Ég vil þakka þdm. öllum góða samvinnu og óska utanþæjarþingmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Gísli Sveinsson: Ég vil leyfa mér, fyrir hönd deildarinnar, að þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð, og sér í lagi vil ég þakka honum góða og röggsama fundarstjórn. Ég óska honum góðrar heimferðar og vona, að við eigum eftir að hittast heilir á næsta þingi, og þá til lengri þingsetu.

IX. Þinglausnir.

Á 16. fundi í Sp., 21. nóv., mælti

forseti (HG): Ég mun ásamt skrifara ganga frá fundargerð þessa síðasta fundar í sameinuðu þingi og lit svo á, að þingið fallist á það án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn.

Þá vil ég samkvæmt venju lesa stutt yfirlit um störf þingsins.

Þingið hefur staðið frá 13. okt. til 21. nóv., eða samtals 40 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	27
- efri deild	24
- sameinuðu þingi	16

Alls 67 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	2	
b. — — efri deild	1	3
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	9	
b. — — í efri deild	6	15
		18

Þar af:

a. Afgreidd sem lög:	
Stjórnarfrumvörp	2
Þingmannafrumvörp ..	6
	— alls 8 lög

b. Fellt:	
Þingmannafrumvarp ...	1
c. Ekki útrædd:	
Stjórnarfrumvarp	1
Þingmannafrumvörp ...	8
	18

II. Þingsályktunartillögur:

a. Borin fram í neðri deild	1
b. Borin fram í efri deild	1
c. Bornar fram í sameinuðu þingi 6	
	— 8

Þar af:

a. Þingsályktanir afgr. til stj.:	
1. Ályktanir Alþingis	2
2. Ályktun efri deildar ..	1
	— alls 3 þál.
b. Fellt	1
c. Ekki útræddar	4
	8

Mál til meðferðar í þinginu alls

Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er hið 58. löggjafarþing, en 73. samkoman frá því

er Alþingi var endurreist. Það er annað aukabíngið, sem haldið er á þessu ári, en hið 14. í röð aukabínga.

Tvær meginástæður lágu til þess, að þetta aukabíng var kvatt saman: Hin fyrri sú, að eigi náðist samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til þess að vinna gegn dýrtíðinni samkvæmt lögum frá síðasta reglulega Alþingi. Þar sem þessi löggjöf því eigi varð framkvæmd og ágreiningur varð einnig um, hverjar aðrar aðgerðir skyldi upp taka, mun ríkisstjórnin hafa talið rétt að leggja málið fyrir Alþingi á ný.

Önnur ástæðan var, að ríkisstjórnin taldi rétt og skylt að gefa Alþingi skýrslu um mikilsvarðandi utanríkismál og kynna sér álit þess á einstökum þýðingarmiklum atriðum í sambandi við samninga við stjórnir Bretlands og Bandaríkja Vesturheims.

Þessi tvönn viðfangsefni, hversu haga skuli sambúð okkar og viðskiptum við þessi tvö stórveldi og á hvern hátt skuli jafna niður þeim sameiginlegu byrðum, sem þjóðin óhjákvæmilega verður að bera, ef takast á að stöðva hina sívaxandi dýrtíð, hefur Alþingi það, sem nú lýkur störfum, haft við að fást.

Um hið fyrra viðfangsefnið skal ei fjölyrt hér. Alþingi hefur þar skorðið úr þeim málum, sem fyrir það voru lögð.

Um hið síðara skal þetta sagt:

Tvö frumvörp voru lögð fyrir Alþingi um ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Voru þau flutt að tilhlutun tveggja af flokkum þeim, er styðja ríkisstjórnina, sitt af hvorum. Var annað þeirra frumvarp til nýrrar löggjafar um þetta efni, áður lagt fyrir fund í ríkisstjórninni, og náðist eigi samkomulag um það þar. Alþingi felldi þetta frumvarp. Hitt frumvarpið var um breytingar á og viðauka við gildandi löggjöf um ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Það varð eigi afgreitt.

Forsætisráðherra þaðst lausnar fyrir ráðuneytið, þegar sýnt var, að eigi náðist samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um frumvarp það, er þar var lagt fram, og veitti ríkisstjóri ráðuneytinu lausn, eftir að Alþingi hafði fellt frv. þetta. Eftirgrennslanir ríkisstjóra um myndun nýrrar ríkisstjórnar, sem einn eða tveir flokkar stæðu að, báru engan árangur.

Málahlok urðu því þau, að samstjórn sömu þriggja flokka og áður var mynduð á ný. Eru ráðherrar hinir sömu og verkaskipting óbreytt. Forsætisráðherra tjáði Alþingi, er stjórnarmyndunin var tilkynnt því, að tilætlun ríkisstjórnarinnar sé að nota heimild gildandi laga til þess

að koma í veg fyrir aukningu dýrtíðarinnar og leita eftir því til næsta þings, hvort unnt sé að ná samkomulagi um þau mál, sem ágreiningi hafa valdið.

Enn sem fyrr munu verða misjafnir dómarnir um störf Alþingis, að þessu sinni ef til vill ómildari en oft áður. Alþingi hefur ekki tekizt að gera þessu viðfangsefni full skil. Það hefur slegið því á frest fyrst um sinn, í trausti þess, að notaðar verði heimildir gildandi laga og að á þann hátt takist að afstýra vaxandi verðbólgu, þar til það kemur næst saman til fundar.

Það er einlæg von mín og okkar alþingismanna, að svo megi verða. Og þá ekki síður hitt, að næsta Alþingi takist að bæta um það, sem vangert kann að reynast, og gera viðfangsefni þessu full skil á þann hátt, sem þjóðinni allri er fyrir beztu í bráð og lengd.

Að svo mæltu þakka ég hv. alþingismönnum samstarfið á þessu Alþingi. Þingmönnum þeim, sem heima eiga utan Reykjavíkur, óska ég fararheilla og góðrar heimkomu. Og landsmönnum öllum árna ég árs og friðar.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vil fyrir hönd alþm. þakka hæstv. forseta fyrir góða fundarstjórn og góða samvinnu og óska honum allra heilla.

Forseti (HG): Ég vil þakka hæstv. fjmrh. hin hlýju orð og hv. þm. öllum enn á ný.

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði í dag var gefið út svo látandi opið bréf:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt: Að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 58. löggjafarþingi, skuli slitið föstudaginn 21. nóv. 1941.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gert í Reykjavík, 21. nóv. 1941.

Sveinn Björnsson.

Hermann Jónasson.

Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit.“

Með því að Alþingi hefur lokið störfum að þessu sinni, segi ég þinginu slitið.

Ég vil biðja alþm. að minnast fösturjarðar vorrar. Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingmenn stóðu upp, og forsætisráðherra, Hermann Jónasson, mælti: „Lifi Ísland.“

Tóku þm. undir það með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.